Snjóflóðahætta í byggð hefur töluvert verið könnuð í Fnjóskadal og í vinnslu er heildarúttekt á ofanflóðaaðstæðum sem ógnað gætu byggðinni þar, líkt og unnin hefur verið í Svarfaðardal og Hörgárdal. Þá hafa rannsóknir verið stundaðar á ummerkjum snjóflóða undir tveimur giljum sunnan Bakkasels þar sem gróðurskemmdir og staksteinadreifar voru notaðar til að meta tíðni og stærð snjóflóða (Decaulne og Sæmundsson, 2010; Decaulne o.fl., 2012).

Sveinn Brynjólfsson og Brynjólfur Sveinsson fóru á vettvang og könnuðu ofanflóðaaðstæður í Fnjóskadal 26. júní sl.

Í þessari samantekt er fjallað um ofanflóðaaðstæður á línuleið HS3 og lagt mat á snjóflóðahættu. Meðfylgjandi er kort með líkanreikningum og athugunum á ummerkjum snjóflóða ásamt yfirlitskort.

Aðferðafræði og reglugerðarrammi fyrir íbúðabyggð

Ofanflóðahættumat er unnið skv. reglugerð nr. 505 sem umhverfisráðuneytið gaf út í júlí árið 2000 með síðari breytingum, og byggir á lögum nr. 49 frá 1997 um snjóflóð og skriðuföll. Þar kemur m.a. fram að flokkun hættusvæða byggir á *staðaráhættu* en hún er skilgreind sem árlegar líkur á að einstaklingur, sem dvelur allan sólarhringinn í húsi sem ekki er sérstaklega styrkt, farist í ofanflóði. Ekki er tekið tillit til rýminga eða annarra tímabundinna varúðarráðstafanna við gerð hættumats. Samkvæmt áður nefndri reglugerð um hættumat skal afmarka þrenns konar hættusvæði. Hættusvæði C er svæði þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári. Hættusvæði B er svæði þar sem staðaráhætta er á bilinu 1–3 af 10.000 á ári. Hættusvæði A er svæði þar sem staðaráhætta er á bilinu 0,3–1 af 10.000 á ári. Neðan hættusvæðis A er árleg staðaráhætta talin viðunandi (ásættanleg). Ekki er heimilt að skipuleggja íbúðarbyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks sé viðunandi skv. skilgreiningu hættumatsreglugerðarinnar.

Mat á ofanflóðahættu er víðast erfitt og það er alltaf óvissu undirorpið, ekki síst á svæð-



Mynd 1. Staksteinadreif undir gilinu sunnan Bakkasels. Myndin er tekin af veginum og eru þaðan um 200 m að neðstu steinum sem taldir eru vera framburður snjóflóða úr gilinu.

um þar sem eru landfræðileg skilyrði fyrir snjóflóð eða skriðuföll en ofanflóð hafa ekki verið skráð. Þar sem þannig stendur á getur verið erfitt að útiloka ofanflóð jafnvel þó engar heimildir séu um slíkt. Fyrir utan óvissu um tíðni og umfang snjóflóða og skriðufalla eru áhrif þeirra og eyðileggingarmáttur heldur ekki vel þekkt. Við hættumatið er beitt greiningu á landslagsþáttum, líkanreikningum og tölfræðilegum aðferðum. Auk þess byggir matið á reynslu þeirra sem að því koma og samanburði við hættumat á öðrum svipuðum eða sambærilegum stöðum þar sem ofanflóðahætta hefur áður verið metin.

Staðhættir

Fjallað er um fjögur svæði sérstaklega þar sem línuleiðin liggur í eða nærri fjallshlíðum um Bíldsárskarð yfir í Fnjóskadal. Í Bárðardal og þar austan við er línustæðið fjarri brattlendi.



Mynd 2. T.v. Dæmigerður framburður snjóflóða neðan gilja, stakir steinar sem liggja lausir ofaná gróðurþekjunn og brotnar greinar. Á myndinni t.h. sést steinn sem tæplega hefur legið lengur á núverandi stað en 1 sumar, algjörlega ógróinn og gróðurinn undir honum varla dauður.

Bíldsárskarð

Bíldsárskarð er nokkuð víðáttumikið dalverpi sem skerst inn í fjallgarðinn á milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals og úr því rennur talsvert vatnsfall. Skarðið er aflíðandi og nær ekki upptakahalla snjóflóða nema í 40–50 m djúpu árgilinu, aðallega í 200–500 m hæð. Fjallshlíðin sunnan Bíldsárskarðs hefur upptakahalla í frambrúnum lágra stalla en ekki er um afmarkaða farvegi að ræða.

Fnjóskadalur norðan Reykja

Í fjallshlíðinni eru áberandi vatnsfarvegir en langmestur er Grjótárdalur. Hann er nokkuð víðáttumeiri en Bíldsárskarð og þrengri og brattari með upptakahalla snjóflóða á um 100–180 m hæðarbili ofan við 400 m hæð. Fimm grunn lækjargil eru norðan Grjótár sem teygja sig flest upp í fjallsbrún. Sunnan Grjótár eru nokkrir grunnir lækjarfarvegir sem teygja sig upp í fjallsbrún en þeir nyrðri eru við það að deyja út á línuleiðinni. Sunnantil eru þrír dýpri farvegir og ber sá syðsti (Selgil) grjót niður í Fnjóská enda skerst hann mun meira inn í fjallsbrúnina en hinir og hefur upptakahalla snjóflóða ofan við 400 m hæð. Þar sem línuleiðin kemur að Fnjóská er um 50 hár melur með upptakahalla. Ofan melsins er gil sem liggur hlykkjótt upp í bratta fjallshlíðina. Þar hefur hlíðin upptakahalla á hæðarbilinu 350–600 m og talsverð framburðarkeila sést í um 300 m hæð.

Belgsá–Bakkasel

Belgsáin er talsvert vatnsfall enda mikil framburðarkeila á láglandinu niður úr Belgsárdalnum. Hlíðar dalsins hafa upptakahalla víðast hvar en botn dalsins og árfarvegurinn er nokk-

uð aflíðandi. Yst á dalnum norðanverðum er nokkuð víðáttumikið gil með greinilegum snjóflóðaframburði og stefnir það á hornið þar sem línuleiðin beygir fram með Fnjóskánni að austan. Sunnan Belgsárdals hækkar fjallsöxlin hratt en hún hefur samfelldan upptakahalla niður undir 300 m hæð. Fimm gil eru utan við Bakkasel, hin ystu tvö verulega grunn. Fast sunnan við Bakkasel þar sem línuleiðin fer aftur vestur yfir Fnjóská er gríðarlegt snjóflóðagil með miklum framburði stórra steina. Ysta gilið nær upp í um 580 m hæð, það næsta í 670 m hæð, og næstu þrjú í um 760 m hæð en hið syðsta og langvíðáttumesta upp í um 820 m hæð.

Sörlastaðir

Tvö gil skerast langt inn í fjallið norðan Sörlastaða en botn þeirra er nokkuð aflíðandi þó upptakahalli sé efst í þeim. Ekki er að sjá mikla dreif staksteina neðan giljanna en örlítið ber á því undir ytra gilinu. Fjallshlíðin sunnan Sörlastaða er nokkuð slétt en þó með örlitlum stöllum og grunnum vatnfarvegum. Hlíðin hefur slitróttan upptakahalla ofan við 300 m hæð enda eru ummerki um snjóflóð ekki áberandi nema í farvegi Hellugnúpsár. Hann virðist taka við snjóflóðum sem falla í hlíðinni og beina þeim af meiri krafti niður á láglandi en ella.

Ofanflóðasaga

Snjóflóð eru nokkuð algeng úr giljunum í austanverðum Fnjóskadal innan við Lund í NAlægum áttum. Víða sjást brotin birkitré og lágvaxnari tré undir giljunum enda greinar og staksteinadreifar þar á keilunum. Þekktar eru miklar snjóflóðahrinur á þessu svæði þar sem flest gil hlaupa í sömu stórhrið, allt niður í Fnjóská úr stærstu giljunum. Ólafur Jónsson segir í riti sínu Skriðuföll og Snjóflóð (1957) mikil snjóflóð hlaupa hjá Bakkaseli sem geti farið langt vestur yfir Fnjóská. Snjóflóð hafa ekki valdið skemmdum á núverandi byggðalínu sem reist var 1977 en vísbendingar eru um að snjóflóð hafi fallið undir hana í farvegi Hellugnúpsár sunnan Sörlastaða í Fnjóskadal. Staksteinar sjást hvergi í línuleiðinni í austanverðum Fnjóskadal en líklegt er að krapaflóð geti fallið undir línuna í vatnsfarvegnum að vestanverðu þó ekki séu til heimildir um það. Mikill grjótframburður í a.m.k. tveimur þeirra bendir sterklega til þess. Ummerki eftir jarðvegsskriður sjást í hlíðinni í vestanverðum Fnjóskadal, sér í lagi í Grjótárdal og örlitlar rispur beggja vegna Bíldsárskarðs. Einnig eru skriðuör í nágrenni Sörlastaða þó ummerki þeirra skriðufalla sjáist ekki á láglandi.

Hættumat

Dregnar voru brautir til að reikna einvíð rennslisstig og alfa-beta líkan í giljum í Bakkafjalli frá Belgsá að Hellugnúpsá. Eftirfarandi mat byggir á þessum líkanreikningum ásamt landslagi og ummerkjum snjóflóða á yfirborði, gróðurskemmdum og grjót dreifum. Heimildir um snjóflóð á svæðinu eru takmarkaðar og ekki hægt að nota þær við tíðnimat í einstökum farvegum. Í þessu verkefni hafa lögbundin viðmið fyrir íbúðabyggð ekki verið notuð beinlínis en þau höfð til hliðsjónar.

Bíldsárskarð

Hengjur og snjóflekar í árgili Bíldsársskarðs geta fallið ofaní gilið og ekki útilokað að krapahlaup geti hlaupið niður farveginn. Það er því ekki ráðlegt að velja mannvirkjum stað í árgilinu eða mjög nærri ánni í brekkurótum. Hætta á stórum eða meðalstórum þurrum snjóflóðum er talin hverfandi í hlíðinni sunnan Bíldsárskarðs þó hún nái hefðbundnum upptakahalla snjóflóða í frambrúnum lágra stalla enda ekki um afmarkaða farvegi að ræða. Minniháttar snjóflekar geta þó fallið framan í stöllum og rétt að taka mið af því þegar möstrum er valinn staður, sér í lagi við efsta stallinn í 330 m hæð. Snjór getur þó legið í þessum stöllum og lautum uppi í hlíðinni og við snögga hlýnun gæti jarðvegur orðið vatnsósa og farið af stað í litlum skriðum líkt og þekkt er norðan við Bíldsána. Á staðnum sem og á loftmyndum má greina líkleg skriðuör í hlíðinni. Jarðvegur virðist þunnur og því síður hætta á stórum jarðvegsskriðum þó þær geti hugsanlega valdið tjóni á möstrum í hlíðinni.

Fnjóskadalur norðan Reykja

Talið er að talsverð krapahlaup og jafnvel skriðuföll geti orðið í vatnsfarvegnum allt frá Sölvagili í norðri að Selgili í suðri, það á sér í lagi við um Grjótárdal og dýpstu gilinn sunnan hans. Ráðlegt þykir því að taka tillit til þessara farvega þegar möstur eru staðsett líkt og gert hefur verið í núverandi byggðalínu. Ekki er heldur hægt að útiloka að jarðvegsskriður geti fallið úr spildunum á milli farveganna en þær yrðu væntanlega aflminni. Í bratta melnum þar sem línuleiðin kemur niður að Fnjóská geta fallið hengjur og snjóflekar alveg niður í Fnjóská þar sem hann er hæstur. Þar skyldi leitast við að staðsetja mastur sem syðst, þar sem melurinn lækkar og línuleiðin fjarlægist melinn.

Belgsá–Bakkasel

Neðstu staksteinar sem fundust undir syðsta gilinu (þar sem línuleiðin er komin vestur fyrir Bakkaá) liggja skammt ofan við rst 17 (braut fnss08aa), það gildir einnig um steinana vestan Bakkaár undan giljunum tveimur með stærstu framburðarkeilurnar um 1,5 km sunnar (fjarri línuleiðinni).

Línuhornið í suðurjaðri Belgsárkeilunnar stendur í rst 18,3 m.t.t. gilsins í norðanverðu mynni Belgsárdals (braut fnss12aa) og er því talið öruggt fyrir þurrum snjóflóðum þaðan þó krapahlaup gætu hugsanlega ógnað við algjörar aftaka aðstæður. Í tilfelli slíkra aftaka krapahlaupa í farvegi Belgsár er línuhornið líklega best staðsett eins og áætlað er, þ.e. í suðurjaðri árkeilunnar. Sunnan Belgsárdals hefur hlíðin samfelldan upptakahalla á um 200 m hæðarbili nyrst en hlíðin er slétt og ekki um afmarkaða farvegi að ræða. Úthlaupshorn snjóflóða þar, þyrfti að ná um $19,5^\circ$ en líkur á því að það geti gerst eru taldar hverfandi við slíkar aðstæður þar sem halli fer undir 10° um 290 m frá línuleiðinni.

Ekki var teiknuð braut í nyrsta gilinu en úthlaupshorn flóða þaðan á línuleiðinni er um 21° og um 340 m vegalengd að brekkurótum þar sem halli fer undir 10° . Þetta gil er því ekki talið ógna línunni.

Línuleiðin stendur í rst 16 undir öðru gili norðanfrá (braut fnss11aa) en upptakasvæði þess er innan við 2 ha, mjög grunnt og aðsópssvæði lítið. Neðan gilsins er lítilsháttar grjótburður og gróðureyðing en áberandi mikið minni en neðan giljanna sunnan við. Halli fer niður fyrir 10° rífllega 400 m ofan við línuleiðina en brattir hólur eru þar neðan við sem líklega sundra flóðum sem þangað kunna að falla. Þetta er gil er því ekki talið ógna línunni.

Undir þriðja gili norðanfrá stendur línun í rst 17 (braut fnss10aa) og um 440 m frá brekkurótum. Undir gilinu er svolítill keila með skýrum ummerkjum snjóflóða sem ná a.m.k. niður í rst 13,7 en þaðan eru um 280 m í línustæðið. Upptakasvæði gilsins er um 20–50 m djúpt og 5 ha og aðsópssvæði þess töluvert í NA–A áttum. Í ljósi rennslisstigs og þess hve línustæðið stendur langt neðan við augljós ummerki snjóflóða er hættan talin hverfandi hér. Til öryggis er þó talið skynsamlegra að forðast að staðsetja mastur í beinni skotlínu við gilið.

Undir fjórða gili norðanfrá er línun farin að fjarlægjast fjallið og stendur í rst 17,8 (braut fnss09aa) rúma 500 m frá brekkurótum. Upptakasvæðið eru tvö gildrög heldur grynnri en gilsins norðan við en samanlagt flatarmál þeirra er um 12 ha enda er hér undir töluverð aurkeila með staksteinum niður í a.m.k. rst 14,5. Hér rennur aurkeilan reyndar saman við næstu keilu sunnan við og ekki alveg ljóst úr hvoru gilinu staksteinar hafa komið. Neðan gilsins eru hólur sem draga eitthvað úr mætti flóða á láglendinu. Snjóflóðahætta á línuleiðinni hér er talin óveruleg en sem fyrr er talið ráðlegt að reyna að forðast meginskotlínu gilsins sem virðist liggja mitt á milli brauta fnss10aa og fnss09aa.

Upptakasvæði fimmta gilsins norðanfrá er rúmir 3 ha og keila þess minni en giljanna sitthvoru megin. Skotlína þess er á norðurjaðar bæjarhúsa á eyðibýlinu Bakkaseli en þar eru ekki heimildir um skakkaföll af völdum snjóflóða. Línunni er því ekki talin stafa ógn af þessu gili þar sem hún liggur hér neðan Bakkasels.

Á mótis við syðsta gilið er línuleiðin (vestan Fnjóskar) um 190 m vestan (neðan) við neðstu staksteina sem sáust og taldir eru vera framburður snjóflóða úr gilinu, þar er rst um 17,8 og því talið ólíklegt að snjóflóð geti náð þangað. Ekki er alveg ljóst af frásögn Ólafs Jónssonar (1957) við hvaða gil er átt þegar snjóflóð við Bakkasel eru sögð geta náð langt yfir Fnjóská. Mögulega á hann við þetta gil (en grjótdreif nær yfir Bakkaá undir tveimur giljum 1,5–2 km sunnar) enda sést hér grjót alveg niður undir árbakkanum og ekki ólíklegt að snjóflóð geti teygt sig nokkuð lengra en stórir steinar vitna um. Frá árbakkanum eru 150 m að línustæðinu. Með hliðsjón af öllu þessu er talið rétt að staðsetja möstur ekki í beinni skotlínu við gilið þar sem steinadreifin nær lengst (sjá kort 2).

Sörlastaðir

Talsverð grjótdreif er neðan næsta gils norðan við Bæjargilið á Sörlastöðum sem nær niður undir rst 16 (braut fnss03aa) en gilið er ekki eins bratt og gilin norðar í fjallinu þó það teygi sig upp fyrir 700 m hæð. Línuleiðin er hér í rst 20,5 og því ekki talin í snjóflóðahættu.

Talsverður grjótfamburður er úr Bæjargilinu en línuleiðin stendur hér í rst 18 (braut fnss02aa). Gilinu svipar til gilsins norðan við og því er ekki talin hætta hér á þurrum snjóflóðum í línuleiðinni. Hins vegar eru heimildir um að Sörlastaðir hafi orðið fyrir skriðu-

föllum en ekki er ljóst hve ofarlega bærinn stóð þá. Hér verður að gera ráð fyrir að krapaflóðahætta geti skapast við aftaka aðstæður.

Sunnan við Sörlastaði er hlíðin að mestu slétt en braut fnss01aa var teiknuð í grunnu dragi sem stefnir niður í farveg Hellugnúpsár á milli núverandi línumastra sem standa á háum bökkunum beggja vegna. Línuleiðin er hér í rst 14,9. Skemmdir á skóginum ásamt staksteinum benda til þess að snjóflóð hafi fallið hér niður fyrir línuleiðina. Ólíklegt er þó talið að snjóflóð geti hér náð uppúr farvegi Hellugnúpsár og valdið tjóni á möstrum sem standa uppá háum bökkunum beggja vegna líkt og í núverandi byggðalínu. Mastrið sem stendur á norðurbakkanum er um 45 m ofan við fyrirhugaða línuleið en þar er úthlaupshorn hugsanlegra snjóflóða úr hlíðinni 18°. Þar hefur hlíðin ekki samfelldan upptakahalla og ekki er um afmarkaða farvegi að ræða. Engin líkleg ummerki um snjóflóð sáust á melnum norðan Hellugnúpsár. Í ljósi þessa er snjóflóðahætta talin hverfandi á línuleiðinni á melnum norðan Hellugnúpsár.

Samantekt

Snjóflóðahætta er hvergi augljós á fyrirhugaðri línuleið Hólasandslínu III nema í bröttum mel niður við Fnjóská sunnan Illugastaða. Vatnsfarvegir í vestanverðum Fnjóskadal geta verið varasamir vegna krapaflóða og jarðvegsskriðna. Í giljunum á milli Belgsár og Bakkasels, þar sem línan liggur austan Fnjóskár, falla oft snjóflóð, þau stærstu í næsta gili sunnan Bakkasels. Línuleiðin virðist þó vera utan seilingar flóðanna úr þessum giljum en til öryggis er talið ráðlegt að leitast við að staðsetja möstur á milli gilja fremur en í skotlínu þeirra. Snjóflóð virðast geta fallið niður fyrir línuleiðina í farvegi Hellugnúpsár en ólíklegt er talið að þau geti náð möstrum sem byggð eru uppá háum bökkunum beggja vegna árið líkt og í núverandi byggðalínu.

Heimildir

- Decaulne, A., Eggertsson, Ó., Sæmundsson, Þ. (2010). *Distribution and frequency of snow-avalanche debris transfer in the distal part of colluvial cones in Central North Iceland*. Geografiska Annaler 92A, 177–187.
- Decaulne, A., Sæmundsson, Þ. (2012). *A first dendrogeomorphologic approach of snow avalanche magnitude-frequency in Northern-Iceland*. Geomorphology 167–168, 35–44.
- Ólafur Jónsson (1957). *Skriðuföll og snjóflóð. II*. Akureyri, Norðri, 586 bls.
- Umhverfisstofnun (2007). *Reglugerð nr. 495/2007 um breytingu á reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats* (eftir þessa breytingu heitir reglugerðin: *Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða*).
- Umhverfisstofnun (2010). *Reglugerð nr. 309/2010 um breytingu á reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða*.
- Umhverfisstofnun (2010). *Reglugerð nr. 1017/2010 um breytingu á reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða*.

Staðbundið hættumat

Umhverfisstofuneytið (2014). *Reglugerð nr. 343/2014 um breytingu á reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða.*

○ Svæðin fjóur
sem lýst er sérstaklega

H83_Loflína

0 2 km



- I rennslistig
- HSS, Loftlína
- brútt
- ▲ úmörk stakleinaeðlir



Viðauki 9 – Val á jarðstreng

Val á jarðstreng í Eyjafirði, EFLA, unnið fyrir Landsnet



VAL Á JARÐSTRENG Í EYJAFIRÐI

220 kV Hólasandslína 3

24.09.2018



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2509-418-SKY-002-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 9

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Árni Jón Elíasson

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Egill Þorsteins

LYKILORÐ

...

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
- Drög til yfirlestrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Val á Jarðstreng í Eyjafirði

VERKHEITI

Verkhönnun 220 kV Hólasandslínu 3

VERKKAUPI

Landsnet

HÖFUNDUR

Egill Þorsteins, Jón Vilhjálmsson og Þórir Þórisson

ÚTDRÁTTUR

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	EP	20.06.18	ÞÞ, FM	22.06.18	JV	24.09.18

1 INNGANGUR

Hér er fjallað um mögulegan jarðstreng í Eyjafirði í fyrirhugaðri 220 kV Hólasandslínu 3. Strenglengdin er um 9,6 km. Tilgangur með þessari greinargerð er að draga fram nokkur sjónarmið sem hafa áhrif á endanlegt strengval.


Þær spurningar sem leitað er svara við eru:

- Hvaða stærð og gerð jarðstrengs er hentugust til að uppfylla flutningsþörfina?
- Kemur til álita að skipta framkvæmd upp í tvo áfanga ef leggja þarf tvö strengsett?

Í umfjölluninni eru hagrænir þættir metnir og bent á önnur atriði sem skipta máli varðandi framkvæmdina. Varðandi hagræna þætti þarf að hafa í huga að mannvirkið er ekki fullhannað og nokkur óvissa með suma kostnaðarliði. Á þessu stigi er ekki gerð næmnigreining varðandi áhrif einstakra hagrænna forsendna á niðurstöður, t.d. áhrif reiknivaxta og þróun á flutningsþörf.

2 FORSENDUR FYRIR FLUTNINGSGETU

Fyrirliggjandi eru upplýsingar frá Landsneti um að flutningsgeta 220 kV Hólasandslínu þarf að vera 550 MVA þegar fram líða stundir. Til að byrja með er flutningsþörfin minni en vex síðan í 550 MVA að einhverjum árum liðnum. Nákvæm tímasetning er ekki fyrirliggjandi og ræðst af þróun raforkunotkunar. Hér er gengið út frá því að flutningsþörf þróist á þann veg sem mynd 1 sýnir.



MYND 1 Forsendur sem greinargerð byggir á varðandi þróun flutningsgetu í eðlilegum rekstri og í bilanatilvikum.

Stærstur hluti af 220 kV Hólasandslínu 3 verður í loftlínu og flutningsgeta loftlínunnar verður frá upphafi yfir 550 MVA. Ef flutningsgeta jarðstrengshlutans verður undir því gildi lækkar flutningsgeta línunnar í heild samsvarandi.

3 VALKOSTIR Í STRENGVALI OG TÍMASETNINGU FRAMKVÆMDA

Flutningsgeta upp á 550 MVA er allmikið þegar um er að ræða 220 kV jarðstreng og erfitt að ná því með einu strengsetti. Algengast er að nota álstrengi og með því að nota 2000 mm² álstreng næst einungis flutningsgeta upp á um 360-380¹ MVA með einu strengsetti þegar jarðstrengur er lagður á hefðbundinn hátt í grafinn skurð. Til að ná 550 MVA flutningsgetu þarf því tvö strengsett ef nota á álstrengi. Koparstrengir hafa meiri flutningsgetu og með stærstu gerð af koparstreng, 2500 mm², er unnt að ná um 550 MVA flutningsgetu í gröfnum skurði. Kostnaður koparstrengs er verulega meiri en kostnaður álstrengs auk þess sem hann er nær tvöfalt þyngr, sem setur meiri skorður á framkvæmd.

Tafla 1 sýnir þær strenggerðir sem eru til skoðunar. Taka þarf forsendum um flutningsgetu með nokkrum fyrirvara því skoða þarf nánar hvort flutningsgeta kann að takmarkast af sérlausnum í Eyjafirði, t.d. þverun Glerár og þverun Eyjafjarðarár.

TAFLA 1 Strengval sem er til skoðunar.

EFNI Í LEIÐARA	STRENGGERÐ	FLUTNINGSGETA		ÞÖRF Á SEINNA SETTI (ÁR)	ÞUNGI HVERS STRENGS (KG/M)	ÁÆTLAÐ VERÐ Á EINUM STRENG	
		Eitt strengsett (MVA)	Tvö strengsett (MVA)			(€/m)	Verðhlutfall
Ál	1000 mm ² Al	279	558	11	9,9	53,7	0,87
	1200 mm ² Al	302	604	13	11,3	61,4	1,00
	1400 mm ² Al	323	646	15	12,3	67,0	1,09
	1600 mm ² Al	341	682	17	13,2	72,1	1,18
	2000 mm ² Al	373	746	20	15,0	82,7	1,35
Kopar	2000 mm ² Cu	501	1002	30	27,4	185,9	3,03
	2500 mm ² Cu	547			32,8	192,7	3,14

Töluverð óvissa er með verð á koparstrengjum. Hér er það áætlað út frá verði álstrengja, leiðrétt er fyrir hráefnisverði áls og kopars og lagt er 15% álag á koparstrengi vegna minni samkeppni o.fl. Verðhlutfall milli koparstrengja og álstrengja er hér metið heldur lægra en skv. upplýsingum frá Tennet frá nóv. 2013².


Til skoðunar eru tveir valkostir varðandi tímasetningu framkvæmda:

- 1) Hafa alla framkvæmd í einu verki. Þ.e. ef þörf er á tveimur strengsettum þá eru þau bæði lögð í upphafi.
- 2) Leggja einungis eitt strengsett til að byrja með og leggja síðara strengsettið þegar flutningsþörf kallar á slíkt. Mögulega tímasetningu seinni framkvæmdar má sjá í töflu 1 fyrir

¹ Flutningsgeta m.v. að hiti leiðara sé um 65°C, hiti við kápu um 50°C og að varmaviðnám sands sé um 1,5 K*m/W við 5% rakastig. Gert er ráð fyrir að fjarlægð milli strengsetta sé það mikil að hún skerði ekki flutningsgetu aðliggjandi setts.

² Upplýsingar Tennet til Landsnet varðandi reynslu þeirra af verði jarðstrengja, ál og kopar strengir.

hverja strenggerð. Mynd 2 sýnir myndrænt þróun flutningsgetu ef strengsett eru ekki lögð samtímis. Gengið er út frá þeirri forsendu að strengsettin séu með sama leiðara og sömu raffræðilegu eiginleika.



MYND 2 Valkostir í strenggerð og framkvæmdatíma.

4 MAT Á VALKOSTUM

Helstu atriði sem þarf að skoða varðandi strengval og framkvæmd eru:

- Flutningsgeta
- Kostnaður
- Skipulagsmál
- Umhverfisáhrif
- Rekstraráhætta
- Verktími
- Sveigjanleiki varðandi breytta flutningsþörf
- Landnýting

4.1 Hagrænn samanburður

Í hagrænum samanburði er gert ráð fyrir eftirfarandi forsendum:

- Gengi á evru = 126,1 kr/€.
- Byggingarvísitala = 136,5
- Vextir á byggingartíma = 5,5%.
- Líftímakostnaður er reiknaður yfir 40 ár
- Förgunarkostnaður er 6% af stofnkostnaði
- Reiknivextir á líftíma = 5,5 %
- Árlegur kostnaður við viðhald, rekstur og bilanir = 0,5% af stofnkostnaði
- Orkuverð vegna tapa = 4,0 kr./kWh í upphafi og hækkar um 2,5% á ári uns það verður komið í 7 kr./kWh sem er eftir 24 ár og haldist óbreytt eftir það.
- Samlegðaráhrif við að leggja tvö strengsett samtímis í upphafi reiknast þannig að síðara settið kosti 90% af því fyrra.
- Strenglengd um 9,6 km

Töflur 2 - 4 og mynd 3 sýna samanburð á núvirtum stofnkostnaði og líftímakostnaði. Kostnaður er bæði sýndur fyrir alla framkvæmd í upphafi og einnig fyrir tvískipta framkvæmd þar sem tvö strengsett eru lögð.

TAFLA 2 Samanburður á núvirtum stofnkostnaði.


VALKOSTUR	2 AL 1000	2 AL 1200	2 AL 1400	2 AL 1600	2 AL 2000	2 CU 2000	1 CU 2500
Öll framkvæmd í upphafi	2.354	2.431	2.504	2.555	2.676	4.028	2.269
Tvískipt framkv. tveggja setta	2.063	2.052	2.043	2.019	2.024	2.549	(2.269)

TAFLA 3 Samanburður á líftímakostnaði valkosta ef öll framkvæmd í upphafi.

KOSTN.ÞÁTTUR	2 AL 1000	2 AL 1200	2 AL 1400	2 AL 1600	2 AL 2000	2 CU 2000	1 CU 2500
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Stofnkostnaður, fyrsta strengjasett	1.323	1.366	1.407	1.436	1.504	2.120	2.269
Stofnkostnaður, strengjasett 2	1.031	1.065	1.097	1.119	1.172	1.908	0
Endabúnaður	0	0	0	0	0	0	0
Hrakvirði	0	0	0	0	0	0	0
Tapakostnaður	106	78	58	46	32	13	20
Rekstur	199	206	212	216	227	341	192
Förgun	17	17	18	18	19	28	16
Samtals	2.676	2.731	2.792	2.836	2.953	4.410	2.497

TAFLA 4 Samanburður á líftímakostnaði valkosta ef lagning tveggja strengsetta í framvæmd er tvískipt.

KOSTN.ÞÁTTUR	2 AL 1000	2 AL 1200	2 AL 1400	2 AL 1600	2 AL 2000	1 CU 2000	1 CU 2500
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Stofnkostnaður, fyrsta strengjasett	1.323	1.366	1.407	1.436	1.504	2.120	2.269
Stofnkostnaður, strengjasett 2	740	686	636	583	520	429	0
Endabúnaður	0	0	0	0	0	0	0
Hrakvirði	-37	-46	-55	-64	-80	-172	0
Tapakostnaður	121	92	72	60	43	21	20
Rekstur	169	167	165	162	161	198	192
Förgun	16	16	16	16	16	19	16
Samtals	2.332	2.282	2.241	2.192	2.164	2.614	2.497



MYND 3 Núvirtur stofnkostnaður og líftímakostnaður fyrir strengi. Kostnaður er bæði sýndur ef öll framkvæmd er gerð í upphafi en einnig ef framkvæmd er tvískipt fyrir tvö strengsett.

Niðurstöður útreikninga á núvirtum stofnkostnaði og líftímakostnaði eru sýndar á mynd 3. Helstu niðurstöður má draga saman í eftirfarandi atriði:

- Ef leggja á strengsett í aðskildum framkvæmdum er hagstæðast að velja sem stærstan álstreng og fresta síðari framkvæmd eins lengi og unnt er.
- Ef öll framkvæmd er í upphafi er hagstæðara að velja minni álstrengi fremur en stærri álstrengi.
- Það er hagkvæmara að tvískipta framkvæmd en að framkvæma allt í upphafi ef um er að ræða tvö sett.

4.2 Áhrif á lagningu og framkvæmd

Áhrif strengstærðar á framkvæmd

Almennt er erfiðara að leggja strengi eftir því sem þeir stækka og þyngjast. Í einhverjum tilvikum kann að þurfa að fjölga samsetningum og nota stærri beygjuradíus. Hér er reiknað með 790 m til 950 m fjarlægð milli samtenginga á álstrengjum⁴ sem eru á bilinu 1000 mm² til 2000 mm². Nokkuð erfiðara er að meðhöndla 2000 mm² álstrenginn en minni álstrengina en þó talið litlum vankvæðum bundið. Koparstrengir eru verulega þyngri en álstrengir, hér er reiknað með sömu fjarlægð milli samtenginga á koparstreng og á stærsta álstrengnum, um 790 m, en skoða þarf nánar hvort það gengur upp⁵. Talið er að stærstu koparstrengir myndu setja töluverðar skorður á framkvæmd og útfærslu samanborið við álstrengi.

Áhrif þess að tvískipta framkvæmd á lagningu

Það hefur nokkur áhrif á framkvæmdina að tvískipta henni, þau helstu eru: (i) seinni framkvæmdin er unnin nærri spennuhafandi streng og því þarf sérstaka aðgát, (ii) við þveranir þarf sérstaka aðgát til að skemma ekki fyrra strengsettið. Þessi atriði leiða til þess að æskilegt er að auka fjarlægð milli strengsetta ef tvískipta á framkvæmdinni. Ekki er fyrirbyggjandi hversu mikið þarf að auka bil þarf milli strengsetta.

4.3 Rekstraröryggi

220 kV Hólasandslína 3 er hluti af meginflutningskerfinu og miklar kröfur eru um áreiðanleika línunnar. Í því samhengi er mikilvægt að sjá fyrir möguleg áhrif af bilun í jarðstreng, því það er tímafrekt að gera við bilanir á jarðstrengjum. Finna þarf bilun, grafa niður á hann og koma upp viðgerðaraðstöðu áður en sjálf viðgerðin getur hafist auk þess sem Landsnet þarf að eiga viðgerðarefni. Tölur frá samtökum evrópskra flutningsfyrirtækja (ENTSO-E) segja að meðalviðgerðartími á 220 kV jarðstrengjum sé á bilinu 3 – 4 vikur. Lítið er um strengi á 220 kV hér á landi en rúmlega 100 km eru af strengjum á 132 kV spennu. Á síðustu tíu árum hafa orðið tvær bilanir á þessum strengjum og stóðu þær í 7-9 daga. Viðgerð á 220 kV streng tekur eitthvað lengri tíma vegna þess að um flóknari viðgerð er að ræða. Ef bilanir verða á erfiðum stað, t.d. í þverun Eyjafjarðarár, má búast við töluvert lengri viðgerðartíma og ekki er ólíklegt að tölur ENTSO-E um 3-4 vikur séu nærri lagi. Í reynd getur tíminn orðið lengri ef um óheppilegan árstíma er að ræða.

Jarðstrengsleið í Eyjafirði er við þéttbýli þar sem mikið er um lagnaþveranir. Töluverð hætta er á skemmdum á jarðstreng af utanaðkomandi ástæðum þegar unnið er við nálægar framkvæmdir.

Tvö strengsett munu gefa meira rekstraröryggi og stytta útítíma raflínunnar þar sem möguleiki er á að aftengja bilaða settið og reka hitt áfram með um helmingi flutningsgetunnar. Sú aukning í rekstraröryggi verður ekki metin til fjár í þessari skýrslu.

⁴ Þetta eru stuttar fjarlægðir milli tengipunkta. Mögulega má lengja fjarlægðina en það þarf að skoðast í samhengi við stærð kefla og flutning.

⁵ Frakkar voru áður að vinna með 30 tonna þunga á kefli en hafa nýlega unnið með 50 tonna kefli.

4.4 Flutningsgeta að teknu tilliti til óvissu

Töluverð óvissa er um þróun á flutningþörf og því er nokkur ávinningur fólgin í því að eiga inni auka flutningsgetu á hverjum tíma sem hægt er að nýta ef aðstæður breytast með skömmum fyrirvara. Loftlínuhluti 220 kV Hólasandslínu 3 mun frá upphafi uppfylla skilgreinda flutningsþörf og því er jarðstrengurinn takmarkandi þáttur í flutningsgetu til að byrja með ef valið er að tvískipta framkvæmd.

4.5 Umhverfisáhrif, skipulag og rask

Fjallað er ítarlega um umhverfisáhrif, skipulag og rask í umhverfismatskýrslu.

4.6 Niðurstaða

Ekki er unnt að ná fullnægjandi flutningsgetu með einu setti af álstrengjum og nauðsynlegt er að leggja tvö strengsett. Hagkvæmasti kosturinn með álstrengjum er að tvískipta framkvæmd og velja sem stærstan streng svo unnt verði að seinka lögn á síðara strengsettinu. Ókostur við að tvískipta framkvæmd er að á meðan eitt strengsett er í rekstri getur útitími í bilanatilvikum verið nokkuð langur auk þess sem að raska þarf svæði aftur við seinni framkvæmd þarf.

Nokkuð dýrara er að leggja tvö strengsett (Al) strax. Sé það gert er hagstæðast að velja minni álstrengi, þ.e. á bilinu 1000-1600 mm². Með tveimur strengsettum fæst aukið rekstraröryggi og stytta má útitíma raflínunnar í bilanatilvikum. Með því að velja ekki minnstu gerð af leiðara er hægt að fá aukna flutningsgetu með hóflegum viðbótarkostnaði. Einnig getur verið gott að hafa umframgetu í bilanatilvikum á öðru strengsettinu.

Fræðilegur möguleiki er á að leggja eitt sett af stærstu gerð af kopar strengjum, 2500 mm². Kostnaðurinn er meiri en að leggja tvö sett af álstrengjum í tvískiptri framkvæmd og með umtalsvert meiri óvissu tengdri framkvæmd og útfærslu. Strengurinn er verulega þungur og erfiður í flutningi, niðurlögn og setur skorður á leiðarval og útfærslu. Hann krefst stærri beygjuradíusar, fleiri samsetninga og er erfiðari í þverunum. Með einu stóru strengsetti getur útitími raflínunnar í bilanatilvikum orðið langur.

Meginniðurstaðan er að:

- Lagt er til að leggja tvö strengsett af álstrengjum og tvískipta framkvæmd svo fremi sem útitími í bilanatilvikum er talinn ásættanlegur áður en seinna strengsett er komið í rekstur.
- Ef útitími í bilanatilvikum er talinn óásættanlegur ætti að leggja tvö strengsett (Al) í upphafi.
- Endanlegt val á strengstærð ákvarðast í útboðsferli í samráði við framleiðendur jarðstrengs.
- Koparstrengur er ekki talinn vænlegur kostur.

Viðauki 10 – Umsagnir og athugasemdir við
frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3



AKUREYRARBÆR
Skipulagssvið

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 04.12.2018
2017080126 09-250

Efni: Hólasandslína 3, umsögn Akureyrarbæjar um frummatsskýrslu

Með bréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 5. nóvember 2018 var óskað eftir umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Á fundi skipulagsráðs þann 12. desember var eftirfarandi bóka:

Hólasandslína 3 - beiðni um umsögn um umhverfismat 2017080126

Lagt fram að nýju bréf Skipulagsstofnunar dagsett 5. nóvember 2018 þar sem óskað er eftir umsögn Akureyrarkaupstaðar um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3.

Lögð fram tillaga að umsögn.


Skipulagsráð samþykkir fyrirbyggjandi umsögn um frummatsskýrslu þar sem ítrekað er að aðalvalkostur norðan Kjarnaskógar verði fyrir valinu og felur sviðsstjóra skipulagssviðs að senda hana til Skipulagsstofnunar.

Eftirfarandi eru athugasemdir/ábendingar skipulagsráðs

1. Lega jarðstrengs við Kjarnaskóg að Eyjafjarðarbraut:

Að mati skipulagsráðs kemur varla til greina að leggja jarðstreng í gegnum Kjarnaskóg sunnan og vestan við Kjarnalund og síðan suður fyrir flugbraut (aukavalkostur) vegna neikvæðra áhrifa á skóglendi á svæðinu. Aðalvalkostur frummatssins er talin mun hentugri að flestu leiti.

Til viðbótar við þennan kost vill skipulagsráð benda á einn kost í viðbót sem er að fylgja núverandi og fyrirverandi Kjarnavegi. Frá gatnamótum Kjarnavegar og heimreiðarinnar að Hömrum yrði farið austan Kjarnavegarins til suðurs og þeim vegi fylgt suður yfir Brunná og niður gamla slóðann sem var fyrsta heimreiðinn upp í Kjarna. Hann liggur niður að Eyjafjarðarbraut sem yrði þveruð sunnan gatnamótanna þar sem farið er upp í Kjarna frá Eyjafjarðarbraut. Hér er mynd sem sýnir gróflega þessa leið.



Með þessum kosti væri verið að fylgja núverandi vegi að mestu leyti og þar með lágmarka áhrif á náttúru- og umhverfi, ekki þarf að raska mögulegum fornleifum auk þess sem minni líkur er að jarðstrengurinn feli í sér takmarkanir á framtíðar uppbyggingu á svæðinu.

2. Strengbrú yfir Glerárgil
Skipulagsráð vill benda á að skoða þyrfti möguleikan á að nýta framkvæmd við brúun Glerárgils til annarra nota t.d. gera ráð fyrir stíg, öðrum lögnum o.s.frv.
3. Þverun Eyjafjarðarár
Skipulagsráð óskar eftir að leitað verði samtals/samráðs við bæjaryfirvöld, Eyjafjarðarsveit, Isavía og vegagerðina vegna þverunar Eyjafjarðarár til að skoða möguleg samlegðaráhrif strenglagningar, rekstur flugvallarins og uppbyggingar göngu- og reiðleiðar á svæðinu.
4. Kröflulína 1
Að mati skipulagsráðs ætti að skoða möguleikann á að Kröflulína 1 verði sett í jörð samhliða Hólasandslínu 1 þar sem loftlína er í dag ógn við flugöryggi í firðinum.
5. Umfjöllun um á bls. 133
“Í skýrslu sérfræðings [7] kemur fram að við sumarbústaðahverfið við Kjarnaskóg fari strengleiddin um sjálfsáð birkikjarr sem kann að njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt kortlagningu Skógræktarinnar er eingöngu ræktað skóglendi í grennd við umrætt svæði. Á milli Akureyrar og Kjarnaskógar liggur aðalvalkostur á nokkrum stöðum um ræktað skóglendi en hann fer hvergi um náttúrulegt birki í Eyjafirði [16]. Að teknu tilliti til ofanritaðs flokkast svæðið sem miðlungs mikilvægt búsvæði plantna.”

Fyrir norðan sumarbústaðina er sjálfsáð birkikjarr, en ekkert af því er eldra en 30 - 40 ára og því hæpið að gera ráð fyrir að það njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar sem kemur fram að “ b. [sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré]. 1) “ skuli njóta sérstakrar verndar.

6. Umfjöllun á bls. 163
Jarðstrengskosturinn EY-JK raskar sambærilegu flatarmáli gróins lands og aðalvalkostur (tafla 6.3). Báðir kostir liggja að mestu á eða við raskað land. Valkosturinn raskar þó talsvert meira af skóglendi. Þar sem áhrifasvæði jarðstrengs er nokkuð breitt og fella þarf tré innan þess er erfitt að endurheimta staðargróður á skógræktarsvæðum. Hins vegar raskar valkosturinn talsvert minna af votlendi sem nýtur verndar en aðalvalkostur. Af þeim sökum er

valkostur um Kjarnaskóg talinn hafa heldur minni áhrif á gróður en aðalvalkostur norðan Kjarnaskógar. Áhrifin verða þó líklega meiri á ásynnd (sjá kafla 6.5).

Skipulagsráð telur að þetta mat byggist á ófullkomnum gögnum um gróðurlendi og votlendi á þessu svæði í Kjarnaskógi.

7. Umfjöllun á bls. 169

Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg í Eyjafirði er talinn hafa talsvert neikvæð áhrif á gróður. Valkosturinn er talinn hafa heldur minni áhrif á gróður en aðalvalkostur á sambærilegum kafla.

Að mati skipulagsráðs er þetta mat ekki rétt þar sem frekar er talið að þessi leið muni hafi meiri neikvæð áhrif á gróður, sérstaklega skóglendi, en aðalvalkosturinn.

8. Umfjöllun á bls. 197

Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg í Eyjafirði hefur engin áhrif á vatnalíf

Þetta mat byggir á röngum forsendum þar sem landið er blautt að hluta og mun framkvæmd því fela í sér röskun á mýrlendi og meiri áhrif á losun CO₂.

9. Umfjöllun á bls. 209

EY-JK: Jarðstrengur um Kjarnaskóg hefur ekki bein áhrif á jarðmyndanir og eru áhrif þess kostar á jarðmyndanir sambærileg við aðalvalkost.

Allur sá hluti leiðarinnar sem er teiknaður meðfram og í farvegi Brunnár kostar mikið óafturkræft rask á náttúrulegu landslagi vatnsfarvegarins. Hæðar og hallamunur á því 12-20 m breiða svæði sem gert er ráð fyrir í verklýsingu er verulegur alla brunnárleiðina og krefst mikillar tilfærslu efnis á þeim kafla.

10. Umfjöllun á bls. 247

Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg (EY-JK): Það rask sem valkosturinn veldur er af svipaðri stærðargráðu og rask vegna aðalvalkosta. Áhrif á ásynnd verða heldur meiri þar sem valkosturinn raskar 248 meira af skóglendi. Áhrifasvæði jarðstrengs er fremur breitt og því þarf að fella tré innan skóglendis. Heildareinkunn umfangs áhrifa á landslag og ásynnd er þó sú sama og fyrir aðalvalkost þ.e. nokkuð lítið fyrir umfang áhrifa á landslag og ásynnd

Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209

11. Umfjöllun á bls. 265

Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg er talinn hafa aðeins meiri áhrif á landslag og ásynnd en aðalvalkostur en lokamat er samt sem áður það sama, nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásynnd í Eyjafirði.

Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209

12. Umfjöllun á bls. 283

Jarðstrengskostur EY-JK um Kjarnaskóg er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur á Akureyri. Áhrifin verða einkum bundin við framkvæmdatíma. Sérfræðingur [72] lýsir áhrifum valkostarins þannig: Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á

komur á svæðið í framtíðinni Erlendir ferðamenn við Goðafoss Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á tíðni heimsókna íbúa á svæði/staði í nágrenni hennar MYND 6.81 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á komur erlendra ferðamanna við Goðafoss og íbúa á svæðið í framtíðinni. Um 6% erlendra ferðamanna tóku ekki afstöðu, þ.e. merktu við „veit ekki“. 284 „Ekki verður séð að valkostur EY-JK hafi umtalsverð áhrif á útivist og ferðaþjónustu. Ef eitthvað er verða áhrifin þó heldur neikvæðari en af aðalvalkosti þar sem það mun líklega taka lengri tíma fyrir skóglendið sem farið er um í Kjarnaskógi að jafna sig eftir framkvæmdirnar.

Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209

Báðar leiðir munu hafa rask og ónáði í för með sér á framkvæmdatíma fyrir útivistarfólk, orlofsbyggðina við Kjarnalund o.fl. “

13. Umfjöllun á bls. 290

EY-JK: Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg í Eyjafirði er talinn hafa óverulega eða nokkuð neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Valkosturinn er talinn hafa nokkuð sambærileg áhrif og aðalvalkostur.

Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209

Virðingarfyllst,

f.h. skipulagsráð Akureyrar

Pétur Ingi Haraldsson
skipulagsstjóri

Eyjafjarðarsveit 7. desember 2018.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
b.t. Jakob Gunnarsson

jakob@skipulag.is

skipulag@skipulag.is

(Umsögn aðeins send rafrænt)

Hólasandslína 3 Mat á umhverfisáhrifum – frummatsskýrsla Athugasemdir Eyjafjarðarsveitar

Efni:

- I. Nýting gamalla vega
- II. Frágangur
- III. Mastursgerð
- IV. Aðalvalkostur
- V. Varakostur
- VI. Áhrif á landslagsheildir
- VII. Laxarlína og Kröflulína
- VIII. Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum
- IX. Misræmi í frummatsskýrslu

Hjálagt fylgja athugasemdir og áherslur sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar vegna ofangreindrar frummatsskýrslu á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Athugasemdarfrestur var til 30.nóvember 2018, en framlengdur frestur til 12.desember var samþykktur af athugasemdarbeiðanda með tölvupósti þann 27.nóvember 2018. Að öðru leyti en hér kemur fram, er vísað til fyrri samskipta og erinda sveitarfélagsins við Landsnet, m.a. umsagnar um kerfisáætlun, dags 10.janúar 2017 og umsagnar um drög að tillögu um matsáætlun, dags. 19. janúar 2017. Í umsögninni er eftir atvikum að finna ábendingar um mögulega valkosti og sjónarmið Eyjafjarðarsveitar um tilgreinda valkosti.

I. Nýting gamalla vega

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar lýsir ánægju sinni yfir því að gömlu vegirnir skulu nýttir að mestu þegar farið er um Óshólma. Þannig verður öllu raski á svæðinu haldið í lágmarki og má telja að það hafi mun minni áhrif á svæðinu heldur en dregið er fram í skýrslunni þar sem lítið er farið um ósnortið landsvæði.

Í Bíldsárkskarði verður einnig farið um núverandi vegslóða sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fagnar. Leggur sveitarfélagið áherslu á að við framkvæmdina verði þessu fylgt eftir og ef þörf er á að þá sé þessi vegur styrktur eða endurbyggður fyrir framkvæmdina í stað þess að byggja upp nýjan slóða með tilheyrandi jarðraski.

II. Frágangur

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar leggur áherslu á að vandað verði til við allan frágang gagnvart umhverfi, útivist og minjum svo sómi verði af. Sveitarfélagið fagnar því sem komið hefur fram á fundum að hægt sé að nýta vegi til almennrar útiveru að framkvæmd lokinni.

III. Mastursgerð

Í frummatsskýrslu er lagt til að mastursgerð skuli vera stagað stálröramastur (mynd 4.4 í skýrslu) og leggur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar áherslu á að það standist þegar á framkvæmdarstig er komið. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur kynnt sér röramöstur sem reist hafa verið í Kröflu- og Bakkalínunum og telur að slík möstur séu hagfelldari með tilliti til sjónrænna áhrifa en grindarmöstur af sömu stærð. Því til stuðnings vísar sveitarstjórn í viðmið um sjónræn áhrif mastra í skýrslu norsku orkustofnunarinnar NVE frá 2009 (Widenoja, Skaug, Aastorp 2009). Í drögum að matsáætlun sem kynnt voru í janúar 2017 kom fram að til greina kæmi að nota grindarmöstur í framkvæmdinni og fagnar sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar því að fallið hafi verið frá því í frummatsskýrslu. Notkun stálgrindamastra í framkvæmdinni myndi hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif umfram það sem kemur fram í skýrslunni og þar með væru forsendur matsniðurstöðu á sjónrænum áhrifum brostnar.

IV. Aðalvalkostur

Samkvæmt skýrslunni er aðalvalkostur að lína skuli tekin niður Bíldsárskarð í röramöstrum þaðan sem línan fer í jörð meðfram gömlum vegum um óshólma Eyjafjarðarar. Í kafla 3.1.1. í skýrslunni kemur jafnframt fram að loftlína muni koma til með að hafa „neikvæðari áhrif en lagning jarðstrengs á þeim kafla (Eyjafirði). Því leggur Landsnet til sem aðalvalkost að tæplega 10 km hluti af Hólasandslínu 3 verði lagður í jörð í Eyjafirði“.

Sveitarstjórn fagnar því að Landsnet leggi til jarðstreng sem aðalvalkost frá sveitarfélagsmörkum í vestri að fjallsrótum við Bíldsárskarð og telur sveitarstjórn að með því móti sér komið til móts við stefnu í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem tæknilega er unnt. Áform um tengingu tengivirkis á Rangárvöllum austur á bóginn eiga sér langa sögu og telur sveitarstjórn það mjög ánægjulegt að nú sé í sjónmáli farsæl lausn á því máli.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar bendir á að í aðalvalkosti væri æskilegt að fara í frekari fýsileikakönnun á tveimur kostum sem taldir eru upp í kafla 4.1.6.3.

1. Undirborun undir kvíslar Eyjafjarðarar. Með borun undir Eyjafjarðará væri hægt að koma í veg fyrir umhverfisóhapp á óshólum meðan á verður stífluð líkt og stefnt er á með aðalvalkosti. Leiðarval þyrfti ekki að breytast en með stíflun er hætta á að vatn flæði inná hverfisverndarsvæði Óshólma Eyjafjarðarar, auk þess sem hætta er á að framkvæmdin hefði neikvæð áhrif á fiskgengd. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar er efins um rök sem fram koma í frummatsskýrslu um ókosti borunar við þær aðstæður sem fyrir hendi eru og kallar eftir að óháður sérfræðingur verði fenginn til að meta fýsileika þess að bora undir ána í stað þess að þvera hana með greftri.

2. Brúargerð yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár. Eins og komið er inná í skýrslunni er gert ráð fyrir göngubrú yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár í nýju aðalskipulagi Akureyrar. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar bendir á að skynsamlegt sé að skoða hvort bæði Landsnet og Akureyrarbær geti haft hag af því að sameinast um byggingu slíks mannvirkis sem gæti þá borið bæði umferð og strengi. Í skýrslunni er nefnt að „kostnaðarmat á slíkri brú liggur ekki fyrir en talið er að ekki sé kostnaðarlegur ávinningur af því að leggja strengi í brú á þessum stað og það ekki lagt sem valkostur“. Gefið er þarna til kynna að engin vinna hafi farið fram til að meta þetta sem kost sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar telur óskynsamlegt að ákveða án frekara mats.

V. Varakostur

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar bendir á að varakostur með loftlínu er þó ennþá inni í skýrslunni. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar áréttar því að sveitarfélagið hafi oft mótmælt þessum kosti enda samræmast lagnir loftlínu ekki nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins og mundi það hafa veruleg neikvæð áhrif umfram niðurstöðu skýrslunnar. Þá bendir sveitarstjórn einnig á að varakosturinn með loftlínu mun fara yfir svæði í landi þverár sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem bæði útivistarsvæði og sumarhúsabyggð, en ekki er að sjá að tillit sé tekið til þessara skipulagsákvæða í frummatsskýrslu. Sama á við um þverárgljúfur og bendir sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar á að það verður skilgreint sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030.

VI. Áhrif á landslagsheildir

Í kafla 6.5. í frummatsskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill koma því á framfæri að aðferðafræðin sem notuð er við matið virðist afar fagleg og umfjöllun um málefnið er ítarleg. Virðist sveitarstjórn frummatsskýrslan vönduð að þessu leyti. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill þó áréttar að svæðið innan landslagsheildarinnar Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsströnd þar sem línuvalkostirnir liggja eru þéttbýl og um þau liggur fjölfarin umferðaræð. Þannig mun nokkur fjöldi fólks vera í daglegu návígi við þau mannvirki línunnar sem liggja ofan jarðar innan svæðisins. Bildsárskarð er sýnilegt víða að innan sveitarfélagsins, auk þess sem það sést vel frá Akureyri og úr flugvélum sem fara um Akureyrarflugvöll. Auk þess er svæði á náttúruminjaskrá (óshólmarnir) innan landslagsheildarinnar og er það svæði mikið notað útivistarsvæði og fuglalíf þar mikið. Í ljósi mikils sýnileika og umferðar um svæðið telur sveitarstjórn fremur við hæfi að viðkvæmni landslags og ásýndar innan svæðisins flokkist sem „nokkuð mikið“ fremur en „miðlungs“ líkt og fram kemur í töflu 6.37 í frummatsskýrslu.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar áréttar líka að nauðsynlegt sé að framkvæmdir á svæði óshólma fari fram á þeim árstíma að þeir raski fuglalífi sem minnst og að vatnsstaða á svæðinu verði ekki lakari en áður eftir að framkvæmdum er lokið.

VII. Laxarlína og Kröflulína

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fagnar því sem fram kemur um niðurrif Laxarlínu og Kröflulínu í frummatsskýrslu og telur umfjöllun um jarðstrengsvalkosti fyrir Kröflulínu í kafla 2.8 gagnlega. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar leggur áherslu á að línurnar víki eða verði lagðar í jörð sem fyrst, bæði með tilliti til neikvæðra áhrifa línanna á flugöryggi og með tilliti til þess hve línurnar þrengja að byggð

í Kaupangshverfi. Loftlínurnar skarast við hindrunarflöt Akureyrarflugvallar og skerða aðflugsleið að flugvellinum og svo verður áfram eftir að nýr aðflugsbúnaður kemst í gagnið. Kröflulína 1 og sér í lagi Laxárlína 1 þrengja mjög að uppbyggingu sem skv. gildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar er fyrirhuguð í fjallsrótum Vaðlaheiðar, og svo er raunar einnig í Svalbarðsstrandarhreppi. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar ítrekar að brýn rök mæli með því að loftlínurnar verði fjarlægðar eins fljótt og auðið er.

VIII. Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum

Í niðurstöðum umhverfismats, m.a. í mynd á bls. 12 og í töflu 7.1, kemur fram mat á áhrifum aðalvalkosta á landslag og ásýnd innan Eyjafjarðarsveitar. Á bls. 9 er tekið fram að „Mögulega geta ábendingar sem berast við frummatsskýrslu leitt til þess að breytt verður út frá boðuðum aðalvalkosti og aðrir kostir þá orðið hluti af þeim kosti sem sótt verður um leyfi fyrir“. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar tekur undir niðurstöðu umhverfismats að því leyti að aðalvalkostur hafi tiltölulega takmörkuð sjónræn áhrif með hliðsjón af öðrum forsendum málsins. Sveitarstjórn bendir hinsvegar á að sjónræn áhrif aðalvalkosta séu mjög viðkvæm fyrir breytingum frá því sem kynnt er í frummatsskýrslu. Ef t.a.m. valin verður önnur mastursgerð en sú sem kynnt er eða að tilhögun vinnuslóða verði með öðru móti en fram kemur í skýrslunni þá hafi það áhrif á ofangreinda niðurstöðu umhverfismats. Sama á við ef umfang loftlínukafla breytist frá því sem fram kemur í frummatsskýrslu, og bendir sveitarstjórn á að frávik af því tagi samræmist ekki aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem öðlast mun gildi innan skamms.

IX. Misræmi í frummatsskýrslu

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill benda á eftirfarandi misræmi sem komið hefur í ljós við lestur frummatsskýrslunnar:

Í töflu 3.3. kemur fram að lengd jarðvírskafra frá strengendavirki í Eyjafirði sé um 3,5 km, en það stangast á við upplýsingar sem fram koma í kortahefti og annarsstaðar í skýrslunni (t.d. á bls. 74) um að lengd jarðvírskafra verði 1,5 til 2 km.

Í neðanmálgrein á bls. 46 er vitnað í skilgreiningu á þéttbýli í 24. gr. skipulagslaga, en hugtakið er hinsvegar ekki skilgreint þar heldur í 24. tölulíð 2. greinar skipulagslaga.

Í töflu 6.37 er ÁDU um Eyjafjarðarbraut vestri sögð ýmist 1812 eða 868 árið 2016. Önnur talan á sennilega við Eyjafjarðarbraut eystri.

Allar nánari upplýsingar getur undirritaður veitt.

Umsögn þessi er aðeins send rafrænt á netfangið skipulag@skipulag.is

Virðingarfyllt,


Finnur Yngvi Kristinsson
Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar
finnur@esveit.is





Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Skipulagsstofnun Jakob Gunnarsson

Laugar 6.12.2018
Málsnúmer: 1804018

Efni: Hólasandslína 3 - Beiðni um umsögn

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar tók fyrir á fundi sínum þann 22.11.2018 erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 5.11.2018, beiðni um umsögn vegna Hólasandslínu 3. Umsögn nefndarinnar var eftirfarandi:

Með vísan í fyrri bókun sveitarstjórnar telur skipulagsnefnd mikilvægt að kannaður verði möguleiki á því að leggja núverandi Kröflulínu 1 í jörðu af sjónrænum ástæðum á þjóðvegi 1 á kaflanum frá Reykjadalssá og austur fyrir þjóðveg í landi Víða. Einnig telur nefndin að skoða eigi möguleika á því að fjarlægja núverandi Kröflulínu 1 sunnan við Ljótsstaði í Laxárdal og leggja hana á einu hafi í núverandi línustæði á svipaðan hátt og fyrirhugað er að gera við Hólasandslínu 3 ofar í dalnum.

Nefndin óskar eftir að sá möguleiki verði kannaður að færa línuna sunnan við Illugastaði í Fnjóskadal til að forðast þverun á verndarsvæði við Illugastadamela þannig að hún liggja á milli verndarsvæða.

Að öðru leyti telur nefndin að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim, mótvægisáhrifum og vöktun, að öðru leyti en því sem hér að framan greinir.


Þingeyjarsveit er leyfisveitandi vegna útgáfu framkvæmdaleyfis sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og ákvörðun um endanlegt línustæði er háð samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tók fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar til afgreiðslu á fundi sínum þann 6.12.2018 og var afgreiðsla sveitarstjórnar á 1. lið

fundargerðar; Hólasandslína 3, beiðni um umsögn og kynning á frummatsskýrslu, nefndarinnar eftirfarandi:

Sveitarstjórn tekur undir með Skipulags- og umhverfisnefnd um mikilvægi þess að kannaður verði möguleiki á því að leggja núverandi Kröflulínu 1 í jörð af sjónrænum ástæðum á þjóðvegi 1 á kaflanum frá Reykjadalssá og austur fyrir þjóðveg í landi Víða. Einnig telur sveitarstjórn að skoða eigi möguleika á því að fjarlægja núverandi Kröflulínu 1 sunnan við Ljótsstaði í Laxárdal og leggja hana á einu hafi í núverandi línustæði á svipaðan hátt og fyrirhugað er að gera við Hólasandslínu 3 ofar í dalnum. Sveitarstjórn óskar eftir að sá möguleiki verði einnig kannaður að færa fyrirhugaða Hólasandslínu 3 sunnan við Illugastaði í Fnjóskadal til að forðast þverun á verndarsvæði við Illugastaðamela þannig að hún liggi á milli verndarsvæða.

Með kveðju,


Dagbjört Jónsdóttir
sveitarstjóri Þingeyjarsveitar

Jón Ágúst Jónsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: þriðjudagur, 18. desember 2018 11:28
To: 'arnije@landsnet.is'; Rut Kristinsdóttir; Jón Ágúst Jónsson
Subject: FW: Hólasandslína

Sæl

Þetta var að berast frá Þingeyjarsveit

Kveðja

Jakob Gunnarsson

Sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Bjarni Reykjalín <bjarni@thingeyjarsveit.is>
Sent: þriðjudagur, 18. desember 2018 10:57
To: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Cc: Dagbjört Jónsdóttir <dagbjort@thingeyjarsveit.is>; Ásvaldur Ævar Þormóðsson <asi@thingeyjarsveit.is>; Jóna Björg Hlökkversdóttir <jona.bjorg@thingeyjarsveit.is>; Nanna Þórhallsdóttir (nannath@simnet.is) <nannath@simnet.is>; Sigurður Hlynur Snæbjörnsson <hlynur@thingeyjarsveit.is>; Sæþór Gunnsteinsson <hildurros@simnet.is>
Subject: Hólasandslína

Góðan dag.

Í eftirfarandi bókun skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar urðu þau leiðu mistök að ekki var greint rétt frá eignarhaldi á því landi í Reykjadal sem núverandi Kröflulína 1 og fyrirhuguð Hólasandslína 3 muni liggja um. Í bókun nefndarinnar kemur fram að línurnar muni liggja í landi Víða, en þær munu einnig liggja í landi Máskots á umræddum kafla og leiðréttist það hér með. **Rauður texti innan sviga:**

*Með vísan í bókun sveitarstjórnar telur skipulagsnefnd mikilvægt að kannaður verði möguleiki á því að leggja núverandi Kröflulínu 1 í jörðu af sjónrænum ástæðum á þjóðvegi 1 á kaflanum frá Reykjadalssá og austur fyrir þjóðveg í landi Víða (**og Máskots**). Einnig telur nefndin að skoða eigi möguleika á því að fjarlægja núverandi Kröflulínu 1 sunnan við Ljótsstaði í Laxárdal og leggja hana á einu hafi í núverandi línustæði á svipaðan hátt og fyrirhugað er að gera við Hólasandslínu 3 ofar í dalnum.*

Nefndin óskar eftir að sá möguleiki verði kannaður að færa línuna sunnan við Illugastaði í Fnjóskadal til að forðast þverun á verndarsvæði við Illugastaðamela þannig að hún liggja á milli verndarsvæða.

Að öðru leyti telur nefndin að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaáðila á þeim, mótvægisáhrifum og vöktun, að öðru leyti en því sem hér að framan greinir.

Þingeyjarsveit er leyfisveitandi vegna útgáfu framkvæmdaleyfis sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og ákvörðun um endanlegt línustæði er háð samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

Með kveðju,

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar
og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps

Kjarna, 650 Laugar

Sími: 464 3339 / 895 3422

Netfang: bjarni@thingeyjarsveit.is



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163 og 464 4263 • Fax: 464 4363

gudjon@skutustadahreppur.is

www.skutustadahreppur.is

Skipulagsstofnun,
Bt. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

19. desember 2018

Efni: Umsögn Skútustaðahrepps

Með bréfi dags. 5. nóvember 2018 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Skútustaðahrepps um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdar við Hólasandslínu 3, 220 kV raflínu frá Akureyri að Hólasandi. Í umsögninni skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs hans gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaáðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktum. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Eftirfarandi er bókun skipulagsnefndar Skútustaðahrepps frá 6. desember 2018;

Í frummatsskýrslu, sem er á 4. hundrað blaðsíðna, er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Einungis lítill hluti framkvæmdarinnar er innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps og ekki tilefni til athugasemda við efni frummatsskýrslunnar.

Skipulagsnefnd telur framkvæmdina í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepp 2011-2023, en leggur til við sveitarstjórn að tekið yrði til skoðunar hvort ástæða sé til breytinga á skipulagi þegar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Skútustaðahreppi samkvæmt lögum nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, að því marki sem framkvæmdir liggja innan sveitarfélagsins.

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar frá 12. desember 2018 þar sem bókun skipulagsnefndar er staðfest;

Einungis lítill hluti framkvæmda við Hólasandslínu 3 er innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps og telur sveitarstjórn að ekki sé tilefni til athugasemda við efni frummatsskýrslunnar.

Sveitarstjórn telur framkvæmdina í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, en mun taka til skoðunar hvort ástæða sé til breytinga á skipulagi þegar álit Skipulagsstofnunnar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Skútustaðahreppi samkvæmt lögum nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, að því marki sem framkvæmdir liggja innan sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Skútustaðahrepps



Guðjón Vesteinsson
Skipulagsfulltrúi

Jón Ágúst Jónsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: mánudagur, 3. desember 2018 17:28
To: 'arnije@landsnet.is'; Rut Kristinsdóttir; Jón Ágúst Jónsson
Subject: FW: 1811071 - umsögn
Attachments: Hólalandslína 3 - beiðni um umsögn.pdf

Sæl
A
Til
Applýsingar
A
Kveðja
A
Jakob
A

Jakob Gunnarsson
Sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun


A

From: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir
Sent: 03.12.2018 14:00:12
To: matthildur@skipulag.is
CC: Helena Karlsdóttir
Subject: 1811071 - umsögn

Góðan dag

Vegna anna og hversu seint umsögnin barst okkur mun Ferðamálastofa því miður ekki skila inn umsögn vegna Hólasandslínu 3.

*Með bestu kveðju,
Guðrún Dóra.*



Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.

[Email disclaimer](#)

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 11. janúar 2019
Tilv. 2018-11-08-2622

Efni: Varðar frummatsskýrslu vegna Hólasandslínu 3


Í bréfi dagsettu 5. nóvember 2018 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3. Framkvæmdin er afar umfangsmikil og felur í sér lagningu 220 KV raflínu frá Akureyri að Hólasandi (10km jarðsterngur og 62 km loflína) og slóðagerð. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðuleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Fram kemur í skýrslunni að sérstök áhersla hafi verið lögð á að kanna vatnalíf í Eyjafjarðará og Laxá í Laxárdal á mögulegum þverunarstöðum jarðstrengja, en einnig hafi verið horft til annarra vatnasvæða á línuleiðinni s.s. Fnjóskár, Reykjadalssár, Skjálfandafljóts.

Í frummatsskýrslunni (tafla 6.20) er stuðst verndargildi vistgerða eins og Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint það (N.í. 2017. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit N.Í nr. 54.). M.a. er vísað er til þess að Eyjafjarðará hafi lágt vendargildi (bls. 189). Fiskistofa bendir á að verndargildi N.Í. tekur einkum mið af gróðurfari og einnig fuglalífi, en lítið eða ekkert tillit er tekið fiskstofna eða veiðihagsmuna. Því gagnað ekki að notast við þau verndargildi þegar metin eru áhrif á stofna laxfiska eða veiðihagsmunir. Enda er þess getið í frummatsskýrslunni að veiðihagsmunir séu verulegir í Eyjafjarðará og að hún flokkist sem slík sem nokkuð mikilvægt vatnasvæði á landsvísu. Því er mikilvægt að sjónarmið fiskifræðinga komi fram vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmdanna á fiskstofna og veiðihagsmunir.

Fram kemur að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði áhrifin á vatnalífs og hugsanleg áhrif á laxfiska metin sérstaklega. Fiskistofa telur að frummatsskýrslan geri, með fullnægjandi hætti, grein fyrir þeim þáttum sem meta á áhrifin af vegna framkvæmdarinnar sem snúa að lax- og silungsveiðihagsmunum. Fram kemur að mat Hafrannsóknastofnuar hafi verið að rask sem verður vegna framkvæmdanna verði, ef rétt er að málum staðið, staðbundið og tímabundið og ekki líklegt að hafa áhrif á verðmæti veiðinýtingar.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík 29.11.2018

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu Landsnets vegna Hólasandslínu 3.

Skipulagsstofnun óskaði með bréfi dagsettu 8. nóvember eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um frummatsskýrslu Landsnets vegna lagningar á 220kV raflínu frá Akureyri að Hólasandi.

Hafrannsóknastofnun hefur yfirfarið fyrirbyggjandi frummatsskýrslu. Þau atriði sem einkum snúa að sérfræðipækkingu Hafrannsóknastofnunar eru áhrif á lífríki í vatni en línulögnin þverar nokkur vatnsföll og eru helst þeirra Glerá, Eyjafjarðará, Fnjóská, Skjálfandafliót, Reykjadalssá og Laxá í Laxárdal auk þess sem línan liggur norðan við Mávötn.

Í þeirri útfærslu sem lögð er fram sem aðaltillaga er gert ráð fyrir að rafstrengur sé í strengjabrú yfir Glerá, verði grafinn í stökk undir allar þrjár kvíslar Eyjafjarðarár, en að aðrar ár verði þveraðar með loftlínunum. Valkostur er með undirborun eða strenglöggn í skurði undir Laxá ofan Varastaðahólma í Laxárdal. Áhrif þeirra framkvæmda sem snúa að lífríki í vatni eru álitnar vera tímabundnar og staðbundnar og hafa hlutfallslega lítil áhrif í samanburði við stærð þeirra vatnsfalla sem um ræðir.

Gengið er út frá því að við framkvæmdina sé ætíð leitast við að haga framkvæmdum þannig að umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki, framkvæmdaáðilar séu vel upplýstir og eftirlit með umhverfisáhrifum af framkvæmdunum sé virkt. Framkvæmdatími verði valin með tilliti til þess að lágmarka áhrif á vatnalíf og t.d. séu ekki opnir aðbyggjandi skurðir fyrir strengi að vatnsföllum sem flutt geta laus eða uppleyst efni t.d. með leysingavatni úr í ár. Sem mótvægi má koma fyrir settjörnum í slíkum skurðum og hafa framkvæmdatíma sem allra stýstan.

Um er að ræða stóra framkvæmd sem hefur í heild áhrif á fjölmarga þætti á stóru svæði. Í framkominni frummatsskýrslu telur Hafrannsóknastofnun að gerð sé grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og að þau liggja að mestu leyti fyrir og áhrif þeirra skýrð í skýrslunni.

Starfssvið Hafrannsóknastofnunar er ekki að veita leyfi fyrir neinum af þeim þáttum sem snúa að framkvæmdinni.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Héðinn Valdimarsson

Jón Ágúst Jónsson

From: Árni Jón Elíasson <arnije@landsnet.is>
Sent: fimmtudagur, 29. nóvember 2018 20:42
To: Jón Ágúst Jónsson; Friðrika Marteinsdóttir
Cc: Rut Kristinsdóttir
Subject: FW: Hólasandslína 3, umsögn

Sjá meðf. – B kv ÁJE

Árni Jón Elíasson

Verkefnastjóri undirbúnings fjárfestingaverka
Þróunar- og tæknisvið / Technology & Development
Tel / Sími +354 563 9350 / Mobile / Gsm. +354 856 9350 / arnije@landsnet.is

LANDSNET

www.landsnet.is / www.facebook.com/landsnet / www.twitter.com/landsnethf

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: fimmtudagur, 29. nóvember 2018 17:02
To: Árni Jón Elíasson <arnije@landsnet.is>; Rut Kristinsdóttir <rut@landsnet.is>
Subject: FW: Hólasandslína 3, umsögn

Sæl

Umsögn HNE meðfylgjandi

Kveðja

Jakob Gunnarsson

Sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Alfred Schiöth <alfred@hne.is>
Sent: fimmtudagur, 29. nóvember 2018 15:28
To: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>
Cc: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>; Sigurður Ásbjörnsson <Sigurdur@skipulag.is>
Subject: Hólasandslína 3, umsögn

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) hefur kynnt sér frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, 220 kV raflínu frá Akureyri að Hólasandi dags. 5. nóv. 2018

Skýrslan gerir á fullnægandi hátt grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, líklegum umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun

Fram kemur í skýrslunni að við gerð útboðsgagna verði gerð ítarleg umhverfis- öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem tekið verður á mengunarhættu, öryggi og umgengni á framkvæmdatíma og skilgreind ábyrgð allra sem koma að verkinu, s.s. hvað varðar að lagmarka líkur á mengun á vatnsverndarsvæðum og tryggja rétt viðbrögð ef og þegar

óhöpp eiga sér stað. Í þessu sambandi er áréttað mikilvægi þess að upplýsa heilbrigðisfulltrúa um frávik og slys sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðum

Vinnubúðir (þ.m.t. vatnsból, fráveita og meðferð úrgangs) eru háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar, einnig efnistaka, efnisvinnsla og landmótun og um vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) og framtíðar vatnstökusvæði gilda ákveðnar varúðarreglur m.t.t. öryggis neysluvatns til lengri og skemmri tíma

Ef fram koma óvænt umhverfisáhrif vegna Hólasandslínu 3, þá áskilur heilbrigðisnefnd sér rétt til að gera kröfur um mótvægisáðgerðir og vöktun, t.d. ef koma fram rökstuddar kvartanir um hávaða eða neikvæð áhrif á lífríki og vatnabúskap

Hvað varðar friðlystar náttúruuminjar og verndarsvæði Mývatns og Laxár, þá er skylt að hafa samráð við Umhverfisstofnun og eftir atvikum að afla leyfa áður en framkvæmdir hefjast

Virðingarfyllt

Alfreð Schiöth
heilbrigðisfulltrúi

Alfreð Schiöth
framkvæmdastjóri HNE
sími 462 4431
gsm 867 0598

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er á ábyrgð sendanda.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavíkurlugvelli, 06.12.2018
1811042GHF

Efni: Hólasandslína 3, mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla.

Isavia hefur farið yfir frummatsskýrslu sem er í kynningu á heimasíðu Skipulagsstofnunar <http://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/mal-i-kynningu/safn/holasandslina-3> og gerir ekki athugasemd við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia ehf



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Lögfræðingur



**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Gunnarsholti 29. nóvember 2018

Efni: Hólasandslína 3, umsögn um frummatsskýrslu

Landgræðsla ríkisins barst ósk um umsögn fyrir frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3 frá Akureyri að Hólasandi. Landgræðsla ríkisins gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna og telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, vali á valkostum, bæði á leiðarvali og svo kostum og göllum við raflínu í lofti eða jörð. Fylgja á að mestu leiti eldri raflínu og nýta slóða sem fylgja henni.

Framkvæmdin kemur hins vegar til með að hafa talsvert neikvæð staðbundin áhrif á gróðurfar á línuleiðinni og stórum hluta varanleg. Framkvæmdin mun raska allt að 70 ha lands og af þeim tæpum 13 ha af vistgerðum sem er með mjög hátt verndargildi.

Í umfjöllun á bls. 167 um mótvægisáðgerðir vegna skerðingu á votlendi stendur „*Landsnet mun kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélög á línuleiðinni.*“ Landgræðsla ríkisins hefur frá árinu 2016 rekið verkefni um endurheimt votlendis og byggt upp þekkingu og reynslu á viðfangsefninu og er reiðubúin að veita ráðgjöf þar að lútandi ef eftir því verður óskað.

Þá leggur Landgræðslan áherslu á vandaðan frágang á verkstað, s.s. að frágangur á yfirborði auki ekki hættu á jarðvegsrofi. Slíkt getur t.d. gerst ef yfirborði er raskað í halla og vatnsrásir myndast.

Landgræðsla ríkisins fagnar því að græða eigi upp 2-3 ha lands í stað þess lands sem raskast og að nýta eigi svarðlag eins og hægt er til frágangs á í línuleiðinni. Telur stofnunin það mikla framför að slíkt sé komið inn í frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Gústav Ásbjörnsson

Gústav Ásbjörnsson,
Sviðsstjóri Landverndarsviðs



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2018
MÍ201708-0070 / 6.07 / K.M.

Efni: Hólasandslína 3.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 5. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í frummatsskýrslu kemur fram að Landsnet hf. áformar að byggja 220 kV raflínu, Hólasandslínu 3, milli Akureyrar og Hólasands. Aðalvalkostur línunnar felur í sér byggingu raflínu milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og nýs tengivirkis á Hólasandi. Leiðin er 72 km. Fyrstu 10 km línuleiðarinnar verða jarðstrengir en eftir það er um loftlínu að ræða sem borin verður uppi 185 möstrum. Línuleiðin er innan fjögurra sveitarfélaga: Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Fornleifar hafa verið skráðar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Það var Fornleifafræðistofan sem sá um verkið. Niðurstöður skráningarinnar liggja fyrir í skýrslu, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, loftlínu eða jarðstrengs frá Hólasandi að Akureyri*.

Í frummatsskýrslu er framkvæmdasvæðinu skipt í fimm svæði og áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti metin á hverju svæði fyrir sig og síðan línuleiðarinnar í heild. Skipting svæðisins er eins og hér segir:

Eyjafjörður: Frá tengivirki við Akureyri um Eyjafjarðarsveit að vatnaskilum á Bíldsárskarði.

Fnjóskadalur: Frá vatnaskilum á Bíldsárskarði, inn Fnjóskadal að vatnaskilum á Hellugnúpsskarði.

Bárðardalur: Frá vatnaskilum á Hellugnúpsskarði, yfir Bárðardal að miðri Fljótsheiði.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðum skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Reykja- og Laxárdalur: Frá miðri Fljótsheiði, yfir Reykjadal og Laxárdal að mörkum Hólasands.

Hólasandur: Frá vesturmörkum Hólasands (við Laxárdal) að tengivirki á Hólasandi.

Alls fundust 139 fornleifar/minjar á fyrirhugaðri línuleið Hólasandslínu 3, slóðum og námum. Stór hluti fornleifanna eru vörður eða 87. Fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar í kafla 6.7 í frummatsskýrslu. Í þessari umsögn verður notast við sömu skiptingu línuleiðarinnar í fimm svæðið og gert er í kafla 6.7 í frummatsskýrslu.

Eyjafjörður. Á Eyjafjarðarsvæðinu voru skráðar 21 fornleifar/minjar.

Aðalvalkostur. Taka þarf tillit til eftirtalinna fornleifa á svæðinu. Skáletraður texti er fenginn úr fornleifaskráningarskýrslu.

Rúst (1:1). Í túni/haga við norðanverðan Kjarnaskóg, um 20 m vestan við malarveg. 9 x 11 m (NNA - SSV). Veggir úr torfi (og grjóti?), 2 - 2,5 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir. Engar dyr eru greinanlegar og rústin greinilega út flött. Hún er vel gróin grasi. Hugsanlega eru fleiri rústir undir grasrótinni í túninu. Rústin er merkt Aku 1 á fornleifakorti nr. 19. Hún er mjög nærri þeim stað þar sem jarðstrengurinn verður grafinn niður. Í 22. gr. laga um menningarminjar segir að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar skuli vera 15 m nema annað sé ákveðið. Í frummatsskýrslu kemur fram að með örlítilli tilfærslu á jarðstreng, framkvæmdaeftirliti og flöggun ætti að vera unnt að komast hjá því að raska rústinni. Jarðstrengurinn komi samt sem áður til með að liggja um friðhelgunarsvæði rústarinnar. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að hugsanlega séu fleiri rústir í túninu. Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurði í túnið til að kanna hvort þar leynist fleiri fornleifar undir sverði. Niðurstöður könnunarinnar þarf að bera undir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið á svæðinu.

Beitarhús/eyðibýli (2:1-2). Fornleifarnar eru merktar Eyj 2 á fornleifakorti nr. 18. Í fjallshlíð ofan við Kaupang, suður af Bíldsá.
Beitarhús/eyðibýli. Nú stendur beitarhús ofan á eyðibýlinu, enda má sjá að eldri rústir eru undir beitarhúsinu. Ekki er hægt að sjá nein form lengur á eyðibýlinu, en líklega hefur það verið heldur umfangsmeira en beitarhúsið. Utan um beitarhúsið/eyðibýlið er garður sem nær allt um kring nema í suðvestur þar sem nýlegur skurður hefur verið grafinn í og við garðinn. Svæðið allt er vel gróid grasi og líklega eru fleiri rústir undir sverðinum innan garðsins, sérstaklega þar sem hólar eru. Þó var ekki hægt að sjá nein form. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er hjáleigunnar Kaupáangs sels getið (bls. 306). Staðkunnugur nágrenni benti á staðinn sem Kaupangssel eða Selið... **Beitarhús.** 17 x 18 m (N - S) stórt. Veggir úr grjóti og torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir. Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A - C). Dyr eru á hólfum A og B mót vestri, en engar sýnilegar á hólfi C, sem er

líklega hlaða. Garðlög (hleðslur) sjást bæði að utan- og innanverðu í hólfum A og B. Í hólfi A er líklega garður (jata) eftir endilöngu gólfinu miðju. Áberandi kampsteinar eru við báðar dyr. Rústin er vel gróin grasi og utan um hana er gerði (nr. 2:2)... **Garður og rúst.** 1) Garður. Hann er á um 80 - 90 m stóru svæði, úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiður og 0,3 - 0,7 m há. Nær hann nær samfelld utan um beitarhúsarústina/eyðibýlið, en er laskaður í suðvesturhluta þar sem skurður hefur verið grafinn í hann og efni úr honum liggur yfir hann sömuleiðis. Áföst garðinum innanverðum í suðaustur er: 2) Rúst. 4 x 5 m (N - S). Veggir úr grjóti og torfi um 1 m breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Dyr snúa inn í gerðið mót vestri. Hugsanlega hrútakofi. Báðar minjarnar eru vel grónar grasi.

Á fornleifakorti nr. 18 er rauður punktur skammt suður af garðinum sem liggur utan um beitarhúsið/eyðibýlið. Þar endar jarðstrengur og loftlína tekur við og þar á að staðsetja strengendavirki. Í kafla 4.1.2 í frummatsskýrslu er fjallað um strengendavirki. Þar segir að stærð endavirkis, þ.e. mörk girðingar utan um sjálft endavirkið sé á bilinu 300 - 500 m², háð útfærslu endavirkisins. Plan umhverfis virkið verði nokkru stærra. Í kafla 6.7.3.1.1 í frummarsskýrslu segir að strengjamastur liggi innan friðhelgunarsvæðis túngarðsins um beitarhúsið/eyðibýlið. Þar segir jafnframt að með því að auðkenna garðinn með flögum og sýna aðgát verði komist hjá því að raska garðinum. Minjastofnun Íslands bendir á að hér er ekki um stakar minjar að ræða heldur mynda rústirnar og garðurinn umhverfis þær minjaheild sem hefur töluvert meira varðveislugildi en hver einstök rúst eða garðurinn einn út af fyrir sig. Komi til þess að raska þurfi garðinum skerðir það gildi minjaheildarinnar og þá kemur til álita að krafa verði gerið um rannsókn allar minjarnar sem tilheyra heildinni með fornleifauppgreftri.

Þjóðleið (3:1). Fornleifarnar eru merktar Eyj 3 á fornleifakortum nr. 17 og 18. Leiðin liggur upp fjallið norðan við ána, en fer svo yfir hana og heldur áfram upp fjallið sunnan við ána. Leiðin er 1,5 - 2 m á breidd og 0,1 - 0,2 m djúp þar sem hún var skoðuð. Hún liggur upp frá Knarrarbergi vestan við ána sem rennur úr Bíldsárskarði, en fer svo yfir hana á auðveldu vaði í brekkunni og svo upp hliðina að sunnanverðu og á fjallinu sömu megin. Vörðurnar uppi á fjallinu benda til þess að hún hafi fyrrum legið aftur yfir ána og áfram fjallið til austurs. Ekki reyndist unnt að finna hvar leiðin lá aftur yfir skarðið til norðurs. Sunna megin við skarðið er nú unglegur slóði (ruddur af jarðýtu) sem liggur hjá vörðu í Hálshreppi nr. 68. Hugsanlega hefur slóðinn verið settur í gamlan slóða. Víða er fornleiðin skorin af ungum slóða í hliðinni. Leiðin er nr. 55 í Hálshreppi.

Í frummatsskýrslu segir að erfitt verði að komast hjá raski á þjóðleiðinni. Línan sjálf mun ekki raska leiðinni en hún liggur að slóða á nokkrum stöðum og fer m.a. um efnistökusvæði N4a. Með því að hliðra mastri

182 til austurs og merkja leiðina með flöggum megi draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þjóðleiðina. Tvær vörður (4:1 og 5:1) eru innan efnistökusvæðis N4a og gætu því raskast. Þá er ein varða (17:1) um 8 m frá núverandi slóða sem stendur til að styrkja. Með því að auðkenna vörðuna með flaggi og sýna aðgát við framkvæmdir ætti að vera hægt að hlífa þessari vörðunni að því er fram kemur í frummatsskýrslu. Minjastofnun Íslands telur þær mótvægisaðgerðir fullnægjandi sem taldar eru upp í frummatsskýrslu gagnvart leiðinni (3:1) og vörðum við hana sem kunna að raskast.

Aðrir valkostir. Í umfjöllun um aðra valkosti í frummatsskýrslunni segir að valkostur BI-LN (loftlína norðan Bíldsár) snerti þjóðleiðina (3:1) á nokkrum stöðum. Endamastur verði á sama stað og í aðalvalkosti, þ.e. í námunda við beitarrás/eyðibýli (2:1-2). Sjá umfjöllun hér að ofan. Ein varða (15:1) lendir í mastursstaði þessa valkosti og önnur varða (16:1) virðist vera mjög nærri línunni. Í frummatsskýrslu segir að með hliðrun framkvæmdarinnar ætti að vera unnt að draga úr áhrifum valkostarins á fornleifar en að hann sé talinn hafa heldur neikvæðari áhrif á fornleifar en aðalvalkostur.

Ekki er hægt að meta áhrif línukostar EY-L í Eyjafirði á fornleifar vegna þess að þar hafa fornleifar ekki verið skráðar. Fornleifaskráning hefur heldur ekki farið fram fyrir valkost EY-JK (jarðstrengur um Kjarnaskóg). Minjastofnun Íslands telur að ef þessir kostir verða fyrir valinu þurfi að fá fornleifafræðing til að kanna þessa hluta leiðarinnar. Leggja þarf niðurstöður könnunarinnar fyrir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til mótvægisaðgerða og þá hvers eðlis þær þurfa að vera.

Valkostir Ey-JU (undirborun við Eyjafjarðará) og Ey-JB (jarðstrengur á brýr yfir Eyjafjarðará) eru ekki taldir hafa áhrif á fornleifar frekar en aðalvalkostur á sömu köflum.

Fnjóskadalur.

Í Hálsahreppi voru skráðar 64 fornleifar/minjar. Um þetta svæði er aðeins um einn valkost, aðalvalkost, línuleiðarinnar að ræða. Fjallað er um áhrif línuleiðarinnar á fornleifar og mótvægisaðgerðir í kafla 6.7.3.2 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram eru 36 fornleifar taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna, þ.e. þeim stafar hættu af framkvæmdunum sjálfum en eru ekki í hættu að þeim loknum. Minjastofnun fellst á það hættumat sem fram kemur í þessum kafla og töflu 6.68 og þær mótvægisaðgerðir sem þar eru kynntar að öllu leyti nema hvað varðar tvo garða (6:1) og (8:1). Slóði liggur þegar í gegnum túngarðinn (6:1) á tveimur stöðum og austurendi garðsins (8:1) liggur að slóðanum sem sennilega hefur raskað garðinum þegar hann var lagður. Lagfæra á þennan slóða og hætt er við að það raski gördunum enn frekar en orðið er. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að

grafa skurði þvert í gegnum garðana til að kann betur gerð þeirra og til að reyna að komast að aldir garðanna.

Bárðardalur.

Í Bárðdælahreppi voru skráðar 41 fornleifar/minjar. Hér er aðeins lagður fram einn valkostur línuleiðarinnar, aðalvalkostur. Fjallað er um áhrif línuleiðarinnar á fornleifar og mótvægisáðgerðir í kafla 6.7.3.3 í frummatsskýrslu. Þar kemur fram að 35 fornleifar eru taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna, þ.e. þeim stafar hættu af framkvæmdunum sjálfum en eru ekki í hættu að þeim loknum. Minjastofnun fellst á það hættumat sem fram kemur í þessum kafla og töflu 6.68 og þær mótvægisáðgerðir sem þar eru kynntar.

Vakin er athygli á að slóði fer í gegnum grjótgarð (10:1), merktur Bár 10 á fornleifakorti nr. 7. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að garðurinn sé um 300 m langur frá austri til vesturs, 0,5 – 1,5 m breiður og 0,2 – 0,5 m hár. Áberandi stórir steinar séu í garðinum. Slóði liggur í gegnum garðinn og er fyrirhugað að laga hann. Minjastofnun Íslands telur að ekki fengjust meiri upplýsingar um garðinn með frekari rannsókn á honum. Skráning hans er að mati stofnunarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Slóði raskar einnig öðrum garði (5:1), merktur Bár 5 á fornleifakorti nr. 5. Garðurinn er hlaðin um 1950. Minjastofnun Íslands telur skráningu garðsins fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Slóði þverar einnig þjóðleið (1:1), merkt Bár 1 á fornleifakorti nr. 5. Slóðinn fer yfir leiðina á tveimur stöðum. Minjastofnun Íslands telur skráningu leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð. Stofnuni minnir á að halda ber raski vegna lagfæringar á slóðum í lágmarki þar sem slóðar liggja yfir fornar leiðir eða í gegnum garða.

Á fornleifakorti nr. 10 eru tveir rauðir punktar nærri fyrirhugaðri rafmagnslínu. Við þá báða stendur að um sé að ræða óskráða vörðubotna. Vörðubotnanna þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur líkt og vörðurnar í nágrenni þeirra.

Reykjadalur og Laxárdalur.

Í Reykdælahreppi voru 15 fornleifar/minjar skráðar. Auk aðalvalkostar línuleiðarinnar koma nokkrir aðrir valkostir til greina á þessum hluta framkvæmdasvæðisins.

Fjallað er um áhrif aðalvalkostar línuleiðarinnar á fornleifar og mótvægisáðgerðir í kafla 6.7.3.4.1 í frummatsskýrslu. Aðalvalkosturinn mun að óbreyttu hafa áhrif á torfgarð (13:1), merktur Rey 13 á fornleifakorti nr. 3. Í frummatsskýrslu segi að með því að hliðra mastri nr. 47 til austurs verði unnt að hlífa garðinum. Innan námu N16 er

landmælingavarða (14:1), merkt Rey 14 á fornleifakorti nr. 4. Í frummatsskýrslu segir að með því að hliðra námunni út fyrir friðhelgunarsvæði vörðunnar og auðkenna hana með flaggi ætti að vera hægt að komast hjá því að raska henni.

Í frummatsskýrslu kemur fram að eftir að fornleifakönnun var gerð var legu aðalvalkostar breytt á um 6,3 km kafla í Laxárdal. Nýr aðalvalkostur liggur nú um 1,2 km sunnan við Kröflulínu 1. Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar á þessum kafla eru því óljós. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna þennan hluta leiðarinnar. Leggja þarf niðurstöður könnunarinnar fyrir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða og þá hvers eðlis þær þurfa að vera. Sama gildir um efnistökusvæði N23, N30 og 340-E.

Í kafla 6.7.3.4.2 í frummatsskýrslu er fjallað um aðra valkosti línulagnar þvert yfir Laxárdalinn. Um er að ræða loftlínu samsíða Kröflulínu 1 (LA-LN), styttri jarðstrengskost (LA-J) og lengri jarðstrengskost (LA-JU). Allir hafa þessir kostir í för með sér varanlegt rask á garði (15:1), merktur Rey 15 á fornleifakosti nr. 2. Um garðinn segir í fornleifaskráningarskýrslu: *Garðurinn fannst á loftmynd og var ekki skoðaður á vettvangi. Hann er trúlega hluti af hinu víðfeðma garðakerfi í S-Þingeyjarsýslu og er því forn. Af loftmyndum má draga þá ályktun að hann sé líklega úr torfi einu saman og breiddin líklega á bilinu 3 – 4 m. Ef raska þarf garðinum telur Minjastofnun Íslands að fá þurfi fornleifafræðing til að mæla garðinn upp á vettvangi og að grafa þurfi skurði þvert í gegnum garðinn til að kann betur gerð hans og til að reyna að komast að aldir garðsins.*

Garður (10:1) merktur Rey 10 á fornleifakorti nr. 2, gæti verið tímabundinni hættu þegar leiðari verður dreginn á milli mastra sitthvoru megin við dalinn. Í frummatsskýrslu segir að með flöggun ætti þó að vera hægt að komast hjá því að raska garðinum við þessa aðgerð.

Jarðstrengur (LA-J) liggur nærri minjum (8:1), (9:1) og (12:1), Rey 8, Rey 9 og Rey 12 á fornleifakorti nr. 2. Í frummatsskýrslu segir að með því að auðkenna minjarnar með flöggum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska þeim.

Jarðstreng (LA-JU) yrði dreginn í rör sem komið yrði fyrir með undirborun undir hraunið á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Rörið færi undir garð (10:1), merktur Rey 10 á fornleifakorti nr. 2, og gæti haft áhrif á hann. Verði þessi kostur fyrir valinu þarf að gæta fyllstu aðgæslu við undirborun undir garðinn.

Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn neinum af þeim valkostum línuleiða um Laxárdal sem lagðir eru fram í frummatsskýrslu. Aðalkosturinn er þó vænlegastur að mati stofnunarinnar.

Hólasandur.

Fornleifar voru ekki skráðar á Hólasandi og í kafla 6.7.3.5 í frummatsskýrslu segir að línuleið um Hólasand hafi engin áhrif á fornleifar. Minjastofnun Íslands telur að þá þurfi fornleifafræðing til að kanna lagnaleiðina um Hólasand. Nefna má að fornir garðar eru nú þegar þekktir í Suður-Þingeyjarsýslu þó enn sé örugglega ekki komin fram endanleg mynd af þeim mikilfenglegu garðakerfum sem þar er að finna og teygir sig upp til heiða. Taka þarf tillit til þeirra fornleifa sem kunna að finnast á heiðinni. Leggja þarf niðurstöður könnunarinnar fyrir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða og þá hvers eðlis þær þurfa að vera.

Minjastofnun Íslands minnir á að varast ber að nýta svæði nærri fornleifum undir vinnubúðir, sem geymslustaði fyrir vélar og tæki eða fyrir efnisgeymslu nema með leyfi Minjastofnunar.

Minjastofnun fagnar þeim fyrirheitum sem fram koma í frummatsskýrslu um að þegar framkvæmdum og frágangi lýkur verði ástand þeirra fornleifa sem taldar voru í hættu vegna framkvæmda kannað.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Jón Ágúst Jónsson

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Sent: föstudagur, 14. desember 2018 13:54
To: 'arnije@landsnet.is'; Rut Kristinsdóttir; Jón Ágúst Jónsson
Subject: FW: Hólasandslína 3 - Frummatsskýrsla

Sæl

Hér er umsögn NÍ komin

Jakob Gunnarsson

Sviðsstjóri, umhverfismat / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Sent: föstudagur, 14. desember 2018 11:55
To: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulag.is>
Subject: Fw: Hólasandslína 3 - Frummatsskýrsla

Tilvísun í mál: 2018110016

Sæll Jakob og afsakaðu töfina á skilum. Undirritað bréf verður sent á eftir.

kv.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. desember 2018
2018110016

Efni: Hólasandslína 3 - Frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, 220 kV raflínu frá Akureyri að

Hólasandi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu og telur, m.t.t. hlutverks stofnunarinnar, að skýrslan ásamt viðaukum hennar sé vel unnin og hafi að geyma nægar upplýsingar um náttúrufræðis svæðis/svæða sem um ræðir svo og framkvæmdina, mótvægisáðgerðir og vöktun svo byggja megi matsskýrslu á henni. Helstu áhrif af framkvæmdinni verða annars vegar á landslag og ásýnd og hins vegar bein áhrif á náttúruna vegna plana fyrir möstur, vegslóða og efnistökusvæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru settir fram vel rökstuddir valkostir bæði fyrir legu línunnar, þ.m.t. jarðstrengja, svo og t.d. mismunandi gerðir af möstrum. Hólasandslína 3 fylgir að mestu legu Kröflulínu 1 og er það kostur því ekki verið að taka nýtt svæði undir línu þó Hólasandslína 3 verði vissulega meira áberandi í landi en Kröflulína 1.

Náttúrufræðistofnun telur að það séu sérstaklega tveir þættir í framkvæmdinni sem enn er óljóst hver áhrifin verða. Fyrri atriðið snýr að slóðagerð við lagningu línunnar. Í kafla 4.1.7.4. í frummatsskýrslunni er fjallað um mögulegar aðferðir og útfærslur við gerð vegslóða svo og að sleppa þeim. Öllum möguleikum sem ekki felast í slóðagerð er í raun hafnað af umhverfis-, öryggis- og aðgengis ástæðum svo og vegna kostnaðar. Þó er lagt til á sumum svæðum að hafa slóða veigaminni og vinna á frosinni jörð. Einnig kemur víða fram í frummatsskýrslunni að reynt verði að nota eins mikið og mögulegt er slóða sem eru fyrir á leiðinni, sem er mjög gott, og auk þess leggja þá t.d. í samvinnu við Umhverfisstofnun. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru það tvö svæði þar sem verulegur ávinningur væri af því að sleppa slóðagerð eins og mögulegt er en það eru Fljótshéiði og Laxárdalsheiði. Þessum svæðum er vel lýst í frummatsskýrslunni. Þar er á nokkrum stöðum farið þvert yfir votlendi og geta slóðar þar, auk þess að valda skemmdum á votlendi, verið mjög áberandi s.s. á Fljótshéiði. Það eru því eindregin tilmæli til framkvæmdaraðila að á þessum svæðum verði slóðagerð sleppt eins og hægt er og aðrar lausnir fundnar.

Síðari atriðið er lega Hólasandslínu 3 yfir Laxárdal. Þar eru settir fram tveir kostir fyrir jarðstreng og sömuleiðis tveir kostir fyrir legu loftlínu og er öllum kostunum vel lýst. Að mati Náttúrufræðistofnunar hafa loftlínukostirnir minni varanleg áhrif innan verndarsvæðis Laxá auk þess sem meiri óvissa er um áhrif af lagningu jarðstrengja. Af loftlínukostunum telur Náttúrufræðistofnun að sá valkostur sem fylgir núverandi línu sé betri en aðalvalkostur Landsnets að því leyti að hann opnar ekki upp nýtt svæði fyrir línu yfir Laxá og hefur þannig minnst áhrif á verndarsvæðið þó áhrif á landslag aukist eitthvað og alltaf er hætta á flugi fugla á línuna sem þarf að vakta og bregðast við ef talin er þörf á því. Náttúrufræðistofnun telur að það sé mjög áriðandi að velja og ákveða staðsetningar á möstrum og vegslóðum á þessu svæði í samráði við þá aðila sem best þekkja til bæði lífríkis og landslags á svæðinu svo og menningarminjar. Fyrir utan Umhverfisstofnun, heimamenn og aðila sem hafa með menningarminjar að gera telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdaraðili eigi að ráðfæra sig við Náttúrufræðistofnunastöðina við Mývatn og Náttúrufræðistofnun.

Virðingarfyllt
Jón Gunnar Ottósson

Trausti Baldursson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍKReykjavík, 9. janúar 2019
Tilvísun: OS2018110018/22.2
Verknúmer: 4123000**Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um Hólasandslínu**


Orkustofnun hefur borist erindi Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, 220 kV raflínu frá Akureyri að Hólasandi. Er þess óskað að Orkustofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig er óskað umsagnar um það hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila, Orkustofnunar og hvort nægilega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og samþykkja kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu strengja.

Landsnet sendi Orkustofnun kerfisáætlun 2018-2027 til stjórnáætlulegrar meðferðar þann 31. ágúst 2018 og er Hólasandslína 3 á meðal framkvæmda á þriggja ára framkvæmdaáætlun fyrirtækisins. Með bréfi dags. 22. október 2018 skilaði Orkustofnun athugasemdum við kerfisáætlun 2017-2028 og fór fram á breytingar á áætluninni. Landsnet skilaði Orkustofnun uppfærðri útgáfu á kerfisáætlun þann 7. desember 2018. Orkustofnun yfirfór uppfærða útgáfu kerfisáætlunar og skilaði að nýju athugasemdum við kerfisáætlun 2017-2028 þann 11. desember 2018. Landsnet skilaði Orkustofnun uppfærðri útgáfu á kerfisáætlun þann 21. desember 2018.

Yfirferð Orkustofnunar á kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 er ekki lokið en við yfirferð stofnunarinnar á áætluninni mun verða litið til þess hvort sá valkostur sem Landsnet leggur fram falli að markmiðum 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.

Orkustofnun vekur athygli á því að sú valkostagreining sem stofnunin fer fram á af hálfu Landsnets vegna einstakra framkvæmda í flutningskerfinu kann að vera annars eðlis en sú valkostagreining sem fer fram vegna mats á umhverfisáhrifum. Í þessu samhengi má t.d. nefna það að Landsneti ber að meta valkosti á grundvelli þeirra viðmiða sem fram koma í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína (sjá þingsályktun frá 28. maí 2015) sem og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins (sjá þingsályktun frá 11. júní 2018).

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra
Hanna Björg Kornáðsdóttir
Rán Jónsdóttir

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 29. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um legu Hólasandslínu 3 milli Akureyrar og Hólasands.

Með bréfi dagssettu 5. nóvember sl., óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Skógræktarinnar varðandi frummatsskýrslu Landsnets/Eflu vegna lagningar 220 kV háspennulínu milli Akureyrar og Hólasands. Skógræktin hafði áður sent inn umsögn um tillögu að matsáætlun í september 2017.

Skógræktin vekur athygli á að fyrirhuguð línulögn mun liggja um eða yfir skóga og því líklegt að hún leiði til skógareyðingar, bæði í skóglendi í umsjá Skógræktarinnar og annarra skógareigenda. Einnig mun línulögn takmarka möguleika á því að hægt verði að stunda skógrækt innan helgunarsvæðis línunnar en aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum leggur einmitt áherslu á aukna skógrækt á næstu árum. Skógræktin er því farin að huga að ræktunaráætlunum, gildir það jafnt fyrir lönd í eigu einkaaðila eða um ríkisjarðir í umsjá Skógræktarinnar, s.s. inni í Fnjóskadal.

Skógræktin leggur áherslu á að vernda og efla skóglendi og að forðast skuli að raska þeim að óþörfu. En þegar slíkt reynist óhjákvæmilegt, þá er mikilvægt að hefja mótvægisáðgerðir sem allra fyrst. Eins og fram kemur í frummatsskýrslunni, má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra og því aðeins að sýnt sé fram á mótvægisáðgerðir. Þetta er samkvæmt 6 gr. laga um skógrækt nr. 3/1995. Sú skógareyðing sem hér um ræðir á jafnt við um náttúrulegan skóg og skóg sem stofnað hefur verið til með gróðursetningu og eða sáningu, það er ræktaðan skóg.

Skógræktin hefur áður gert grein fyrir þeim skógræktarlöndum sem línun mun mögulega snerta eða liggja um í áðurnefndri umsögn og er því vísað til hennar. Að öðru leyti virðist frummatsskýrslan gera ágæta grein fyrir þeim áhrifum sem línulögnin mun hafa á þau skóglendi sem á vegi hennar verða.

Mótvægisáðgerðir

Skógræktin leggur mikla áherslu á að skóglendi sem nauðsynlegt reynist að ryðja, verði mælt áður en framkvæmdir hefjast. Verkefnið Íslensk skógarúttekt (ÍSÚ) sér um að halda til haga og uppfæra ákveðnar upplýsingar á landsvísu um skóglendi Íslands og spá fyrir um þróun þess til framtíðar. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar í gagnagrunn þeirra.

Skógræktin óskar eftir samráði við framkvæmdaraðila áður en mælingar fara fram, til þess að tryggja að réttar upplýsingar berist í gagnagrunninn. Skógræktin er einnig fús til samstarfs varðandi skógmælingarnar og hvernig best verði staðið að mótvægisáðgerðum vegna raskaðs skóglendis.

Virðingarfyllt,

f.h. Skógræktarinnar,

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2018
UST201811-114/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Frummatsskýrsla-Hólasandslína 3. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Aðalvalkostur framkvæmdaáðila er 220 kV raflína milli tengivirkja á Hólasandi og Rangárvöllum. Í Eyjafirði verður hluti línunnar lagður í jörð. Fjallað er um ýmsa valkosti og einnig um þann kost að leggja Hólasandslínu meðfram Laxárlínu 1. sem ætlunin er að rífa þegar lokið verður við lagningu Hólasandslínu 3. Hólasandslína 3. fer um nokkuð fjölbreytt svæði og eru áhrifin misjöfn eins og gefur að skilja. Í frummatsskýrslu er línuleiðinni skipt upp í eftirfarandi svæði: 1. Akureyri/Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsströnd, 2. Fnjóskadalur, 3. Bárðardalur, 4. Reykjadalur og Laxárdalur, og 5. Hólasandur. Umhverfisstofnun mun í umsögninni fylgja þessari svæðaskiptingu til að gefa gleggri mynd á áhrifum framkvæmdarinnar.

Akureyri/Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsströnd

Í Eyjafirði er aðalvalkostur að leggja jarðstreng frá tengivirki við Rangárvelli að strengendavirki háspennulínunnar við Bíldsá. Strengleiðin mun liggja að litlum hluta í fólkvanginum í Glerárdal. Strengurinn þverar Glerárgil sem er á svæði nr. 508 á náttúruminjaskrá einnig um óshótma Eyjafjarðarár sem er á svæði nr. 510 á náttúruminjaskrá og um jaðar endurheimts votlendis í Naustaflóa. Í Eyjafirði er strengleiðin á svæði sem er að hluta í þéttbýli og á svæði þar sem mannvirki setja mikinn svip á umhverfið.

Fólkvangurinn í Glerárdal er verndaður til að standa vörð um svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Jarðstrengurinn mun liggja um áður óraskað svæði. Ýmis önnur mannvirki eru í fólkvanginum. Góður frágangur yfirborðs getur dregið úr áhrifum jarðrasks og líklega væri unnt að nýta slóð til útivistar ef rafsegulsvið hefur ekki áhrif á útivist í nágrenni strengsins.

Glerárgil er svæði nr. 508 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar.“ Ráðgert er að strengurinn þveri gilið á brú. Bökkum gilsins hefur víða verið

raskað auk þess sem það er brúað og þverað á nokkrum stöðum. Rask við gilið verður vegna grundunar brúarinnar á gilbörnum en mun hafa takmörkuð áhrif á verndargildi svæðisins.

Jarðstrengur mun liggja um svæði nr. 510 á náttúruminjaskrá, Hólmana. Verndargildi svæðisins er talið vera: „*Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.*“ Talið er að áhrif á fuglalíf verði tímabundin, en hægt er að draga úr áhrifum með því að ráðast í framkvæmdir á svæðinu utan varptíma. Telur Umhverfisstofnun mikilvægt að svo sé gert þar sem Hólmarnir eru flokkaðir sem mikilvægt fuglasvæði með vistgerðir með mjög hátt verndargildi líkt og starungsmýravist og gulstararfloavist af Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í aðalvalkosti er gert ráð fyrir að Eyjafjarðará verði þveruð með 850 m löngum jarðstreng sem grafinn verður undir allar þrjár kvíslir árinna og hólmana. Talið er að þessi framkvæmd muni hafa tímabundin áhrif á fuglalíf vegna ónæðis á framkvæmdatíma og röskunar búsvæða. Talið er að þessi framkvæmd muni hafa takmörkuð áhrif á sjaldgæfar eða fágætar vistgerðir. Að líkindum mun botn árinna ná fljótt svipuðu eða sama ástandi. Frágangur og meðferð svarðlags getur ráðið miklu um hvernig gróðri muni farnast á strengleiðunum. Hins vegar mun rask verða varanlegt þar sem slóðin milli strengjanna verður lögð. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort leið sem samanstendur af aðalvalkosti og valkosti EY-JB sem felst í því að fylgja núverandi vegi um kvíslar og hólma, en gera ráð fyrir að grafa strenginn undir kvíslar þar sem ekki er talið fýsilegt að hengja jarðstreng í brýr vegna ástands þeirra. Með þessu móti mætti að líkindum draga úr raski sem nemur slóð meðfram jarðstrengjum. Umhverfisstofnun telur að jarðstengurinn valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum ef hann er lagður meðfram gamla vegstæðinu því þannig verður minna rask á þessum vistgerðum.

Frá strengendavirki við Bíldsá er gert ráð fyrir að leggja Hólasandslínu 3. sem loftlínu um sunnanvert Bíldsárskarð þar sem línan mun liggja samsíða Kröflulínu 1 frá mastri 173 efst í skarðinu. Þetta er talinn betri kostur en lagning Hólasandslínu 3. norðan Bíldsárskarðs þar sem sá kostur mun valda meiri röskun á votlendi, og ekki er pláss fyrir báðar línurnar og einnig ber að líta til þess að nú er til staðar slóð sunnan við Bíldsárskarð.

Umhverfisstofnun bendir á 61.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd en þar falla undir m.a. votlendi stærri en 2 ha, birkiskógar og hraun sem runnið hefur eftir síðasta jökulskeið (hraun frá nútíma). Ber að forðast rask á þessum vistgerðum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til skv. lögum. Þá telur Umhverfisstofnun að við rask á votlendi beri framkvæmdaraðila að endurheimta votlendi sem mótvægisáðgerð. Sjá nánar í niðurstöðukafla um rask á votlendi við Skjálfafljót.

Valkostir

Fjallað er um nokkra valkosti varðandi legu jarðstrengs og loftlínu í Eyjafirði. Umhverfisstofnun telur að loftlína frá tengivirki við Rangárvelli sunnan fyrir flugvöll á Akureyri myndi hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér auk þess sem talið er að lína á þessum stað gæti verið hættuleg flugi. Fjallað hefur verið um valkosti varðandi legu línunnar um Bíldsárskarð. Í frummatsskýrslu er fjallað um mögulega legu jarðstrengs. Einn valkostanna, EY-JK, liggur um sambærilegt land og aðalvalkostur en raskar mun meira af skóglendi í Kjarnaskógi. Varðandi rask á trjágróðri telur Umhverfisstofnun að fjalla hefði átt um möguleika á endurheimt skóglendis sem felast í

Því að færa tré með stórvirkum vinnuvélum í stað þess einungis að gera ráð fyrir að tré verði felld. Fjallað er um þrjár mögulegar strengleiðir um Eyjafjarðará og mismunandi aðferðir við að þvera ána. Talið er að borun undir ána myndi hafa minnst neikvæð áhrif í för með sér þar sem mögulegt sé að endurheimta land sem fer undir borplön. Nokkur óvissa er þó talin felast í borun af þessu tagi. Ef valin er kostur á forsendum þess að ráðist verður í endurheimt telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við framkvæmdarleyfi liggi fyrir áætlun um endurheimt og að gert sé ráð fyrir virkri eftirfylgni þeirra áætlaða.

Umhverfisstofnun telur að fyrri lagningar jarðstrengja hafi sýnt fram á að ef vandað er til frágangs geti gróðurfar og ásýnd strengleiðar komist sem næst fyrra horfi á tiltölulega stuttum tíma. Í því tilviki sem hér er ræðir mun varanleg slóð verða lögð milli jarðstrengjanna, en með því að velja strengnum stað í jaðri votlendis, á röskuðum svæðum og meðfram núverandi vegum má gera ráð fyrir að með vönduðum frágangi muni lagning jarðstrengja í Eyjafirði hafa tímabundin áhrif á fuglalíf, gróðurfar og ásýnd svæða á strengleiðinni. Háspennulína að Bíldsárskarði mun hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en jákvætt er að velja línunni stað þar sem fyrir er slóð og minna rask verður á votlendi. Framkvæmdir í Eyjafirði munu ekki hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

Umhverfisstofnun telur að jarðstrengskostur sem felur í sér borun undir Eyjafjarðará muni hafa minnst umhverfisáhrif í för með sér. Aðrir jarðstrengskostir sem væru grafnir í farveg árinna munu að líkindum einungis hafa tímabundin áhrif í för með sér sem að lokum teljast óveruleg. Áhrif loftlínu í Bíldsárskarði eru talin nokkuð neikvæð vegna áhrifa á ásýnd og landslag.

Fnjóskadalur

Á þessu svæði mun háspennulínan liggja um tvö svæði á náttúruminjaskrá. Annars vegar svæði nr. 514, Melar við Illugastaði, og hins vegar svæði nr. 515, Bleiksmýrardalur. Verndargildi Mela er talið vera: „*Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.*“ Verndargildi Bleiksmýrardals er talið vera: „*Fjölbreytilegt landslag, berglaup, jarðhiti er við Reyki og birkiskógur í hlíðum.*“ Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif línulagnar í Fnjóskadal munu verða neikvæð áhrif á jarðmyndanir, neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á landslag. Hólasandslína 3. mun á þessu svæði fylgja að mestu Kröflulínu 1. og unnt verður að nýta núverandi slóðir að hluta og einnig efnistökusvæði sem nýtt hafa verið áður, m.a. af Vegagerðinni. Ekki er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum í Fnjóskadal. Hólasandslína 3. mun á þessu svæði liggja samhliða Kröflulínu 1. nema milli mastra 143-137 þar sem Hólasandslína liggur austan Fnjóskár en Kröflulína vestan við ána.

Verndargildi svæða á náttúruminjaskrá í Fnjóskadal eru fyrst og fremst talin felast í jarðmyndunum og landslagi. Hólasandslína 3. mun í sjálfu sér ekki valda raski á jarðmyndunum á svæðinu Melar. Hins vegar mun verða frekara rask vegna efnistöku sem fram mun fara í opnum námum og auka neikvæð áhrif á ásýnd, en draga má nokkuð úr þessum áhrifum með góðum frágangi. Umhverfisstofnun vekur athygli á vefsíðunni www.namur.is þar sem finna má leiðbeiningar um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Stofnunin bendir á að á vefsíðunni má einnig finna gagnlegar upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða. Lega Hólasandslínu 3. í Bleiksmýrardal er í jaðri svæðisins, en mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, en verndargildi þess er m.a. talið vera vegna landslags.

Í frummatsskýrslu kemur fram að sameiginleg áhrif Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. munu verða talsvert neikvæð á um 17km löngum kafla í Fnjóskadal. Sjá nánar í kafla um mótvægisáðgerðir.

Bárðardalur

Í Bárðardal eru engin verndarsvæði. Hólasandslína 3. liggur samsíða Kröflulínu 1. og er unnt að nýta að mestu leyti með styrkingum núverandi línuslóðar. Ekki er talið að framkvæmdin í sjálfum dalnum muni hafa neikvæð áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi. Öðru máli gegnir um Fljótshéiði þar sem línan liggur um víðáttumikið votlendi þar sem er að finna mikla útbreiðslu vistgerða með mjög hátt verndargildi og er svæðið í frummatsskýrslu skilgreint sem „*fremur mikilvægt búsvæði plantna*“.

Á svæðinu hefur fundist ein plöntutegund með mjög hátt verndargildi og tvær tegundir með nokkuð hátt verndargildi. Ráðgert er að merkja fundarstaði heiðarstara (*Carex heleonaste*) á Fljótshéiði.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi á Fljótshéiði. Í frummatsskýrslu er fjallað um þann möguleika að framkvæmdir á Fljótshéiði fari fram á frosinni jörð og með þeim hætti verði dregið úr þörf fyrir slóðagerð í votlendi. Jafnframt er fjallað um þann möguleika að reisa möstur án aðkomu krana sem myndi draga enn frekar úr þörf fyrir línuveg. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi frekar um þennan möguleika sem og aðrar aðferðir við tilhögun framkvæmdarinnar sem miða að því að draga úr raski á votlendi. Umhverfisstofnun telur að undirbúa þurfi vandlega framkvæmd af þessu tagi. Rannsaka þurfi hvort unnt sé að koma fyrir öllum stagfestum með borun og hvort nauðsynlegt sé að flytja að burðarhæft efni fyrir undirstöður sem gæti kallað á flutning efnis sem erfitt gæti reynst að flytja að vetrarlagi.

Annars fer Hólasandslína 3. um mela, ræktað land og gróið mólendi. Línan þverar Skjálfandafljót og Kálfborgará sem eykur áflugshættu og eru álft (*Cygnus cygnus*) og grágæs (*Anser anser*) taldar vera þær tegundir sem eru í mestri hættu.

Í Bárðardal verður ekki raskað jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar utan 0,19ha svæði Bárðardalshrauns sem verður raskað.

Neikvæð áhrif á landslag og ásýnd aukast með tilkomu Hólasandslínu 3. en Umhverfisstofnun telur að gera ætti frekari grein fyrir samlegðaráhrifum línanna í Bárðardal.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar í Bárðardal gætu orðið vegna varanlegs rasks á votlendi á Fljótshéiði. Sjónræn áhrif verða bundin við líftíma mannvirkisins. Áhrif á fugla gætu orðið neikvæð en unnt er talið að draga úr þessum áhrifum ef leiðarar verða merktir.

Reykjadalur og Laxárdalur

Á línuleiðinni um Bárðardal eru engin svæði sem njóta verndar. Hins vegar eru í Laxárdal tvö verndarsvæði. Annars vegar svæði nr. 523 á náttúruminjaská, Varastaðaskógur, en verndargildi svæðisins er talið vera: „*Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár*“ og hins vegar verndarsvæði Mývatns og Laxár sem verndað er skv. sérlægum nr. 97/2004. Lögunum er ætlað að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags.

Á þessu svæði liggur aðalvalkostur Hólasandslínu 3. samsíða Kröflulínu 1. að mastri 36 en þaðan fer Hólasandslína 3. sunnan við Kröflulínu 1. og þverar Laxárdal um 1km

sunnan við staðinn þar sem Kröflulína 1. þverar Laxárdal. Hólasandslína þverar Kröflulínu milli mastra 25 og 26 og fer þaðan norður á Hólasand en Kröflulína liggur í austur að Kröfluvirkjun.

Varastaðaskógur er í hlífum Laxárdals og er skilgreint verndarsvæði nokkuð stærra en skóglendið sjálft. Fram kemur í frummatsskýrslu að aðalvalkostur liggja á stuttum kafla innan skilgreinds svæðis á náttúruminjasrá en ofan skóglendisins þannig að rask á sjálfum skóginum verður óverulegt.

Verndarsvæði Mývatns og Laxár verður ekki raskað þar sem Laxárdalur verður þveraður með einu hafi (bil á milli tveggja mastra línu) þannig að áhrifin verða helst á ásýnd, landslag og fuglalíf. Auk þess gæti línan haft neikvæð áhrif á fugla vegna áflugshættu og gætu orðið sammögnunaráhrif með Kröflulínu 1. þar sem línurnar liggja mishátt yfir þveraðan dalinn sem gæti aukið líkur á áflugi. Helst er talið að andfuglar gætu verið í hættu. Ráðgert er að vakta línurnar og ráðast í merkingar á leiðurum ef talin verður þörf á slíkum aðgerðum.

Í Reykjadal og Laxárdal liggur línan um votlendi stærra en 2 ha sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun telur að á þessum stöðum ætti að kanna möguleika á því að vinna fari fram á frosinni jörð til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi og gróðurfar.

Svæðið þar sem línurnar þvera hringveg 1. í Reykjadal er talið með þeim stöðum þar sem sammögnunaráhrif línanna tveggja gætu orðið mikil. Umhverfisstofnun telur að þarna ætti að kanna möguleika á því að leggja Kröflulínu 1. í jörð sem mótvægisáðgerð við lagningu Hólasandslínu 3. í stað þess að bíða þar til líftíma Kröflulínu 1. lýkur.

Lagðir eru fram valkostir sem felast í lagningu jarðstrengja um Laxárdal. Annars vegar er gert ráð fyrir að bora jarðstrengi undir Laxá og hins vegar að grafa og fleyga jarðstreng í botn árinna. Strengleiðirnar yrðu á svipuðum slóðum og núverandi þverun Kröflulínu 1. Í þessari tilhögun felst að Hólasandslína 3. lægi samsíða Kröflulínu 1. að strengendavirki vestan Laxárdals og viki frá Kröflulínu 1. við strengendavirki austan Laxárdals. Í þverun af þessu tagi felst að lagðir verða tveir jarðstrengir um Laxárdal með slóð á milli á sama hátt og gert verður í Eyjafirði. Slóðin og jarðrask vegna strenglagnar myndi hafa varanleg og óafturkræf áhrif á hlífðar Laxárdals og farveg Laxár. Gætu áhrifin orðið nokkuð svipuð sama hvorri aðferðinni við þverun árinna væri beitt. Þar sem nokkur óvissa er fólgin í borun gætu áhrifin mögulega náð til stærra svæðis en ef strengurinn verði fleygaður í árbotninn auk þess sem gera þarf plön við farveginn til að koma bortækjum fyrir. Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og bendir sérstaklega á ákvæði 18. gr. laganna um mikið breytt vatnshlot sem tiltaka að stofnuninni sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun strenglangningar þarf einnig að taka mið af þessum kröfum.

Umhverfisstofnun telur hvorugan jarðstrengskostinn góðan því lagning slóðar sem væntanlega stæði eftir að framkvæmdum loknum og jarðrask vegna strenglagnar myndi hafa varanleg og óafturkræf áhrif á hlífðar Laxárdals og farveg Laxár.

Umhverfisstofnun telur að aðalvalkostur um þverun Laxárdals feli í sér mun minni áhrif en lagning jarðstrengja. Línan myndi hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd en líta ber til þess að ráðgert er að þvera Laxárdal í einu hafi hátt yfir dalnum þannig að gera má ráð

fyrir að sjónræn áhrif verði mun minni en áhrif Kröflulínu 1. þar sem hún þverar Laxárdal. Áhrifin yrðu tímabundin líftíma línunnar og afturkræf hvað þessa umhverfisþætti varðar. Hólasandslína 3. gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf vegna áflugshættu en línan verður vöktuð og brugðist við ef ástæða þykir til.

Varðandi mótvægisáðgerðir telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort unnt sé að færa Kröflulínu 1. að Hólasandslínu 3. svo hún þveri Laxárdal á sama hátt.

Hólasandur

Engin verndarsvæði eru á línuleiðinni frá Laxárdal að tengivirki á Hólasandi. Svæðið er að mestu gróðurlítið og hefur víða verið sáð lúpínu í mela. Áhrifin á þessu svæði einskorðast að líkindum við neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.

Samanburðarvalkostur. Lagning Hólasandslínu meðfram Laxárlínu 1.

Umhverfisstofnun telur rétt eins og fram kemur í frummatsskýrslu að áhrif af þessari tilhögun myndi hafa neikvæðari áhrif í för með sér en að leggja línuna meðfram Kröflulínu 1. eins og ráðgert er. Umhverfisstofnun telur það jákvæða afleiðingu lagningar Hólasandslínu 3. að Laxárlína 1. verði rifin að þeirri framkvæmd lokinni.

Mótvægisáðgerðir

Umhverfisstofnun telur að umfang mótvægisáðgerða eigi að vera í meira samræmi við umfang þess mannvirkis sem hér er til umfjöllunar. Um er að ræða mun stærra mannvirki en það sem fyrir er, þ.e. Kröflulínu 1. Umhverfisstofnun telur að þar sem sameiginleg áhrif Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. eru talin hvað neikvæðust á ásýnd, þ.e. annars vegar í Fnjóskadal og hins vegar í Reykjadal þar sem vegurinn þverar Hringveg 1. ætti að fjalla um þá möguleika sem fyrir hendi eru til að draga úr neikvæðum áhrifum þessara mannvirkja, þar á meðal þann möguleika að leggja Kröflulínu 1. í jörð á þessum svæðum. Einnig mætti líta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd í Laxárdal með því að færa Kröflulínu 1. Að Hólasandslínu 3. og þvera dalinn á sama hátt. Ásýnd dalsins myndi batna við það að fjarlægja Kröflulínu 1. úr dalbotninum og hlíðum hans.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili ætti ekki að útiloka umfjöllun um áðgerðir við Kröflulínu 1. Í tengslum við umhverfismat Hólasandslínu 3. á bls. 252 í frummatsskýrslu segir m.a.: „Meðan ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða um þróun á uppbyggingu meginflutningskerfisins hefur Landsnet ekki talið rétt að ráðast í kostnað á núverandi byggðalínu (þ.m.t. Kröflulínu 1.) Nú liggur hins vegar fyrir greining á því hvar neikvæðustu samlegðaráhrif Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. er að vænta og er það mikilvæg forsenda þegar að því kemur raunhæft að ræða frekar framtíð línunnar“. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. sé fjallað um þá möguleika sem felast í því að draga úr neikvæðum áhrifum háspennulína með því að leggja þær í jörðu þar sem slíkt er tæknilega mögulegt og jarðmyndanir á mögulegri strengleidd þess eðlis að rask við lagningu jarðstrengs valdi ekki enn frekari neikvæðum áhrifum, t.d. þar sem strengleidd liggur um hraun eða votlendi. Það á að vera unnt að fjalla um lagningu jarðstrengs sem mögulega mótvægisáðgerð þrátt fyrir að framkvæmdaðili telji slíkt ekki raunhæft.

Framkvæmdir á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir allar framkvæmdir á friðlýstum svæðum þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar. Hér er vakin athygli á framkvæmdum í Glerárdal og verndarsvæðum Mývatns og Laxár. Á bls. 120 frummatsskýrslu er fjallað um leyfisveitendur og leyfisveitingum Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdir á friðlýstum

svæðum. Gert er ráð fyrir því að í þeirri umfjöllun sé stuðst við 17. gr. rg. nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í grein reglugerðarinnar er skýrt að Umhverfisstofnun þarf að „fallast á umrædda skipulagsáætlun“. Umhverfisstofnun áréttar hins vegar að skipulag sveitarfélaga og skipulagslög gera ekki ráð fyrir að Umhverfisstofnun fallist á skipulag og benda má að umsagnir við skipulag eru ekki bindandi. Dæmi eru um að farið sé af stað í framkvæmdir í skjóli þess að unnið sé samkvæmt gildandi skipulagi sem Umhverfisstofnun hefur lagst gegn í umsögnum. Því er ekki litið á umsagnir sem samþykki stofnunarinnar á skipulagsgerðum. Er það mat stofnunarinnar, í ljósi þess að ekkert er skilgreint um það hvernig Umhverfisstofnun geti fallist á skipulagsgerðir með bindandi hætti, að allar framkvæmdir sem fara fram innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár eru háðar því að sótt sé um leyfi stofnunarinnar. Leyfisskylda er þá metin út frá fyrirliggjandi gögnum.

Niðurstaða

Hólasandslína 3. mun liggja um svæði sem er að stórum hluta í byggð að hluta innan þéttbýlis á Akureyri og að miklu leyti samsíða Kröflulínu 1. að frátöldum köflum við Bíldsskarð, Fnjóskadal og kaflanum um Laxárdal og þaðan að Hólasandi. Víða hafa myndast troðningar og ófullkomnar slóðir meðfram Kröflulínu 1. Hólasandslína 3. er að mestu leyti afturkræf framkvæmd, nema hvað varðar slóðagerð og efnistöku. En líta ber til þess að líftími mannvirkisins er nokkuð langur.

Vestan Skjálfandafljóts liggur Hólasandslína 3. um fremur gróðurlitla hálsa milli byggða. Umhverfisstofnun telur góðar líkur á því að endurheimta megi fyrra gróðurfar á strengleið í Eyjafirði. Sendinn og fínefnaríkur botn árinna mun jafna sig fljótt og ef vandað verður til verka í votlendi á strengleiðinni t.d. með mótvægisáðgerðum og með því að halda til haga gróðurtorfum til frágangs, eins og gert hefur verið við ýmsar framkvæmdir, gæti raskað yfirborð náð sér að mestu leyti. Áhrif á fuglalíf í Eyjafirði ættu að takmarkast við framkvæmdatíma og unnt væri að draga enn frekar úr þessum áhrifum með tímasetningu framkvæmda.

Vestan Skjálfandafljóts má ætla að áhrif línunnar verði helst neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Á þessu svæði einkennast laus jarðlög af setmyndunum frá síðasta jökulskeiði. Línan mun breyta ásýnd á þessum svæðum og auka enn varanleg og óafturkræf áhrif vegna efnistöku. Líta ber til þess að þarna er um opnar námur að ræða og gæti góður frágangur dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Í Fnjóskadal hefur verið skilgreint svæði þar sem sjónræn áhrif eru talin einna neikvæðust. Þarna mætti kanna að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða, þ.e. að leggja Kröflulínu 1. í jörð.

Í Bárðardal liggur línan á mjög stuttum kafla um Bárðardalshraun þar sem því hefur verið raskað að hluta við fyrri línulögn. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og ber að forðast að raska því. Umhverfisstofnun minnir á að heimilt er að binda leyfi framkvæmdanna skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfirbæri sem verða fyrir röskun.

Austan Skjálfandafljóts liggur línan á nokkrum stöðum um stórt og sumstaðar nokkuð víðáttumikið votlendi. Um ræðir votlendi undir sérstakri vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Bendir Umhverfisstofnun á að ef slíku svæði er raskað er rétt að endurheimta votlendi sem mótvægisáðgerð. Fyrir slíka endurheimt telur stofnunin þörf á áætlunum um endurheimt og að í þeim áætlunum sé gerð grein fyrir stærð endurheimtaðs votlendis og hverskonar votlendisgerð skal endurheimta. Þá skal lögð áhersla á að endurheimta votlendi að sömu gerð og raskast og í landshluta framkvæmdar. Þá er það

mat stofnunarinnar að sú áætlun sé tímasett og að framkvæmd við endurheimt hefjist á sama tíma og framkvæmd við umrædda lagningu jarðstrengs sem veldur röskun.

Á Fljótshéiði og Laxárdalsheiði gætu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar orðið hvað mest og varanlegust að mati Umhverfisstofnunar. Þarna ætti að leita leiða til að draga úr þessum áhrifum eins og kostur er og helst með verklagi sem felst í því að komast þarna um votlendi án slóðagerðar. Þarna gætu áhrif orðið talsvert neikvæð án aðgerða til að draga úr raski. Í Laxárdal telur Umhverfisstofnun að lagning línu yfir dalinn skv. aðalvalkosti hafi mun minni umhverfisáhrif í för með sér en að leggja jarðstrengi um hlíðar dalsins og undir Laxá. Áhrif línunnar verða fyrst og fremt neikvæð sjónræn áhrif, mögulega neikvæð áhrif á fugla og neikvæð áhrif á landslag, en jarðstrengir munu valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum í Laxárdal. Áhrif á Hólasandi, sem er síst viðkvæmur fyrir breytingum, verða að líkindum neikvæð áhrif á landslag og ásynd.

Fram kemur í frummatsskýrslu að helstu neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru talin vera neikvæð sjónræn áhrif. Jákvætt er að lagt sé til að leggja jarðstreng á línuleiðinni eins og tækni leyfir. En kanna ætti frekari strenglögð þar sem sammögnunaráhrifa Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. gætir.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd hafi talsverð neikvæð áhrif á ásynd og landslag þegar jarðstreng sleppir við strengendavirki. Áhrif á votlendi og vistkerfi þar gætu orðið talsvert neikvæð ef ekki verður unnt að finna verklag sem dregur úr raski á þessum svæðum, þ.e. Fljótshéiði og Laxárdalsheiði. Vöktun hefur til þessa ekki sýnt fram á neikvæð áhrif Kröflulínu 1. á fluglalíf í Laxárdal og ráðgert er að vakta Hólasandslínu 3. á sama hátt og bregðast við ef áflug á línuna eykst. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin kunni að hafa talsvert neikvæð áhrif svæði á náttúruminjasrá og votlendi undir sérstakri vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig er það mat stofnunarinnar að framkvæmdin kunni að hafa nokkuð neikvæð áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Frekari efnistaka í setmyndunum í Fnjóskadal mun valda meiri neikvæðum áhrifum en þegar er orðið í opnum efnisnámmum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd samkvæmt aðalvalkosti kunni að hafa talsverð neikvæð áhrif á ásynd og landslag á línuleiðinni.

Áhrif strenglagnar á gróðurfar eru líkleg til að vera tímabundin og óveruleg ef vel verður staðið að framkvæmdinni. Áhrif á votlendi og vistkerfi gætu orðið staðbundið talsverð neikvæð ef ekki verður unnt að haga framkvæmdum á þessum svæðum á nokkuð annan hátt en tíðkast við lagningu línuvega á svæðum svo sem á Fljótshéiði. Nokkur óvissa er um áhrif á fugla en með vöktun ætti að vera unnt að bregðast við ef áflug reynist óásættanlegt að mati sérfróðra aðila.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Rákel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, 18. desember 2018

**Efni: Hólasandslína 3 í nágrenni Laxárdals í Suður Þingeyjarsýslu.
Athugasemdir við frummatsskýrslu.**

Vísað er í auglýsingu Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu um *Hólasandslínu 3, 220 kV raflínu frá Akureyri að Hólasandi*.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn vill koma á framfæri athugasemdum (6 bls. alls) sem lúta að eftirfarandi atriðum:

1. Nokkrum merkjum fornminjuna á línuleiðinni sem ekki er getið í skýrslunni.
2. Valkostum á línuleið yfir Laxárdal og Laxá.
3. Vegagerð meðfram línunni.


Fornminjar

Nokkrar merkar fornminjar hafa orðið útundan í frummatinu. Þær eru merktar með bókstöfum á 1. mynd:


- A. Óljós merki um sel nærri fyrirhuguðum efnistökuastað á Laxárdalsheiði.
- B. Glöggar tóftir norðaustan við Kalmannstjörn, gætu verið sel (sjá nærmynd með hnitum á 3. mynd).
- C. Langt garðlag frá fornöld ofan við vesturbrún Laxárdals.
- D. Leifar (tóftir og garðbrot) af áður óþekktum fornaldarbæ nálægt suðurenda garðlagsins (1. og 4. mynd). Á þessum slóðum gæti stefnt í talsvert rask vegna línulagnarinnar. Bær þessi er athyglisverður fyrir það hve hátt hann stendur.
- E. Áður óþekkt fornbyli austan Laxár, rétt austan Varastaðahólma.
- F. Þarna eru fremur óglögg merki um fornbyli.
- G. Forn ruddur vegur, 6–9 m breiður eftir endilöngum Hólasandi, stefnir N-S. Engar ritheimildir eru kunnar um þennan veg. Hann hefur verið ruddur með samstilltu átaki margra og tengist líklega brennisteinsflutningum fyrr á öldum, e.t.v. 16. eða 17. öld. Í mólendinu sunnan og vestan sandsins taka við miklar reiðgötur í framhaldi af vegi þessum, hluti kaupstaðargatnanna til Húsavíkur. Gæta þarf þess að vegurinn verði ekki ekinn í sambandi við línulögnina og að mastur komi ekki á hann miðjan. Mikilvægt er að kortleggja leið vegarins og lýsa honum sem fyrst.

H. Forn ruddur vegur, um 4 m breiður liggur þvert á framangreindan veg og stefnir sá A–V og er líklega framhald gatna frá Reykjahlíð. Sömu varúðar þarf að gæta með þenna veg og hinn fyrrnefnda.

I. (ekki merkt á kort). Forngarður liggur samsíða þjóðvegi eitt þar sem hann liggur úr Reykjadal upp á Mývatnheiðina (2. mynd). Gæta þarf sérstaklega að vernd hans þarna, en hann er talsvert skemmdur af vegagerð á kafla.




1. mynd. Fornaldargarðlög og aðrar byggðarleifar á línuleiðinni kringum Laxárdal. Athygli er vakin á minjum merktum með bókstöfum. Úr gagnagrunni RAMÝ.



2. mynd. Fornaldargarðlög og aðrar byggðarleifar á Laxárdalsheiði og í Reykjadal.. Garðlagið meðfram þjóðveginum um Reykjadal sést vel. (Bleiki flöturinn er kolagrafasvæði.) Úr gagnagrunni RAMÝ.



3. mynd. Tóftir á Laxárdalsheiði, ein tvískipt og líklega önnur austan við hana, hálf á kafi í snjó. Ef til vill seltóftir. Þessar minjar virðast liggja alveg í línuleiðinni.



4. mynd. Leifar af fornaldarbæ í línuleiðinni á vesturbrún Laxárdals (merkt D á 1. mynd). Nokkrar tóftir sjást, auk nokkurra garðstúfa (örvar). Bæjarstæðið er nokkuð óvenjulegt vegna þess hve hátt það liggur.



5. mynd. Fornvegurinn á Hólasandi. Engar skrifaðar heimildir eru þekktar um þennan veg. Hann hefur verið ruddur með samstilltu átaki margra og tengist líklega brennisteinsflutningum fyrr á öldum, e.t.v. 16. eða 17. öld. Horft til norðurs. Ljósmynd: Árni Einarsson.



6. mynd. Fornvegurinn á Hólasandi. Hér er hann um 9 metra breiður. Ljósmynd: Árni Einarsson.

Valkostir

Starfsfólk rannsóknastöðvarinnar hefur ekki skoðað valkosti línuleiða yfir Laxá á vettvangi, en er vel kunnugt á svæðinu. Svo virðist sem loftlína muni valda minna raski til frambúðar en jarðstrengur og geti verið ásættanleg að teknu tilliti til tveggja atriða:

(1) Hætta á áflugi fugla. Endur og fleiri vatnafuglar fljúga upp og niður eftir ánni á daglegum ferðum á náttstaði. Spurningin er því (a) hve hátt raflínan yrði yfir ánni? (b) hve mikil umferð fugla er? (c) eru mótvægisáðgerðir mögulegar?

(2) Sjónmengun. Nyrðri loftlínuleiðin myndi fylgja núverandi Kröflulínu og því ekki fara um óspillt land. Syðri loftlínuleiðin myndi fara inn á þann hluta Laxárdals sem enn er óspilltur af nútíma mannvirkjum, og meðal annars yfir Varastaðaskóg miðjan, sem er ein af náttúruperlum svæðisins. Að þessu leyti virðist nyrðri leiðin skárri kostur.

Vegagerð

Mat á staðsetningu vega- og slóða þarf að liggja fyrir: (1) Á Hólasandi vestanverðum, (2) Í Laxárdal og á brúnum hans og (3) á Laxárdalsheiði (votlendi, fornminjar).



From: Hallgrímur Hallsson

Sent: 19.12.2018 10:17:24

To: Skipulagsstofnun

Subject: Hallgrímur Hallsson Hólasandslína

Athugunarsemd við Hólasandslínu 3. Ég Hallgrímur Hallsson Árhólum Laxárdal lýsi því her með yfir að mitt álit er að það komi ekki annað til greina en að Hólasandslína 3 og núverandi lína Kröflulína þveri Laxárdal á sama stað eða hlið við hlið , eins nálægt hvor annari eins og kostur er og valdi að því leiti eins lítilli sjónmengun eins og kostur er. Einnig mun það valda mun minna jarðraski því hægt verður að nota sömu slóða að mestu leiti og notaðir voru við gerð Kröflulínu á sínum tíma.

Með vinsemd.

Hallgrímur Hallsson.

From: Baldur Guðvinsson

Sent: 18.12.2018 18:44:38

To: Skipulagsstofnun

Subject: Valbær ehf Hólasandslína 3 athugasemdir við Frummatsskýrslu

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu Hólasandslínu 3.

Varðar fyrirhugaða línulögn um land Kotungsstaða í Fnjóskadal.

Landsnet hefur lagt fram frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3. Skýrslan er að okkar mati vel unnin og ítarleg og kynningarfundir með starfsmönnum Landsnets og Eflu, verkfræðistofu hafa bæði verið upplýsandi og fræðandi og ljóst er að starfsmönnum Landsnets er umhugað um að vinna að málinu í sátt og samráði við landeigendur eftir föngum og fyrir það ber að þakka.

Í skýrslunni er m.a. lýst þeim neikvæðu áhrifum sem línulögnin mun hafa á fyrirhugaðri leið hennar um land okkar í sambandi við gróðurfar, sjónræn áhrif ofl. og er vísað til þess hér og einnig áður framkominna athugasemdir okkar. Athugasemdir hafa verið gerðar af okkar hálfu við lýsingu á sjónrænum áhrifum línunnar á bls. 249, FN-2 í skýrslunni þar sem mynd sýnir 2 möstur núverandi Kröflulínu. Við komum athugasemdum varðandi þetta á framfæri við Landsnet, sem hefur tekið þær til greina. Þar bentum við á að myndataka frá þessum stað gefur að okkar mati ekki raunsanna mynd af sýnileika mastra í núverandi línu og lögðum fram mynd frá stað sem að okkar mati gefur betri mynd af sýnileika þeirra. Þaðan eru greinilega sýnileg 5 möstur í núverandi Kröflulínu og síðan munu bætast við 3 möstur í nýju línunni, sem verða áberandi frá þessum stað og samtals verða þá 8 möstur mjög vel sýnileg á því takmarkaða landssvæði sem jörð okkar nær yfir.


Aðalathugasemdir okkar snúa hins vegar eins og áður að því að við erum mótfallin því að þessi lína verði lögð í gegn um land okkar sem með tilheyrandi slóðagerð mun hafa mjög veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á land okkar.

Við höfum reynt að benda á hvort aðrar leiðir en hin fyrirhugaða leið um Fnjóskadal kæmu ekki til greina en á það hefur ekki verið fallist hingað til. Við viljum þó enn reyna að benda á hugsanlegan annan valkost fyrir línulögnina með því að hún yrði ekki lögð norður Fnjóskadal heldur upp úr dalnum um Reykjaskarð og síðan norður fjallið að Bíldsárskarði, sbr meðf. mynd. Ekki bara okkar jörð, heldur Fnjóskadal öllum yrði þannig hlíft við hinum neikvæðu umhverfisáhrifum sem línulögn þessi hefur óhjákvæmilega í för með sér. Við bendum á í þessu sambandi að fordæmi eru fyrir því hjá Landsneti að línur séu færðar úr dölum upp á fjöll svo sem eins og Sultartangalína 3 og einnig má benda á tillögu Landsnets um legu Sprengisandslínu eftir Vallafjalli í stað þess að leggja línuna norður Bárðardal. Þar eru aðstæður væntanlega ekki mjög ólíkar hvað varðar veðuraðstæður og hæð yfir sjó. Að vísu hafa komið fram sjónarmið um að ísingarhætta sé meiri á fjallinu sunnan Bíldsárskarðs en á Vallafjalli, en spurning hvort til séu rannsóknir sem styðji þau sjónarmið.

Virðingarfyllt

Fh Valbæjar ehf.

Valgerður Valdemarsdóttir



Umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu Hólasandslínu 3 frá stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár.

1. Aðilar að Veiðifélagi Laxár og Krákár (VLK) eru 51 samkvæmt arðskrá. Félagið hefur tekjur af sölu veiðileyfa frá upptökum Laxár í Mývatni og að Laxárvirkjun. Stangardagar eru liðlega 2200 á þriggja mánaða veiðitímabili hvert sumar. Meðalveiði hefur verið um 4800 urriðar síðustu 10 ár. Samkvæmt upplýsingum frá leigutaka árinna verður verið á veiðidegi með fæði og gistingu á bilinu 37.800 – 53.800 næsta sumar. Veiðimenn eru langsamlega verðmætustu gestir við Laxá og á það bæði við um Laxárdal og efra veiðisvæðið í Mývatnssveit. Veiðimenn sækjast eftir upplifun í óspilltri náttúru fyrst og fremst og því þarf að stíga mjög varlega til jarðar við allar stærri framkvæmdir á svæðinu. Eins og fram kemur í viðauka 5 með skýslunni var við gerð hennar leitað álits tveggja hagsmunaaðila við Laxá. Báðir töldu að áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu yrðu neikvæð, viðskipti myndu minnka því línan drægi úr gæðum þeirrar upplifunar sem félagið væri að selja.
2. Í tillögu að matsáætlun Hólasandslínu 3 sem dagsett er í ágúst 2017 segir að LN sé ljóst að ný 220 kV loftlína hafi neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á landslag. Sérstaklega megi búast við að þar sem Kröflulína 1 og Hólasandslína liggja saman muni gæta neikvæðra samlegðaráhrifa á þessa þætti. Eftir því sem meira náist að byggja upp af 220 kV flutningskerfinu í lofti skapist aukið svigrúm til að setja hluta af Kröflulínu 1 sem er 132 kV í jörð eða samnýta möstur fyrir báðar línurnar þar sem áhrif þeirra á ásýnd og landslag séu talsvert neikvæð. Mat muni leiða í ljós hvar þessi áhrif komi fram og verði gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu. Á bls. 49-50 í frummatsskýrslunni sem nú liggur fyrir kemur fram að talsvert svigrúm (tugir kílómetra) gefist til að leggja Kröflulínu 1 í jörð þegar búið sé að byggja upp 220 kV línur milli Blöndu og Fljótsdals. Ekki er þó að finna nein ákveðin áform um hvar LN hugsar sér að nýta svigrúmið. Þegar kemur að Laxárdal er ætlunin að láta Kröflulínu 1 standa þar sem hún þverar ána rétt sunnan við Varastaðahólma. Aðalvalkostur LN er hins vegar að leggja Hólasandslínu 3 í lofti yfir ána um 1,2 km sunnar í dalnum. Stjórn VLK telur að það hefði mjög slæm áhrif á ásýnd og ímynd Laxárdals að tvö ólík flutningsmannvirki fyrir rafmagn þveruðu dalinn með þessum hætti á stöðum þar sem nánast engin mannvirki eru sýnileg. Illskárri væri að leggja línurnar saman (samhlíða) undir Laxá eða ef loftkostur yrði valinn að samnýta möstur fyrir báðar línurnar á þeim stað sem áin yrði þveruð. Línurnar væru þá í sömu hæð, sem myndi minnka áflugshættu. Félagsmenn sem áttu leið undir Kröflulínuna vestan ár í Laxárdal nú í nóvember fundu dauða álft og dauða húsönd undir línunni.
3. Í frummatsskýrslunni kemur fram að LN ætli ekki að taka afstöðu til þess hve lengi Kröflulína 1 verði látin standa því ákvörðun um heildarskipulag raforkukerfis landsins hafi ekki enn verið tekin. Þarna mun m.a. átt við hvort raflínur verði lagðar um Sprengisand (hálendi) í lofti eða jörðu. Rétt er að formlega hefur þessi ákvörðun ekki verið tekin, en sterkar vísbendingar eru um að þetta verði ekki gert, að minnsta kosti ekki í náinni framtíð. Nægir þar að vísa til sáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir einfaldlega „Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálendið“ Auðvitað gildir sáttmálinn

aðeins þann tíma sem stjórnin situr en ætla verður að skuldbinding flokkanna þriggja við stefnuna sé meiri en svo að þeir taki upp allt aðra stefnu í fyrirsjáanlegri framtíð – nema fyrir því lægju þá mjög góð rök. Miðað við þetta er líklegt að Kröflulína 1 verði látin standa eins lengi og hún endist. Elsta 132 kV loftlína hér á landi er 63 ára og erlendis er talað um að líftími loftlína sé í sumum tilvikum allt að 100 ár. Kröflulína 1 er um fertugt og gæti samkvæmt framansögðu þjónað sínu hlutverki í nokkra áratugi í viðbót. Því telur stjórn VLK brýnt að búa svo um hnúta að Hólasandslínu 3 og Kröflulína 1 fylgist að yfir eða undir Laxá.

4. Loftlínukostir: Almennur kostur við loftlínur er minna jarðrask og meiri afturkræfni en við jarðstrengslagnir. Hægt er að rökstyðja að syðri loftlínukostur (aðalvalkostur LN) sé skárri en sá nyrðri vegna þess að áin fellur bratt á þeim stað og enginn vinsæll veiðistaður er mjög nærri. Breytingin (miðað við nyrðri kostinn) færir línuna 1,2 km nær veiðisvæðinu í Mývatnssveit og þar með lendir neðsti hluti þess svæðis inn á áhrifasvæði línunnar. Frá sjónarhóli veiðimanna í Laxárdal er syðri valkosturinn skárri en frá sjónarhorni veiðimanna á neðsta hluta Mývatnssvæðisins aftur á móti sá nyrðri. Nyrðri kosturinn gerir ráð fyrir að línan liggi mjög nærri vinsælum veiðistað við Varastaðahólma eins og Kröflulína 1 gerir nú. Tvær línur í mismunandi hæð en með skömmu millibili á þessum stað eru mikil lýti á fögrum og fjölsóttum stað auk þess að valda áflugshættu. Verði aðalvalkostur LN varðandi Hólasandslínu 3 ofaná og Kröflulína 1 færð suður um 1,2 km og hengd á sömu möstur í 1 km breiðu hafi yfir dalinn er hægt að líta svo á að sjónræn áhrif í Laxárdal hafi verið takmörkuð nokkuð miðað við að loftlínukostur sé valinn. Tvær línur yfir Laxá, með örstuttu millibili ofan við Varastaðahólma, eða með 1,2 km millibili, í náttúruferlu á borð við Laxárdal, er hins vegar ótæk tilhögun að mati stjórnar VLK eins og fram hefur komið.
5. Jarðstrengskostur LA-J: Stjórn VLK sér ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þennan kost. Honum fylgir mikið óafturkræft rask á botni árinnar, bökkum og hrauni við ána. Þar að auki er óvíst að hægt sé að ganga frá botninum þannig að haldi öðruvísi en að steypa yfir skurðina. Strengurinn er svo stuttur að möstur og strengendavirki yrðu áberandi í hlíðum dalsins. Þessi kostur kemur ekki til álita að mati stjórnar VLK.
6. Jarðstrengskostur LA-JU: Þessi leið hefur ef vel tekst til ákveðna kosti og umhverfislega séð vinninginn umfram hina möguleikana þótt litlu muni, samkvæmt samanburðartöflu í frummatsskýrslu (bls. 361). Hraunfyrirborð og Laxá yrði ósnert. Talsvert rask yrði í hlíðum dalsins á framkvæmdatíma en Efla telur að ummerki hverfi tiltölulega fljótt. Möstur eru færri en fylgja öðrum kostum. Stóri gallinn við þessa leið er óvissa, m.a. vegna þess að ekki er reynsla af slíkri framkvæmd hér á landi. Mesta óvissan fylgir væntanlega boruninni en einnig skortir á skipulega greinargerð um rask í hlíðum dalsins og fleira. Stjórn VLK virðist þessi kostur ekki vera tilbúinn til mats og erfitt að taka afstöðu til hans án þess að ítarlegri upplýsingar liggi fyrir. Því er hér með beint til Skipulagsstofnunar að hlutast til um að framkvæmdaaðilar eyði óvissu við þennan kost að svo miklu leyti sem hægt er áður en endanleg leið fyrir Hólasandslínu 3 í Laxárdal verði valin.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

sent á: skipulag@skipulag.is

Reykjavík, 21. desember 2018

Umsögn Landverndar við frummatsskýrslu Landsnets um Hólasandslínu 3

Landsnet leggur til að styrkja byggðalínu frá Kárahnjúkavirkjun (sem á newspeak heitir Fljótsdalsvirkjun) til Blöndu. Liður í þeirri styrkingu er Hólasandslína 3. Landsnet nefnir háa bilanatiðni og raforkuspá Orkustofnunar um mjög aukna orkuþörf til framtíðar sem rök fyrir lagningu línunnar. Fyrirhuguð lína fer yfir fjörmörg friðlýst svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og því þarf rökstuðningur fyrir þessari línuleið að vera mjög sterkur. Að mati Landverndar réttlætir rökstuðningur sá sem Landsnet leggur fram ekki þessa framkvæmd og því leggja samtökin til að Landsnet fari aftur að teikniborðinu og reyni að finna aðrar og betri leiðir að sama marki.

80% raforku fer til stóriðju

Rétt er að benda á strax í upphafi að árið 2017 var raforkunotkun allra annarra en stóriðju tæp 18% af raforkuframleiðslu landsins. Stærsti eigandi Landsnet, Landsvirkjun er jafnframt stærsti raforkuframleiðandi landsins og hefur sögulega átt stóran þátt í því að stóriðja er ráðandi raforkukaupandi á markaði. Í vinnu við stefnu í orkumálum kom fram að stóriðja ógnar raforkuöryggi almennings svo mjög að hópur sérfræðinga mælti með að verð til almennra notanda yrði hækkað umtalsvert til þess að tryggja þeim hópi rafmagn. Þetta var byggt á þeim grun að framleiðendur og seljendur raforku væru líklegir til þess að forgangsraða stórnotendum umfram almenna notendur meðan verð til hinnar síðarnefndu héldist lágt og þannig drægju þessir aðilar úr raforkuöryggi almennra notanda.



Ýmsar náttúruperlur landsins hafa verið eyðilagðar til þess að framleiða á þeim, úr þeim eða með þeim rafmagn sem að langstærstu leyti fer til stóriðju. Til þess að koma raforku til stóriðjunnar er landið sundurskorið af risastórum spennumöstrum og raflínum þvers og kruss og þessum línulögnum fylgir enn frekari eyðilegging á einstöku landi. Landsnet leggur hér til að raskað verði enn frekar ýmsum náttúruminum sem hafa notið sérstakrar verndar.

Landsnet gerir ráð fyrir því að um umtalsverða uppbyggingu á raforkufrekum iðnaði verði að ræða til réttlætningar á þeirri miklu flutningsgetu sem fyrirhuguð Hólasandslína 3 á að hafa. Til þess að svo verði þarf fleiri virkjanir á landið og þar af leiðandi enn frekari skemmdir á verðmætum náttúruperlum en álitlegum virkjanakostum fækkar hratt nú þegar búið er að virkja hina „low hanging fruit“ kosti og með aukinni meðvitund almennings um verðmæti óbyggðra víðerna og óspilltrar náttúru Íslands. Að mati Landverndar er þetta óábyrg afstaða ríkisfyrirtækis og er Landsnet hvatt til þess að birta tölur um fyrirhugaða raforkunotkun stóriðju á svæðinu sem um ræðir. Skorar Landvernd á Landsnet og eigendur þess að taka þetta til rækilegrar skoðunar og leggja metnað í að finna frekar lausnir á þeim vanda sem skapast hefur með gríðarmikilli sölu á ódýrri raforku til stóriðju heldur en að auka á vandann.

Réttlætning aðalvalkostar

Landvernd vill benda á eins og samtökin gerðu einnig í umsögn um umhverfismat áætlunar þessarar að hlutverk þess sem framkvæmir umhverfismat er ekki að réttlæta aðalkost sem framkvæmdaraðili vill ráðast í heldur að bera saman **ólíka kosti** sem hægt væri að ráðast í til þess að ná settu marki. Sé markmiðið að tryggja raforkuöryggi almennra notanda (það er allra annarra en stórnotenda) á Eyjafjarðar- og Akureyrarsvæðinu er sú framkvæmd sem aðalvalkostur gerir ráð fyrir allt of stórkallaleg og veldur ónauðsynlegum umhverfisspjöllum. Skipulagsstofnun krafði Landsnet um að meta til jafns aðalvalkost og uppbyggingu/styrkingu eftir línustæði Laxárlínu 1. Mun minna rask á svæðum sem njóta verndar yrði á þeirri leið. Landvernd telur að samanburður þessara kosta, Hólasandslínu 3 og styrkingu Laxárlínu 1, í frummatsskýrslu sé óviðunandi (sjá nánar síðar). Því skal haldið til haga að niðurstaða



umhverfismats getur leitt í ljós að umhverfisáhrif framkvæmdar, hvort sem er eftir aðal- eða samanburðarvalkostum, séu óásættanleg og því eigi ekki að ráðast í téða framkvæmd.

Forsendur, markmið og nauðsyn framkvæmdarinnar

Þá ítrekar Landvernd þær athugasemdir sem samtökin sendu inn vegna umhverfismats áætlunar um framkvæmd þessa varðandi það að forsendur framkvæmdarinnar séu óljósar í frummatsskýrslunni. Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast framkvæmdir sem valda raski á vistkerfum sem njóta verndar nema brýna nauðsyn beri til. Markmið framkvæmdarinnar eru skv frummatsskýrslu „er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðuleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi.“ Landvernd fellst ekki á að það sé brýn samfélagsleg nauðsyn að bæta orkunýtingu eða auka flutningsgetu langt umfram almenna notkun eins og aðalvalkostur gerir ráð fyrir. Brýnt er að tryggja raforkuöryggi almennra notenda en aðalvalkostur, Hólasandslína 3, skýtur langt yfir markið í þeim efnum og má líkja við það að byggja sex akreina hraðbraut milli Akureyrar og Egilsstaða til að tryggja samgöngur.

Landvernd harmar það að Efla, fyrir hönd Landsnets, hafi ekki tekið til greina athugasemdir samtakanna varðandi markmið framkvæmdarinnar. Í umsögn Landverndar um umhverfismat áætlunar frá 23. Janúar 2017 segir:

„Verður Landvernd að benda á að í ferli umhverfismats vegna annarrar stórfamkvæmdar sem einnig er lögð til í drögum að framkvæmdaáætlun Landsnets, Kröflulínu 3, taldi Skipulagsstofnun nauðsynlegt að fjallað yrði um nauðsynlegt spennustig þeirrar línu, en markmið þeirrar framkvæmdar var skv. matsáætlun m.a. að auka flutningsgetu á þeirri leið. Er um þetta fjallað í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 9. ágúst 2013 og í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 91/2013 frá 7. maí 2015, sem hafnaði kröfu Landsets um að fella úr gildi athugasemd Skipulagsstofnunar um að umhverfismat þyrfti að fara fram á jarðstreng. Þarf að fjalla í meginatriðum um þau sömu atriði og greinir í áðurgreindri ákvörðun Skipulagsstofnunar í umhverfismati Hólasandslínu 3, þar á meðal um þörf og flutningsgetu mannvirkis.“

Landvernd tekur eftir því að ekki er fjallað um í hverju truflanir á svæðinu felast, hversu miklar þær hafa verið og hvort orsaka þeirra er í þeim tilvikum að leita hjá einsökum notendum eða hvort það er einhver sérstakur hluti kerfisins sem orsakar þær truflanir. Þetta þarf að skýra, svo markmiðin séu glögg.“

Ekki verður séð að Efla og Landsnet hafi tekið mark á þessum athugasemdum þar sem ekki er að sjá nánari umfjöllun um brýna þörf svo stórrar framkvæmdar og Hólasandslína 3 er til að leysa



umrædd vandamál. Vísað er í raforkuspá til stuðnings mikilli flutningsgetu raforku en ekki er getið hvaða sviðsmynd(ir) hennar stuðst við. Þær sviðsmyndir í raforkuspá sem gera ráð fyrir verulega aukinni raforkunotkun telur Landvernd, eins og fram kom í umsögn samtakanna um Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 dags. 15. Júlí 2018, ekki standast skoðun. Rætt er um almenna uppbyggingu raforkukerfisins og þörf á styrkingu þess (bls. 40 frummatsskýrslu). Sú nauðsyn er vissulega raunveruleg víða en engin tilraun er gerð til að tengja hana þessari miklu framkvæmd. Á bls. 40 í frummatsskýrslu er rætt um kostnað við truflanir í raforkukerfinu en ekki gerð grein fyrir því af hverju þær truflanir stafa eða hver áætlaður kostnaður á þessu svæði sé. Álag á flutningskerfið vegna stórnotenda er mikið þótt þeir greiði mun lægra verð fyrir raforkuna. Að mati Landverndar væri eðlilegt að stórnotendur greiddu gjald fyrir álag á raforkukerfið öðrum notendum til tjóns. Í öllu falli vantar greiningu á því hver/hverjar er(u) meginorsök truflana í raforkuflutningskerfinu á svæðinu sem stendur til að styrkja.

Þá segir einnig í umsögn Landverndar frá 23. Jan 2017:

„Ekki er unnt að ganga út frá því að 220 kílóvolta raflína með að minnsta kosti 550 MVA flutningsgetu sé sú lausn sem ein kemur til greina til að ná fram þeim markmiðum sem málefnaleg og lögmæt geta talist. Um þetta þarf að fjalla á greinargóðan hátt í umhverfismati.

Landvernd brýnir því fyrir EFLU að leggja meiri vinnu í að skilgreina með viðskiptavinum sínum og rökstyðja markmiðin með tilliti til hlutverks Landsnets og greina svo hvað valkosti, í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eðlilegt og sanngjarnt er að útlista og bera saman. Umfjöllun um valkosti er grundvallaratriði í umhverfismati, líkt og fram kom í áður nefndum úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.“

Landvernd getur ekki séð að þessi brýning hafi verið tekin til greina, ekki er skýrt í frummatsskýrslunni í hverju “raforkuöryggi” svæðisins felst og ekki heldur hver á að nota þá miklu flutningsrýmd sem 220 kV raflína hefur. Því verður ekki séð að þörfin fyrir svo stóra framkvæmd sem aðalvalkostur gerir ráð fyrir hafi verið réttlætt í frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3.

Af þessum ástæðum og þar sem aðalvalkostur brýtur í bága við náttúruverndarlög og sérlög um verndun Mývatns og Laxár leggur Landvernd til að Landsnet endurgeri matsskýrslu þessa fyrir hógværingu aðalvalkost þar sem ríkt tillit er tekið til náttúruverndarlaga og sérlaga um friðlýsingu

svæða. Í þeirri matsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir því hvaða kostir geta stuðlað að því að auka afhendingaröryggi raforku á Eyjafjarðar- og Akureyrarsvæðinu með sem minnstum umhverfisspjöllum, hver bilanatíðni á svæðinu er og hvort hana megi rekja til almennrar notkunnar, eins eða mjög fárra stórra aðila.

Raftæki á landsbyggðinni annars eðlis

Sérkennilegt er að láta að því liggja í inngangi frummatsskýrslu að raftæki á landsbyggðinni sé sérlega viðkvæm fyrir spennusveiflum í rafmagnskerfinu: „Með auknum stöðugleika minnka líkur á spennusveiflum í kerfinu, sem geta og hafa valdið tjóni á raftækjum notenda á landsbyggðinni“. Þótt þessi setning sé e.t.v. tæknilega rétt er hún hálf sannleikur og því afar villandi og greinilega gerð til að hafa áhrif á almenningsálit á landsbyggðinni. Hið rétta er spennusveiflur geta og hafa valdið tjóni á raftækjum um allan heim, hvort sem er í borgum eða til sveita. Vísitandi villandi ummæli af þessu tagi eru fyrir neðan virðingu fyrirtækis í ríkiseigu og verkfræðistofu (Eflu) sem vill láta taka sig alvarlega.

Óásættanlegt rask á friðlýstum svæðum

Aðalvalkostur veldur raski á 5 friðlýstum svæðum og þar á meðal eru bakkar Laxár sem þykja það merkilegir að þeir hafa verið friðlýstir með sérlögum.

Hér er rétt að benda á að markmið friðlýsingar Laxár og Mývatns er ekki eingöngu að vernda áþreifanleg verðmæti heldur heildarupplifun svæðisins. Þverun árinna með gríðarstórri raflínu hefur mikil áhrif á fegurð og yfirbragð svæðisins. Mjög sterk rök þurfa að réttlæta þess háttar rask.

Óásættanlegt rask svæða sem njóta verndar

Á bls. 17 í frummatsskýrslu segir:

“Framkvæmdin raskar tæpum 5 ha af votlendi sem nýtur verndar, um 0,7 ha af náttúrulegu birki sem nýtur verndar og tæpum 13 ha af vistgerðum með mjög hátt verndargildi. Mesta röskunin verður við slóðagerð í votlendi á Fljótsheiði og Laxárdalsheiði.”

Í ljósi þess að ekki verður séð að Landsnet/Efla hafi fært nægjanlega sterk rök fyrir því að brýna nauðsyn beri til að fara í framkvæmdina sem lýst er sem aðalvalkosti í frummatsskýslu um Hólasandslínu 3 og þar sem markmið framkvæmdarinnar eru óskýr er ekki hægt að réttlæta þessi brot á náttúruverndarlögum.

ákveðiðl aðl skeytal ekkil uml þjóðarhagl íl starfil sínu.“l Landverndl telurl þaðl afarl gagnrýnivert að þjóðhagslegur kostnaður skuli ekki metinn í samræmi við viðurkenndar og vísindalegar aðferðir og að umhverfiskostnaður sé ekki reiknaður. Í því samhengi þarf að líta bæði til loftlína og jarðstrengja og mögulegrar mismunandi útkomu þeirrar útfærslu. Þar getur munað talsvert miklu, ekki síst ef litið er til áhrifa á ferðapjónustu. Uppfyllir kerfisáætlun ekki ákvæði raforkulaga nema þessa umfjöllun sé þar að finna.

Framkvæmdaáætlun 2018-2020

Landvernd fagnar útsjónarsemi Landsnets í því að samnýta framkvæmdir Vegagarðarinnar við línulagnir eins og þegar leggja á jarðstreng um Dýrafjarðargöng. Landvernd fagnar einnig þeim fyrirvörum sem oft hefur skort í framkvæmdaáætlun Landsnets hingað til um að umhverfismati sé ólokið og framkvæmdin geti/muni taka breytingum í því ferli.

Nefna má að nú eru á framkvæmdaáætlun línulagnir sem hafa enn ekki verið umhverfismetnar, hvað þá að sótt hafi verið um framkvæmdaleyfi fyrir þeim en ljóst er til dæmis viðamiklar framkvæmdir á suðurfjörðum Vestfjarða munu þurfa að fara í umhverfismat, sem lýkur með ákvörðun eða höfnun framkvæmdaleyfis. Það ferli er tímafrekt og mætti Landsnet gera grein fyrir því í umfjöllun sinni. Áætlað er að hefja framkvæmdir um mitt ár 2020 og Landsnet þarf að halda vel á spöðunum til þess að sú áætlun standist. Skorar Landvernd á Landsnet að endurskoða tímasetningar í framkvæmdaáætlun sinni og setja upp fyrir hverja framkvæmd sem hún setur í áætlunina tímasettar áætlanir um hvert skref umhverfismats sem eftir er varðandi hverja framkvæmd, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir tíma vegna mögulegra kærumála þar sem við á, þegar metin hefur verið áhættan af þeim. Í þessu samhengi vill Landvernd benda á að sumar þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á næstu árum af hálfu Landsnets, auk þeirra sem hafnar eru, hafa verið umdeildar og spurning er um hversu vel var vandað til forsendna og valkostaumfjöllunar á fyrri stigum umhverfismats í þessum tilvikum. Af sjálfu leiðir að líklegra er að þau framkvæmdaáform fari í uppnám vegna kærumála en áform sem fengið hafa vandaða málsmeðferð allt frá áætlanastigi.

Landvernd boðar umsagnir um framkvæmdir í framkvæmdaáætlun á síðari stigum, eins og um frummatsskýrslu umhverfismats Suðurnesjalínu 2.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 21. desember 2018.

Til Skipulagsstofnunar,
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík.
skipulag@skipulag.is

Athugasemdir vegna lagningar Hólasandslínu 3 um Laxárdal

Eigendur Brettingsstaða í Laxárdal gera athugasemdir við nýjan aðalvalkost á línuleið Hólasandslínu 3 um Laxárdal, sem liggur mun sunnar en Kröflulína 1.

Áður hafði verið kynnt að farið yrði meðfram Kröflulínu 1. Stórkostleg sjónmengun er af því að hafa tvær loftlínur yfir Laxárdal með um tveggja kílómetra millibili, þau umhverfisáhrif eru stórlega vanmetin. Núverandi aðalvalkostur þýðir mun meiri röskun lands. Lengri lína, fleiri möstur, nýjir línuvegir, meiri malartaka, þremur fleiri hornmöstur en ef fylgt yrði Kröflulínu 1, auk þess sem Hólasandslína 3 færi í tvígang yfir Kröflulínu 1. Ný línuleið yfir Laxárdal þýðir að mun stærra svæði yrði raskað til frambúðar.

Tafla 7.7 (bls. 365-6) í frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, sýnir samanburð á umhverfisáhrifum loftlínukosta yfir Laxárdal. Þar kemur fram að áhrif mismunandi línukosta yfir Laxárdal séu óveruleg. Við erum ósammála því og gerum eftirfarandi athugasemdir:

Fuglar

Í grein 6.2.3.4.2 (bls. 183) segir:

„Valkosti LA-LN fylgir áflugshætta þar sem langt haf verður þvert yfir allan dalinn. Sá valkostur liggur nálægt Kröflulínu 1 og þar sem línurnar eru nálægt hvor annarri og í mismunandi hæð er ákveðin hættu á sammögnunaráhrifum. Þannig getur fugl sem reynir að forða sér frá annarri línunni lent á hinn línunni.“

Þessi lýsing á við um alla línuleiðina frá Akureyri til Hólasands, þar sem Hólasandslína 3 verður lögð samsíða Kröflulínu 1 eru línurnar alltaf „nálægt hvor annarri og í mismunandi hæð“. Þar sem línan þverar Laxárdal í valkosti LA-LN liggur hún mun hærra og fjær Kröflulínu 1 en annars staðar á línuleiðinni. Sammögnunaráhrif verða ekki til staðar hvort sem farið er yfir dalinn hjá Kröflulínu 1 eða sunnar. Ef farið er yfir Laxárdal á tveimur stöðum með rafmagnslínur (Kröflulínu 1 og HS3) hefur það áhrif á búsvæði fleiri fugla.

Landslag og ásýnd

Lengri lína, fleiri möstur og vegir þýða meiri sjónmengun og röskun lands og því vandséð að áhrif á landslag og ásýnd verði minni ef farinn er aðalvalkostur í stað styttri leiðar valkostar LA-LN. Stórkostleg sjónmengun er af því að hafa tvær loftlínur yfir Laxárdal með um tveggja kílómetra millibili, þau umhverfisáhrif eru því stórlega vanmetin. Einhverjar ráðstafanir þarf að gera þar sem farið er yfir Kröflulínu 1 í tvígang, sem gæti þýtt stærri mannvirki og meiri röskun lands.

Útivist og ferðamennska

Eftir því sem ósnortnum landsvæðum fækkar eykst verðmæti þeirra staða sem ekki hefur verið hróflað við og því skammsýni að fara nýja leið ef þess er ekki þörf.

Náttúruverndarsvæði

Eins og fram kemur í þessum kafla eru áhrif aðalvalkostar á Varastaðaskóg meiri en valkostar LA-LN. Varðandi áflugshættu (sjá kafla um fugla hér að ofan), þá virðast áhrif á náttúruverndarsvæðin vera meiri af aðalvalkosti en valkosti LA-LN.

Landnotkun og skipulag

Ný línuleið þýðir að leggja þarf nýja vegi, meiri malartekju og nýtt helgunarsvæði verður til.

Af ofangreindum ástæðum mótmælum við fyrirhugaðri línuleið aðalvalkostar.

Eigendur Brettingsstaða í Laxárdal hittust á fundi 13. desember 2018, til þess að taka afstöðu til fyrirhugaðrar lagningar Hólasandslínu 3 um Laxárdal. Niðurstaða fundarins var að mótmæla fyrirhuguðum aðalvalkosti Hólasandslínu 3 um Laxárdal og koma á framfæri eftirfarandi áskorun til Landsnets:

Með hliðsjón af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína réttlætir staðsetning framkvæmdarinnar að jarðstrengskostur verði aðalvalkostur um Laxárdal. Valkostur LA-JU hefur minnst varanleg umhverfis- og sjónræn áhrif og það rask sem verður á framkvæmdatíma virðist af mestu leyti vera afturkræft samkvæmt frummatsskýrslu. Því skorum við á Landsnet að gera valkost LA-JU að aðalvalkosti Hólasandslínu 3 um Laxárdal.

Reykjavík, 21. desember 2018.

Fyrir hönd eigenda Brettingsstaða í Laxárdal,


Jakob Hálfðanarson

Sundlaugavegi 31,

105 Reykjavík.

Sími: 864-4810

Tölvupóstur: Jakob7@simnet.is



Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Til Skipulagsstofnunar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi 20. desember 2018

Erindi: Mótmæli og greinargerð vegna áforma Landsnets um lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar um verndarsvæði Laxár og Mývatns

Við eigendur jarðarinnar Ljósstaða í Laxárdal mótmælum hér með fyrirhugaðri byggingu háspennulína þvert yfir dalinn í okkar landi eins og hún er kynnt í frummatsskýrslu Landsnets sem nú nýverið hefur verið birt. Allt frá því að málið var fyrst kynnt fyrir okkur í desember 2016 höfum við komið afstöðu okkar skýrt til skila, bæði í bréfum, greinargerðum og á kynningarfundum, og ítrekum við nú rök okkar sem þar hafa komið fram.

Landsnet leggur nú til breyttan aðalvalkost fyrir framkvæmdina frá tillögunni sem upphaflega var kynnt. Nýja tillagan felur í sér að þverun dalsins verði nokkru sunnar en áður var ráð fyrir gert. Þessi breyting er að okkar mati talsvert til bóta varðandi ásýnd mannvirkja og legu í landslagi, en felur þó enn í sér þverun verndarsvæðisins í ósnortnu landi og varanlegar skemmdir á gróðurþekju og ógnun við fuglalíf.

Í stuttu máli byggja mótmæli okkar á eftirfarandi náttúrufræðilegum, fagurfræðilegum, skipulagslegum og lagalegum forsendum:

- Framkvæmdir fela í sér stórfellda mannvirkjagerð í ósnortnu landi. Risastór möstur verða áberandi sitt hvoru megin dalsins með massífum háspennulínum sem liggja þvert yfir dalinn í 20 – 50 hæð. Ásýnd landsins er þannig stórlega breytt og upplifun á náttúru verður aldrei söm.
- Sú heild sem Mývatn og Laxárdalur mynda með tengingu Laxár er rofin með groddaralegum hætti sem hefur afgerandi áhrif á möguleika til verndunar og nýtingar svæðisins.
- Varastaðaskógur er náttúrulegur birkiskógur sem nýtur verndar fyrir hvers konar ágangi og inngripi. Skógurinn yrði stórkostlega skertur með mastursgerð í efstu brekkum og sverum stálvírum sem liggja rétt ofan trjátoppa.
- Fuglalíf við Laxá er fjölbreytt og einstakt á hvaða mælikvarða sem er. Fyrir liggur að með lagningu nýrra háspennustrengja verður áflugshætta mjög mikil sem getur haft afar alvarlegar afleiðingar fyrir lífkeðjuna í heild. Búsvæði fugla geta verið í mikilli hættu.
- Framkvæmdir fela í sér stórfelldar skemmdir á votlendi (Ljósstaðaheiði) sem aldrei verða afturkræfar.

- Tillaga um efnistökusvæði á Ljósstaðaheiði norðan Mývatns felur í sér eyðileggingu viðkvæmrar gróðurþekju. Hvernig hún verður bætt er allsendis óljóst.
- Í mati á umhverfisþáttum í frummatskýrslu er ekki gerð sérstök og afmörkuð greining á áhrifum framkvæmda fyrir verndarsvæðið í Laxárdal. Heldur er greiningin hluti af miklu viðtækara mati sem m.a. innifelur í sér mat á áhrifum framkvæmda á heiðalöndum upp af Reykjadal. Því eru niðurstöður greiningarinnar fyrir Laxárvæðið í raun ómarktækar og til lítils gagns.
- Í greiningu á umhverfisþáttum vekur athygli að hvergi eru áhrif framkvæmda flokkuð sem „verulega neikvæð.“ Í ljósi þess að svona mat er alltaf að stórum hluta til huglægt þá vekur þetta efa um hlutleysi þeirra sem greininguna gera.
- Framsetning valkosta í tillögum Landsnets hefur verið með þeim hætti að í raun hefur aldrei verið um neitt val að ræða. Allir kostir eru á sama afmarkaða svæðinu innan Ljósstaðalandsins og Landsnet ekki verið tilbúið til að skoða af neinni alvöru ábendingar um kosti annars staðar. Svokallaður Laxárlínukostur er að mati talsmanna Landsnets ekki „raunverulegur kostur,“ og hefur því ekki verið rannsakaður á forsendum framkvæmdarinnar.
- Engin haldbær svör liggja fyrir um niðurlagningu Kröflulínu 1 að afkriftartíma hennar loknum. Það er skýlaus krafa okkar eigenda Ljósstaða að línan verði þá rifin og öll ummerki um hana fjarlægð.
- Fyrirætlanir Landsnets byggja á skilgreiningu á legu línunnar í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar. Í ljósi upplýsinga frá skipulagsfulltrúa sveitarinnar er ljóst að afgreiðsla sveitastjórnar á áformum Landsnets um Hólasandslínu hefur verið algjörlega vélræn og án sérstakrar umhugsunar eða rannsókna um afdrif þeirra fyrir sveitarfélagið og eigenda jarða sem undir það heyrir. Ekkert var gert á því stigi til að upplýsa eigendur um áformin og ekki gerð tilraun til að fá þá til ráðgjafar eða samráðs.
- Þrátt fyrir umleitan til Landsnets þar um hefur aldrei verið upplýst hver hefur verið aðkoma Umhverfisstofnunar að undirbúningi aðalskipulags Þingeyjarsveitar sem leyfir tillögu um þverun Laxárdals með háspennumannvirkjum. Í þessu skiptir máli að Umhverfisstofnun er falin umsjón með framkvæmd laga um verndun Laxár og Mývatns.
- Umhverfisstofnun lýsir því yfir í bréfi dags. 1. mars 2017 til eigenda Ljósstaða að stofnunin sé lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum og hafi ekki heimild til að að stöðva undirbúning framkvæmda á því stigi sem hann sé þá staddur. Bendir stofnunin á í því sambandi að mannvirkin hafi hvorki verið skilgreind né staðsett og óljóst sé hvort þau verði innan eða utan verndarsvæðis Laxár og Mývatns. Bréfið er svar stofnunarinnar við beiðni eigenda um að hún sem umsjónaraðili verndarlaganna grípi í taumana þar sem fyrirætlanir Landsnets feli í sér brot á þeim lögum sem stofnunin hafi umsjón með.
- Landsnet gerir því skóna í frummatskýrslu (bls. 120) að fyrirtækið þurfi ekki að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir sínar ef fyrir liggur samþykki stofnunarinnar á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar. Reynist þetta rétt sýnir það alvarlega brotalöm í lýðræðislegu ferli um umhverfismat.
- Með öllu er óljóst hvernig tryggt verði hlutlaust eftirlit með framkvæmdum fari svo að fáist leyfi fyrir þeim með þeim hætti sem kynnt er í frummats-

skýrslu. Landsnet, sem er í eigu íslenskra orkufyrirtækja, er í raun „ríki í ríkinu“ þegar kemur að raforkuflutningum á Íslandi, og er því mikilvægt að fengnir verði sjálfstæðir og óháðir aðilar til að tryggja að mestu varkárni verði gætt og ekkert til sparað svo að eyðilegging og skemmdir á viðkvæmri náttúru verði sem minnst.

- Til leyfisveitingar á framkvæmdum verður að veita undanþágu frá lögum um verndun Laxár og Mývatns. Með undanþágu af þeirri stærðargráðu sem hér ræðir um yrðu löggin í raun gerð ómerk og þá um leið gefið til kynna að enginn lagabókstafur til verndar náttúru á Íslandi sé svo heilagur að hann megi ekki brjóta.

Það er yfirlýst meginmarkmið okkar eigenda Ljósstaða að standa vörð um það djásn sem jörðin okkar er, og við munum aldrei leyfa ótilneydd skemmdir eða röskun á náttúruheildinni sem hér er svo sérstök. Jörðin er afskekkt frá annarri byggð og er vart hægt að finna hér á landi friðsælli stað mitt í blómstrandi héraði. Eins og við lýstum í fyrsta bréfi okkar vegna þessa máls þá leggst hér allt á eitt: straumpung, glitrandi áin, grónir hraunjaðrar, magnaðar hellamyndanir, iðgrænar mosaþembur, blómskrúð í öllum regnbogans litum, og kræklóttar uppsprettulindir. Skógurinn með sínum háreistu silfurbjörkum og fjölbreytta skógargróðri myndar svo þekjuna frá árbakka upp á hæðarbrún, og fuglar af öllum tegundum eiga hér sinn griðarstað: straumöndin og húsöndin við ána, og lóan, spóinn, hrossagaukurinn, jarðrakaninn, rjúpan, og allar hinar mófuglstegundirnar á landinu þurru, óðinshaninn á tjörnum. Við minnum á að samspil gróðurs, fuglalífs og jarðmyndana er hér nánast sem fullkomið, og eyðibærinn og ummerkin um gömul tún og jarðvegsframkvæmdir eru vitnisburður um þá merku menningu sem hér ríkti með fyrri kynslóðum. Þetta eru verðmæti sem kynslóðir framtíðar eiga rétt á að njóta.

Fyrir hönd eigenda Ljósstaða


Hjálmar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi gögn:

- a) Punktur frá kynningarfundum Landsnets/Eflu með landeigendum á frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3, haldinn 26. nóv. 2018
- b) Erindi til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar stofnunarinnar um tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir Hólasandslínu 3, dags. 10. apríl 2018
- c) Afrit af bréfi til sveitastjóra Þingeyjarsveitar vegna þátttöku sveitarinnar í verkefnaráði Landsnets, 7. des. 2017
- d) Greinargerð til Skipulagsstofnunar vegna tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar um verndarsvæði Laxár og Mývatns, dags. 13. sept. 2017
- e) Afrit af bréfaskiptum við Skipulags- og byggingafulltrúa Þingeyjarsveitar vegna fyrirspurnar um aðalskipulag sveitarinnar, dags. 12. maí - 6. júní 2017
- f) Afrit af bréfaskiptum við Umhverfisstofnun vegna óska um inngrip stofnunarinnar í undirbúning að fyrirætlunum um brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns, 13. janúar – 11. sept. 2017
- g) Greinargerð til EFLU-verkfræðistofnu vegna áforma Landsnets um lagningu háspennulínu þvert yfir land Ljósstaða, 13. janúar 2017

Ljósstaðir / HHR:

Fylgiskjöl með greinargerð eigenda Ljósstaða um frummatsskýrslu Landsnets fyrir Hólasandslínu 3 með þverun yfir verndarsvæði Laxár og Mývatns

- a) Punktar frá kynningarfundum Landsnets/Eflu með landeigendum á frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3, haldinn 26. nóv. 2018
- b) Erindi til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar stofnunarinnar um tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir Hólasandslínu 3, dags. 10. apríl 2018
- c) Afrit af bréfi til sveitastjóra Þingeyjarsveitar vegna þátttöku sveitarinnar í verkefnaráði Landsnets, 7. des. 2017
- d) Greinargerð til Skipulagsstofnunar vegna tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar um verndarsvæði Laxár og Mývatns, dags. 13. sept. 2017
- e) Afrit af bréfaskiptum við Skipulags- og byggingafulltrúa Þingeyjarsveitar vegna fyrirspurnar um aðalskipulag sveitarinnar, dags. 12. maí - 6. júní 2017
- f) Afrit af bréfaskiptum við Umhverfisstofnun vegna óska um inngrip stofnunarinnar í undirbúning að fyrirætlunum um brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns, 13. janúar – 11. sept. 2017
- g) Greinargerð til EFLU-verkfræðistofu vegna áforma Landsnets um lagningu háspennulínu þvert yfir land Ljósstaða, 13. janúar 2017

Punktar frá kynningarfundi Landsnets/Eflu á frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3

- haldinn 26. nóvember 2018 í húsnæði Eflu að Lynghálsi 4
1. jarðstrengskostur án undirborunar virðist í raun ekki tækur því hann hefði í för með sér mikið rask niðri í hrauni og á öllu verndarsvæði Laxár austan og vestanmegin.
 2. jarðstrengskostur með undirborun virðist háður svo mikilli óvissu og svo mjög var dregið úr honum af hálfu Eflu og Landsnets að erfitt er að sjá hann sem raunhæfan valkost að þeirra mati vegna hraungerðar í Laxárdal
 3. Lofthæð línu í dalbotni segja þau að yrði 50 metrar
 4. Framkvæmdum við vegslóða fylgdi mikið rask í Gunnuvörðumýri þar sem slóði færi um mýrlendi hátt í 1,5 km. Þar væri grafinn að minnsta kosti 0,5 metra djúpur skurður, settur í jarðvegsdúkur og fyllt upp í með mól.
 5. Ástæða er til að hafa áhyggjur af námukostum í námunda við línuna nálægt Ljótstöðum.
 6. Fyrirhugaður efnistökuastaður norðan Mátvatns mun valda augsýnilegri eyðileggingu á gróðurþekju lands; ekki er ljóst í hvers landi efnistökuastaðurinn er.
 7. Kostnaður við lagningu strengja í jörð þvert yfir Laxárdal (kostir LA-J og LA-JU) hefur ekki verið reiknaður út.
 8. Tillaga um breytingu á stefnu fyrirhugaðrar loftlínu yfir Laxárdal (aðalvalkostur) kallar ekki á umfangsmeiri mannvirki en ef haldið væri óbreyttri stefnu.
 9. Svokallaður Laxárlínukostur er að mati talsmanna Landsnets ekki „raunverulegur kostur.“
 10. Mat á einstökum umhverfisþáttum er alltaf huglægt að einhverju marki.
 11. Hvergi er röskun metin „verulega neikvæð“ þó svo um mikið inngrip geti verið að ræða, t.d. varðandi fuglalíf.
 12. Það er ekki vegið sérstaklega í matinu hvort um sé að ræða línustæði við alfaraleið eða ósnortið land víðs fjarri almennri umferð.
 13. Línan frá Fljótsdal að tengivirki á Hólasandi er sérstök framkvæmd sem í umhverfismati er óháð mati á Hólasandslínu (Hólasandur-Akureyri).
 14. Engin mannvirki hafa nú þegar verið reist sem hafa áhrif á endanlega staðsetningu Hólasandslínu yfir Laxárdal.
 15. Fjárfestingar sem gerðar hafa verið eru óháðar því hvar línurnar verða lagðar yfir Laxárdal.
 16. Óljóst er hvort Kröflulína 1 (Krafla - Akureyri) verði nokkurn tímann aflögð og rifin.
 17. Með fyrirhuguðu niðurrifi Laxárlínu 1 (Laxárvirkjun-Akureyri) verður það enn ólíklegra að Kröflulína 1 verði fjarlægð.
 18. Reglan um hámarkskostnaðarmun loftlínu- og jarðstrengja gildir ekki um þverun Laxárdals (friðað svæði).
 19. Landsnet átti aðild að sameigilegri Svæðisnefnd háhitasvæða í Þingeyjarsýslum sem gerði tillögur um skipulag háhitasvæða á landsvæðinu frá Þeistareykjum til Bjarnarflags meðfram verndarsvæði Laxár og Mývatns.
 20. Landsnet kom ekki að undirbúningi aðalskipulags Þingeyjarsveitar að öðru leyti en því að gera tillögur um línustæði.
 21. Landsnet hefur ekki átt í samstarfi við Umhverfisstofnun um lagningu Hólasandslínu að öðru leyti en því sem bundið er í hinn lögbundna feril umhverfismats.
 22. Sama gildir um samstarf við Skipulagsstofnun.

23. Landsnet gerir ljóst að ekki þurfi leyfi Umhverfisstofnunar fyrir þverun Laxárdals „ef fyrir liggur umsögn stofnunarinnar um samþykkt skipulag þar sem gerð hefur verið grein fyrir framkvæmdinni,“ (bls. 120 í skýrslu).
24. Ósvarað er hvort Umhverfisstofnun hafi leyft framkvæmdina (sbr. lið 23) og þurfi því ekki að leita umsagnar hennar að öðru leyti en því sem breytt hefur verið frá upphaflegri tillögu um línustæði.
25. Starfað hefur sérstakt Verkefnaráð um Hólasandslínu með aðild fulltrúa sveitarfélaga, náttúrverndarsamtaka og háskólasamfélagsins auk fulltrúa Landsnets; fundargerðir birtar á heimasíðu fyrirtækisins.

TGJ
HHR

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Til Skipulagsstofnunar
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi 10. apríl 2018

Erindi: Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets að matáætlun fyrir Hólasandslínu 3

Við eigendur Ljósstaða í Laxárdal höfum fengið í hendur úrskurð Skipulagsstofnunar og meðfylgjandi greinargerð, dags. 05.01.18, um tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir byggingu svokallaðrar Hólasandslínu 3. Áður höfðum við sent stofnunni ítarlegar athugasemdir við tillöguna, dags. 13.09.17. Ljósstaðir eru hluti af verndarsvæði Laxár og Mývatns sem skilgreint er í lögum nr. 97 frá 2004, auk þess sem jörðinni tilheyrir náttúrulegur birkiskógur sem er á náttúruminjaskrá og eldhraun frá nútíma sem nýtur sérstakrar verndar laga um náttúruvernd.

Eftir að hafa skoðað úrskurð Skipulagsstofnunar leggjum við eigendurnir áherslu á eftirfarandi atriði:

- a) Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands um að þó að fram hafi farið ákveðin úrvinnsla um það hvaða kosti eigi að meta og hverja ekki við gerð áætlunarinnar „þá megi það vera augljóst að þegar um verndarsvæði er að ræða sé eðlilegt að fjalla um kosti og galla við val á leiðum, ekki síst sem flokka má sem mat á áhrifum á náttúru friðlýstra svæða, í sjálfu matinu.“ Í þessu felst að okkar álit er að Landsnet verður að leggja fram raunverulega valkosti við lagningu háspennulínanna sem er þá hægt að bera saman og meta með tilliti til verndunargildis og áhrifa á náttúru friðlýstra svæða.
- b) Í matsáætlun Landsnets er töluverð umfjöllun um möguleika á lagningu háspennulína í jörðu og hvaða takmarkanir eru þar um varðandi hámarksvegalengdir. Skipulagsstofnun leggur sérstaka áherslu á þennan þátt í greinargerð sinni og er undirliggjandi í þeirri umfjöllun að möguleikar til jarðlagna verði nýttir til fullnustu.

Í þessu sambandi bendum við eigendur Ljósstaða á að fyrirliggjandi áætlun um lagningu línanna felur í sér mjög erfiðan og rándýran kost við að leggja línur í jörð þvert undir ána og yfir dalinn. Þarna eru hraunkambarnir hvað breiðastir og stærstir, Varastaðaskógur breiðir úr sér á vesturbakkanum, og viðkvæm en gjöful veiðisvæði í ánni. Það er varla að Landsnet hefði getað fundið erfiðari stað hvað þetta varðar til að þvera dalinn. Við teljum augljóst að ætli fyrirtækið í einhverri alvöru að taka til greina ábendingar um að kanna kosti fyrir jarðlagningu háspennustrengja þá verði fyrirtækið að leggja fram nýja og ólíka kosti um þverun dalsins.

- c) Skipulagsstofnun gagnrýnir Landsnet fyrir að gera ekki grein fyrir þeim samburðarkosti í frummatsskýrslu sem felst í lagninu Hólasandslínu 3 meðfram Laxárlínu 1, en ábendingar um þá leið hafa borist frá nokkrum aðilum. Laxárlína 1 liggur að mestu um byggð og röskuð svæði og þverar Laxárdal við umfangsmikil mannvirki Laxárvirkjunar í Gljúfrum þar sem áin fellur úr Laxárdal niður í Aðaldal.

Við eigendur Ljósstaða tókum undir gagnrýnina og bendum á að Landsnet hefur hingað til ekki gert nokkra tilraun til að bjóða upp á alvöru valkosti, sem byggja á rannsóknum og könnunum sem eru sambærilegar við þær sem kynntar eru til grundvallar fyrirbyggjandi tillögu. Þá er á það bent að Landsnet geri ekki grein fyrir áætlunum um niðurrif Laxárlínu 1 þó svo að niðurlagning línunnar sé einmitt forsenda fyrir rökstuðningi fyrirtækisins um að það sé ekki ómaksins virði að kanna lagningu háspennulínanna eftir sömu eða svipaðri leið.

- d) Skipulagsstofnun telur í úrskurði sínum að skorti upplýsingar frá Landsneti um heildarumfang raskaðs lands vegna gerð vegaslóða í tengslum við lagningu háspennulínanna, og hvaða vinnuaðferðir verði notaðar við mannvirkjagerð á viðkvæmum svæðum. Við Ljósstaða-eigendur teljum brýnt að horft verði til þess við allar fyrirætlanir um mannvirkjagerð í okkar landi að landið nýtur ítrustu friðunar samkvæmt sérlögum um verndun Laxár og Mývatns, auk þess sem hér eiga við ákvæði í ýmsum öðrum lögum um friðun jarðmyndana og skóglendis. Það þurfa því að vera yfirgnæfandi almannahagsmunir í húfi til þess að hægt sé að réttlæta fyrirætlanir um að land okkar við Laxá verði skemmt, þótt ekki yrði nema að litlum hluta. Fari svo að ráðist verði í framkvæmdir hlýtur það að vekja umræðu um hvort friðun lands á Íslandi hafi yfirleitt nokkuð gildi.

Að lokum: Það sætir furðu að Landsnet skuli ekki hafa vandað betur til undirbúnings að matsáætlun um Hólasandslínu 3 en raun ber vitni. Sérstaklega er gagnrýnivert, að fyrirtækið skuli í raun hafa aðeins einn valkost í boði þegar um svo stórt og umfangsmikið verkefni er að ræða. Valkostur sem tekur sérstaklega mið af aðstæðum til lagningu strengja neðanjarðar í Laxárdal hefur ekki verið settur fram. Engin haldbær rök hafa komi fram hvers vegna nýju háspennulínunum er valin einmitt þessi leið um Laxárdal önnur en þau að með því er fylgt gömlu rafmagnslínunum, s.k. Kröflulínu 1, sem þó eru mannvirki af allt annarri stærðargráðu og umfangi en þau sem nú er fyrirhugað að byggja.

f.h. eigenda Ljósstaða

Hjálmar H. Ragnarsson

*afrit sent Landsneti



Verkefnisstjórn Landsnets vegna lagningu Hólasandslínu

Hjálmar Helgi Ragnarsson

fm. 7.12.2017 22:27

Til dagbjort@thingeyjarsveit.is <dagbjort@thingeyjarsveit.is>;

📎 1 viðhengi (86 KB)

Umsögn um tillögu Landsnets að matsáætlun, 13. sept. 2017.pdf;

Sæl Dagbjört.

Ég fékk í dag bréf frá Landsneti þar sem það er upplýst að fyrirtækið hafi stofnað "verkefnaráð" með ákveðnum hagsmunaðilum varðandi lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar með þverun yfir verndarsvæði Mývatns og Laxár. Þar með eruð þið Arnór Benónýsson talin upp fyrir hönd Þingeyjarsveitar. Samkvæmt bréfinu er ráðinu ætlað að vera eins kona samráðsvettvangur til að " tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina." Það er jafnframt að skilja af bréfinu, að fyrirtækið hafið ráðið sérstakan starfsmann sem hefur það aðalhlutverk að vinna að framgangi hagsmuna fyrirtækisins hjá hagsmunaðilum.

Erindi bréfs míns núna er að upplýsa ykkur fulltrúa Þingeyjarsveitar um andstöðu okkar Ljósstaðaeigenda við fyrirhugaðar framkvæmdir, sem munu eyðileggja land okkar fyrir utan að þær brjóta augljóslega í bága við lögin um verndun Mývatns og Laxár. Ljósstaðir heyra undir Þingeyjarsveit, og við höfum að sjálfsgöðu staðið skil á gjöldum okkar til sveitarfélagsins þótt litla sem enga þjónustu hafi verið að fá til baka.

Við áttum okkur á að samráðsvettvangur eins og þetta verkefnaráð er sett á laggirnar fyrst og fremst til að koma sjónarmiðum framkvæmdaaðilans á framfæri og vinna að hagsmunum hans þótt yfirsínið sé að skapa vettvang til að öll sjónarmið megi njóta sín. Klókindin eru þau að draga sem flesta að borðinu og geta þá lýst því yfir að öll sjónarmið hafi fengið að njóta sín, hlustað hafi verið á alla, lýðræðis því gætt. Ekki eina stund skulu menn þó láta sér detta í hug að tekið verði raunverulegt mark á skoðunum sem standa andstætt hagsmunum Landsnets.

Því miður er það svo að margir þora ekki að láta í ljósi skoðanir sínar á fyrirhugaðri línulagningu, annaðhvort vegna hræðslu við að vera "refsað" á einhvern hátt, eða menn telja að það sé ekki til neins að andæfa, "það sé búið að ákveða þetta hvort sem er." Við Ljósstaðafólk erum hins vegar opinská um okkar afstöðu, höfum kannski ekki neinu að tapa nema sjálfri jörðinni, og við munum þráast við á öllum stigum málsins. Við lítum á það sem okkar aðal hlutverk að vernda jörðina.

Við treystum því að þið Arnór, sem fulltrúar okkar og annarra jarðeigenda sem mestan skaðann hljóta af framkvæmdunum, kynnið okkar afstöðu innan ráðsins, og leggist á eitt með okkur að forða sveitinni frá eyðileggingunni sem af þeim hlýst. Þingeyingar hafa sýnt að þeir hafa dug og þor þegar að þeim er sótt, og ég vona bara að þeirra mikla þrek hafi ekki upp þornað þótt nýjar kynslóðir hafi tekið við.

Meðfylgjandi í viðhengi er greinargerð Ljósstaðaeigenda til Skipulagsstofnunar vegna tillögu Landsnets að

matsáætlun fyrir lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar þvert yfir verndarsvæði Mývatns og Laxár, dags. 13. sept. 2017.

Með bestu kveðjum.

Hjálmar H. Ragnarsson
f.h. eigenda Ljósstaða í Laxárdal



Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Til Skipulagsstofnunar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi 13. september 2017

Erindi: Greinargerð vegna tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar um verndarsvæði Laxár og Mývatns

Fyrir hönd okkar eigenda jarðarinnar Ljósstaða í Laxárdal legg ég hér með fram greinargerð okkar vegna tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða og Hamars. Tillagan er liður í undirbúningi Landsnets fyrir framkvæmd sem veldur miklum skaða og eyðileggingu í landi okkar og felur í sér skýrt brot á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Við mótmælum áformum Landsnets og hvetjum til að þau verði tafarlaust dregin til baka.

Greinargerð vegna tillögu að matsáætlun:

- 1) Við eigendur Ljósstaða ítrekum afstöðu okkar til áforma Landsnets um lagningu háspennulína þvert yfir Laxárdal sem við kynntum í bréfi okkar dags. 13. janúar til Landsnets /Eflu og er birt í Viðauka 2 í tillögunni sem nú liggur fyrir Skipulagsstofnun. Í bréfinu gerum við í stórum dráttum grein fyrir hvers eðlis sú eyðilegging er sem áformin hafa í för með sér, og við reynum út frá fyrirliggjandi upplýsingum frá Landsneti að gera okkur grein fyrir umfangi hennar og afleiðingum. Meðal annars er það niðurstaða okkar að út frá gefnum forsendum í drögum að tillögu að matsáætlun hafi lagning háspennulína í jörðu og í stökk undir Laxá líklegast ekkert minni eyðileggingu í för með sér en lagning loftlína. Í hvoru tilfellinu sem er verði ekkert í Laxárdal sem áður var, eyðileggingin verði róttæk og sjónmengunin algjör.

Við bendum á að Ljósstaðir heyri að stærstum hluta til undir verndarsvæði Mývatns og Laxár, sem skilgreint er í lögum um verndun Mývatns og Laxár, og sem hafa þann megintilgang að tryggja „verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.“ Og við drögum fram, að samkvæmt lögnum sé óheimilt „að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi“ á landsvæði því sem fellur undir lögin.

Við lýsum í bréfinu náttúrgæðum jarðarinnar, hvornig hún er einstök perla í þeirri mögnuðu náttúruheild sem Mývatn og Laxárdalur mynda með tengingu

einnar fegurstu og frægustu veiðiar landsins, og hvernig jörðin er afskekkt frá öðrum jörðum í dalnum svo vart sé hægt að finna hér á landi friðsælli stað í blómstrandi héraði. Hér leggist allt á eitt: „straumpung, glitrandi áin, grónir hraunjaðrar, magnaðar hellamyndanir, iðgrænar mosapembur, blómskrúð í öllum regnbogans litum, kræklóttar uppsprettulindir, og Grundaráin með sínum fögru fossum og ómandi söng.“

Í lok bréfsins lýsum við eigendur því yfir, að við lítum á það sem okkar helsta hlutverk „að standa vörð um þetta djásn sem jörðin er, og að við munum aldrei leyfa skemmdir eða röskun á náttúruheildinni sem hér er svo sérstök.“

- 2) Landsnet svarar nokkrum atriðum bréfs okkar með athugasemdum sem birtast í Viðauka 3 í tillögunni að matsáætlun. Þetta kemur helst fram:

Landsnet gerir sér mat úr því undanþáguákvæði laganna um verndun Mývatns og Laxár sem kveður á um að ekki þurfi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum sem eru samkvæmt staðfestu skipulagi, „enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“ Með öðrum orðum þá er Landsnet að benda hér á hugsanlega glufu í lögunum sem gerir fyrirtækinu kleift með að komast upp með áform sín á hreinu tæknilegu atriði. Hvorki mér eða öðrum eigendum Ljótstaða er ljóst hvort Umhverfisstofnun hafi með einhverjum óskiljanlegum hætti afsalað sér rétti til að hafa um það að segja hvort ráðist verði í umfangsmiklar framkvæmdir á verndarsvæðinu, en við höfum leitað upplýsinga hjá Þingeyjarsveit um málsmeðferð á aðalskipulagi sveitarinnar sem hugsanlega varpa einhverju ljósi á málið, sjá 3. lið.

Landsnet lýsir því yfir í svari sínu að leitað verði leiða í verkhönnun mannvirkjanna „að þvera Laxárdal án þess að raska með beinum hætti landi innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.“ Kemur m.a. fram, að til athugunar sé „að haga línulögn yfir dalbotninn með þeim hætti að möstrin liggja sem fjærst honum og þar með sjálfu verndarsvæðinu og línuslóðir fari ekki þar um.“ Hins vegar er Landsneti ljóst, að leiðarar línunnar myndu alltaf þvera dalinn á þessum stað „með tilheyrandi sjónrænum áhrifum.“ Þessi hugmynd er ekkert frekar útfærð í framlagðri tillögu til matsáætlunar og því í raun á engu að byggja um mat á gildi hennar og áhrifum hugsanlegrar framkvæmdar. Hitt er svo, að hér er Landsnet enn og aftur að nýta sér hugsanlegar glufur á lögunum um verndun Mývatns og Laxár sem voru sett á tímum þegar menn gátu ekki ímyndað sér að þyrfti að setja ákvæði um sérstaka lofthelgi til að löggin gætu náð tilgangi sínum.

Landsnet lýsir því einnig yfir að möguleikar þess að bora undir verndarsvæðið og leggja jarðstreng verði skoðaðir. Í því samhengi skal bent á að mikil og hröð þróun á sér stað í gerð jarðstrengja fyrir rafmagn með háspennu og ekki virðist ljóst hversu umfangsmiklar framkvæmdir þurfi að vera til að koma þeim í jörð, sbr. m.a. athugasemdir Landverndar í viðauka 2.

- 3) Á kynningarfundum sem Efla/Landsnet boðaði til þann 11. maí um áform Landsnets um lagningu háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar kom fram í máli fulltrúa Landsnets að gert væri ráð fyrir fyrirhuguðum háspennulínunum frá Hólasandi til Akureyrar í aðalskipulagi tveggja af þeim fjórum sveitarfélögum sem eiga aðkomu að línulögnunum. Þessi sveitarfélög voru ekki sérstaklega tilgreind og ekki komu fram frekari upplýsingar á fundinum um þetta atriði, enda settum við það ekki á þeim tíma í samhengi við þann möguleika að tæknilega væri hægt að komast hjá sérstakri leyfisveitingu Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdunum eins og Landsnet túlkar nú lögin um verndun Mývatns og Laxár í málflutningi sínum í tillögu að matsáætlun, sjá lið 2. Engu að síður vakti þetta atriði á fundinum 11. maí grunsemdir okkar um að ekki væri allt í þessu máli eins og það væri séð, og því leitaði ég sem fulltrúi eigenda Ljósstaða upplýsinga hjá Þingeyjarsveit um afgreiðslu sveitarstjórnar á aðalskipulagi sveitarinnar.

Í svari skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar, Bjarna Reykjalin, var það staðfest, að samkvæmt aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er gert ráð fyrir þessu mikla mannvirki þvert yfir verndarsvæði Laxár og Mývatns í löndum Hamars og Ljósstaða. Við eigendur Ljósstaða erum engir sérfræðingar í skipulagsmálum, en það kom okkur vissulega á óvart að í landi okkar væri gert ráð fyrir svona umfangsmiklum mannvirkjum, eins og lagning háspennulínanna vissulega er, án þess að nokkuð væri haft við okkur samband eða við höfð til ráða á einn eða annan hátt. Við óskuðum því eftir frekari upplýsingum og lögðum átta sértækar spurningar fyrir skipulags- og byggingarfulltrúann. Í svörum hans í tölvupósti dags. 6. júní komu m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

Umrædd lega háspennulína var sett fram í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007 – 2025. Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 var þessi lega staðfest, og tekur fulltrúinn fram að hefði sveitastjórn ekki gert það hefði þurft að breyta svæðisskipulaginu sem er á æðra stjórnarsýslustigi. Það var fyrirtækið Landsnet sem lagði fram tillögurnar að staðsetningu á línulögnunum, sem svæðisnefndin um svæðisskipulag tók afstöðu til og samþykkti. Sveitarstjórn setti enga fyrirvara við áformin á sínum tíma en sá skilningur er fyrir hendi að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum og einnig framkvæmdaleyfisskyld og háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. 17. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu nr. 665/2012.

Aðspurður um hvenær og með hvaða hætti landeigendum á svæðinu var kynnt að aðalskipulagið yrði aðlagð að áformum Landsnets svarar fulltrúinn því almennt til, að málsmeðferð vegna aðalskipulagis hafi verið skv. skipulagslögum nr. 123/2010 þar sem eru ákvæði um kynningarferli áður en skipulagið er samþykkt. Spurður um það hvort sveitarstjórn hafi á sínum tíma leitað eftir áliti og skoðunum viðkomandi landeigenda á áformunum um línulagnir svarar fulltrúinn því til að hann hafi ekki séð nein gögn um það.

Við spurðum með hvaða hætti sveitarfélagið hafi lagt mat á umfang fyrirhugaðra framkvæmda og afdrifa þeirra fyrir sveitarfélagið og svarar fulltrúinn því til að honum sé ekki kunnugt um að slíkt mat hafi farið fram af hálfu sveitarstjórnar, en gerir því skóna að slíkt mat hafi að öllum líkindum farið fram í svæðisskipulagsnefndinni. Með tilliti til þess að Umhverfisstofnun ber ábyrgð á framkvæmd laganna um verndun Mývatns og Laxár var skipulagsfulltrúinn að síðustu inntur eftir því með hvaða hætti stofnunin hafi komið að undirbúningi og staðfestingu aðalskipulagsins. Fulltrúinn svarar því til að hann fái ekki séð af athugasemdum sem fram koma í greinargerð með aðalskipulaginu að UST (Umhverfisstofnun) hafi gert athugasemdir við fyrirhugaða línulögn.

Í ljósi þessara upplýsinga frá skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er ljóst að afgreiðsla sveitastjórnar á aðalskipulagi sveitarinnar hvað varðar áform Landsnets um línulagnir um sveitafélagið hefur verið algjörlega vélræn og án sérstakrar umhugsunar eða rannsókna um afdrif þeirra fyrir sveitarfélagið og eigendur jarða sem undir sveitarfélagið heyrir. Ekkert virðist hafa verið gert til að upplýsa viðkomandi eigendur jarða um hvað aðalskipulagið að þessu leytnu til felur í sér og ekki gerð tilraun til þess að fá þá til ráðgjafar eða samráðs. Landsnet hefur átt allt frumkvæði um legu lína og ekki er að sjá að Umhverfisstofnun hafi með nokkrum hætti gætt að ábyrgð sinni sem umsjónaraðili laganna um verndun Mývatns og Laxár.

- 4) Við eigendur Ljótsstaða höfum lýst okkur alfarið andsnúna lagningu háspennlíuna eftir þeirri leið sem Landsnet leggur til í tillögu sinni og við teljum okkur hafa fært gild rök fyrir þeirri afstöðu okkar, bæði lagaleg, náttúrufræðileg, og fagurfræðileg. Þótt Landsnet tali um það í tillögu sinni að fleiri en einn kostur sé varðandi legu strengja yfir dalinn þá í raun er samkvæmt henni aðeins um þröngt belti að ræða sem afmarkast við Varastaðahólma að norðan og árstrengjum þar nokkru sunnar þar sem Kröfulína nú þverar ána.

Veiðistaðir við Varastaðahólma þykja með allrabestu og mest spennandi veiðistaða við Laxá og eyðilegging þeirra yrði óbætanleg út frá sjónarmiðum veiðimanna.

Þau rök að það fylgi því miklir kostir út frá sjónrænum áhrifum að leggja hina nýju háspennustrengi meðfram Kröflulínu eru að okkar mati afar veik þar sem engan veginn er um sambærileg mannvirki að ræða, hvorki hvað varðar stærð og umfang né heldur efnisgerð.

Það er ekki okkar hlutverk, eigenda Ljótsstaða, að benda á einhverja aðra og skárri kosti fyrir staðsetningu háspennulína þvert yfir Laxá þótt þeir séu örugglega til. Við höfum hins vegar furðað okkur á hversu einstrengingsleg afstaða Landsnets til staðsetningu háspennulínanna hefur verið og hversu fyrirtækið hefur verið ósveigjanlegt gagnvart því að skoða og láta rannsaka aðra kosti en þann sem lagður er fram í tillögunni til matsáætlunar.

Þetta endurspeglast m.a. í greiningu fyrirtækisins á tillögu Veiðifélags Laxár og Krákár um lagningu háspennulínanna yfir Laxá við Laxárvirkjun og síðan áfram meðfram svonefndri Laxárlínu 1 til Akureyrar, og fjallað er um í kafla 3.3.2 í tillögunni. Sú greining er öll mjög einhliða, og er sem dæmi skautað yfir þann meginpunkt í tillögu Veiðifélagsins að þverun Laxár við Laxárvirkjun hafi langtum minni eyðileggingu í för með sér en þverun yfir ána í landi Ljósstaða og Hamars þar sem er að mestu ósnortið land.

Þá liggur til grundvallar greiningu Landsnets um val á leiðum það meginviðhorf, að betra sé að byggja línumannvirki á ósnortnu landi þar sem líklegast fáir sjái til en þar sem byggð er þéttari og umferð meiri og þar af leiðandi fleiri þurfi á að horfa. Þetta viðhorf hefur verið mjög ríkjandi á meðal þeirra sem vilja uppbyggingu orkuiðnaðar í landinu og var t.d. mjög áberandi í umræðunni á sínum tíma um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og eyðileggingu öræfanna þar sunnar og upp til jökla. Í grunninum kristallaðist þetta viðhorf í þeim frasa sem oft var notaður „að það væri í lagi að eyðileggja það sem hvort sem er enginn sæi.“ Sem betur fer er þetta viðhorf almennt að víkja fyrir dýpri skilningi á mikilvægi ósnortins lands og vitundinni um að til eru önnur og mikilvægari gildi en þau sem aðeins er hægt að setja á mælistokk hagnýtingar og gróða.

- 5) Landsnet úskýrir í tillögu sinni að helsti tilgangur nýrra línulagna um Norður- og Austurland sé sá að tryggja stöðugleika raforkukerfisins í þessum landshlutum, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni og þjóna uppbyggingu og núverandi starfsemi. Fyrirtækið greinir það svo að flutningsþörf fyrir raforku muni aukast jafnt og þétt í takt við fjölgun íbúa á landinu og þann vöxt í atvinnulífi sem því fylgir. Orðrétt segir í inngangi: „Nýting á flutningsgetu nýrrar byggðalínu mun aukast í samræmi við þennan vöxt líkt og raunin var með núverandi byggðalínu sem byggð var á árunum 1972 – 1984.“

Það er ekki á færi á leikmanna eins og okkar sem hér skrifum að meta tölulega hver er raunveruleg flutningsþörf rafmagns um landið og hver má ætla að hún verði á næstu árum. Sjálfsagt veða öryggisatriði þar mikið inn, og ekki skal gert lítið úr þeim, en það virkar hins vegar mjög veikt að þörfin til framtíðar skuli metin með beinlínuframhaldi af því hvernig hún hefur þróast á fyrri áratugum, eins og gert er í tilvitnaðri röksemd hér að ofan. Ef það er eitthvað sem sagan kennir okkur þá er það það, að forsendur og viðhorf breytast og það sem þykir gildur sannleikur í gær þykir oft argasta vitleysa í dag.

Staðreyndin er sú, að viðhorf fólks til náttúruverndar eru almennt að breytast þannig að fólk gerir sér betur og betur grein fyrir takmörkunum hagvaxtar sem byggir á ósjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og misnotkun landgæða til skammbærrar vinnslu í iðnaði og öðru atvinnulífi. Fólk áttar sig á mikilvægi ósnortinnar náttúru og að gæði lífsins felast ekki síður í möguleikum á kyrrð og friðsæld en með því áreiti og spennu sem fylgir þéttari byggð og

fjölbreyttri neyslu. Í hugum fleiri og fleiri, sérstaklega þó ungs fólks, hafa stóriðjudraumar fortíðarinnar breyst í martraðir, og fleiri og fleiri hafna hráefnisvinnslu í stórum iðjuverum sem nýta sér orku sem búin er til með skemmdum og eyðileggingu okkar dýrmæta lands.

Þessi viðhorfsbreyting er smám saman að ná betur og betur til stjórnmalanna í landinu, og skal á það bent að núverandi ráðherra umhverfismála hefur lýst því yfir að ekki verði um frekari stuðning við uppbyggingu stóriðju að ræða á meðan þessi ríkisstjórn situr. Það er því fráleitt að Landsnet skuli nú í dag meta þörf flutningsgetu fyrir rafmagn út frá forsendum sem giltu á árum þegar stóriðjuuppbygging var í algleymi og menn sáu fyrir sér bjarta framtíð lands og þjóðar í bjarmanum af því gulli sem alþjóðleg fyrirtæki áttu að færa inn í landið. Sú framtíð er ekki lengur gild, og því fyrr sem menn hverfa af beinlínubrautinni því betur verður hag þjóðarinnar borgið.

Fyrir hönd eigenda Ljósstaða

Hjálmar H. Ragnarsson



SV: Fyrirspurn um aðalskipulag

Hjálmar Helgi Ragnarsson

Þri. 6.6.2017 16:58

Til: Bjarni Reykjalin <bjarni@thingeyjarsveit.is>;

Afrit: Dagbjört Jónsdóttir <dagbjort@thingeyjarsveit.is>;

Sæll Bjarni og takk fyrir greinargóð svör. Við förum yfir þetta og ég fæ að vera aftur í sambandi ef einhverjar spurningar vakna sem varða skipulag sveitarfélagsins.

Með bestu kveðjum.

HHR

Frá: Bjarni Reykjalin <bjarni@thingeyjarsveit.is>

Sent: 6. júní 2017 11:29

Til: Hjálmar Helgi Ragnarsson

Afrit: Dagbjört Jónsdóttir

Efni: RE: Fyrirspurn um aðalskipulag

Sæll.

Hér koma svör við spurningum þínum:

- 1) Hvenær var þetta ákvæði í aðalskipulagi um línulagnirnar frá Hólasandi til Akureyrar samþykkt?
Umædd lega háspennulínu er sett fram í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er þessi lega staðfest, annars hefðu þurft að breyta svæðisskipulaginu sem er á æðra skipulagsstigi. (Sjá meðfylgjandi viðhengi)
- 2) Hvaða aðilar lögðu fram tillögur um línulagnirnar?
Landsnet lagði fram tillögur að staðsetningu á línulögnum, sem svæðisnefndin (svæðisnefnd um svæðisskipulag) tók afstöðu til og samþykkti endanlega legu.
- 3) Hvernig var staðið að samþykkt tillagna um línulagnirnar, og hverjir samþykktu þær?
Sjá svar við spurningu 2
- 4) Gilda einhverjir fyrirvarar um samþykkt sveitastjórnar við þessum áformum með tilvísun í lög um verndun Mývatns og Laxár?
Það eru engir fyrirvarar að hálfu sveitarstjórnar (sjá þó greinargerð í viðhengi) en framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum og einnig framkvæmdaleyfisskyld og háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. 17. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012
- 5) Hvenær og með hvaða hætti var landeigendum á svæðinu kynnt að aðalskipulagið yrði aðlagð að þessum áformum?
Málsmeðferð vegna aðalskipulags er skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Þar eru ákvæði um

kynningarferli áður en skipulagið er samþykkt. Ekki er heimilt ráðast í framkvæmdir nema með samþykki landeiganda. (Nema með eignarnámi ef samningar nást ekki og ríkir almannahagsmunir eru í húfi)

6) Leitaði sveitastjórn á sínum tíma eftir áliti og skoðunum viðkomandi landeigenda á áformunum um línulagnir?

Ég hef ekki séð nein gögn um það. (Ég kom ekki til starfa hjá sveitarfélaginu fyrr en í byrjun árs 2012)

7) Með hvaða hætti lagði sveitastjórn mat á umfang framkvæmda og afdrifa þeirra fyrir sveitafélagið?

Mér er ekki kunnugt um að slíkt mat hafi farið fram að hálfu sveitarstjórnar. Slíkt mat hefur að öllum líkindum farið fram í svæðisskipulagsnefndinni.

8) Með tilliti til þess að Umhverfisstofnun ber ábyrgð á framkvæmd laganna um verndun Mývatns og Laxár þá spyr ég með hvaða hætti stofnunin kom að undirbúningi og staðfestingu aðalskipulagsins?

Í athugasemdum sem fram koma í greinargerð með aðalskipulaginu fæ ég ekki séð að UST hafi gert athugasemdir við þessa fyrirhuguðu línulögn. UST er lögbundinn umsagnaraðili á öllum skipulagsstigum

Sjá einnig meðfylgjandi viðhengi.

Vonandi svarar þetta spurningum þínu.

Kv.

Bjarni Reykjalin

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Kjarna, 650 Laugar

Sími: 464 3339 / 895 3422

Netfang: bjarni@thingeyjarsveit.is

From: Hjálmar Helgi Ragnarsson [mailto:hjalmar@lhi.is]

Sent: 1. júní 2017 15:26

To: Bjarni Reykjalin <bjarni@thingeyjarsveit.is>

Cc: Dagbjört Jónsdóttir <dagbjort@thingeyjarsveit.is>

Subject: SV: Fyrirspurn um aðalskipulag

Sæll Bjarni.

Ég vona að þú sért ekki búinn að gleyma erindinu frá mér. Okkur liggur mikið á að fá upplýsingarnar sem við biðjum um, og þá jafnframt að fá svör við þessum átta spurningum sem ég lagði fram í bréfi mínu um daginn. Ég vona að þú getir greitt úr þessu sem allra fyrst.

Með bestu kveðjum.

Hjálmar H. Ragnarsson
f.h. eigenda Ljósstaða

Frá: Hjálmar Helgi Ragnarsson
Sent: 17. maí 2017 11:38
Til: Bjarni Reykjalín
Afrit: Dagbjört Jónsdóttir
Efni: SV: Fyrirspurn um aðalskipulag

Sæll Bjarni og takk fyrir upplýsingarnar.

Það er þá staðfest, sem við eigendur Ljósstaða höfðum áður ekki hugmynd um, að skv. aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þessu mikla mannvirki þvert yfir verndarsvæði Laxár og Mývatns í löndum Hamars og Ljósstaða, og síðan þvert yfir lönd Máskots, Víða, Stafns, og þaðan þvert yfir Fljótshéiði og áfram til Akureyrar.

Hinu er ekki svarað, sem kemur fram í fyrirspurn minni, en það er hvernig var staðið að samþykkt línulagnanna í aðalskipulagi, hvernig heimildin fyrir þeim er til komin, og hvaða aðilar komu þar að? Til glöggvunar óska ég m.a. eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvenær var þetta ákvæði í aðalskipulagi um línulagnirnar frá Hólasandi til Akureyrar samþykkt?
- 2) Hvaða aðilar lögðu fram tillögur um línulagnirnar?
- 3) Hvernig var staðið að samþykkt tillagna um línulagnirnar, og hverjir samþykktu þær?
- 4) Gilda einhverjir fyrirvarar um samþykkt sveitastjórnar við þessum áformum með tilvísun í lög um verndun Mývatns og Laxár?
- 5) Hvenær og með hvaða hætti var landeigendum á svæðinu kynnt að aðalskipulagið yrði aðlagð að þessum áformum?
- 6) Leitaði sveitastjórn á sínum tíma eftir áliti og skoðunum viðkomandi landeigenda á áformunum um línulagnir?
- 7) Með hvaða hætti lagði sveitastjórn mat á umfang framkvæmda og afdrifa þeirra fyrir sveitafélagið?
- 8) Með tilliti til þess að Umhverfisstofnun ber ábyrgð á framkvæmd laganna um verndun Mývatns og Laxár þá spyr ég með hvaða hætti stofnunin kom að undirbúningi og staðfestingu aðalskipulagsins?

Eins og sveitastjórnin gerir sér örugglega ljóst þá hafa mannvirki af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir gríðarleg eyðileggjandi áhrif á stór landsvæði í sveitinni, og fela í sér stórfelld brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns, sem landeigendur á sínum tíma börðust svo eftirminnilega fyrir. Við eigendur Ljósstaða, eins og reyndar örugglega margir aðrir landeigendur, höfum trúað því að verndarlögin veiti löndum í Laxárdal vernd fyrir ágangi stórfyrirtækja eins og Landsnets og Landsvirkjunar, og því ekki verið uggandi um að áform af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir fengju framgang á nokkurn hátt. Í því höfum við trúað að sveitafélagið stæði með okkur eigendunum.

Það er í ljósi þessa sem ég fyrir hönd eigenda Ljósstaða óska eftir **öllum upplýsingum**, sem sveitastjórnin býr yfir, um undirbúning og staðfestingu þessa ákvæðis aðalskipulagsins.

Með óskum um skjóta afgreiðslu.

Hjálmar H. Ragnarsson
- f.h. eigenda Ljósstaða

Frá: Bjarni Reykjalin <bjarni@thingeyjarsveit.is>

Sent: 17. maí 2017 09:18

Til: Hjálmar Helgi Ragnarsson

Afrit: Dagbjört Jónsdóttir

Efni: RE: Fyrirspurn um aðalskipulag

Sæll Hjálmar.

Vísa í meðfylgjandi grein úr Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem svar við fyrirspurn þinni til sveitarstjóra. Ekki hika við að hafa samband ef þú þarft frekari upplýsingar.

> **Háspennulína Akureyri – Hólasandur/Krafla:**

Uppbygging á nýrri háspennulínu Akureyri-Hólasandur (eða Akureyri-Krafla) er liður í því að byggja upp 220 kV orkuflutningskerfi sem nær til meginhluta landsins. Núverandi byggðalína, Kröflulína 1 (132 kV), hefur takmarkaða flutningsgetu en hún mun þó standa áfram af öryggisástæðum.

Akureyri-Hólasandur (220 kV) mun fylgja Kröflulínu 1 nánast alla leiðina. (Ef til kemur gerð tengivirkis á Hólasandi kemur til álitna að tengja Kröflulínu 1 þar inn í staðinn fyrir tengingu að Kröflu).

Á þessu stigi er ekki að fullu ljóst hvorum megin við gömlu línuna nýja línan verður. Á aðalskipulagsupprætti er miðað við núverandi línuleið Kröflulínu 1, og má nýja línan liggja innan við 300 m frá henni báðum megin.

Línan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum, og er framkvæmdaleyfisskyld að hálfu Þingeyjarsveitar.

Ath: Það er álit Þingeyjarsveitar að komi Akureyri-Hólasandslína skuli athugað hvort hægt væri að tengja Laxárvirkjun við væntanlegt tengivirki á Hólasandi og losna við núverandi Laxarlínu 1 um Fljótshéið og Ljósavatnsskarð.

Bestu kveðjur,

Bjarni Reykjalin

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Kjarna, 650 Laugar

Sími: 464 3339 / 895 3422

Netfang: bjarni@thingeyjarsveit.is

From: Dagbjört Jónsdóttir

Sent: 12. maí 2017 14:09

To: Bjarni Reykjalin

Subject: FW: Fyrirspurn um aðalskipulag

Veistu er þetta samkvæmt aðalskipulagi?

Kv. DJ

From: Hjálmar Helgi Ragnarsson [<mailto:hjalmar@lhi.is>]
Sent: 12. maí 2017 13:23
To: Dagbjört Jónsdóttir
Subject: Fyrirspurn um aðalskipulag

Til Dagbjartar Jónsdóttur, sveitastjóra

Sæl Dagbjört.

Erindið er að spyrjast fyrir um hvort heimild sé fyrir því í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar að leggja 220 kV háspennulínu þvert yfir Laxárdal í löndum Ljósstaða og Hamars, og ef svo er hvernig er sú heimild til komin og hvaða aðilar komu þar að?

Ég legg þessa fyrirspurn fram vegna upplýsinga sem komu fram á sérstökum "kynningarfundum" sem Landsnet og Efla-verkfræðistofa boðuðu til hér í Reykjavík í gær með landeigendum á svæðinu um áform Landsnets um lagningu háspennulínu frá Hólasandi til Akureyrar, svokallaðrar Hólasandslínu 3.

Me bestu kveðjum og óskum um skjót svör.

Hjálmar H. Ragnarsson
- talsmaður eigenda Ljósstaða

Ljótsstaðir / HHR:

①

Afrit af bréfaskiptum við Umhverfisstofnun vegna óska um inngrip stofnunarinnar í undirbúning að fyrirætlunum um brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns, 13. janúar – 11. sept. 2017

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 13. janúar 2017

Meðfylgjandi er afrit af svarbréfi mínu fyrir hönd eigenda jarðarinnar Ljósstaða í Laxárdal til EFLU verkfræðistofu, sem nú vinnur að undirbúningi umhverfismats fyrir Landsnet vegna lagningu 220 kv. háspennulínu þvert yfir Laxárdal. Í fyrirætlunum Landsnets er gert ráð fyrir að línan liggja yfir dalinn í landi Ljósstaða með tilheyrandi mannvirkjum og landskemmdum. Eins og kemur fram í bréfinu stangast fyrirætlanir Landsnets skýrlega á við lög um verndun Laxár og Mývatns sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með.

Fyrir hönd okkar eigenda vil ég beina því til Umhverfisstofnunar að hún grípi strax í taumana, stoppi kerfisbundinn undirbúning Landsnets að stórfelldu lagabroti, og beini því til fyrirtækisins að það hætti að þvinga landeigendur til samráðs um óhæfuna. Löggin um verndun Laxár og Mývatns voru upphaflega sett í kjölfar samnings stjórnar Laxárvirkjunar (nú Landsvirkjunar), Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands um sættir í margra ára harðvítugri deilu landeigenda og Laxárvirkjunar vegna áforma þeirra síðarnefndu um eyðileggingu svæðisins. Með fyrirætlunum sínum núna er Landsnet að hóta rofi á þeim sættum.

f.h. eigenda Ljósstaða

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 27. febrúar 2017

Erindi mitt er að spyrjast fyrir um viðbrögð Umhverfisstofnunar við bréfi mínu fyrir hönd eigenda jarðarinnar Ljósstaða til stofnunarinnar dags. 13. janúar síðastliðinn varðandi undirbúning Landsnets að lagningu 220 kv. háspennulínu þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða. Í bréfinu beini ég því til stofnunarinnar að hún grípi strax í taumana varðandi þennan undirbúning og stoppi hann á grundvelli þess að um er að ræða undirbúning á stórfelldu broti á lögum um verndun Mývatns og Laxár sem Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að sé framfylgt.

Með óskum um skjót svör.

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar Helgi Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. mars 2017
UST201701-171/B.S.
10.05.04

Efni: Ábending - umhverfismat - háspennulína yfir Laxárdal. Svar

Vísað er til bréfa Hjálmars Ragnarssonar dags. 13. janúar sl. þar sem þess er óskað að Umhverfisstofnun „stoppi kerfisbundin undibúning Landsnets“ vegna fyrirhugaðrar lagningar Hólasandslínu um Laxárdal. Einnig er vísað til bréfs dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er upplýsinga um viðbrögð Umhverfisstofnunar við fyrrnefndu bréfi og ítrekun óska um að Umhverfisstofnun stöðvi frekari undibúning Landsnets vegna fyrirhugaðrar línulagnar um Laxárdal.

Umhverfisstofnun vill benda á að nú er ný hafið ferli mats á umhverfisáhrifum umræddrar línulagnar. Stofnunin vill benda á að tilgangur mats á umhverfisáhrifum er m.a. að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda og skoða mögulega valkosti varðandi útfærslu þeirra.

Umhverfisstofnun er lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum og má nálgast umgangir á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig er unnt að fylgjast með framgangi málsins á heimasíðu Skipulagsstofnunar

Umhverfisstofnun telur ekki unnt og hefur ekki heimild til að stöðva framkvæmdir á því stigi þar sem umrædd framkvæmd er nú stödd. Mannvirkin hafa hvorki verið skilgreind né staðsett og ekki er ljóst hvernig staðið verði að þverun Laxárdals, þ.e. hvort lagður verði jarðstrengur eða loflína og hvort mannvirkin verði innan eða utan verndarsvæðis Laxár og Mývatns.

Umhverfisstofnun mun veita frekari upplýsinga verði þess óskað. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 21. mars 2017

Erindi: Rökleysur í svarbréfi Umhverfisstofnunar

Með vísan í svarbréf Umhverfisstofnunar, undirritað af tveimur sérfræðingum stofnunarinnar, dags. 01.03.17, við erindi mínu fyrir hönd eigenda Ljósstaða í Laxárdal, dags. 13.01.17, geri ég eftirfarandi athugasemdir við röksemdafærslu stofnunarinnar og niðurstöður eins og þær koma fram í bréfinu. Það skal tekið fram að umrætt bréf barst mér ekki fyrr en 7. mars þótt dagsetning þess sé 1. mars.

Erindi mitt frá 13.01.17 byggir á vísan í Lög um verndun Mývatns og Laxár frá 2004 og ábyrgðarinnar sem Umhverfisstofnun hefur á framfylgni þeirra. Í bréfi mínu geri ég grein fyrir fyrirætlun Landsnets um lagningu háspennulínu þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða og svarbréfi okkar eigenda jarðarinnar til Eflu-verkfræðistofu við erindi stofnunar varðandi samvinnu um undirbúning framkvæmdarinnar. Afrit af bréfinu til Eflu fylgdi bréfinu. Á grundvelli þess að fyrirætlanir Landsnets stangast augljóslega á við ákvæði sérlaganna um verndun Mývatns og Laxár þá beindi ég því til Umhverfisstofnunar að stofnunin gripi nú strax í taumana og stoppaði undirbúning Landsnets að lagabroti og þá um leið forðaði okkur landeigendum frá því að þurfa að taka þátt í samráði um undirbúning ólöglegar framkvæmdar.

Í svarbréfi Umhverfisstofnunar segir:

„Umhverfisstofnun telur ekki unnt og hefur ekki heimild til að stöðva framkvæmdir á því stigi þar sem umrædd framkvæmd er nú stödd. Mannvirkin hafa hvorki verið skilgreind né staðsett og ekki er ljóst hvernig staðið verður að þverun Laxárdals, þ.e hvort lagður verði jarðstrengur eða loftlína og hvort mannvirkin verði innan eða utan verndarsvæðis Laxár og Mývatns.“

Við þessa niðurstöðu og röksemdir hef ég eftirfarandi athugasemdir:

- Erindi okkar fjallaði ekki um að „stöðva framkvæmdir,“ eins og segir í svarbréfinu, heldur um að stofnunin beitti sér fyrir því að Landsnet stoppaði *undirbúning* að því lagabroti sem í fyrirhuguðum framkvæmdum felst. Í þessu er munur sem er mikilvægt að liggja til grundvallar.
- Rökin um að hafna inngripi Umhverfisstofnunar á þeirri forsendu að mannvirkin hafi ekki verið „skilgreind“ stenst engan veginn. Í birtum gögnum um undirbúninginn koma fram nákvæmar lýsingar á umfangi og stærð fyrirhugaðra mannvirkja, og þá hvort sem er að ræða loftlínur eða lagningu jarðstrengja. Vísa ég hér sérstaklega í drög Eflu-verkfræðistofu f.h.

Landsnets að matsáætlun fyrir 200 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi, s.k. Hólasandslínu 3, og jafnframt greinargerð Hafrannsóknastofnunar til Landsnets um umhverfisáhrif lagningar jarðstrengs til raforkuflutnings með þverun á Laxá í Laxárdal ofan Varastaðahólma. Sjá t.d. matsáætlun Eflu, bls. 13 (loftlínur), bls. 14-15 (jarðstrengir), og bls. 15 - 16 (slóðagerð), og greinargerð Hafrannsóknastofnunar, bls. 1-2 (borun undir farveg Laxár, áhrif á lífríki, rask af framkvæmdum, etc.).

- Röksemdin fyrir því að hafna inngrípi Umhverfisstofnunar á þeirri forsendu að mannvirkin hafi ekki verið „staðsett“ og ekki sé ljóst „hvernig staðið verði að þverun Laxárdals...“ er jafnvel enn fráleitari en röksemdin um að mannvirkin hafi ekki verið „skilgreind.“ Öll gögn og allir uppdættir um fyrirhugaðar háspennulínur sýna svart á hvítu að ætlunin sé að leggja þær þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða við jaðar Varastaðaskógs og sunnan Varastaðahólma þar sem nú liggur Kröflulína 1. Engin önnur staðsetning hefur verið tilgreind og er augljóst að allur undirbúningur beinist að því að fara með línurnar þessa leið. Ég vísa í því efni til Kerfisáætlunar Landsnets 2016 – 2025 (sjá t.d. bls. 115-116), drög að matsáætlun (sjá t.d. bls. 12, og 19-20), og greinargerð Hafrannsóknastofnunar (bls. 1-2). Þá má bæta við að þær fjórar sviðsmyndir sem kynntar eru í kerfisáætlun Landsnets um framtíð orku-dreifingar í landinu eiga það allar sameiginlegt að þar er gert ráð fyrir lagningu afkastamikilla háspennulína með þverun yfir Laxárdal í landi Ljósstaða.
- Sú þversögn kemur fram í röksemdum höfundar svarbréfs Umhverfisstofnunar að ekki sé ljóst hvernig verði staðið að þverun Laxárdals og hins vegar að ekki sé vitað „... hvort mannvirkin verði innan eða utan verndarsvæðis Laxár og Mývatns.“ Með þessu er gefið í skyn að hægt sé að þvera Laxárdal með háspennulínum án þess að byggð verði mannvirki innan verndarsvæðisins! Það skal á það minnt í þessu sambandi að verndarsvæði Laxár nær samkvæmt lögum 200 metra frá hvorum árbakka.

Sérfræðingar Umhverfisstofnunar benda á í bréfi sínu að nú sé „ný hafið ferli mats á umhverfisáhrifum umræddrar línulagnar“ sem hafi m.a. þann tilgang „að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda og skoða mögulega valkosti varðandi útfærslu þeirra.“ Ennfremur benda þeir á að stofnunin sé „lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum“ og megi nálgast umsagnir hennar á heimasíðu stofnunarinnar. Sérfræðingarnir eru með öðrum orðum að segja, að Umhverfisstofnun hafi ekki aðra aðkomu að þessu máli en að veita venjubundna umsögn um umhverfisáhrif framkvæmda, eins og um hvert annað landsvæði á Íslandi sé að ræða, og þá um leið að það sé ekki hennar hlutverk að beita sér sérstaklega gagnvart framkvæmdaðilum, sem undirbúa stórfellda mannvirkjagerð á verndarsvæði Mývatns og Laxár, á grundvelli sérlaganna sem gilda um svæðið.

Þetta er athyglisverð niðurstaða sem í stærra samhenginu vekur spurninguna um hvort Umhverfisstofnun líti svo á að þar sem hún sé lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum almennra framkvæmda útiloki það hana frá því að beita sér fyrir framfylgni laganna um verndun Laxár og Mývatns. Maður spyr sig: Til hvers eru lög in um verndun Mývatns og Laxár ef enginn ætlar að framfylgja þeim?

Eins og hér hefur verið rakið stendur ekki steinn yfir steini í röksemdum sérfræðinganna fyrir niðurstöðu sinni um að hafna erindi okkar eigenda Ljósstaða um að Umhverfisstofnun beiti sér nú strax fyrir því að undirbúningur fyrirhugaðra framkvæmda í Laxárdal verði stoppaður. Ekki er svo til að bæta úr, að texti þeirra er svo illa skrifaður að ég finn þar brenglaða orðaskipan og a.m.k. fimm stafsetningarvillur, sem er í sjálfu sér afrek í ekki lengra bréfi. Þótt lélegur frágangur bréfsins sé ekki meginmálið þá vekur hann engu að síður spurningar um hver afstaða stjórnsýslunnar er til erinda utanaðkomandi aðila sem ekki tilheyra sjálfu stofnana-kerfinu eða sérfræðingastéttum á viðkomandi sviðum.

Að lokum: Ég beini því til þín sem forstjóra Umhverfisstofnunar að stofnunin endurskoði afgreiðslu sína á erindi okkar, og sýni í verki að hún hefur dug í sér til að fylla upp í hlutverkið sem henni er ætlað gagnvart lögunum um verndun Mývatns og Laxár. Það er í húfi, að sættir um verndun svæðisins verði haldnar og ekki verði leikið með dýrmætustu náttúrperlur landsins í stjórnsýsluleikjum um skilgreiningar á hlutverki og verk sviði stofnana ríkisins.

Með bestu kveðjum

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 3. maí 2017

Með bréfi dags. 21. mars síðastliðinn óskaði ég eftir því að þú sem forstjóri Umhverfisstofnunar endurskoðaðir afgreiðslu stofnunarinnar á erindi mínu frá 13. janúar þar sem farið var fram á það við stofnunina að hún gripi í taumana vegna auglýstra fyrirætlana Landsnets um lagningu 220 Kv. háspennulínu þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða. Ósk mín er byggð á ítarlegri greiningu á röksemdum tveggja sérfræðinga stofnunarinnar fyrir höfnuninni sem leiddi í ljós að ekki stendur steinn yfir steini í málflutningi þeirra, sjá br. dags. 21.03.17.

Nú eru liðnar meira en 6 vikur síðan ég sendi erindi mitt og enn hef ég ekkert heyrt frá stofnuninni. Hver dagur sem líður án þess að stofnunin hreyfi sig nýtist Landsneti til að útfæra áróður sinn fyrir framkvæmdunum sem m.a. sést nú með þeim svokölluðu „kynningarfundum“ sem fyrirtækið hefur skipulagt á síðustu dögum og vikum. Við landeigendur stöndum varnarlitlir gagnvart ofurafli Landsnets, og við krefjumst þess að Umhverfisstofnun sem lögskipaður umsjónaraðili verndunar svæðisins standi sína vakt og beiti sér gagnvart fyrirtækinu.

Með óskum um skjót svör.

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 22. maí 2017

Erindi: Endur-ítækun á ósk um endurskoðun á ákvörðun um afskiptaleyfi af fyrirætlunum um lagningu háspennulínu um verndarsvæði Laxár og Mývatns

Í bréfi þann 21. mars síðastliðinn óskaði ég eftir því að þú sem forstjóri Umhverfisstofnunar endurskoðaðir afgreiðslu stofnunarinnar á erindi mínu fyrir hönd eigenda Ljósstaða, dags. 13. janúar, þar sem farið var fram á það við stofnunina að hún gripi í taumana vegna auglýstra fyrirætlana Landsnets um lagningu 220 kV háspennulínu þvert yfir verndarsvæðið í Laxárdal í landi Ljósstaða og Hamars. Ég ítrekaði svo erindið með sérstöku bréfi, dags. 3. maí.

Ákvörðun okkar um að óska eftir endurskoðun á afgreiðslu stofnunarinnar byggir á því að röksemdir sérfræðinga stofnunarinnar fyrir afgreiðslunni standast enga skynsamlega greiningu, eins og útlistað er ítarlega í bréfi okkar 21. mars, og er afgreiðslan því marklaus að okkar mati. Það er von okkar að þú svarir erindi okkar sem allra fyrst.

Með bestu kveðjum

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 29. júní 2017

Erindi: Loka-ítrekun á ósk um endurskoðun á afstöðu Skipulagsstofnunar gagnvart undirbúningi á fyrirætlunum Landsnets um lagningu háspennulína um verndarsvæði Laxár og Mývatns

Með þessu bréfi geri ég lokatilraun til að fá svarað erindi okkar eigenda Ljósstaða í Laxárdal um endurskoðun á þeirri ákvörðun stofnunarinnar að skipta sér ekki af undirbúningi fyrirætlana Landsnets um lagningu háspennulína um verndarsvæði Laxár og Mývatns í landi Ljósstaða. Erindið var kynnt með bréfi til stofnunarinnar þann 21. mars, og síðan ítrekað þann 3. maí og svo aftur 22. maí.

Eins og komið hefur fram í bréfum okkar til stofnunarinnar byggir erindi okkar á því að röksemdir sérfræðinga stofnunarinnar, eins og þær koma fram í bréfi þeirra dags. 1. mars, standast enga skynsamlega greiningu og eru því marklausar að okkar mati. Greining okkar er útlustuð lið fyrir lið í bréfi okkar 21. mars.

Verði erindi okkar ekki svarað innan þriggja vikna héðan í frá sjáum við okkur ekki aðra leið en að leita liðsinnis hjá æðri stjórnvöldum. Það er vonandi að ekki þurfi til þess koma.

Með bestu kveðjum

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar Helgi Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogur

Reykjavík 4. júlí 2017
UST201701-171/A.B.B.
10.05.04

Vegna ítrekunar á ósk um endurskoðun afstöðu

Vísað er til bréfs Hjálmars Ragnarssonar dags. 29. júní sl. þar sem þess er óskað að Umhverfisstofnun beiti sér gagnvart undirbúningi á fyrirætlunum um lagninu háspennulína.

Umhverfisstofnun hefur ekki heimildir til að stöðva hugmyndir eða undirbúning framkvæmda á sveitarstjórnarstigi eða við mat á umhverfisáhrifum. Benda má á að tilgangur mats á umhverfisáhrifum er m.a. að fá fram upplýsingar og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda og skoða mögulega valkosti varðandi útfærslu þeirra.


Umhverfisstofnun er lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum og má nálgast umsagnir á vefsíðu stofnunarinnar. Einnig er unnt að fylgjast með framgangi mála hjá Skipulagsstofnun á vefsíðu þeirrar stofnunar.

Ekki verður séð miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir á þessu stigi að undirbúningur fyrirhugaðra framkvæmda stangist á við lög.



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Agnar Bragason
Teymisstjóri

Hjálmar H. Ragnarsson
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

Forstjóri Umhverfisstofnunar, Kristín Linda Árnadóttir
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi 11. sept. 2017

Mér hefur borist bréf Umhverfisstofnunar, dags. 4. júlí, undirritað af Sigrúnu Ágústsdóttur, sviðsstjóra, og Agnari Bragasyni, teymisstjóra, varðandi erindi mitt fyrir hönd eigenda jarðarinnar Ljósstaða í Laxárdal um að stofnunin endurskoði afstöðu sína, eins og hún kom fram í bréfi stofnunarinnar 21.03.17, gagnvart undirbúningi Landsnets á lagningu háspennulína þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða á verndarsvæði Laxár og Mývatns.

Samkvæmt bréfinu frá 4. júlí hafnar stofnunin erindi mínu enn og aftur, og er þeim rökum beitt að stofnunin hafi ekki heimildir til að stöðva hugmyndir eða undirbúning á sveitarstjórnarstigi eða við mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt er á það bent að stofnunin sé lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum, sem skilja má sem ábendingu um að þar af leiðandi geti hún ekki beitt sér á fyrri stigum undirbúnings.

Það er við þennan rökstuðning að athuga að erindi okkar Ljósstaðaeigenda byggir á ábyrgð Umhverfisstofnunar á að framfylgja lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár þar sem kveðið er skýrt á um að stofnunin hafi umsjón með náttúruvernd svæðisins (5. gr.) og hún beri ábyrgð á gerð sérstakrar verndaráætlunar fyrir svæðin sem falla undir lögin (6. gr.). Við erum þannig að óska eftir að stofnunin framfylgi skyldum sínum í takt við ábyrgðina sem henni er falin með þessum lögum, og þá um leið að hún geri ljóst hvernig hún beitir því valdi sem henni er falin til verndar svæðinu.

Í svörum Umhverfisstofnunar kemur hins vegar ekkert fram sem vísar til laganna um verndun Mývatns og Laxár, og við eigendur jarða á verndarsvæðinu erum engu nær um hvernig stofnunin lítur á hlutverk sitt sem henni er augljóslega falin gagnvart þeim. Það er eins og stofnunin forðist að svara erindi okkar á þeim forsendum sem það er byggt, þ.e. á grunni laganna nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár. Á meðan það hefur ekki verið gert hefur erindi okkar ekki í raun verið svarað. Í þessu ljósi áskiljum við eigendur Ljósstaða okkur rétt til að vísa erindinu til æðra stjórnvalds.

Fyrir hönd eigenda Ljósstaða

Hjálmar H. Ragnarsson

Hjálmar H. Ragnarsson,
Lækjarhjalla 22
200 Kópavogi

EFLA Verkfræðistofa
v.t.: Friðrika Marteinsdóttir
Hofsbót 4a
600 Akureyri

Kópavogi 13. janúar 2017

Erindi: Áform Landsnets um lagningu 220 kv. háspennulínu þvert yfir land Ljósstaða í Laxárdal, S. Þing.

Undirrituðum hefur borist bréf EFLU verkfræðistofu, dags. 19.12.16, með upplýsingum um áform Landsnets um byggingu 220 kv. háspennulínu, Hólasandslínu 3, milli Akureyrar og Hólasands. Undirritaður er talsmaður eigenda jarðarinnar Ljósstaða, sem liggur vestan megin Laxár efst í Laxárdal á milli jarðanna Brettingsstaða og Auðna. Samkvæmt óskýru korti sem fylgir með bréfinu er ætlunin að nýja háspennulínan liggi samhliða Kröflulínu 1, sem liggur þvert yfir Laxárdal í landi Ljósstaða við jaðar Varastaðaskógs og krossar ána rétt sunnan Varastaðahólma. Engar upplýsingar eru í bréfinu um stærð og umfang fyrirhugaðra mannvirkja eða hvernig þau gætu fallið að landslagi á hverjum stað, einungis vísað til þess að um sé að ræða nýbyggingu háspennulínu með 220 kv. afli.

Í bréfinu er vísað til þess að drög að matsáætlun fyrir verkefnið verði kynnt í upphafi matsins og verði þar greint frá því með hvaða hætti Landsnet ætlar að vinna að umhverfismatinu, en niðurstöður þess verði svo kynntar í frummatsskýrslu síðar í ferlinu. Landeigendur eru hvattir til þess að kynna sér drögin jafnframt því að eftir því er óskað að þeir sendi inn athugasemdir og tillögur sem gætu nýst í formlega tillögu fyrirtækisins að matáætlun sem lögð verður fram til Skipulagsstofnunar að kynningartíma loknum. Í bréfinu er bent á að athugasemdir á þessu stigi geti t.d. snúið að mögulegum valkostum eða hvernig Landsnet áformar að vinna að umhverfismatinu. Tillaga að matsáætlun, sem unnin er af EFLU – verkfræðistofu, var birt á vefsíðu Landsnets nú í byrjun janúar, og er þar að finna nánari upplýsingar um verkferlið og um umfang og útfærslu verkefnisins. Í tillögunni kemur fram að settur frestur til að senda inn athugasemdir er til 18. janúar n.k.

Land Ljósstaða heyrir að stærstum hluta til undir verndarsvæði Mývatns og Laxár, sem skilgreint er með sérstökum lögum, lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97 frá 2004, en í 2. gr. laganna segir að ákvæði þeirra taki til „Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin.“ Tilgangur laganna er skv. 1. grein að þau eigi að tryggja „verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.“ Þá er tekið fram í 3. gr.

að óheimilt sé „að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi“ á landsvæði því sem fellur undir lögin skv. 1. gr, og skv. 4. gr. skal forðast „að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar...“ Samkvæmt frumvarpinu er Umhverfisstofnun falin umsjón með náttúruvernd á viðkomandi svæðum og það er á hennar ábyrgð að gerð verði sérstök áætlun um verndun þeirra.*

Fyrirætlun Landsnets um byggingu 220kv. háspennulínu þvert yfir Laxárdal felur í sér byggingu risavaxinna mannvirkja sem yfirgnæfa alla náttúrusýn á svæðinu. Jafnframt skera þau í tvennt verndarsvæðið eins og það er skilgreint í lögum um verndun Laxár og Mývatns.

Miðað við lagningu ofanjarðar má ætla að línurnar verði a.m.k. tvær, og þverbreidd mastranna verði eftir því a.m.k. 20 metrar. Hæð línumastra verði ekki minni en 20 til 30 metrar. Möstrin sjálf verði staðsett jafnt á hæðarbrúnum sem og niður við báða árbakka. Lagning háspennulína neðanjarðar felur í sér að skurður verður grafinn þvert yfir dalinn, 12 – 20 metra breiður, með tilheyrandi eyðileggingu á hraunmyndunum, skógi, öðru gróðurlendi og náttúruminum. Ekki er útskýrt í framlögðum gögnum hvernig línur yrðu lagðar undir straumhart fljótið. Með tilvísun til sambærilegra mannvirkja annars staðar má ætla að meðfram háspennulínunni liggi akvegur með því tilheyrandi jarðraski sem fylgir vegagerð yfir straumfljót, hraun, og gróið land. Umrót á byggingatíma yrði mjög mikið.

Með byggingu mannvirkja af þessu tagi verður ekkert í Laxárdal með þeim hætti sem áður var, eyðileggingin er róttæk og sjónmengunin algjör.

Það er okkur eigendum Ljósstaða fullkomlega ljóst, að fyrirætlanir Landsnets um byggingu háspennulínu yfir Laxárdal fela í sér ásetning um brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns. Sjálfsagt getur fyrirtækið reynt að beita stöðu sinni og áhrifum til að berja í gegn einhvers konar undanþágu frá lögum með tilvísun í mikilvægi línulagningarinnar fyrir öryggi í orkumálum, en það verður ekki gert nema með valdbeitingu sem í raun felur í sér ógildingu laganna um verndun Laxár og Mývatns og þá um leið ómerkingu hvers konar lagasetningar um verndun náttúru landsins. Þannig er ljóst að varðstaða okkar eigenda jarðarinnar Ljósstaða um náttúru Laxárdals er ekki okkar einkamál heldur mál þjóðarinnar allrar. Afstaða okkar eigenda Ljósstaða er þannig skýr: Við ljáum ekki máls á neinum samtölum eða viðræðum sem fela í sér ásetning um brot á lögum landsins og um leið rof á þeirri sátt sem á sínum tíma tókst að ná um umgengni um þetta dýrmæta svæði.

* Í þessu samhengi skal á það minnt, að lögin um verndun Laxár og Mývatns byggja á eldri lögum um verndun svæðanna, lögum um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 36 frá 1974, sem sett voru í kjölfar samings stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands um sættir í harðvítugri deilu landeigenda og Laxárvirkjunar (nú Landsvirkjunar) vegna áforma þeirra síðarnefndu um eyðileggingu svæðanna. Eins og víðfrægt er var þeim áformum hrundið og er Laxárdeilan nú talin marka upphaf nútíma náttúruverndar á Íslandi.

Land Ljósstaða á bökkum Laxár efst í Laxárdal, þangað sem aðeins liggur vegarslóði frá næsta bæ, er einstök perla í þeirri mögnuðu náttúruheild sem Mývatn og Laxárdalur mynda með tengingu einnar fegurstu og frægustu veiðiár sem Íslendingar eiga. Jörðin er afskekkt frá öðrum jörðum í dalnum, og er vart hægt að finna hér á landi friðsælli stað mitt í blómstrandi héraði. Hér leggst allt á eitt: straumpung, glitrandi áin, grónir hraunjaðrar, magnaðar hellamyndanir, iðgrænar mosapembur, blómskrúð í öllum regnbogans litum, kræklóttar uppsprettulindir, og Grundaráin með sínum fögru fossum og ómandi söng.

Gróðurinn vefur sig um allar hraunnibbur og steina, og skógurinn með sínum háreistu silfurbjörkum og fjölbreytta skógargróðri myndar þekjuna frá árbakka upp á hæðarbrún. Fuglar af öllum tegundum eiga hér sinn griðarstað, straumöndin við ána og lóan, spóinn, hrossagaukurinn, jarðrakaninn og allar hinar mófuglstegundirnar á landinu þurru, svo ekki gleymist óðinshaninn á tjörnum. Samspil gróðurs, fuglalífs og jarðmyndana er hér nánast sem fullkomið, og eyðibærinn og ummerkin um gömul tún og jarðvegsframkvæmdir minna á þá merku menningu sem hér ríkti með fyrri kynslóðum.

Við eigendur Ljósstaða lítum á það sem okkar helsta hlutverk að standa vörð um þetta djásn sem jörðin er, og við munum aldrei leyfa skemmdir eða röskun á náttúrheildinni sem hér er svo sérstök. Það skal vera öllum ljóst að við munum beita öllum tiltækum ráðum til að ná þeim tilgangi fram.

Fyrir hönd eigenda Ljósstaða

Hjálmar H. Ragnarsson

Afrit sent forstjóra Umhverfisstofnunar, Kristínu Lindu Árnadóttur

From: Guðjón Ármannsson

Sent: 21.12.2018 19:35:51

To: Skipulagsstofnun

CC: landsnet@landsnet.is

Subject: Frummatsskýrsla. Athugasemdir eigenda Kaupangurs

Ágæti viðtakandi hjá Skipulagsstofnun.

Til LEX hefur leitað Olga Ágústsdóttir eigandi Kaupangurs í Eyjafjarðarsveit. Tilefnið er frummatsskýrsla sem nú liggur fyrir vegna Hólasandslínu 3 frá Akureyri að Hólasandi.

Umbj. minn vill árétta að fyrirhuguð línuleið klífur jörð hennar og leiðir til stórkostlegrar verðrýrnunar. Á fyrri stigum málsins hefur umbj. minn bent á aðrar línuleiðir sem síður valda eignarskerðingum. Eru þau sjónarmið enn ítrekuð.

Verði umrædd línuleið að veruleika mun það eðli málsins samkvæmt hafa gríðarleg áhrif á bótauppgjör. Áskilur umbj. minn sér allan rétt í því sambandi.

Guðjón Ármannsson, hrl.

Supreme Court Attorney / Partner

Borgartún 26 | IS-105 Reykjavík

Beint/Direct + (354) 590 2618 | GSM + (354) 662 2242

Sími/Tel + (354) 590 2600 | Fax +(354) 590 2606

lex@lex.is - Skilmálar / Disclaimer | Persónuverndarstefna

Athugasemdir við frummatsskýrslu Hólasandslínu

Við undirrituð eigum og búum á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit og rekum þar blandað bú með um 70 kúm og 150 kindum auk 15 hrossa. Við okkar búskap nýtum við 4 nágranna jarðir okkar bæði til sláttar og einnig til beitar. Það eru eftirfarandi jarðir Svertingsstaðir 1, Skálpagerði, Ytri-Hóll 1 og Hjarðarhaga en loftlína EY-L fer yfir allar þessar jarðir sem og okkar jörð.

Mun loftlína EY-L því hafa veruleg áhrif á okkar búrekstur og munum við gera grein fyrir því hér að neðan.

Loftlína EY-L mun þvera stóran hluta þeirra túna sem við nytjum á Hjarðarhaga og mun þá gera flest þessara túna mjög óhentug að stærð og lögun, eins og heyskapahættir eru í dag myndum við líklegast þurfa að hætta að heyja þessi tún. Einnig mun línan þvera afgirt hólfi, annars vegar á okkar jörð Svertingsstöðum 2 og hins vegar Ytra-Hóli 1, Skálpagerði og Svertingsstöðum 1. sem við nýtum til beitar fyrir okkar búpening en heildarstærð hólfa er um 57 ha.

Undirstöður mastra: Talað er um að grafnar séu 2 m. djúpar holur undir möstur. Þar sem möstur lenda í túnum Hjarðarhaga ofan heimreiðar upp í Garðsá er land mjög deigt og allt að 6m á fast. Þar eru gamlar svarðargrafir og mikið af djúpum pyttum sem þurfa mikil jarðvegsskipti.

Einnig þar sem línan fer norður hlíðina út að Fiskilæk liggur línuleiðin þvert yfir mestu mýrarnar sem liggja þarna eftir fjallinu.

Slóðagerð: Tún í landi Hjarðarhaga sem lenda undir línulögn EY-L eru milli 12 og 13 ha og gera þarf vegslóða meðfram línunni. Þverar línan túnin horna á milli og færi ca. 0,5 ha undir slóðann sjálfan og túnin yrðu það sein unnin að þau myndu flest fara úr ræktun. Einnig mun vegslóði væntanlega þvera 57ha beutiland á um 1,5km löngum kafla og rýra þannig beutiland sem við nýtum fyrir okkar búrekstur

Umhverfismat: Í kafla um umhverfismat loftlínu EY-L ern ekkert minnst á að línulögnin hafi áhrif á beutiland og ræktað land á fyrrgreindum jörðum. Einnig má benda á að þar sem loftlínan fer yfir Fiskilækinn sem rennur milli Svertingstaða og Brekku fer lína skáhalt yfir mikinn foss sem blasir við frá báðum bæjunum. Verður mikil sjónmengun af því og mun hafa áhrif á hugsanleg áform okkar að bjóða upp á ferðamangistingu. Einnig er hrafninn með laup í gilinu við fossinn.

Aðalskipulagskafli: Í kafla 6.10.2.1.2 er talað um að þegar Loftlína EY-L sé komin upp í hlíðina norðan Þverárgils sé hún á svæði sem skipulagt er sem óbyggt svæði. Það teljum við vera rangt þar sem það lendir innan fjallsgirðinga á öllum bæjum frá Hjarðarhaga að Svertingsstöðum og sé það land skipulagt sem landbúnaðarland.

Snjóflóð: Ofan við bæinn Svertingstaði er gil sem heitir Illagil og falla úr því snjóflóð á hverjum vetri og sum hver nokkuð stór þannig að tjón á girðingum á Svertingsstöðum getur orðið tölvvert. Munu stærstu flóðin ná niður fyrir fyrirhugað línustæði loftlínu EY-L.

Virðingafyllt

Hákon Bjarki Harðarson kt 211180-4639

Þorbjörg Helga Konráðsdóttir kt 090283-5619

Svertingsstöðum 2

Eyjafjarðarsveit

EFNI: Umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu vegna Hólasandslínu 3

SENDANDI: Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit

Fjöregg er svæðisbundið félag um náttúruvernd og því verður í umsögninni eingöngu fjallað um áform Landsnets varðandi línulögnina í grennd við verndarsvæði Mývatns og Laxár, sbr. lög nr. 97/2004. Lögin voru á sínum tíma sáttagjörð – með þeim var bundinn endi á Laxárdeiluna og hætt við framkvæmdir sem hefðu eyðilagt svæðið í núverandi mynd. Lögin eiga meðal annars að vernda líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Verndargildi svæðisins er mjög hátt og flokkast Laxá og Mývatn sem mikilvægt vatnasvæði á heimsvísu. Laxárdalur er einstök náttúruperla og áin ein fegursta og verðmætasta silungsveiðiá landsins. Dalurinn er fallega gróinn og dýrmætt búsvæði fyrir margar fuglategundir. Í þeim hluta dalsins þar sem Landsnet áformar að leggja Hólasandslínu 3, yfir eða undir Laxá, er Kröflulína 1 nánast eina sýnilega mannvirkð á löngum kafla. Laxárdalur er vinsæll áningarstaður fólks sem sækist eftir upplifun í óspilltri náttúru. Þetta á við um göngu- og útivistarfólk af ýmsu tagi en stangveiðimenn hafa hingað til verið þeir gestir sem mestum ábata skila til íbúa á svæðinu og eigenda jarða við Laxá.

Í frummatsskýrslunni eru reifaðar fjórar aðferðir við þverun Laxárdals. Tvær gera ráð fyrir að leggja Hólasandslínu 3 í lofti yfir verndarsvæðið en tvær fjalla um jarðstreng. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að láta Kröflulínu 1 standa – án tillits til þess hver hinna fjögurra valkosta verði ofaná. Ekkert kemur fram um hversu lengi línán skuli standa og er vísað til þess að skipulag raforkukerfis landsins í framtíðinni sé óljóst. Væntanlega er átt við að ekki hefur verið ákveðið hvort raflínur verið lagðar yfir hálendið. Það er mat stjórnar Fjöreggs að nokkur tími muni að líða áður en þessi ákvörðun verður tekin. Jafnframt fari líkur minnkandi á raflínulögnum yfir hálendið sbr. sáttmáli ríkisstjórnarinnar þar sem segir hreint út að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Það er ákvörðun fyrir næstu þrjú ár og vandséð að þrír svokallaðiri „kjölfestuflokkar“ í íslenskum stjórnmálum ikúvendi eftir þannitíma, í áni þess að eitthvað óvant gerist og ný staða skapist í málinu. Þetta þýðir að líklegt er að Landsnet vilji láta Kröflulínu 1 standa svo lengi sem mögulegt er. Línan er 132 kV eins og Sogslínan sem er elst slíkra lína hér á landi. Sogslínan 63 ára en Kröflulínan 40 ára. Í frummatsskýrslunni kemur fram að í útlöndum sé líftími slíkra loftlína allt að 100 ár. Miðað við þetta gæti Kröflulína 1 staðið í einhverja áratugi í viðbót. Stjórn Fjöreggs telur ekki koma til greina að búa svo um hnúta að tvær raflínur, ólíkar að formi og gerð, þveri Laxárdal, jafnvel svo áratugum skipti. Samkvæmt aðalvalkosti Landsnets yrði liðlega kílómetri á milli línanna en samkvæmt hinum kostinum lægju línurnar samhliða með stuttu millibili. Vegna hættu á áflugi fugla og sjónrænna, fagurfræðilegra sjónarmiða er hvorugt ásættanlegt.

Í tillögu að matsáætlun Hólasandslínu 3 frá ágúst 2017 kemur skýrt fram að Landsnet gerir sér grein fyrir neikvæðum sjónrænum áhrifum Hólasandslínu 3 í lofti og neikvæðum áhrifum á landslag. Sérstaklega þar sem gæti samlegðaráhrifa, þ.e. þar sem báðar línurnar sjáist eða liggja samhliða. Í tillögunni segir að aukið svigrúm skapist til að leggja Kröflulínu 1 í jörð eða samnýta möstur fyrir báðar línurnar þegar meira byggist upp af 220 kV kerfinu. Í frummatsskýrslunni er lagt mat á þetta og kemur fram að svigrúmið er talsvert, nokkrir tugir kílómetra, misjafnt eftir því hvernig reiknað er. Ekkert kemur hins vegar fram um hvar

Landsnet hyggst nýta þetta svigrúm og sætir það nokkurri furðu. Af frummatsskýrslunni verður ekki annað ráðið en Landsnet hugsir sér að láta Kröflulínu 1 standa þar sem hún þverar ána skammt sunnan við Varastaðahólma. Aðalvalkostur fyrirtækisins er hins vegar að leggja Hólasandslínu 3 í lofti yfir ána liðlega einum kílómetra sunnar í dalnum. Stjórn Fjöreggs telur að þessi tilhögun myndi spilla ásýnd dalsins verulega. Hann yrði eins og sneiddur í þrjá hluta á þessum viðkvæma stað þar sem á löngum kafla sjást engin önnur mannvirki en háspennulínur. Verði aðalvalkostur Landsnets ofaná ætti skilyrðislaust að færa Kröflulínu 1 og hengja á sömu möstur eins og um er rætt í tillögu að matsáætlun. Samsíða línur í meiri hæð en Kröfulínan 1 er nú ættu að minnka áflugshættu en þess má geta að nýlega fundust hræ bæði af húsönd og álftr undir línunni rétt við Laxá.

Almennur kostur við háspennulínur í lofti, umfram jarðstrengi, er minna jarðrask og meiri afturkræfni. Í frummatsskýrslunni kemur skýrt fram að verði Hólasandslína 3 lögð yfir Laxárdal verði haf milli mastra sitt hvoru megin við dalinn um eða yfir einn kílómetri og ekki verði jarðrask í hlíðum dalsins og alls ekki inni á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Leiðarar yrðu hins vegar sýnilegir og einnig há og mikil möstur en misjafnt væri hve mörg og hve mikið sæist af þeim eftir því hvaðan horft væri.

Tvær leiðir fyrir Hólasandslínu 3 í jörðu eru reifaðar í frummatsskýrslunni. Leiðinni sem nefnd er LA-J fylgir mikið óafturkræft rask á botni og bökkum Laxár og einnig á nútímahrauni og í grónum hlíðum dalsins. Jarðstrengurinn yrði það stuttur að strengendavirki og möstur yrðu áberandi frá göngu- og reiðstígum og frá veiðistöðum í ánni. Stjórn Fjöreggs telur að þessi leið komi ekki til greina og sér ekki þörf á að rökstyðja það nánar.

Leiðin sem nefnd er LA-JU hefur ef vel tekst til ákveðna kosti og umhverfislega séð vinninginn umfram hina möguleikana þrjá, þótt litlu muni, samkvæmt samanburðartöflu í frummatsskýrslu (bls. 361). Laxá og yfirborð hraunsins umhverfis hana yrði ósnert. Talsvert rask yrði í hlíðum dalsins á framkvæmdatíma en Efla telur að ummerki hverfi tiltölulega fljótt. Möstur yrðu færri en fylgja öðrum kostum. Stór kostur yrði að húsundur, gulundur og aðrar fuglategundir gætu flogið með ánni án þess að eiga á hættu að fljúga á háspennulínu. Stóri gallinn við kynningu á þessari leið er óvissa, m.a. vegna skorts á reynslu við slíkar framkvæmdir hérlendis. Mesta óvissan fylgir boruninni en einnig skortir á skipulega greinargerð um umfangs rasks í hlíðum dalsins, slóðalagnir og fleira. Stjórn Fjöreggs beinir því til Skipulagsstofnunar að hlutast til um að Landsnet eyði svo sem kostur er óvissu við LA-JU leiðina áður en lega Hólasandslínu 3 verður endanlega ákveðin. Ef niðurstaða yrði jákvæð og þessi leið valin ætti Kröflulína 1 að feta sama veg undir Laxá.

Stjórn Fjöreggs hefur hér að framan gert grein fyrir helstu sjónarmiðum sínum varðandi áform Landsnets um háspennulínur í Laxárdal. Enginn þeirra kosta sem reifaðir eru í frummatsskýrslu er góður, æskilegt hefði verið að hlífa náttúruperlunni Laxárdal við slíkum mannvirkjum. Sem fyrr segir telur stjórnin að eyða verði eins og kostur er allri óvissu áður en endanleg ákvörðun um línulögnina verður tekin. Það væri í samræmi við anda varúðarreglu um að óheimilt sé að skýla sér á bak við óvissu um afleiðingar framkvæmda. Eins og fram kemur í inngangi er hér undir náttúruperla í mjög háum flokki, varin af nokkrum lagabálkum og alþjóðlegum samningum.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Frummatsskýrsla vegna Hólasandslínu 3, athugasemdir Fuglaverndar

Fuglavernd óskar að koma að athugasemdum vegna Hólasandslínu 3. Fyrsti valkostur að mati félagsins er Laxárlínuleið um Vaðalheiðargöng og Ljósavatnsskarð. Hann hefur minni áhrif á fuglalíf eins og fram kemur í matsskýrslu.

Samkvæmt aðalvalkosti frummatsskýrslu er línunni er ætlað að þvera Laxárdal. Leiðin er sunnan við núverandi línu. Fuglavernd mótmælir þessum hugmyndum um hvar eigi að þvera dalinn og röksemdirnar eru:

1. Svæðið við Varastaðaskóg er óraskað, engir vegir, engir slóðar. Nú er ætlunin að böðlast þar í gegn með raflínu og spilla þeirri náttúrulegu mynd og þeirri friðsemd sem einkennir svæðið.
2. Línan þverar Laxá rétt við fálkaóðal en hreiðurstaðurinn er í árbakkanum, mögulega mun framkvæmdin spilla því varanlega!
3. Með því að taka þennan hlykk á línuna, verður hún lengri en ella og áhrif hennar meiri sem því nemur.
4. Tvær línur yfir Laxá með 1 km millibili munu mögulega auka áflugshættu fyrir fugla, frekar en tvær samsíða línur.

Fuglavernd vill benda á að margar tegundir vatna- og votlendisfugla fljúga upp og niður með Laxá á hverjum degi árið um kring. Umferðin er mest frá vori og fram á haust. Þetta eru ýmsar tegundir anda, einnig gæsir, vaðfuglar, ránfuglar (fálki og smyrill), hettumáfar og kríur. Fuglarnir fylgja farvegi árinna og línan þverar leið þeirra og af henni er stöðug áflugshætta fyrir fuglana. Sumar af þessum tegundum eru á Válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018 og ein þeirra, húsöndin, á allt sitt undir Laxá. Fuglavernd hvetur eindregið til þess að sá kostur að taka línuna í jarðstreng yfir dalinn verði skoðaður af fullri alvöru sem aðalvalkostur. Jafnframt þá líka að taka niður Kröflulínu 1 þar sem hún þverar dalinn og setja í jarðstreng. Slíkar framkvæmdir myndu eyða þeirri ógn sem þessar loftlínur eru Laxárfuglum og munu jafnframt draga úr sjónrænum áhrifum þessara mannvirkja ofaní dalnum. Næsti kostur að mati Fuglaverndar væri að láta línuna fylgja þeirri línu sem þegar er fyrir. Það er mat Fuglaverndar að alls ekki eigi að þvera Laxá með línu við Varastaðaskóg miðjan.

Fuglavernd hvetur til þess að við mat á umhverfisáhrifum verði reynt að slá kvarða á umferð fugla með Laxá og eins að meta áflugshættu af þeirri línu sem þegar er fyrir.

Athugasemdir Fuglaverndar snúast fyrst og fremst að þverun Laxárdals, en Laxá er friðuð með sérlögum. Félagið vill þó líka benda á mikilvægi þess að skerða ekki votlendi og eins að línan frá Laxá að Akureyri liggur rétt við nokkur fálkaóðul.

Stokkseyri 21. des. 2018

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Reykjavík 21. desember 2018

Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands við frummatsskýrslu Landsnets um lagningu Hólasandslínu 3, 220 KV háspennulína frá Hólasandi til Akureyrar – um verndarsvæði Laxár og Mývatns

Forsenda leyfisveitingar fyrir framkvæmdum er að framkvæmdaraðili fái undanþágu frá lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Náttúruverndarsamtökin mótmæla þessum áformum Landsnets enda felur bygging Hólasandslínu 3 í sér brot á lögum nr. 97/2004.

Verði veitt undanþága yrðu löggin að engu höfð og skýrt merki til framkvæmdaraðila um allt land að lög um náttúruvernd séu – þegar til kastana kemur – ekki pappírins virði.

Í 2. mgr. 1. grein laga nr. 97/2004 segir:

Löggin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Þá hafa íslensk stjórnvöld tilnefnt Mývatns- og Laxárvæðið á lista yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt Ramsarsáttmálanum.

Lög nr. 97/2004 eru sérlög. Lagning Hólasandslínu fer gegn markmiði laganna um, að

... að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Mývatn og Laxárdalur mynda náttúrulega heild sem skal tryggð með lögum nr. 97/2004. Lagning háspennulínu yfir Laxárdal myndi rjúfa þá heild.

Í 3. gr. laga nr. 97/2004 segir:

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.


Umhverfisstofnun virðist hafa sagt sig frá lögbundinni skyldu sinni til að vernda Laxár- og Mývatnssvæðisins með því að fallast á aðalskipulag Þingeyjarsveitar sem felur í sér byggingu risamannvirkis um svæði sem friðlýst er með lögum.

Ennfremur telja Náttúruverndarsamtök Íslands að gera verði grein fyrir því hvernig slík risaframkvæmd sem lýst er geti staðist lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Um er að ræða friðlýst svæði með lögum frá Alþingi.

Náttúruverndarsamtök Íslands mómæla harðlega áformum Landsnets um byggnigu Hólasandslínu 3 um friðlýst landsvæði. Samtökin voru stofnuð um það markmið, að *Vinna að bættri lagasetningu í þágu umhverfis- og náttúruverndar*. Umrædd framkvæmd myndi verulega veikja gildi laga um náttúruvernd á Íslandi.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is

Ungir Umhverfissinnar
Pósthússtræti 3-5
101 Reykjavík
umhverfissinnar@gmail.com

Reykjavík, 20. Desember 2018

Athugasemd við umhverfismat Hólasandslínu

Ungir Umhverfissinnar (UU) gera eftirfarandi athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum fyrir Hólasandslínu. Fyllsta samráðs við hagsmunaaðila og umhverfissamtaka var gætt við kynningu málsins með opnum fundum og starfi hagsmunaráðs og er það samstarf mikið fagnaðarefni.

Hólasandslína skal reist meðfram byggðalínu inn Fnjóskadal og inn á fáfarnar heiðar sem eru úr augsýn hins almenna ferðamanns. Þetta svæði er að mestu leyti óraskað, línan mun þvera sumarbústaðaland og vinsæl útivistarsvæði ásamt því að fara yfir mýrar og votlendi á ákveðnum stöðum. Í Fnjóskadal eru náttúruleg birkivaxið skóglendi á náttúruminjaskrá en í skýrslunni segir að línan yrði mjög sýnileg og hefði neikvæð áhrif á ásýnd dalsins. Áhrif á gróður og vistgerðir á svæðinu eru neikvæð á mörgum stöðum. Línan mun einnig þvera Laxárdal sem er víðfrægur fyrir lífbreytileika, laxveiði og fuglalíf og myndu háspennumöstur hafa áhrif á ásýnd dalsins og uppifun útivistarfólks þó að ljóst sé að Landsnet hefur gert sitt besta til að lágmarka sýnileika í dalnum.

Samanburðarvalkostur var kynntur að einhverju leiti en hann fól í sér að reisa línuna meðfram Laxárlínu. Ekki var farið í umfangsmiklar rannsóknir fyrir þann valkost í samanburði við aðalvalkost. Laxárlína liggur um þegar raskað svæði en þar liggur hringvegurinn og önnur mannvirki nú þegar.

Fyrirhuguð Hólasandslína fer yfir mikið óraskað heiðaland, skóglendi og votlendi og þykir okkur full ástæða að skoða aðra valmöguleika í stöðunni betur. Þá þykir UU vert að meta það hvort sé verðmætari framtíðarsýn fyrir svæðið; sýnileiki línunnar frá þjóðvegi og byggð eða friðun náttúruminja, birkiskóga og víðáttumikils heiðalands. Okkar sjónarmið eru þau að ekki skuli raska óröskuðu landi að óþörfu enda er mikilvægt að vernda samfelld víðerni í heimi þar sem þau eru sannarlega á undanhaldi. Ísland býr yfir náttúruminum og óbyggðu, en jafnframt aðgengilegu hálendi á heimsmælikvarða sem er vandfundið fyrirbæri um heim allan.

Við óskum eftir því að allir valkostir séu rannsakaðir jafnt og þannig sé stuðlað að heilsteyptri ákvarðanatöku í skipulagsmálum.

Með vinsemd og virðingu,
F.h. Stjórnar Ungra Umhverfissinna
Erla Guðný Helgadóttir

Athugasemdir við frummatsskýrslu „aðallvalkostLandsnetsIHólasandslínul3“

Athugasemdir

Undirritaður telur að ekki eigi að veita Landsneti leyfi fyrir Hólasandslínu 3 nema fyrirleggi skuldbindandi samningur um að 5 skilyrði verði uppfyllt.

Skilyrði 1-5

- 1) Hólasandslína 3 220kV 550MVA verði lögð í línuleið Kröflulínu 1 og hún verði byggð með jarðstrengsköflum 10 km út frá Akureyri og **5 km yfir Laxárdalinn**.
- 2) Notuð verði **lína af snyrtilegustu gerð** eins og RM1 sem er snyrtileg 220 kV lína af A gerð, sívalt rör með 4 stögum og með einn leiðara á hverjum fasa.
- 3) Kröflulína 1 (núverandi Byggðalína milli Akureyrar og Kröflu) **verði fjarlægð** að verki loknu.
- 4) Laxárlína 1 og Húsavíkurlína 1, **verði rifnar**. Í stað Laxárlínu 1 og Húsavíkurlínu 1 **verði lagðir** 66kV jarðstrengir annars vegar milli Hólasandstengivirkis og Laxár og hins vegar milli Laxár og Húsavíkur auk tengingar til Bakka.
- 5) Kröflulína 5 (milli Hólasandstengivirkis og Kröflu) og Hólasandslína 1 (milli Hólasands og Bakka) **komi ekki** næstu áratugina eða í öllu falli fyrr en sýnt verði fram á þörf fyrir þær, með óyggjandi hætti.

Rök fyrir athugasemdum 1) – 5)

- 1) Að byggja Hólasandslínu 3 í línuleið Kröflulínu 1 **og 5 km jarðstreng** yfir Laxárdalinn.
 - Undirritaður telur að ekki muni vera þörf á fleiri jarðstrengs köflum milli Blöndu og Fljótsdals að undanskildum **Öxnadalnum**. Sérstaklega ef að 132kV byggðalínan verður fjarlægð samhliða, og bygging nýju línanna verði í hennar línuleið, á þessu svæði. **Svo að áhrif þessa 5 km** muni rúmast tæknilega vel innan kerfisins.
 - Spólu- virkis lausnir til útjöfnunar séu einnig í boði.
 - 5 km jarðstrengur yfir Laxárdal í stað línu sem þveraði hringveginn væri útlitslega til stórra bóta fyrir svæðið.
 - Ef laggt væri í línuleið Kröflulínu 1, þá mætti betur nýta gamla línuveginn til verulegra hagsbóta fyrir umhverfið.
 - Jarðstrengur í Laxárdal er tæknilega á góðum stað í kerfinu.
- 2) Að nota **línu af snyrtilegustu gerð** eins og RM1
 - Undirritaður hefur sé þá línu úti í náttúrinni og telur hana tiltölulega snyrtilega, ef svo má segja.
- 3) Að Kröflulína 1 **verði fjarlægð** þegar Hólasandslína 3 220kV verður komin í gagnið **og að hún geti staðið ein, næstu 70 árin**.
 - Öryggiskröfu Landsnets um **N-1** öryggið væri fullnægt sem dæmi fyrir Akureyri. Ef Hólasandslína færi út þá, væri Rangarvallalína 1 til vara. En hana leggur undirritaður til að Landsnet endurbyggi sem 220kV línu 550MVA á sama stað og sú gamla er í dag til Varmahlíðar og síðan til Blönduvirkjunar, sem er áriðandi. En verkið hefur tafist vegna þvermósku Landsnets varðandi það að fá að leggja Blöndulínu 3 á nýjum stað yfir fjöll og dali til Blöndu. Það eru vinnubrögð sem engin rök eru fyrir og ég hef ekki heyrt nokkurn mann mæla þeirri framkvæmd bót hvorki tæknilega né umhverfislega!
 - Byggðalínuhringurinn er nú 132kV og flutningsgetan er 180MW, línan er í dag aðeins 30% lestuð og flutningur eftir henni er um **60MW**.

- Hólaanslína 3 verður **550MVA sem þýðir 300% stækkun**, þreföld stækkun frá því sem nú er.
- Að árleg aukning raforkunotkunar á Norðurlandi er **0,5%**.
- Að stækkun í 220kV með Hólasanslínu 3 er ekki að ósk Landsvirkjunar vegna KárahnjúkaloglálverslálReyðarfirði,Ísjáidþingskjal:!,„**þskj. 1019 – 587.imál.**“ – Tilvitnun ílsvarliðnaðarráðherra,„Viðhönnun Kárahnjúkavirkjunar hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því að virkjunin sjá álverinu fyrir rafmagni og að ekki komi til sérstakra línu framkvæmda í byggðalínukerfinu vegna virkjunarinnar. Þó verður núverandi byggðalína í Fljótsdal tengd við virkjunina.....“.ÍSíðanlhafallLandsnetloglLandsvirkjunl bætt kerfið með tæknilausnum.
- Tilkoma **þeistareykjavirkjunar með 100MW** (og mögulegri stækkun síðar upp á 100MW) styrkir raforkukerfi svæðisins verulega, frá því sem verið hefur.
- Að fjarlægja Kröflulínu 1, **þýðir að ekki þarf að leggja 132kV jarðstrengjasett** 10 km gegnum Akureyri til Rangárvalla. Að hafa þá ekki í kerfinu **myndi styrkja kerfið á Norðurlandi** og gera pláss, kerfislega fyrir 5 km jarðstrenginn yfir Laxárdalinn.
- **Til mótvægis við áhyggjur** Landsnets varðandi viðgerðartíma, mæti skoða með að leggja fjórða jarðstrenginn til vara, samhlið þeim þremur fyrir Hólasandslínu 3.
- **Að losna við tvær samhliða línur** á Norðurlandi **ekki sýst í Fnjóskadalnum** væri útlitslega til stórra bóta fyrir umhverfið.
- **Hrun á Byggðalínukerfinu** (með þessar úreltu 132kV línur að mati Landsnets) hefur ekki átt sér stað á tímabilinu frá 2003. Ég segi úrelltar því það er eins og Landsnet bíði bara eftir að þær falli, viðheldur þeim laklega. Því að skakkar línur hefur mátt sjá árum saman innarlega í Skagafirði, sem dæmi.
- Að ef Hólasandslína 3 220kV 550MVA **stæði ein út allan sinn líftíma í 70 ár** (og Kröflulína 1 rifin eins og hér er lagt til) þá yrði aðeins **10 %** álag á henni í upphafi og um **30%** álag á henni eftir 70 ár **árið 2090**. Jafnvel þó að miðað sé við mestu aukningu almennrar raforkunotkunar í landinu sem er **1,5%**, en er **aðeins 0,5% á Norðurlandi** eins og áður segir.
- **Tvær línur hlið við hlið á sama veðursvæði** er ekki skynsamleg ákvörðun.
- **Tvær línur samhliða** er ekki skynsamleg ákvörðun með tilliti til öryggismála starfsmanna Landsnets. Ein lína eða ein lína og jarðstrengur væri heppilegra í báðum tilfellum.
- **Tvær línur samhliða** er ekki stefna Evrópu þjóða, sem hafa sett sér metnaðarfull markmiðað til ársins 2030 um lagnir jarðstrengja í jörðu. Stefna þeirra sýnir að þær kunna að meta lítt snortna náttúru. Landsnet er sannanlega aftarlega á merinni hvað þetta varðar.

4) Að Laxárlína 1 og Húsavíkurlína 1, **verði rifnar**.

- Línurnar eru gamlar og komið að endurnýjun þeirra.
- Lagningu Laxárlína 1 yrði breytt miðað við, breytt raforkukerfi á svæðinu og hún lögð til Hólasandstengivirkis.
- Laxárlína færir úr landi Akureyrarbæjar og orkuframleiðsla Laxárvirkjunar (20MW) færir inn á kerfið á Hólasandi.
- Ekki þyrfti að leggja jarðstrengi innan Akureyrar fyrir Laxárlínu.

5) Að Kröflulína 5 og Hólasandslína 1 **komi ekki**.

- Landsnet (áður Landsvirkjun) hefur lagt línur í næsta stærðarflokki fyrir ofan þarfir. Öfgafullar línur (stóru Vöffin sem má sjá bæði á Suður og Austurlandi). Sem í dag

áratugum síðar eru reknar á 10 – 30% álagi, af heildar flutningsgetu sinni. Línur sem rýra náttúruna landsinns og hafa kostað almenning í landinu milljarða!

Aðferðafræði sem hentar við byggingu Hólasandslínu 3

Bygging Hólasandslínu 3 og niðurrif Kröflulínu 1 gæti farið þannig fram að kaflar og kaflar í einu væri byggður og hann síðan tengdur gömlu Kröflulínu 1 við lok hvers vek kafla. Þegar búið væri að leggja nýju línuna að fullu, leggja jarðstrengi og byggja tengivirkin í báða enda. Þá yrðu allar leifar Kröflulínu 1 fjarlægðar. Ég fullyrði að þessi vinnuáferð væri til mikils hagræðis við byggingu Hólasandslínunnar.

Um það að krækja Hólasandslínu 3 suður fyrir Laxárdalinn, lengri leið yfir á annað viðkvæmt og friðað landsvæði við Mývatn, í stað þess leggja jarðstreng yfir Laxárdalinn vil ég segja: Ég trúi því ekki að Landsnet sé það **illa statt tækni- og peningalega** að fyrirtækið geti ekki leyst það verkefni!

Sjónræn áhrif tveggja lína og tengivirkis mat undirritaðs

Nýtt manvirki á Hólasandi og tvær stórar samsíða línur á Norðurlandi næstu 30 - 70 árin, sem lægju yfir heiðar, fjöll og fegurstu dali landsinns, Fnjóskadal, Bárðardal, Svartárdal og Laxárdal er algjör svívirða!

Áherslu atriði sem undirritaður leggur til að skoðuð séu nánar

- **Að hreinsa til** með því að fjarlægja gamlar eða óþarfar línur, skiptir máli varðandi góðan rekstur línukerfisins.
- **Að hreinsa til** varðar orðspor Landsnets, það að vera í **raun** umhugað um umhverfið. En það er orðspor skortir Landsnet.
- **Að hreinsa til** er fyrir þjóðarbúið, sem selur fegurð Íslands til ferðamanna sem jafnframt er stærsta tekjulind þjóðarinnar.
- **Að hreinsa til** er fyrir landsmenn til að njóta heima landsinns sem best.
- **Að hreinsa til, ganga vel um viðheldur virðingu og ást almennings á landinu!**

Um raforkukerfið mismunandi spennuhæð (frá undirrituðum)

Að tvöfaldar 132 kV línur og jarðstrengir tilheyri smærri virkjunum og stærri byggðakjörnum (Nesjavellir, Þeystareykir, Reykjanes Helguvík og Bakki).

Að tvöföld 132 kV lína (jarðstrengur) - tvöfaldir 132kV jarðstrengir – ein 220 kV lína, tilheyri Byggðalínu (Byggðalína er hringtenging).

Að tvöfaldar 220kV línur tilheyri álverum.

Að tvöfaldar 440 kV línur tilheyri Sæstrengs tengingu.

Að jafnstraums jarðstrengur tilheyri hálendistengingu (og mögulega til öflugri tengingar til Austurlands vegna sæstrengs tengingu þar)!

Að á landsbyggðinni skuli Byggðalína, aldrei vera tvær samhliða háspennulínur, sem standa eigi til framtíðar, nema önnur þeirra sé lögð í jörðu. Stækka má línu við endurnýjun sökum aldurs, ef sýnt er fram á með óyggjandi hætti/rökum, hver þörf hennar sé. Þá má setja 220kV línu með jarðstrengslögnum á viðkvæmum landsvæðunum, út frá náttúru fari viðkomandi landshluta!

Yfir hálendið skuli aldrei vera lína!

Í huga undirritaðs varðandi styrkingu raforkukerfisins á Norðurlandi, hefur aldrei annað komið til greina **en tveir eftirfarandi valkostir**

A) Nýr 132kV jarðstrengur 170MW, sem sagt tvö földun Byggðalínunnar, sem lagður væri annaðhvort til Kröflu eða Hólasands.

B) Bygging nýrrar 220kV línu 550MVA annaðhvort til **Kröflu eða Hólasands** og að gamla línan yrði síðan fjarlægð að verki loknu.

Nokkrar spurningar til Landsnets:

1. Hefði röðin: Kröflulína 1 132kV 180MW árið 1980 – Hólasandslína 3 132kV 170MW (jarðstrengur) – Hólasandslína X 220kV 550MVA árið 2045, ekki verið ásættanleg þróun háspennukerfisins, nú þegar styrkja þarf Byggðalínuna.
2. Ef svarið við spurningu 1. er nei. Hver er þá ástæða þess?
3. Verður Hólasandslína 3 af sömu gerð og RM1, sem er snyrtileg 220 kV lína af A gerð, sívalt rör með 4 stögum, með einum leiðara á hverjum fasa.

Svar við þessum þremur spurningum óskast sent undirrituðum í tölvupósti: ornthorv@gmail.com

Í lokin

Kosturinn við: að byggja 220kV línu núna (með jarðstrengs köflum á völdum svæðum) í gömlu línuleið byggðalínunnar og gamla línan yrði síðan rifin í verklok. Er **að ekki þarf að byggja/(fjölga línunum árið 2045** þegar gamla línan Kröflulína 1 verður orðin ónýt. Þar sem að ný Hólasandslína 3 mun duga (flutningslega) sem flutningslína svæðisins út sinn líftíma eða til ársins 2090.

Ókostur verður aftur á móti: að tvær háspennulínur verða þessa leið (ef að Landsnet kemst upp með að láta Kröflulínu 1 standa áfram) milli Akureyrar og Kröflu til ársins 2045 og ein lína áfram (tvær línur ef Landsnet fer sínu fram þá eins og mögulega nú) til ársins 2090. Þetta hefði ekki orðið ef 132kV lína (jarðstrengur) hefði verið notaður nú!

Athugasemdir við frummatsskýrslu „aðallvalkostLandsnetsHólasandslínul3“, lverðurlsendur Skipulagsstofnun: skipulag@skipulag.is

Undirritaður Örn Þorvaldsson, er rafiðnaðarmaður og fyrrverandi starfsmaður Landsvirkjunar og Landsnets.

P.S. Undirritaður vill benda Skipulagsstofnun á, að ákvörðun um línu tilhögun skiptir miklu máli fyrir þjóðina og allt útlit Norðurlands í framtíðinni, frá Blöndu til Fljótsdals! Þar sem að undirritaður telur að Landsnet hafi ekki sýnt fram á með óbyggjandi hætti að Kröflulína 1 verði að standa áfram, kerfisins vegna. Þá vill hann benda stofnunni á að fá erlenda aðila til að skoða málið nánar. Slíkir aðilar eru með tölvur og tæki, og eru að öllum líkindum færari um að finna út úr þessum málum en innlendir aðilar. Sem háðir eru Landsneti með vinnu og gætu því annaðhvort verið hlutlausir eða vilhallir Landsneti í dómum sínum um málið.

From: Kristinn Ingi Pétursson

Sent: 16.11.2018 10:15:41

To: Skipulagsstofnun

Subject: Athugasemd við frummatsskýrslu Hólasandslínu 3.

Laugum 16. nóvember 2018.

Ég landeigandi Stafn II óska eftir nánari lýsingu á námstæði N16 á mynd eða Korti nr.9 í skjalinu Loftmyndakort Reykajdalur.pdf sem var í tölvupósti í gær frá Friðriku Marteinsdóttur.

Innan þessa hugsanlega námstæðis eru sögulegar minjar, það er, varða reist af landmælingadeild herforingjaráðs Dana og hefur sögulegt gildi. Legg ég til að námstæðið verðir fært sunnar og vörðunni hlíft.

Nánari upplýsingar um sögu þessara varða hér: <https://www.lmi.is/landupplýsingar/soguleggogn/>

Varðan sjálf er í landi Fellshlíðar, og hugsanleg náma N16 lendir líklega bæði á landi Fellshlíðar og Stafn II. Ég er ekki mótfallinn námu í landinu mínu, Stafni 2, og vil frekar að öll náman verði sunnan á þessum mel, alfarið í mínu landi Stafni 2 þannig að varðan standi áfram.

Fyrir mitt leiti er ég jákvæður í garð lagningu línunnar þar sem við landeigendur í heiðinni vonumst til þess að fá með þessu keyranlegan slóða þar sem annars hefur verið erfitt að fara yfir.


Meðfylgjandi er mynd af herforingjavörðunni.

Kveðja,

Kristinn Ingi Pétursson.

Kt. 260279-4249





HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMI
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMI
 Vegir: IS50V frá LMI

SKÝRINGAR:

- | | | | |
|----------------------------------|--------------------|----------------------|-----------------|
| HS3 loftlína (aðalvalkostur) | Vegir | Eldri slóð burðarhæf | Valkostur LA-LN |
| HS3 mörstur | Sveitarfélagamörk | Eldri slóð styrking | Valkostur LA-JU |
| HS3 jarðstrengur (aðalvalkostur) | Námur til skoðunar | Ný slóð | |
| Núverandi loftlinur | Akstursleið | | |

ÞAKSÆTUNG
 22.06.2018
 GERIT
 ÖS
 MALKV.
 1:20.000
 BLAÐSTAFUR
 A3

LANDSNET




HÓLASANDSLÍNA 3
 LOFTMYNDAKORT
 REYKJADALUR

KORT NÚM
 9

**Viðauki 11 – Viðbrögð Landsnets við umsögnum og athugasemdum við
frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3**




Viðbrögð Landsnets við umsögnum og athugasemdum við frummatsskýrslu fyrir Hólasandslínu 3.

Nr.	Athugasemd	Svar Landsnets
1	Akureyrarkaupstaður	
1.1	<p><i>Skipulagsráð samþykkir fyrirbyggjandi umsögn um frummatsskýrslu þar sem ítrekað er að aðalvalkostur norðan Kjarnaskógar verði fyrir valinu og felur sviðsstjóra skipulagssviðs að senda hana til Skipulagsstofnunar.</i></p> <p>Eftirfarandi eru athugasemdir/ábendingar skipulagsráðs</p> <p>1. Lega jarðstrengs við Kjarnaskóg að Eyjafjarðarbraut:</p> <p>Að mati skipulagsráðs kemur varla til greina að leggja jarðstreng í gegnum Kjarnaskóg sunnan og vestan við Kjarnalund og síðan suður fyrir flugbraut (aukavalkostur) vegna neikvæðra áhrifa á skóglendi á svæðinu. Aðalvalkostur frummatssins er talin mun hentugri að flestu leiti.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
1.2	<p>Til viðbótar við þennan kost vill skipulagsráð benda á einn kost í viðbót sem er að fylgja núverandi og fyrrverandi Kjarnavegi. Frá gatnamótum Kjarnavegar og heimreiðarinnar að Hömrum yrði farið austan Kjarnavegarins til suðurs og þeim vegi fylgt suður yfir Brunná og niður gamla slóðann sem var fyrsta heimreiðin upp í Kjarna. Hann liggur niður að Eyjafjarðarbraut sem yrði þveruð sunnan gatnamótanna þar sem farið er upp í Kjarna frá Eyjafjarðarbraut. Hér er mynd sem sýnir gróflega þessa leið.</p>	<p>Landsnet hefur skoðað lauslega þá strengleið sem hér er lögð til og má e.t.v. líta á sem hliðrun á valkosti EY-JK, um 160 m þar sem mest er. Þess ber þó að gæta að sú skoðun fór fram í desember þegar snjór lá yfir skógarbotninum. Hér í svarinu verður vísað til þessarar leiðar sem EY-JKb. Strengleið EY-JKb er lengsta leiðin af þeim kostum sem skoðaðir hafa verið við Kjarnaskóg. Milli þeirra staða þar sem leiðir kostanna skilja er:</p> <p>Aðalvalkostur = 1.620 m EY-JK = 1.460 m EY-JKb = 1.640 m</p> <p>Fyrstu 500 metrana liggur leið EY-JKb í sama strengstæði og EY-JK, þ.e. í graslendi meðfram Kjarnavegi. Slíkt land hentar vel til strenglagningar. Þegar komið er að og framhjá gróðrarstöðinni þrengist að vegsvæðinu þar</p>

	 <p>Með þessum kosti væri verið að fylgja núverandi vegi að mestu leyti og þar með lágmarka áhrif á náttúru- og umhverfi, ekki þarf að raska mögulegum fornleifum auk þess sem minni líkur er að jarðstrengurinn feli í sér takmarkanir á framtíðar uppbyggingu á svæðinu.</p>	<p>sem skógur liggur víða nánast að vegi. Þar yrði ekki komist hjá því að fella tré gróflaga áætlað á 8 – 15 m breiðu belti, en almennt þarf um 17 m belti (að vinnuslóð meðtaldri) að vera skóglaut fyrir bæði strengsettin. Ekki hefur verið útfært með skipulagsyfirlöðum í sveitarfélaginu hvort bæði strengsettin yrðu norðan/austan Kjarnavegar eða hvort sett sínu megin. Ljóst er að við leiksvæðið sunnan gróðrarstöðvarinnar er mjög lítið pláss til strenglagnar vestan vegar án tilfæringa á leiksvæðinu. Þegar komið er niður á gamla slóðann er einsýnt að nýta slóðann sem vinnuveg og leggja strengsettin beggja vegna slóðar. Það minnkar skógarask en engu að síður er að líkindum nauðsynlegt að hafa um 7 m breitt skóglaut belti hvoru megin stígs.</p> <p>Þó leið EY-JKb sé lengri en EY-JK er leið um skóg styttri, auk þess sem minna er af trjám í strengstæðinu vegna vegar og stígs. Lauslega má áætla að þörf sé á að fjarlægja tré af upp undir helmingi minna svæði skv. valkosti EY-JKb en EY-JK eða um 0,7 ha svæði í stað 1,3 ha.</p> <p>Mestu munar þó um að ekki kemur til rask á farvegi Brunnár og bakkaagróðri hennar, sem fórst fyrir að fjalla um í frummatsskýrslu. Í matsskýrslu, kafla 6.1 hefur verið bætt við umfjöllun um rask á farvegi Brunnar samhliða valkosti EY-JK.</p> <p>Landsnet tekur undir með Akureyrarkaupstað að lega EY-JKb hefur ýmsa kosti fram yfir kost EY-JK, en telur framlagðan aðalvalkost enn besta kostinn að því gefnu að fornleifakönnun á rúst Aku1 leiði ekki þess að breyta þurfi út af leið aðalvalkostar. Þá kæmi EY-JKb sterklega til greina.</p>
1.3	2. Strengbrú yfir Glerárgil Skipulagsráð vill benda á að skoða þyrfti möguleikan á að nýta framkvæmd við brúun Glerárgils til annarra nota t.d. gera ráð fyrir stíg, öðrum lögnum o.s.frv.	Landsnet lýsir sig reiðubúið til að skoða allar tillögur sem berast formlega varðandi samlegðarmöguleika í brúun Glerárgils, en minnir á að það kunna að vera takmarkanir á samlegð m.a. þar sem tryggja þarf lágmarksfjarlægðir frá strengsettunum gagnvart hugsanlegri annarri notkun. Þetta gæti leitt til þess að umfang brúarmannvirkja yrði meira en ella. Ef til kæmi einhverskonar samlegð yrði að koma til kostnaðarhlutdeild allra hlutaðeigandi.
1.4	3. Þverun Eyjafjarðarár	Í matsferlinu fundaði Landsnet með fulltrúum á framkvæmdasviði Akureyrar og vann í kjölfarið frumskoðun á möguleikum á samnýtingu

	<p>Skipulagsráð óskar eftir að leitað verði samtals/samráðs við bæjaryfirvöld, Eyjafjarðarsveit, Isavía og vegagerðina vegna þverunar Eyjafjarðarar til að skoða möguleg samlegðaráhrif strenglagningar, rekstur flugvallarins og uppbyggingar göngu- og reiðleiðar á svæðinu.</p>	<p>reiðleiðar og strenglagningar yfir vestur kvísl Eyjafjarðarar. Niðurstaða þeirrar athugunar var að til þess að bera sex leiðara Hólasandslínu 3, þyrfti brú yfir árkvíslina að vera talsvert umfangsmeiri en ef brúin væri eingöngu göngu- og reiðbrú.</p> <p>Samkvæmt aðalskipulagi Akureyrar og þeim hugmyndum sem unnið hefur verið að varðandi nýja brú, þá er staðsetning hennar í beinu framhaldi af núverandi vegi, þ.e. nokkru norðar og nær flugbrautinni en strengleið Hólasandslínu 3. En strengleiðin var einmitt færð sunnar að ósk ISAVIA vegna mögulegra segulviðsáhrifa frá strengnum á aðflugsbúnað flugvallarins.</p> <p>Berist formleg beiðni mun Landsnet ekki útiloka mögulega samlegð við notkun brúar yfir vesturkvísl Eyjafjarðarar en til þess að hún komi til greina liggur í hlutarins eðli að leiðarval þyrfti að vera hið sama. Þá væri það forsenda þessarar lausnar að ISAVIA endurskoði áhættumat varðandi fjarlægð rafstrengsins frá staðsetningarbúnaði.</p> <p>Landsnet minnir á að það kunna að vera takmarkanir á samlegð, m.a. þar sem tryggja þarf lágmarksfjarlægðir frá strengsettunum gagnvart hugsanlegri annarri notkun. Þá þyrfti bygging brúarinnar að vera tímalega í takt við lagningu strengjanna, svo ekki komi til tafa á raflínuverkinu. Ef til kæmi einhverskonar samlegð yrði að koma til kostnaðarhlutdeild allra hlutaðeigandi.</p>
1.5	<p>4. Kröflulína 1 Að mati skipulagsráðs ætti að skoða möguleikann á að Kröflulína 1 verði sett í jörð samhliða Hólasandslínu 1 þar sem loftlína er í dag ógn við flugöryggi í firðinum.</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 2.7 í frummatsskýrslu þarf framtíð núverandi 132 kV flutningskerfis (byggðalínunnar) og þar með Kröflulínu 1, að skoðast í ljósi uppbyggingar 220 kV kerfisins. Bætt hefur verið við umfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 í matsskýrslu. Þess má geta að frá því línan var reist hefur flugbraut Akureyrarflugvallar verið lengd í átt að línuþveruninni, án þess að þá hafi þótt ástæða til að óska eftir breytingum á legu línunnar. Lagning ákveðinna kafla byggðalínunnar í jörð, áður en líftíma viðkomandi línu er lokið, verður að gerast að frumkvæði og með kostnaðarþátttöku viðkomandi hagsmunaðila. Formleg beiðni frá rekstraraðila Akureyrarflugvallar hefur ekki borist</p>

		Landsneti og málið er ekki hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3. Nánar er fjallað um flugöryggi í kafla 6.11.
1.6	<p>5. Umfjöllun um á bls. 133</p> <p><i>“Í skýrslu sérfræðings [7] kemur fram að við sumarbústaðahverfið við Kjarnaskóg fari strengleiddin um sjálfsáð birkikjarr sem kann að njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt kortlagningu Skógræktarinnar er eingöngu ræktað skóglendi í grennd við umrætt svæði. Á milli Akureyrar og Kjarnaskógar liggur aðalvalkostur á nokkrum stöðum um ræktað skóglendi en hann fer hvergi um náttúrulegt birki í Eyjafirði [16]. Að teknu tilliti til ofanritaðs flokkast svæðið sem miðlungs mikilvægt búsvæði plantna.”</i></p> <p>Fyrir norðan sumarbústaðina er sjálfsáð birkikjarr, en ekkert af því er eldra en 30 - 40 ára og því hæpið að gera ráð fyrir að það njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar sem kemur fram að “ b. [sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré]. 1) “ skuli njóta sérstakrar verndar.</p>	Landsnet tekur undir álit Akureyrarkaupstaðar. Í kafla 6.1.2.1.1. kemur fram að umrætt birki er ekki talið njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem svæðið er ekki skilgreint sem náttúrulegt birki í kortaþekju Skógræktarinnar.
1.7	<p>6. Umfjöllun á bls. 163</p> <p><i>Jarðstrengskosturinn EY-JK raskar sambærilegu flatarmáli gróins lands og aðalvalkostur (tafla 6.3). Báðir kostir liggja að mestu á eða við raskað land. Valkosturinn raskar þó talsvert meira af skóglendi. Þar sem áhrifasvæði jarðstrengs er nokkuð breitt og fella þarf tré innan þess er erfitt að endurheimta staðargróður á skógræktarsvæðum. Hins vegar raskar valkosturinn talsvert minna af votlendi sem nýtur verndar en aðalvalkostur. Af þeim sökum er valkostur um Kjarnaskóg talinn hafa heldur minni áhrif á gróður en aðalvalkostur norðan Kjarnaskógar. Áhrifin verða þó líklega meiri á ásynð (sjá kafla 6.5).</i></p> <p>Skipulagsráð telur að þetta mat byggist á ófullkomnum gögnum um gróðurlendi og votlendi á þessu svæði í Kjarnaskógi.</p>	<p>Útreikningar á raski valkostanna á vistlendi og vistgerðum með mjög hátt verndargildi byggja á vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Rasks jarðstrengs aðalvalkostar innan Eyjafjarðarsvæðis umfram EY-JK er fyrst og fremst á vernduðu votlendi austan Eyjafjarðarbrautar vestri meðfram flugbraut (sjá mynd neðst í svari). Þess ber þó að gæta að þetta votlendissvæði er raskað fyrir.</p> <p>Svo virðist einnig sem ákveðin skekkja eða ónákvæmni geti verið til staðar í gögnum NÍ. Engu að síður ættu gögnin að gefa hugmynd um samsetningu vistlenda. Landsnet bendir einnig á að gróðursérfræðingur var fenginn til að kanna gróðurfar á svæðinu og kortleggja votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Mat á raski</p>

		<p>verndaðs votlendis er því talið byggja á áreiðanlegum gögnum.</p>  <p>Sérstaklega kortlögð svæði</p> <ul style="list-style-type: none">  Votlendi ≥ 2 ha  Ræktað skóglendi
1.8	<p>7. Umfjöllun á bls. 169 <i>Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg í Eyjafirði er talinn hafa talsvert neikvæð áhrif á gróður. Valkosturinn er talinn hafa heldur minni áhrif á gróður en aðalvalkostur á sambærilegum kafla.</i></p> <p>Að mati skipulagsráðs er þetta mat ekki rétt þar sem frekar er talið að þessi leið muni hafi meiri neikvæð áhrif á gróður, sérstaklega skóglendi, en aðalvalkosturinn.</p>	<p>Niðurstaða Landsnets byggði á því að valkostur EY-JK um Kjarnaskóg raskar meira af votlendi sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd, sjá nánar í svari við lið 1.7.</p> <p>Vegna ábendinga Akureyrarbæjar um áhrif jarðstrengskostar EY-JK á bakkagróður Brunnár eru áhrif valkostarins og aðalvalkostar á gróður nú metin sambærileg, sjá kafla 6.1.5.2 í matsskýrslu og nánar í svari við lið 1.10.</p>
1.9	<p>8. Umfjöllun á bls. 197 <i>Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg í Eyjafirði hefur engin áhrif á vatnalíf</i></p> <p>Þetta mat byggir á röngum forsendum þar sem landið er blautt að hluta og mun framkvæmd því fela í sér röskun á mýrlandi og meiri áhrif á losun CO₂</p>	<p>Umhverfispátturinn vatnalíf nær eingöngu til straum- og stöðuvatna sem geyma laxfiska, þ.e. ekki til votlendis.</p> <p>Landsnet bendir einnig á að þau votlendi sem fara þarf um á línuleiðinni verða ekki framræst. Við þveranir verður tryggt óhindrað rennsli um þau. Landsnet mun jafnframt kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt</p>

		votlendi og tapast við framkvæmdir. Framkvæmdin er því ekki talin hafa í för með sér aukna losun gróðurhúsalofttegunda úr votlendi.
1.10	<p>9. Umfjöllun á bls. 209 <i>EY-JK: Jarðstrengur um Kjarnaskóg hefur ekki bein áhrif á jarðmyndanir og eru áhrif þess kostar á jarðmyndanir sambærileg við aðalvalkost.</i></p> <p>Allur sá hluti leiðarinnar sem er teiknaður meðfram og í farvegi Brunnár kostar mikið óafturkræft rask á náttúrulegu landslagi vatnsfarvegarins. Hæðar og hallamunur á því 12-20 m breiða svæði sem gert er ráð fyrir í verklýsingu er verulegur alla brunnarleiðina og krefst mikillar tilfærslu efnis á þeim kafla.</p>	<p>Landsnet þakkar ábendinguna og tekur undir það að umfjöllun um rask á farvegi Brunnár vantar í frummatsskýrsluna.</p> <p>Umfjöllun um rask á farvegi Brunnár hefur verið bætt í matsskýrslu í kafla 6.1.3.1.2 um gróður (bakkagróður) og lítilsháttar í umfjöllun um áhrif á landslag og ásynd (kafla 6.5.3.1.2). Landsnet metur það sem svo að áhrifin á farveg Brunnár flokkist ekki sem áhrif á jarðmyndanir.</p> <p>Viðbætur um áhrif jarðstrengskostar EY-JK á bakka Brunnár hefur gert það að verkum að áhrif valkostarins og aðalvalkostar á gróður eru nú metin sambærileg (sjá kafla 6.1.5.2 og 7.1.2 í matsskýrslu).</p>
1.11	<p>10. Umfjöllun á bls. 247 <i>Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg (EY-JK): Það rask sem valkosturinn veldur er af svipaðri stærðargráðu og rask vegna aðalvalkosts. Áhrif á ásynd verða heldur meiri þar sem valkosturinn raskar meira af skóglendi. Áhrifasvæði jarðstrengs er fremur breitt og því þarf að fella tré innan skóglendis. Heildareinkunn umfangs áhrifa á landslag og ásynd er þó sú sama og fyrir aðalvalkost þ.e. nokkuð lítið fyrir umfang áhrifa á landslag og ásynd</i></p> <p>Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209</p>	<p>Í kafla 6.5.3.1.2 hefur verið bætt við að röskun valkostar EY-JK á farvegi Brunnár hafi neikvæð áhrif á landslag og ásynd. Heildareinkunn umfangs áhrifa á landslag og ásynd er þó áfram talin sú sama og fyrir aðalvalkost.</p>
1.12	<p>11. Umfjöllun á bls. 265 <i>Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg er talinn hafa aðeins meiri áhrif á landslag og ásynd en aðalvalkostur en lokamat er samt sem áður það sama, nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásynd í Eyjafirði.</i></p> <p>Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209</p>	<p>Sjá svar við lið 1.11.</p>
1.13	<p>12. Umfjöllun á bls. 283 <i>Jarðstrengskostur EY-JK um Kjarnaskóg er talinn hafa sambærileg áhrif og aðalvalkostur á Akureyri. Áhrifin verða einkum bundin við framkvæmdatíma. Sérfræðingur [72] lýsir áhrifum valkostarins þannig: Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á komur á svæðið í framtíðinni Erlendir</i></p>	<p>Landsnet metur það sem svo að áhrif valkostar EY-JK á ferðaþjónustu séu heldur neikvæðari en af aðalvalkosti og áhrif á farveg Brunnár styðja það frekar. Áhrifin í heild eru þó áfram talin sambærileg enda ekki um mikla útvíst að ræða inni í þéttum skóginum þar sem strengleiðin liggur með farvegi Brunnár.</p>

	<p>ferðamenn við Goðafoss Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á tíðni heimsókna íbúa á svæði/staði í nágrenni hennar MYND 6.81 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á komur erlendra ferðamanna við Goðafoss og íbúa á svæðið í framtíðinni. Um 6% erlendra ferðamanna tóku ekki afstöðu, þ.e. merktu við „veit ekki“. 284 „Ekki verður séð að valkostur EY-JK hafi umtalsverð áhrif á útivist og ferðaþjónustu. Ef eitthvað er verða áhrifin þó heldur neikvæðari en af aðalvalkosti þar sem það mun líklega taka lengri tíma fyrir skóglendið sem farið er um í Kjarnaskógi að jafna sig eftir framkvæmdirnar.</p> <p>Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209</p> <p>Báðar leiðir munu hafa rask og ónæði í för með sér á framkvæmdatíma fyrir útivistarfólk, orlofsbyggðina við Kjarnalund o.fl.“</p>	
1.14	<p>13. Umfjöllun á bls. 290 EY-JK: Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg í Eyjafirði er talinn hafa óverulega eða nokkuð neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Valkosturinn er talinn hafa nokkuð sambærileg áhrif og aðalvalkostur.</p> <p>Sjá umsögn um umfjöllun á bls. 209</p>	<p>Tilvísuð efnisgrein í kafla 6.6.5.2 hefur verið endurskoðuð matsskýrslu þannig að: „Valkosturinn er talinn hafa heldur meiri áhrif en aðalvalkostur“.</p>
2	Eyjafjarðarsveit	
2.1	<p>I. Nýting gamalla vega Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar lýsir ánægju sinni yfir því að gömlu vegirnir skulu nýttir að mestu þegar farið er um Óshólma. Þannig verður öllu raski á svæðinu haldið í lágmarki og má telja að það hafi mun minni áhrif á svæðinu heldur en dregið er fram í skýrslunni þar sem lítið er farið um ósnortið landsvæði.</p>	<p>Ekki er talin þörf á viðbrögðum en benda má á að fjallað er um slóðagerð við þverun Eyjafjarðar í lið 15.3 að neðan.</p>
2.2	<p>Í Bíldsárskarði verður einnig farið um núverandi vegslóða sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fagnar. Leggur sveitarfélagið áherslu á að við framkvæmdina verði þessu fylgt eftir og ef þörf er á að þá sé þessi vegur styrktur eða endurbyggður fyrir framkvæmdina í stað þess að byggja upp nýjan slóða með tilheyrandi jarðraski.</p>	<p>Í Bíldsárskarði áformar Landsnet að nýta núverandi slóð og styrkja eftir þörfum. Gert er ráð fyrir að nýslóðagerð þar takmarkist við hliðarslóðir að möstrum.</p>

2.3	<p>II. Frágangur</p> <p>Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar leggur áherslu á að vandað verði til við allan frágang gagnvart umhverfi, útivist og minjum svo sómi verði af. Sveitarfélagið fagnar því sem komið hefur fram á fundum að hægt sé að nýta vegi til almennrar útiveru að framkvæmd lokinni.</p>	<p>Um frágang svæða er fjallað í svari við lið 10.2.</p> <p>Hvað varðar nýtingu slóða til almennrar útiveru að framkvæmdum loknum vill Landsnet benda á að fyrirtækið þarf að hafa aðgengi að slóðum til viðhalds línunni á rekstartíma en að öðru leyti eru ákvarðanir um aðgengi að slóðum teknar í samráði við viðkomandi landeigenda.</p>
2.4	<p>III. Mastursgerð</p> <p>Í frummatsskýrslu er lagt til að mastursgerð skuli vera stagað stálröramastur (mynd 4.4 í skýrslu) og leggur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar áherslu á að það standist þegar á framkvæmdarstig er komið. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur kynnt sér röramöstur sem reist hafa verið í Kröflu- og Bakkalínnum og telur að slík möstur séu hagfelldari með tilliti til sjónrænna áhrifa en grindarmöstur af sömu stærð. Því til stuðnings vísar sveitarstjórn í viðmið um sjónræn áhrif mastra í skýrslu norsku orkustofnunarinnar NVE frá 2009 (Widenoja, Skaug, Aastorp 2009). Í drögum að matsáætlun sem kynnt voru í janúar 2017 kom fram að til greina kæmi að nota grindarmöstur í framkvæmdinni og fagnar sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar því að fallið hafi verið frá því í frummatsskýrslu. Notkun stálgrindarmastra í framkvæmdinni myndi hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif umfram það sem kemur fram í skýrslunni og þar með væru forsendur matsniðurstöðu á sjónrænum áhrifum brostnar.</p>	<p>Aðalvalkostur Landsnets miðast við að loftlínuhluti Hólasandslínu 3 verði borinn uppi af stöguðum stálröramöstrum. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði þar á.</p>
2.5	<p>IV. Aðalvalkostur</p> <p>Sveitarstjórn fagnar því að Landsnet leggi til jarðstreng sem aðalvalkost frá sveitarfélagamörkum í vestri að fjallsrótum við Bíldsárskarð og telur sveitarstjórn að með því móti sé komið til móts við stefnu í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem tæknilega er unnt. Áform um tengingu tengivirkis á Rangárvöllum austur á bóginn eiga sér langa sögu og telur sveitarstjórn það mjög ánægjulegt að nú sé í sjónmáli farsæl lausn á því máli.</p>	<p>Ekki er talin þörf á viðbrögðum.</p>
2.6	<p>Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar bendir á að í aðalvalkosti væri æskilegt að fara í frekari fýsileikakönnun á tveimur kostum sem taldir eru upp í kafla 4.1.6.3.</p>	<p>Landsnet er hlynt því að bora undir viðkvæm svæði og að beita þessari tækni þar sem hún á við. Á Hengilsvæðinu var t.d. borað í gegn um móberg fyrir Nesjavallastreng 2 til þess að þyrma viðkvæmum náttúrumyndunum. Hins vegar telja tæknilegir ráðgjafar Landsnets mikla</p>


	<p>1. Undirborun undir kvíslar Eyjafjarðarár. Með borun undir Eyjafjarðará væri hægt að koma í veg fyrir umhverfisóhapp á óshólmum meðan á verður stífluð líkt og stefnt er á með aðalvalkosti. Leiðarval þyrfti ekki að breytast en með stíflun er hætta á að vatn flæði inná hverfisverndarsvæði Óshólma Eyjafjarðarár, auk þess sem hætta er á að framkvæmdin hefði neikvæð áhrif á fiskgengd. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar er efins um rök sem fram koma í frummatsskýrslu um ókosti borunar við þær aðstæður sem fyrir hendi eru og kallar eftir að óháður sérfræðingur verði fenginn til að meta fýsileika þess að bora undir ána í stað þess að þvera hana með greftri.</p>	<p>áhættu fóligna í stefnuborun undir kvíslar Eyjafjarðarár sem felst meðal annars í lítili stæðni borhola, ónákvæmni í stýringu, þar með breytileika í innbyrðis legu einleiðarastrengja í jarðstrengssetti. Einnig hvort ídráttarrör komist í gegnum borholuna við rýmingu. Landsnet er eftir sem áður tilbúið að skoða þessa tæknilegu lausn nánar og bjóða verktökum upp á stefnuborun sem valkost við það að koma fyrir ídráttarrörum í ána, að því gefnu að þeir ábyrgist að það sé framkvæmanlegt með minni umhverfisáhrifum en áætluð eru skv. aðalvalkosti.</p> <p>Samkvæmt álitni Hafrannsóknastofnunar um áhrif skurðgraftar í botn Eyjafjarðar þá eru engin hrygningarsvæði innan þess áhrifsvæðis sem um ræðir. Hafrannsóknastofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi áhrif á stofnstærðir laxfiska og veiðinýtingu.</p> <p>Varðandi hættu á að vatn flæði um hverfisverndarsvæði óshólma Eyjafjarðarár vegna stífluframkvæmda í ánni má benda á að svæðið er óshólmar. Eðli slíkra svæða er einmitt há grunnvatnsstaða og að þau verða umflotin vatni af og til. Ef litið er til takmandi þátta í flæði vatns um kvíslarnar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá eru það fyrst og fremst vatnsop gömlu brúnna yfir allar þrjár kvíslarnar sem eru takmarkandi og stjórna upphleðslu vatns í flóðaatburði. Við það jafnvægiástand sem nú ríkir er mestur vatnspungi um vestustu kvíslina. Brúin þar virðist vera með hlutfallslega lítið vatnsop miðað við núverandi rennsli. Aðstæður við brýrnar á miðkvísl og austustu kvíslinni eru þannig að þar er verulega mikil auka rýmd fyrir vatn í flóðaatburði.</p> <p>Við fyrirhugað verklag skv. aðalvalkosti, er ekki gert ráð fyrir að stífla kvíslarnar fullkomlega heldur er stíflumannvirkjum ætlað að taka þyngsta strauminn af vinnusvæðinu til að takmarka botnskrið á efni. Það þýðir að í flóðaatburði mun samstundis flæða í gegnum varnarstíflur og þær munu þá rofna hratt og því tæplega verða mjög takmarkandi fyrir flæði vatns um svæðið í samanburði við fyrirbyggjandi takmarkanir við brýrnar.</p>
2.7	<p>2. Brúargerð yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár. Eins og komið er inná í skýrslunni er gert ráð fyrir göngubrú yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár í nýju aðalskipulagi Akureyrar. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar bendir á</p>	<p>Sjá svar við lið 1.4.</p>

	<p>að skynsamlegt sé að skoða hvort bæði Landsnet og Akureyrarbær geti haft hag af því að sameinast um byggingu slíks mannvirkis sem gæti þá borið bæði umferð og strengi. Í skýrslunni er nefnt að „kostnaðarmat á slíkri brú liggur ekki fyrir en talið er að ekki sé kostnaðarlegur ávinningur af því að leggja strengi í brú á þessum stað og það ekki lagt fram sem valkostur“. Gefið er þarna til kynna að engin vinna hafi farið fram til að meta þetta sem kost sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar telur óskynsamlegt að ákveða án frekara mats.</p>	
2.8	<p>V. Varakostur</p> <p>Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar bendir á að varakostur með loftlínu er þó ennþá inni í skýrslunni. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar áréttar því að sveitarfélagið hafi oft mótmælt þessum kosti enda samræmast lagnir loftlínu ekki nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins og mundi það hafa verulega neikvæð áhrif umfram niðurstöðu skýrslunnar. Þá bendir sveitarstjórn einnig á að varakosturinn með loftlínu mun fara yfir svæði í landi þverár sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem bæði útivistarsvæði og sumarhúsabyggð, en ekki er að sjá að tillit sé tekið til þessara skipulagsákvæða í frummatsskýrslu. Sama á við um þverárgljúfur og bendir sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar á að það verður skilgreint sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030.</p>	<p>Í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína kemur fram að í meginflutningskerfi raforku skuli meginreglan vera sú að nota loftlínu nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, s.s. út frá tæknilegum atriðum, umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlis eða við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi skal miða við að leggja jarðstreng, nema ef ekki er talið tæknilega mögulegt að leggja jarðstreng eða ef loftlína er í umhverfismati talin betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða.</p> <p>Ómögulegt er að bera saman umhverfisáhrif jarðstrengs og loftlínu á sama línukafla ef ekki er loftlínukostur í matinu. Landsnet telur því rétt að meta umhverfisáhrif loftlínu á allri línuleiðinni.</p> <p>Í kafla 6.10.3.1.2 er lýsing á áhrifum loftlínukostar EY-L á skipulag í Eyjafirði. Þar kemur eftirfarandi m.a. fram: „Á bökkum þverárgils fer línun um jaðar svæðis sem skipulagt er undir frístundabyggð. Byggingarbann gæti haft áhrif á uppbyggingu nyrsta hluta þeirrar frístundabyggðar. Við Brekku, þverá, Garðsárreit og Syðri-Hól, fer Hólasandslína 3 um skógræktarlönd þar sem ræktunarsamningar eru í gildi. Loftlínukostur í Eyjafirði myndi takmarka skógrækt undir og í allra næsta nágrenni við línuna“.</p> <p>Í kafla 6.8.3.1.2 er lýsing á áhrifum loftlínukostar EY-L á náttúruverndarsvæði. Þar er fjallað um áhrif á þverárgil Ytra og Garðsárgil sem í núgildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar (2005-2025) er flokkað sem svæði sem ætti að vernda. Þar kemur eftirfarandi fram: „Vegna nálægðar við Akureyrarflugvöll er ekki hægt að færa línuna sem neinu</p>

		<i>nemur norður fyrir Þverárgil. Þverárgil er fallegt og gróíð gil og línumöstur á gilbarminum myndu hafa neikvæð áhrif á ásýnd gilsins“.</i>
2.9	VI. Áhrif á landslagsheildir Í kafla 6.5. í frummatsskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill koma því á framfæri að aðferðafræðin sem notuð er við matið virðist afar fagleg og umfjöllun um málefnið er ítarleg. Virðist sveitarstjórn frummatsskýrslan vönduð að þessu leyti. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill þó árétta að svæðið innan landslagsheildarinnar Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsströnd þar sem línuvalkostirnir liggja eru þéttbýl og um þau liggur fjölfarin umferðaræð. Þannig mun nokkur fjöldi fólks vera í daglegu návígi við þau mannvirki línunnar sem liggja ofan jarðar innan svæðisins. Bíldsárskarð er sýnilegt víða að innan sveitarfélagsins, auk þess sem það sést vel frá Akureyri og úr flugvélum sem fara um Akureyrarflugvöl. Auk þess er svæði á náttúruminjaskrá (óshólmarnir) innan landslagsheildarinnar og er það svæði mikið notað útivistarsvæði og fuglalíf þar mikið. Í ljósi mikils sýnileika og umferðar um svæðið telur sveitarstjórn fremur við hæfi að viðkvæmni landslags og ásýndar innan svæðisins flokkist sem „nokkuð mikil“ fremur en „miðlungs“ líkt og fram kemur í töflu 6.37 í frummatsskýrslu.	Landsnet bendir á að mat á viðkvæmni landslags er matskennt ferli þar sem komast þarf að niðurstöðu með hliðsjón af þeim viðmiðum sem sett hafa verið fram. Landsnet hefur yfirfarið mat á viðkvæmni landslagsheildarinnar „Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsströnd“ vegna ábendinga Eyjafjarðarsveitar. Rétt er að innan landslagsheildarinnar „Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsströnd“ er stunduð töluverð útivist og er þar um að ræða fjölfarið svæði sem að hluta er á náttúruminjaskrá (óshólmarnir). Svæðið er fremur þéttbýlt með sveitabæjum og húsaþyrpingum og ummerki um mannvist eru víða sýnileg og heyranleg. Landbúnaðarlandslag er áberandi þó einnig megi finna fjölbreytt landslag og einkenni lands. Þá fara margir um svæðið, bæði um vegina og með flugvél, þar sem landslagið er augljóslega sýnilegt en sú upplifun varir í styttri tíma. Með hliðsjón af þeim viðmiðum sem lögð voru til grundvallar matinu er það niðurstaða Landsnets að viðkvæmni landslagsheildarinnar sé óbreytt, þ.e. „miðlungs“.
2.10	Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar áréttar líka að nauðsynlegt sé að framkvæmdir á svæði óshólma fari fram á þeim árstíma að þær raski fuglalífi sem minnst og að vatnsstaða á svæðinu verði ekki lakari en áður eftir að framkvæmdum er lokið.	Fjallað er um framkvæmdatíma við óshólmana í lið 15.2. Á Hólmum Eyjafjarðar liggur strengleiðin að stærstum hluta í útjaðri áður raskaðra svæða og þar sem um nýja strengleið er að ræða liggur hún samsíða farvegum og rennislíðum vatns. Við þveranir verður tryggt óhindrað rennsli svo framkvæmdin hafi ekki áhrif á vatnsstöðu votlendisins.
2.11	VII. Laxárlína og Kröflulína Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fagnar því sem fram kemur um niðurrif Laxárlínu og Kröflulínu í frummatsskýrslu og telur umfjöllun um jarðstrengsvalkosti fyrir Kröflulínu í kafla 2.8 gagnlega. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar leggur áherslu á að línurnar víki eða verði lagðar í jörð sem fyrst, bæði með tilliti til neikvæðra áhrifa línanna á flugöryggi og með tilliti til þess hve línurnar þrengja að byggð í Kaupangshverfi.	Eins og fram kemur í frummatsskýrslu verður hafist handa við niðurrif Laxárlínu 1 (66 kV) svo fljótt sem auðið er eftir að Hólasandslína 3 er komin í rekstur. Ætlar Landsnet sér að hámarki tveggja ára svigrúm til þess að ljúka niðurrifi línunnar eftir að Hólasandslína 3 kemst í rekstur. Frekari styrkingar í meginflutningskerfinu eru nauðsynlegar svo hægt sé að taka ákvarðanir um niðurrif eða jarðsetningu einstakra lína í 132 kV kerfinu, þar með talið Kröflulínu 1.

	<p>Loftlínurnar skarast við hindrunarflöt Akureyrarflugvallar og skerða aðflugsleið að flugvellingum og svo verður áfram eftir að nýr aðflugsbúnaður kemst í gagnid. Kröflulína 1 og sér í lagi Laxarlína 1 þrengja mjög að uppbyggingu sem skv. gildandi aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar er fyrirhuguð í fjallsrótum Vaðlaheiðar, og svo er raunar einnig í Svalbarsstrandarhreppi. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar ítrekar að brýn rök mæli með því að loftlínurnar verði fjarlægðar eins fljótt og auðið er.</p>	<p>Sjá nánar í svari við lið 1.5 og uppfærðum kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>
<p>2.12</p>	<p>VIII. Niðurstöður Í niðurstöðum umhverfismats, m.a. í mynd á bls. 12 og í töflu 7.1, kemur fram mat á áhrifum aðalvalkosta á landslag og ásýnd innan Eyjafjarðarsveitar. Á bls. 9 er tekið fram að „Mögulega geta ábendingar sem berast við frummatsskýrslu leitt til þess að breytt verður út frá boðuðum aðalvalkosti og aðrir kostir þá orðið hluti af þeim kosti sem sótt verður um leyfi fyrir“. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar tekur undir niðurstöðu umhverfismats að því leyti að aðalvalkostur hafi tiltölulega takmörkuð sjónræn áhrif með hliðsjón af öðrum forsendum málsins. Sveitarstjórn bendir hins vegar á að sjónræn áhrif aðalvalkosta séu mjög viðkvæm fyrir breytingum frá því sem kynnt er í frummatsskýrslu. Ef t.a.m. valin verður önnur mastursgerð en sú sem kynnt er eða að tilhögun vinnulóða verði með öðru móti en fram kemur í skýrslunni þá hafi það áhrif á ofangreinda niðurstöðu umhverfismats. Sama á við ef umfang loftlínukafla breytist frá því sem fram kemur í frummatsskýrslu, og bendir sveitarstjórn á að frávik af því tagi samræmist ekki aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem öðlast mun gildi innan skamms.</p>	<p>Landsnet bendir á að í Eyjafirði er ekki lagður fram valkostur um mastragerð. Ef til breytinga kæmi frá boðuðum aðalvalkosti þá yrði breytingin að taka mið af öðrum metnum valkostum. Framkvæmdaleyfisumsókn mun gera ráð fyrir þeim mastragerðum sem unnið var með í matinu, þ.e. stöguð röramöstur.</p> <p>Hvað varðar umfang loftlínukafla, þá eru heldur ekki lagðir fram aðrir valkostir en aðalvalkostur um staðsetningu strengendavirkis og þar af leiðandi lengd loftlínukaflans í Eyjafirði. Aftur á móti er lagður fram valkostur hvað varðar línuleið yfir Bíldsárskarð. Komi fram vel rökstuddar athugasemdir sem verða til þess að loftlínukostur norðan Bíldsárskarðs (BI-LN) verður hluti aðalvalkostar, þarf að taka það mál upp við skipulagsnefnd sveitarfélagsins.</p> <p>Eins og fram kemur í frummatsskýrslunni mun fulltrúi Umhverfisstofnunar aðstoða við ákvörðun á legu slóða, til að lágmarka umhverfisáhrif þeirra. Einnig er ráðgert að hafa samráð við viðkomandi landeigendur.</p> <p>Við útboðshönnun línunnar geta þannig einstakir þættir tekið minniháttar breytingum, en ekki af þeirri stærðargráðu að slíkt breyti niðurstöðum umhverfismatsins.</p>
<p>2.13</p>	<p>IX. Misræmi í frummatsskýrslu Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar vill benda á eftirfarandi misræmi sem komið hefur í ljós við lestur frummatsskýrslunnar: Í töflu 3.3. kemur fram að lengd jarðvírkafla frá strengendavirki í Eyjafirði sé um 3,5 km, en það stangast á við upplýsingar sem fram</p>	<p>Í töflu 3.3 kemur fram að: „Áætluð lengd jarðvíra á loftlínu (næst endavirki í Eyjafirði og tengivirki á Hólasandi)“ sé 3,5 km. Þar er átt við samanlagða lengd jarðvírs á báðum stöðum, með öðrum orðum á allri línuleiðinni.</p> <p>Gert er ráð fyrir 1,9 km jarðvírkafla í Eyjafirði og 1,6 km á Hólasandi.</p>

	koma í kortahefti og annarsstaðar í skýrslunni (t.d. á bls. 74) um að lengd jarðvirkisfla verði 1,5 til 2 km.	Í matsskýrslu hefur upplýsingum um lengd jarðvirkisfla verið skipt upp í tvær línur til að koma í veg fyrir misskilning.
2.14	Í neðanmálgrein á bls. 46 er vitnað í skilgreiningu á þéttbýli í 24. gr. skipulagslaga, en hugtakið er hins vegar ekki skilgreint þar heldur í 24. tölulið 2. greinar skipulagslaga.	Landsnet þakkar ábendinguna. Tilvitnunin hefur verið lagfærð í matsskýrslu.
2.15	Í töflu 6.37 er ÁDU um Eyjafjarðarbraut vestri sögð ýmist 1812 eða 868 árið 2016. Önnur talan á sennilega við Eyjafjarðarbraut eystri.	Landsnet þakkar ábendinguna. ÁDU 868 á við um Eyjafjarðarbraut eystri og hefur því verið breytt í töflu 6.37 í matsskýrslu.
3	Þingeyjarsveit	
3.1	Sveitarstjórn tekur undir með Skipulags- og umhverfisnefnd um mikilvægi þess að kannaður verði möguleiki á því að leggja núverandi Kröflulínu 1 í jörð af sjónrænum ástæðum á þjóðvegi 1 á kaflanum frá Reykjadalssá og austur fyrir þjóðveg í landi Víða (og Máskots).	Eins og fram kemur í frummatsskýrslu er liðið nokkuð á líftíma Kröflulínu 1. Ákvörðun um framtíð línunnar, þ.e. hvort hún verður aflögð eða endurbýggð sem loftlína eða jarðstrengur, er ekki hægt að taka meðan ákvörðun um framtíðaruppbyggingu 220 kV hluta flutningskerfisins á landsvísu liggur ekki fyrir. Nánari umfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 má finna í uppfærðum köflum 2.7 og 2.8 í matsskýrslu. Þverun Reykjadalssá er einn af þeim stöðum sem í frummatsskýrslu var metinn viðkvæmur og þykir því einsýnt að ef þörf verður á að endurnýja Kröflulínu 1 að líftíma hennar loknum að skoðaður verði jarðstrengskostur á þessum stað. Bent skal þó á að leiðarval jarðstrengs lítur öðrum lögmálum en leiðarval loftlínu og því ekki víst að jarðstrengur myndi koma á nákvæmlega sama stað og núverandi lína. Einnig má benda á að staðsetning strengendavirkis við Reykjadalssá, skammt frá bæjarhúsum á Víðum gæti orkað tvímælis með tilliti sjónrænna áhrifa.
3.2	Einnig telur sveitarstjórn að skoða eigi möguleika á því að fjarlægja núverandi Kröflulínu 1 sunnan við Ljótstaði í Laxárdal og leggja hana á einu hafi í núverandi línustæði á svipaðan hátt og fyrirhugað er að gera við Hólasandslínu 3 ofar í dalnum.	Til þess að setja Kröflulínu 1 á núverandi stað í sambærilegt haf (um eða yfir kílómetralangt) og Hólasandslínu 3 þyrfti að byggja ný stálmöstur á vestur- og austurbrún Laxárdals, auk þess sem leggja þarf að þeim nýja slóða beggja vegna dalbrúna. Eins og fram kemur í uppfærðum kafla 2.7 í matsskýrslu er liðið nokkuð á líftíma Kröflulínu 1 en ákvörðun um framtíð línunnar liggur ekki fyrir. Hins vegar þykir Landsneti einsýnt að skoða þann kost, ef endurnýja þarf Kröflulínu 1 að líftíma hennar loknum, að reisa línu í löngu hafi yfir Laxárdal. Landsnet hefur litið svo á að ef til þessa kemur færi best á því að byggja línuna samhliða Hólasandslínu 3.

<p>3.3</p>	<p>Sveitarstjórn óskar eftir að sá möguleiki verði einnig kannaður að færa fyrirhugaða Hólasandslínu 3 sunnan við Illugastaði í Fnjóskadal til að forðast þverun á verndarsvæði við Illugastaðamela þannig að hún liggi á milli verndarsvæða.</p>	<p>Landsnet hefur skoðað línuleið meðfram vesturhlíð Fnjóskadals sem sneiðir að mestu framhá náttúruminjasvæði 514 við Illugastaði (sjá mynd neðst í svari). Á móti kemur að línuleiðin fer á lengri kafla yfir náttúruminjavæði 515 í Bleiksmýrardal. Samanlagt styttist leið um náttúruminjasvæði um 1.400 m.</p> <p>Skv. upplýsingum staðkunnugra er snjóflóðahætta úr vesturhlíðinni og merki um slíkt (snjóflóðagrjót) sjást á loftmynd á nokkrum stöðum, einkum við Hraungilin. Ummerkin ná talsvert niður fyrir þá línuleið sem var skoðuð. Trúlega er þessi snjóflóðahætta ástæða þess að á sínum tíma var farið með Kröflulínu 1 niður að Fnjóska á þessum kafla. Landsnet telur þennan kost ekki fýsilegan, einkum vegna áhrifa á rekstraröryggi línunnar vegna snjóflóðahættu. Þá liggur fyrir að andstaða er við þessa hugmynd hjá eigendum Sellands.</p> 
------------	---	--

		Hugsanleg línuleið ofan við verndarsvæði við Illugastaði er sýnd með ljósblárrí línu en aðalvalkostur með dökkblárrí. Hvítar línur sýna hvar sjá má ummerki um snjóflóð.
4	Skútustaðahreppur	
4.1	<p>Eftirfarandi er bókun skipulagsnefndar Skútustaðahrepps frá 6. desember 2018:</p> <p><i>„Í frummatsskýrslu, sem er á 4. hundrað blaðsíðna, er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Einungis lítill hluti framkvæmdarinnar er innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps og ekki tilefni til athugasemda við efni frummatsskýrslunnar.</i></p> <p><i>Skipulagsnefnd telur framkvæmdina í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, en leggur til við sveitarstjórn að tekið yrði til skoðunar hvort ástæða sé til breytinga á skipulagi þegar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir.</i></p> <p><i>Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Skútustaðahreppi samkvæmt lögum nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, að því marki sem framkvæmdir liggja innan sveitarfélagsins.“</i></p> <p>Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar frá 12. desember 2018 þar sem bókun skipulagsnefndar er staðfest;</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

	„Einungis lítill hluti framkvæmda við Hólasandslínu 3 er innan sveitarfélagsmarka Skútustaðahrepps og telur sveitarstjórn að ekki sé tilefni til athugasemda við efni frummatsskýrslunnar.“	
5	Ferðamálastofa	
5.1	Vegna anna og hversu seint umsögnin barst okkur mun Ferðamálastofa því miður ekki skila inn umsögn vegna Hólasandslínu 3.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
6	Fiskistofa	
6.1	Í frummatsskýrslunni (tafla 6.20) er stuðst við verndargildi vistgerða eins og Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint það (N.Í. 2017. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit N.Í. nr. 54.). M.a. er vísað til þess að Eyjafjarðará hafi lágt verndargildi (bls 189). Fiskistofa bendir á að verndargildi N.Í. tekur einkum mið af gróðurfari og einnig fuglalífi, en lítið eða ekkert tillit er tekið til fiskstofna eða veiðihagsmuna. Því gagnast ekki að notast við þau verndargildi þegar metin eru áhrif á stofna laxfiska eða veiðihagsmuni. Enda er þess getið í frummatsskýrslunni að veiðihagsmunir séu verulegir í Eyjafjarðará og að hún flokkist sem slík sem nokkuð mikilvægt vatnasvæði á landsvísu. Því er mikilvægt að sjónarmið fiskifræðinga komi fram vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmdanna á fiskstofna og veiðihagsmuni.	Vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands er eina samræmda flokkunin á verndargildi íslensks ferskvatns. Landsnet telur eðlilegt að horfa til hennar við mat á mikilvægi vatnasvæða, þrátt fyrir að þetta frummat Náttúrufræðistofnunar virðist horfa lítið til fiskistofna eða veiðihagsmuna. Til að vega upp á móti því var jafnframt horft sérstaklega til veiði og eftirspurnar eftir leyfum á vatnasvæðum við matið. Þannig er til dæmis Eyjafjarðará flokkuð sem nokkuð mikilvægt vatnasvæði vegna þess að hún er talin ein af betri sjóbleikjuveiðiám landsins, þrátt fyrir að verndargildi hennar sé lágt skv. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar. Landsnet telur því að mat á mikilvægi vatnasvæða í frummatsskýrslunni taki mið af fiskistofnum og veiðihagsmunum.
6.2	Fram kemur að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði áhrifin á vatnalífs og hugsanleg áhrif á laxfiska metin sérstaklega. Fiskistofa telur að frummatsskýrslan geri, með fullnægjandi hætti, grein fyrir þeim þáttum sem meta á áhrifin af vegna framkvæmdarinnar sem snúa að lax- og silungsveiðihagsmunum. Fram kemur að mat Hafrannsóknastofnunar hafi verið að rask sem verður vegna framkvæmdanna verði, ef rétt er að málum staðið, staðbundið og tímabundið og ekki líklegt til að hafa áhrif á verðmæti veiðinýtingar.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
6.3	Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.	Landsnet mun fylgja ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
7	Hafrannsóknastofnun	

7.1	<p>Í þeirri útfærslu sem lögð er fram sem aðaltillaga er gert ráð fyrir að rafstrengur sé í strengjabrú yfir Glerá, verði grafinn í stökk undir allar þrjár kvíslar Eyjafjarðarár, en að aðrar ár verði þveraðar með loftlínunum. Valkostur er með undirborun eða strenglagn í skurði undir Laxá ofan Varastaðahólma í Laxárdal. Áhrif þeirra framkvæmda sem snúa að lífríki í vatni eru álitnar vera tímabundnar og staðbundnar og hafa hlutfallslega lítil áhrif í samanburði við stærð þeirra vatnsfalla sem um ræðir. Gengið er út frá því að við framkvæmdina sé ætíð leitast við að haga framkvæmdum þannig að umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki, framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir og eftirlit með umhverfisáhrifum af framkvæmdunum sé virkt. Framkvæmdatími verði valinn með tilliti til þess að lágmarka áhrif á vatnalíf og t.d. séu ekki opnir aðliggjandi skurðir fyrir strengi að vatnsföllum sem flutt geta laus eða uppleyst efni t.d. með leysingarvatni út í ár. Sem mótvægi má koma fyrir settjörnum í slíkum skurðum og hafa framkvæmdatíma sem allra stýstan.</p>	<p>Við þverun Eyjafjarðarár er gert ráð fyrir að byrjað verði á því að koma fyrir þverunarrörum í farveg áður en sjálf strenglagnin hefst. Þverunarrörin verða grafinn í farveg árinna og inn á bakka hans. Samhliða því verður gengið varanlega frá árbökkum. Lagnaskurðir á landi eiga þannig ekki opna leið út í náttúrulegan farveg árinna.</p>
8 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra		
8.1	<p>Fram kemur í skýrslunni að við gerð útboðsgagna verði gerð ítarleg umhverfis- öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem tekið verður á mengunarhættu, öryggi og umgengni á framkvæmdatíma og skilgreind ábyrgð allra sem koma að verkinu, s.s. hvað varðar að lágmarka líkur á mengun á vatnsverndarsvæðum og tryggja rétt viðbrögð ef og þegar óhöpp eiga sér stað. Í þessu sambandi er áréttað mikilvægi þess að upplýsa heilbrigðisfulltrúa um frávík og slys sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðum.</p>	<p>Í umhverfis-, öryggis- og heilbrigðisáætlun verður sett krafa um að verktakar upplýsi heilbrigðiseftirlitið um möguleg slys á vatnsverndarsvæðum.</p>
8.2	<p>Vinnubúðir (þ.m.t. vatnsból, fráveita og meðferð úrgangs) eru háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar, einnig efnistaka, efnisvinnsla og landmótun og um vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) og framtíðar vatnstökusvæði gilda ákveðnar varúðarreglur m.t.t. öryggis neysluvatns til lengri og skemmri tíma</p>	<p>Aflað verður tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdinni og farið eftir gildandi reglum.</p>
8.3	<p>Ef fram koma óvænt umhverfisáhrif vegna Hólasandslínu 3, þá áskilur heilbrigðisnefnd sér rétt til að gera kröfur um mótvægisáðgerðir og</p>	<p>Í umhverfis-, öryggis- og heilbrigðisáætlun verða settar fram kröfur til að lágmarka líkur á óæskilegum umhverfisáhrifum. Verði slíkra áhrifa hins</p>

	vöktun, t.d. ef koma fram rökstuddar kvartanir um hávaða eða neikvæð áhrif á lífríki og vatnabúskap	vegar vart mun Landsnet beita sér fyrir úrbótum í samráði við verktaka og hlutaðeigandi stofnanir.
8.4	Hvað varðar friðlystar náttúruminjar og verndarsvæði Mývatns og Laxár, þá er skylt að hafa samráð við Umhverfisstofnun og eftir atvikum að afla leyfa áður en framkvæmdir hefjast	Aflað verður tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdinni og farið eftir gildandi reglum.
9	Isavia	
9.1	Isavia hefur farið yfir frummatsskýrslu sem er í kynningu á heimasíðu Skipulagsstofnunar og gerir ekki athugasemd við frummatsskýrsluna.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
10	Landgræðsla ríkisins	
10.1	Í umfjöllun á bls. 167 um mótvægisáðgerðir vegna skerðingu á votlendi stendur „Landsnet mun kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélög á línuleiðinni.“ Landgræðsla ríkisins hefur frá árinu 2016 rekið verkefni um endurheimt votlendis og byggt upp þekkingu og reynslu á viðfangsefninu og er reiðubúin að veita ráðgjöf þar að lútandi ef eftir því verður óskað.	Landsnet þakkar ábendinguna. Haft verður samráð við Landgræðslu ríkisins um endurheimt votlendis. Landgræðsla ríkisins hefur verið bætt við lista yfir samráðsaðila um endurheimt votlendis í matsskýrslu.
10.2	Þá leggur Landgræðslan áherslu á vandaðan frágang á verkstað, s.s. að frágangur á yfirborði auki ekki hættu á jarðvegsrofi. Slíkt getur t.d. gerst ef yfirborði er raskað í halla og vatnsrásir myndast.	Landsnet mun leggja áherslu á að vanda frágang. Má í því samhengi benda á að verklag við frágang raskaðra svæða verður skilgreint í verklýsingu fyrir verktaka. Þá verða slóðir vaktaðar í fimm ár m.t.t. úrrennslis og úrrennslis lagfært eftir þörfum.
11	Minjastofnun Íslands	
11.1	Eyjafjörður. Á Eyjafjarðarsvæðinu voru skráðar 21 fornleifar/minjar. Aðalvalkostur. Taka þarf tillit til eftirtalinnar fornleifa á svæðinu. Skáletraður texti er fenginn úr fornleifaskráningarskýrslu. Rúst (1:1). Í túni/haga við norðanverðan Kjarnaskóg, um 20 m vestan við malarveg. 9 x 11 m (NNA - SSV). Veggir úr torfi (og grjóti?), 2 - 2,5 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir. Engar dyr eru greinanlegar og rústin greinilega út flött. Hún er vel gróin grasi. Hugsanlega eru fleiri rústir undir grasrótinni í túninu. Rústin er merkt Aku 1 á fornleifakorti nr. 19. Hún er mjög nærri þeim stað þar sem jarðstrengurinn verður grafinn niður. Í 22. gr. laga um menningarmínjar segir að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar skuli vera 15 m nema annað sé ákveðið. Í	Landsnet mun fá fornleifafræðing til að grafa skurði í túnið við rúst „Aku 1“ og kanna hvort þar leynist fleiri fornleifar og bera niðurstöður undir Minjastofnun Íslands til ákvörðunar um þörf á frekari mótvægisáðgerðum. Ofangreindri mótvægisáðgerð hefur verið bætt inn í töflu 6.67, kafla 6.7.4 og töflu 8.1 í matsskýrslu.

	<p>frummatsskýrslu kemur fram að með örlítilli tilfærslu á jarðstreng, framkvæmdaefntirliti og flöggun ætti að vera unnt að komast hjá því að raska rústinni. Jarðstrengurinn komi samt sem áður til með að liggja um friðhelgunarsvæði rústarinnar. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að hugsanlega séu fleiri rústir í túninu. Minjastofnun Íslands telur að grafa þurfi könnunarskurði í túnið til að kanna hvort þar leynist fleiri fornleifar undir sverði. Niðurstöður könnunarinnar þarf að bera undir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið á svæðinu.</p>	
11.2	<p>Beitarhús/eyðibýli (2:1-2). Fornleifarnar eru merktar Eyj 2 á fornleifakorti nr. 18. <i>Í fjallshlíð ofan við Kaupang, suður af Bíldsá.</i> Beitarhús/eyðibýli. <i>Nú stendur beitarhús ofan á eyðibýlinu, enda má sjá að eldri rústir eru undir beitarhúsinu. Ekki er hægt að sjá nein form lengur á eyðibýlinu, en líklega hefur það verið heldur umfangsmeira en beitarhúsið. Utan um beitarhúsið/eyðibýlið er garður sem nær allt um kring nema í suðsvestur þar sem nýlegur skurður hefur verið grafinn í og við garðinn. Svæðið allt er vel gróið grasi og líklega eru fleiri rústir undir sverðinum innan garðsins, sérstaklega þar sem hólur eru. Þó var ekki hægt að sjá nein form. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er hjáleigunnar Kaupangs sels getið (bls. 306). Staðkunnugur nágranni benti á staðinn sem Kaupangssel eða Selið... Beitarhús. 17 x 18 m (N - S) stórt. Veggir úr grjóti og torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir. Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A - C). Dyr eru á hólfum A og B mót vestri, en engar sýnilegar á hólfi C, sem er líklega hlaða. Garðlög (hleðslur) sjást bæði að utan- og innanverðu í hólfum A og B. Í hólfi A er líklega garður (jata) eftir endilöngu gólfinu miðju. Áberandi kampsteinar eru við báðar dyr. Rústin er vel gróin grasi og utan um hana er gerði (nr. 2:2)... Garður og rúst. 1) Garður. Hann er á um 80 - 90 m stóru svæði, úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiður og 0,3 - 0,7 m hár. Nær hann nær samfelld utan um beitarhúsarústina/eyðibýlið, en er laskaður í suðvesturhluta þar sem skurður hefur verið grafinn í hann og efni úr honum liggur yfir hann sömuleiðis. Áföst garðinum innanverðum í suðaustur er: 2) Rúst. 4 x 5 m (N - S). Veggir úr grjóti og torfi um 1 m</i></p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir að raska umræddum garði við framkvæmdirnar. Komi í ljós síðar að ekki sé hjá því komist að valda raski á garðinum verður Minjastofnun Íslands upplýst um það og gripið til þeirra mótvægisáðgerða sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma.</p>

	<p><i>breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Dyr snúa inn í gerðið mót vestri. Hugsanlega hrútakofi. Báðar minjarnar eru vel grónar grasi.</i></p> <p>Á fornleifakorti nr. 18 er rauður punktur skammt suður af garðinum sem liggur utan um beitarhúsið/eyðibýlið. Þar endar jarðstrengur og loftlína tekur við og þar á að staðsetja strengendavirki. Í kafla 4.1.2 í frummatsskýrslu er fjallað um strengendavirki. Þar segir að stærð endavirkis, þ.e. mörk girðingar utan um sjálft endavirkið sé á bilinu 300 – 500 m², háð útfærslu endavirkisins. Plan umhverfis virkið verði nokkru stærra. Í kafla 6.7.3.1.1 í frummatsskýrslu segir að strengjamastur liggi innan friðhelgunarsvæðis túngarðsins um beitarhúsið/eyðibýlið. Þar segir jafnframt að með því að auðkenna garðinn með flöggum og sýna aðgát verði komist hjá því að raska garðinum. Minjastofnun Íslands bendir á að hér er ekki um stakar minjar að ræða heldur mynda rústirnar og garðurinn umhverfis þær minjaheild sem hefur töluvert meira varðveislugildi en hver einstök rúst eða garðurinn einn út af fyrir sig. Komi til þess að raska þurfi garðinum skerðir það gildi minjaheildarinnar og þá kemur til álita að krafa verði gerið um rannsókn allar minjarnar sem tilheyra heildinni með fornleifauppgreftri.</p>	
11.3	<p>Þjóðleið (3:1). Fornleifarnar eru merktar Eyj 3 á fornleifakortum nr. 17 og 18. <i>Leiðin liggur upp fjallið norðan við áнна, en fer svo yfir hana og heldur áfram upp fjallið sunnan við áнна. Leiðin er 1,5 - 2 m á breidd og 0,1 - 0,2 m djúp þar sem hún var skoðuð. Hún liggur upp frá Knarrarbergi vestan við áнна sem rennur úr Bíldsárskarði, en fer svo yfir hana á auðveldu vaði í brekkunni og svo upp hlíðina að sunnanverðu og á fjallinu sömu megin. Vörðurnar uppi á fjallinu benda til þess að hún hafi fyrrum legið aftur yfir áнна og áfram fjallið til austurs. Ekki reyndist unnt að finna hvar leiðin lá aftur yfir skarðið til norðurs. Sunna megin við skarðið er nú unglegur slóði (ruddur af jarðýtu) sem liggur hjá vörðu í Hálshreppi nr. 68. Hugsanlega hefur slóðinn verið settur í gamlan slóða. Víða er fornleiðin skorin af ungum slóða í hlíðinni. Leiðin er nr. 55 í Hálshreppi.</i></p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

	<p>Í frummatsskýrslu segir að erfitt verði að komast hjá raski á þjóðleiðinni. Línan sjálf mun ekki raska leiðinni en hún liggur að slóða á nokkrum stöðum og fer m.a. um efnistökusvæði N4a. Með því að hliðra mastri 182 til austurs og merkja leiðina með flöggum megi draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þjóðleiðina. Tvær vörður (4:1 og 5:1) eru innan efnistökusvæðis N4a og gætu því raskast. Þá er ein varða (17:1) um 8 m frá núverandi slóða sem stendur til að styrkja. Með því að auðkenna vörðuna með flaggi og sýna aðgát við framkvæmdir ætti að vera hægt að hlífa þessari vörðunni að því er fram kemur í frummatsskýrslu. Minjastofnun Íslands telur þær mótvægisáðgerðir fullnægjandi sem taldar eru upp í frummatsskýrslu gagnvart leiðinni (3:1) og vörðum við hana sem kunna að raskast.</p>	
11.4	<p>Ekki er hægt að meta áhrif línukostar EY-L í Eyjafirði á fornleifar vegna þess að þar hafa fornleifar ekki verið skráðar. Fornleifaskráning hefur heldur ekki farið fram fyrir valkost EY-JK (jarðstrengur um Kjarnaskóg). Minjastofnun Íslands telur að ef þessir kostir verða fyrir valinu þurfi að fá fornleifafræðing til að kanna þessa hluta leiðarinnar. Leggja þarf niðurstöður könnunarinnar fyrir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða og þá hvers eðlis þær þurfa að vera.</p>	<p>Umræddir valkostir (EY-L og EY-JK) eru ekki hluti af aðalvalkosti Landsnets. Ef til þess kemur að þessir valkostir verði gerðir að aðalvalkosti verður unnin fornleifakönnun og niðurstöðurnar lagðar fyrir Minjastofnun Íslands, en að svo stöddu er ekkert sem bendir til þess að breytt verði út frá boðuðum aðalvalkosti.</p>
11.5	<p>Fnjóskadalur. Í Hálsahreppi voru skráðar 64 fornleifar/minjar. Um þetta svæði er aðeins um einn valkost, aðalvalkost, línuleiðarinnar að ræða. Fjallað er um áhrif línuleiðarinnar á fornleifar og mótvægisáðgerðir í kafla 6.7.3.2 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram eru 36 fornleifar taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna, þ.e. þeim stafar hættu af framkvæmdunum sjálfum en eru ekki í hættu að þeim loknum. Minjastofnun fellst á það hættumat sem fram kemur í þessum kafla og töflu 6.68 og þær mótvægisáðgerðir sem þar eru kynntar að öllu leyti nema hvað varðar tvo garða (6:1) og (8:1). Slóði liggur þegar í gegnum túngarðinn (6:1) á tveimur stöðum og austurendi garðsins (8:1) liggur að slóðanum sem sennilega hefur</p>	<p>Núverandi slóð sem liggur hjá görðum 6:1 og 8:1 er flokkuð sem burðarhæf eldri slóð (sjá loftmyndakort nr. 5 í mynda- og kortahefti). Ekki er talin þörf á að styrkja slóðina en hún getur mögulega þarfnast lítils háttar viðhalds sem ætti að vera unnt að sinna án þess að raska görðunum. Landsnet telur því merkingu garðanna með flöggum vera fullnægjandi mótvægisáðgerð.</p>

	<p>raskað garðinum þegar hann var lagður. Lagfæra á þennan slóða og hætt er við að það raski görðunum enn frekar en orðið er. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa skurði þvert í gegnum garðana til að kann betur gerð þeirra og til að reyna að komast að aldri garðanna.</p>	
11.6	<p>Bárðardalur. Í Bárðdælahreppi voru skráðar 41 fornleifar/minjar. Hér er aðeins lagður fram einn valkostur línuleiðarinnar, aðalvalkostur. Fjallað er um áhrif línuleiðarinnar á fornleifar og mótvægisáðgerðir í kafla 6.7.3.3 í frummatsskýrslu. Þar kemur fram að 35 fornleifar eru taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna, þ.e. þeim stafar hættu af framkvæmdunum sjálfum en eru ekki í hættu að þeim loknum. Minjastofnun fellst á það hættumat sem fram kemur í þessum kafla og töflu 6.68 og þær mótvægisáðgerðir sem þar eru kynntar.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.7	<p>Vakin er athygli á að slóði fer í gegnum grjóttgarð (10:1), merktur Bár 10 á fornleifakorti nr. 7. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að garðurinn sé um 300 m langur frá austri til vesturs, 0,5 – 1,5 m breiður og 0,2 – 0,5 m hár. Áberandi stórir steinar séu í garðinum. Slóði liggur í gegnum garðinn og er fyrirhugað að laga hann. Minjastofnun Íslands telur að ekki fengjust meiri upplýsingar um garðinn með frekari rannsókn á honum. Skráning hans er að mati stofnunarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.8	<p>Slóði raskar einnig öðrum garði (5:1), merktur Bár 5 á fornleifakorti nr. 5. Garðurinn er hlaðin um 1950. Minjastofnun Íslands telur skráningu garðsins fullnægjandi mótvægisáðgerð.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.9	<p>Slóði þverar einnig þjóðleið (1:1), merkt Bár 1 á fornleifakorti nr. 5. Slóðinn fer yfir leiðina á tveimur stöðum. Minjastofnun Íslands telur skráningu leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð. Stofnunin minnir á að halda ber raski vegna lagfæringar á slóðum í lágmarki þar sem slóðar liggja yfir fornar leiðir eða í gegnum garða.</p>	Lögð verður áhersla á að halda raski í lágmarki í nágrenni við fornleifar.
11.10	<p>Á fornleifakorti nr. 10 eru tveir rauðir punktar nærri fyrirhugaðri rafmagnslínu. Við þá báða stendur að um sé að ræða óskráða</p>	Óskráðir vörðubotnar milli mastra nr. 106 og 107 verða auðkenndir með flöggum. Tafla 6.69 hefur verið uppfærð í matsskýrslu.

	vörðubotna. Vörðubotnanna þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur líkt og vörðurnar í nágrenni þeirra.	
11.11	<p>Reykjadalur og Laxárdalur.</p> <p>Í Reykdælahreppi voru 15 fornleifar/minjar skráðar. Auk aðalvalkostar línuleiðarinnar koma nokkrir aðrir valkostir til greina á þessum hluta framkvæmdasvæðisins.</p> <p>Fjallað er um áhrif aðalvalkostar línuleiðarinnar á fornleifar og mótvægisáðgerðir í kafla 6.7.3.4.1 í frummatsskýrslu.</p> <p>Aðalvalkosturinn mun að óbreyttu hafa áhrif á torfgarð (13:1), merktur Rey 13 á fornleifakorti nr. 3. Í frummatsskýrslu segi að með því að hliðra mastri nr. 47 til austurs verði unnt að hlífa garðinum. Innan námu N16 er landmælingavarða (14:1), merkt Rey 14 á fornleifakorti nr. 4. Í frummatsskýrslu segir að með því að hliðra námunni út fyrir friðhelgunarsvæði vörðunnar og auðkenna hana með flaggi ætti að vera hægt að komast hjá því að raska henni.</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.12	<p>Í frummatsskýrslu kemur fram að eftir að fornleifakönnun var gerð var legu aðalvalkostar breytt á um 6,3 km kafla í Laxárdal. Nýr aðalvalkostur liggur nú um 1,2 km sunnan við Kröflulínu 1. Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar á þessum kafla eru því óljós.</p> <p>Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna þennan hluta leiðarinnar. Leggja þarf niðurstöður könnunarinnar fyrir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða og þá hvers eðlis þær þurfa að vera. Sama gildir um efnistökusvæði N23, N30 og 340-E.</p>	<p>Unnin hefur verið fornleifakönnun á nýjum aðalvalkosti í Laxárdal. Þegar endanleg skýrsla liggur fyrir verða niðurstöður könnunarinnar lagðar fyrir Minjastofnun Íslands.</p> <p>Fornleifakönnun verður gerð á efnistökusvæðum N23, N30 og 340-E áður en sótt verður um framkvæmdaleyfi og niðurstöður lagðar fyrir Minjastofnun Íslands.</p>
11.13	<p>Í kafla 6.7.3.4.2 í frummatsskýrslu er fjallað um aðra valkosti línulagnar þvert yfir Laxárdalinn. Um er að ræða loftlínu samsíða Kröflulínu 1 (LA-LN), styttri jarðstrengskost (LA-J) og lengri jarðstrengskost (LA-JU). Allir hafa þessir kostir í för með sér varanlegt rask á garði (15:1), merktur Rey 15 á fornleifakosti nr. 2. Um garðinn segir í fornleifaskráningarskýrslu: <i>Garðurinn fannst á loftmynd og var ekki skoðaður á vettvangi. Hann er trúlega hluti af hinu víðfeðma garðakerfi í S-Þingeyjarsýslu og er því forn. Af loftmyndum má draga þá ályktun að hann sé líklega úr torfi einu saman og breiddin líklega á</i></p>	Umræddir valkostir (LA-LN, LA-J og LA-JU) eru ekki hluti af aðalvalkosti Landsnets. Ef þessir valkostir verða síðar gerðir að aðalvalkosti og raska þarf garði 15:1 verður fornleifafræðingur fenginn til að mæla upp garðinn og kanna gerð hans og aldur með skurðagreftri.

	<i>bilinu 3 – 4 m.</i> Ef raska þarf garðinum telur Minjastofnun Íslands að fá þurfi fornleifafræðing til að mæla garðinn upp á vettvangi og að grafa þurfi skurði þvert í gegnum garðinn til að kann betur gerð hans og til að reyna að komast að aldir garðsins.	
11.14	Garður (10:1) merktur Rey 10 á fornleifakorti nr. 2, gæti verið tímabundinni hættu þegar leiðari verður dreginn á milli mastra sitthvoru megin við dalinn. Í frummatsskýrslu segir að með flöggun ætti þó að vera hægt að komast hjá því að raska garðinum við þessa aðgerð.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.15	Jarðstrengur (LA-J) liggur nærri minjum (8:1), (9:1) og (12:1), Rey 8, Rey 9 og Rey 12 á fornleifakorti nr. 2. Í frummatsskýrslu segir að með því að auðkenna minjarnar með flöggum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska þeim.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.16	Jarðstreng (LA-JU) yrði dreginn í rör sem komið yrði fyrir með undirborun undir hraunið á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Rörið færi undir garð (10:1), merktur Rey 10 á fornleifakorti nr. 2, og gæti haft áhrif á hann. Verði þessi kostur fyrir valinu þarf að gæta fyllstu aðgæslu við undirborun undir garðinn.	Valkostur LA-JU er ekki hluti af aðalvalkosti Landsnets. Ef valkosturinn verður gerður að aðalvalkosti verður leitast við að fyrirbyggja rask á Rey 10, t.d. með flöggun.
11.17	Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn neinum af þeim valkostum línuleiða um Laxárdal sem lagðir eru fram í frummatsskýrslu. Aðalkosturinn er þó vænlegastur að mati stofnunarinnar.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.18	Hólasandur. Fornleifar voru ekki skráðar á Hólasandi og í kafla 6.7.3.5 í frummatsskýrslu segir að línuleið um Hólasand hafi engin áhrif á fornleifar. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna lagnaleiðina um Hólasand. Nefna má að fornir garðar eru nú þegar þekktir í Suður-Þingeyjarsýslu þó enn sé örugglega ekki komin fram endanleg mynd af þeim mikilfenglegu garðakerfum sem þar er að finna og teygir sig upp til heiða. Taka þarf tillit til þeirra fornleifa sem kunna að finnast á heiðinni. Leggja þarf niðurstöður könnunarinnar fyrir stofnunina sem þá mun taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða og þá hvers eðlis þær þurfa að vera.	Fornleifakönnun var gerð á Hólasandi en engar fornleifar fundust. Landsneti bárust í umsagnarferlinu ábendingar um að þar væri að finna minjar (sjá lið 16.1) og var fornleifafræðingur fenginn til að yfirfara skráningu sína á því svæði. Ný skýrsla með fornleifaskráningu vegna aðalvalkostar í Laxárdal og viðbótarskráningu fornleifa á Hólasandi, hefur verið gefin út og bætt við viðauka 6 með matsskýrslu. Þá hefur kafla 6.7 í matsskýrslu verið uppfærður með tilliti til þeirra. Niðurstöður skráningarinnar verða lagðar fyrir Minjastofnun samhliða frágangi matsskýrslu.

11.19	Minjastofnun Íslands minnir á að varast ber að nýta svæði nærri fornleifum undir vinnubúðir, sem geymlustaði fyrir vélar og tæki eða fyrir efnisgeymslu nema með leyfi Minjastofnunar.	Eins og fram kemur í kafla 6.7.4 í frummatsskýrslu um mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á fornleifar er ekki gert ráð fyrir því að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymlustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar.
11.20	Minjastofnun fagnar þeim fyrirheitum sem fram koma í frummatsskýrslu um að þegar framkvæmdum og frágangi lýkur verði ástand þeirra fornleifa sem taldar voru í hættu vegna framkvæmda kannað.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
11.21	Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: <i>Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i>	Landsnet mun fylgja umræddum ákvæðum laga um menningarminjar.
12	Náttúrufræðistofnun Íslands	
12.1	Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu og telur, m.t.t. hlutverks stofnunarinnar, að skýrslan ásamt viðaukum hennar sé vel unnin og hafi að geyma nægar upplýsingar um náttúrufar þess svæðis/svæða sem um ræðir svo og framkvæmdina, mótvægisáðgerðir og vöktun svo byggja megi matsskýrslu á henni. Helstu áhrif af framkvæmdinni verða annars vegar á landslag og ásýnd og hins vegar bein áhrif á náttúruna vegna plana fyrir möstur, vegslóða og efnistökusvæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru settir fram vel rökstuddir valkostir bæði fyrir legu línunnar, þ.m.t. jarðstrengja, svo og	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

	<p>t.d. mismunandi gerðir af möstrum. Hólasandslína 3 fylgir að mestu legu Kröflulínu 1 og er það kostur því ekki verið að taka nýtt svæði undir línu þó Hólasandslína 3 verði vissulega meira áberandi í landi en Kröflulína 1.</p>	
12.2	<p>Náttúrufræðistofnun telur að það séu sérstaklega tveir þættir í framkvæmdinni sem enn er óljóst hver áhrifin verða. Fyrri atriðið snýr að slóðagerð við lagningu línunnar. Í kafla 4.1.7.4. í frummatsskýrslunni er fjallað um mögulegar aðferðir og útfærslur við gerð vegslóða svo og að sleppa þeim. Öllum möguleikum sem ekki felast í slóðagerð er í raun hafnað af umhverfis-, öryggis- og aðgengis ástæðum svo og vegna kostnaðar. Þó er lagt til á sumum svæðum að hafa slóða veigaminni og vinna á frosinni jörð. Einnig kemur víða fram í frummatsskýrslunni að reynt verði að nota eins mikið og mögulegt er slóða sem eru fyrir á leiðinni, sem er mjög gott, og auk þess leggja þá t.d. í samvinnu við Umhverfisstofnun. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru það tvö svæði þar sem verulegur ávinningur væri af því að sleppa slóðagerð eins og mögulegt er en það eru Fljótshéiði og Laxárdalsheiði. Þessum svæðum er vel lýst í frummatsskýrslunni. Þar er á nokkrum stöðum farið þvert yfir votlendi og geta slóðar þar, auk þess að valda skemmdum á votlendi, verið mjög áberandi s.s. á Fljótshéiði. Það eru því eindregin tilmæli til framkvæmdaraðila að á þessum svæðum verði slóðagerð sleppt eins og hægt er og aðrar lausnir fundnar.</p>	<p>Eftir að hafa skoðað aðstæður á Fljótshéiði og Laxárdalsheiði vel og þar með talið umhverfisáhrif þess að leggja ekki slóð með Kröflulínu 1 á sínum tíma, var það niðurstaða Landsnets að minnst umhverfisáhrif yrðu með því móti að leggja eins efnislitla slóð yfir heiðarnar og mögulegt er. Með því að vanda leiðarval og frágang slíkrar slóðar telur Landsnet að minni hættu verði á skemmdum á votlendi en ef engar slóðir verða gerðar.</p> <p>Landsnet mun haga hönnun mannvirkisins og framkvæmdum þannig að burðarþol vegslóða á Fljótshéiði og Laxárdalsheiði, þar sem mest votlendi er, miðist við léttari umferð en á öðrum svæðum. Skv. greiningu á verkhönnunarstigi er um að ræða svæði á milli mastra 32-35 á Laxárdalsheiði og milli mastra 63-69 á Fljótshéiði. Eftirfarandi eru helstu hönnunar- og framkvæmdaþættir sem Landsnet hyggst ganga út frá við lokahönnun línunnar á þessum svæðum:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Vegslóð. Lagður verður jarðvegsdúkur undir vegslóðina sem minnkar efnisþörf. Gert er ráð fyrir að yfirborðsbreidd slóðarinnar verði að jafnaði 3,5 m og meðalþykktin um 0,4 m. - Plan í masturstæði. Ekki er talin þörf á sérstöku plani í masturstæði. - Stagfestur. Til að lágmarka jarðvinnu í masturstæði (efnisflutningar og þyngd tækja) verða stagfestur fóðraðir bergboltar. Um er að ræða útfærslu sem ekki hefur verið notuð hér á landi en þekkt erlendis. Borvagn á beltum er notaður við að koma fyrir bergboltum. Borað í gegnum mýrina og áfram niður í klöpp/fastan botn þar undir. Ekki er þörf á aðfluttu fyllingarefni. - Undirstöður. Til að lágmarka jarðvinnu í masturstæði (efnisflutningar og þyngd tækja) verða undirstöður á rekstaurum


		<p>og soðin platti þar ofan á sem mastursfætur hvíla á. Borvagn/beltatæki er notað við að koma rekstaurum ofan í jörðina. Rekstaurar eru stálbitar sem reknir eru ofan í jörðina í gegnum jarðlög sem ekki eru berandi. Bitarnir eru reknir niður á berandi jarðlög. Ekki er þörf á aðfluttu fyllingarefni.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Reising mastra. Mastur og tenging við undirstöðu verður sérhönnuð (liðtenging með öxli) þannig að hægt sé að reisa með léttum spilbúnaði og gálga. Verði frost í jörðu á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir að nota krana við reisingu. - Samsetning mastra. Gert er ráð fyrir að beltatæki með krana verði notað við samsetningu masturs. Einungis yrði leyft að nota vörubíl með krana ef frost er í jörðu á framkvæmdatímanum. <p>Þær ráðstafanir sem hér eru taldar upp leiða allar til þess að mun léttari umferð verður um slóðina á þessum svæðum. Gera má ráð fyrir að hámarksöxulþungi tækja sem fara um slóðina verði um helmingi minni en ef hefðbundin tæki færu um svæðið.</p> <p>Sjá einnig svar við lið 15.8.</p>
12.3	<p>Síðari atriðið er lega Hólasandslínu 3 yfir Laxárdal. Þar eru settir fram tveir kostir fyrir jarðstreng og sömuleiðis tveir kostir fyrir legu loftlínu og er öllum kostunum vel lýst. Að mati Náttúrufræðistofnunar hafa loftlínukostirnir minni varanleg áhrif innan verndarsvæðis Laxá auk þess sem meiri óvissa er um áhrif af lagningu jarðstrengja. Af loftlínukostunum telur Náttúrufræðistofnun að sá valkostur sem fylgir núverandi línu sé betri en aðalvalkostur Landsnets að því leyti að hann opnar ekki upp nýtt svæði fyrir línu yfir Laxá og hefur þannig minnst áhrif á verndarsvæðið þó áhrif á landslag aukist eitthvað og alltaf er hættu á flugi fugla á línuna sem þarf að vakta og bregðast við ef talin er þörf á því.</p>	<p>Landsnet telur ekki tilefni til að víkja frá boðuðum aðalvalkosti yfir Laxárdal, þ.e að hann verði rúmum 1 km suður af Kröflulínu 1. Þrátt fyrir að réttilega sé bent á að með tilfærslu línunnar verði farið inn á nýtt svæði, þá er niðurstaða matsins að áhrif línunnar skv. aðalvalkosti séu minni en loftlínukostur meðfram Kröflulínu 1 (sjá töflu 7.1 í matsskýrslu).</p> <p>Eins og fram kemur í uppfærðum kafla 2.7 í matsskýrslu er liðið nokkuð á líftíma Kröflulínu 1 en ákvörðun um framtíð línunnar liggur ekki fyrir. Hins vegar þykir Landsneti einsýnt að skoða þann kost, ef endurnýja þarf Kröflulínu 1 að líftíma hennar loknum, að reisa línu í löngu hafi yfir Laxárdal. Landsnet hefur litið svo á að ef til þessa kemur færi betur á því að byggja línuna samhliða Hólasandslínu 3.</p> <p>Umfjöllun hefur verið bætt við kafla 6.5.3.4.2 í matsskýrslu.</p>
12.4	<p>Náttúrufræðistofnun telur að það sé mjög áriðandi að velja og ákveða staðsetningar á möstrum og vegslóðum á þessu svæði í samráði við þá</p>	<p>Verkhönnun Hólasandslínu 3 er vel á veg komin enda forsenda þess að hægt sé að vinna mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þar með</p>

	<p>aðila sem best þekkja til bæði lífríkis og landslags á svæðinu svo og menningarminjar. Fyrir utan Umhverfisstofnun, heimamenn og aðila sem hafa með menningarminjar að gera telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdaraðili eigi að ráðfæra sig við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn og Náttúrufræðistofnun.</p>	<p>talið er val á mastrastæðum og lega slóða að þeim. Á fyrri stigum matsins voru landeigendum send kort sem sýndu tillögu að staursetningu og slóðum og óskað eftir athugasemdum og í sumum tilfellum farin vettvangsferð um þeirra land. Í framhaldi voru tillögurnar lagaðar til og fyrirhuguð staðsetning mastra og lega slóða birt á kortum í frummatsskýrslu. Einnig var slóðagerðinni skipt upp í flokka eftir umfangi, þ.e. hvort um væri að ræða nýja slóð eða (mismiklar) lagfæringar á eldri slóð. Athugasemdir og ábendingar fagaðila og hagsmunaaðila, meðal annars Ní og Ramý, við fyrirhugaða staursetningu og slóðagerð eru vel þegnar í umsagnarferlinu. Hafi Náttúrufræðistofnun ekki litið til þeirra þátta við umsögn sína óskar Landsnet eftir athugasemdum við staursetningu og leiðarval sem birt var í frummatsskýrslu þannig að hægt sé að taka tillit til þess við útboðshönnun raflínunnar. Ef stofnunin óskar eftir frekari gögnum en kortahefti frummatsskýrslu er velkomið að hafa samband við Landsnet. Landsnet hefur á grundvelli ákvæða um eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar skv. lögum um náttúruvernd óskað eftir aðkomu stofnunarinnar við nánari útfærslu staursetningu og slóða. Landsnet telur að svo stöddu ekki tilefni til frekari aðkomu fagstofnana og hagsmunaaðila en hér er tíundað að framan.</p>
13	Orkustofnun	
13.1	<p>Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og samþykkja kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum, öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu strengja. Landsnet sendi Orkustofnun kerfisáætlun 2018-2027 til stjórnarsýslulegrar meðferðar þann 31. ágúst 2018 og er Hólasandslína 3 á meðal framkvæmda á þriggja ára framkvæmdaáætlun fyrirtækisins. Með bréfi dags. 22. október 2018 skilaði Orkustofnun athugasemdum við kerfisáætlun 2017-2028 og fór fram á breytingar á áætluninni. Landsnet skilaði Orkustofnun uppfærðri útgáfu á kerfisáætlun þann 7. desember 2018. Orkustofnun yfirfór uppfærða útgáfu kerfisáætlunar og skilaði að nýju athugasemdum við kerfisáætlun 2017-2028 þann 11.</p>	<p>Ekki er talin þörf á viðbrögðum.</p>

	<p>desember 2018. Landsnet skilaði Orkustofnun uppfærðri útgáfu á kerfisáætlun þann 21. desember 2018.</p> <p>Yfirferð Orkustofnunar á kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 er ekki lokið en við yfirferð stofnunarinnar á áætluninni mun verða litið til þess hvort sá valkostur sem Landsnet leggur fram falli að markmiðum 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.</p> <p>Orkustofnun vekur athygli á því að sú valkostagreining sem stofnunin fer fram á af hálfu Landsnets vegna einstakra framkvæmda í flutningskerfinu kann að vera annars eðlis en sú valkostagreining sem fer fram vegna mats á umhverfisáhrifum. Í þessu samhengi má t.d. nefna það að Landsneti ber að meta valkosti á grundvelli þeirra viðmiða sem fram koma í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína (sjá þingsályktun frá 28. maí 2015) sem og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins (sjá þingsályktun frá 11. júní 2018).</p>	
14	Skógræktin	
14.1	<p>Skógræktin vekur athygli á að fyrirhuguð línulögn mun liggja um eða yfir skóga og því líklegt að hún leiði til skógareyðingar, bæði í skóglendi í umsjá Skógræktarinnar og annarra skógareigenda. Einnig mun línulögn takmarka möguleika á því að hægt verði að stunda skógrækt innan helgunarsvæðis línunnar en aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum leggur einmitt áherslu á aukna skógrækt á næstu árum. Skógræktin er því farin að huga að ræktunaráætlunum, gildir það jafnt fyrir lönd í eigu einkaaðila eða um ríkisjarðir í umsjá Skógræktarinnar, s.s. inni í Fnjóskadal.</p> <p>Skógræktin leggur áherslu á að vernda og efla skóglendi og að forðast skuli að raska þeim að óþörfu. En þegar slíkt reynist óhjákvæmilegt, þá er mikilvægt að hefja mótvægisáðgerðir sem allra fyrst. Eins og fram kemur í frummatsskýrslunni, má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra og því aðeins að sýnt sé fram á</p>	<p>Samkvæmt kortaþekju Skógræktarinnar má gera ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á allt að 2,8 ha af ræktuðu skóglendi og 0,7 ha af náttúrulegu birki. Þar sem loftlína liggur um er víða hægt að nýta núverandi slóðir og reynt er að staðsetja möstur þannig að mastrastæðin raski ekki trjágróðri. Slík línulögn innan kortlagðrar skógarþekju er innifalin í magntölum um rask á skóglendi.</p> <p>Á jarðstrengsleið þarf að fjarlægja öll tré úr lagnastæðinu og á það við þar sem jarðstrengsleið aðalvalkostar í Eyjafirði liggur um Naustaborgir og Kjarnaskóg.</p> <p>Felling skógar og mótvægisáðgerðir vegna hennar verða unnar í samráði við Skógræktina, viðkomandi skógræktarfélag og skógarbændur þar sem það á við. Landsnet mun kosta framkvæmdir við ræktun nýs skógar á jafnstöru svæði og tapast við framkvæmdir.</p>

	mótvægisáðgerðir. Þetta er samkvæmt 6 gr. laga um skógrækt nr. 3/1995. Sú skógareyðing sem hér um ræðir á jafnt við um náttúrulegan skóg og skóg sem stofnað hefur verið til með gróðursetningu og eða sáningu, það er ræktaðan skóg.	Þar sem um rjóðurfellingu er að ræða verður leitað eftir samþykki skógræktarstjóra.
14.2	Mótvægisáðgerðir <u>Skógræktin leggur mikla áherslu á að skóglendi sem nauðsynlegt reynist að ryðja, verði mælt áður en framkvæmdir hefjast.</u> Verkefnið Íslensk skógarúttekt (ÍSÚ) sér um að halda til haga og uppfæra ákveðnar upplýsingar á landsvísu um skóglendi Íslands og spá fyrir um þróun þess til framtíðar. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar í gagnagrunn þeirra.	Skóglendi sem nauðsynlegt reynist að ryðja verður mælt áður en framkvæmdir hefjast. Hefur nú verið bætt inn í mótvægisáðgerðir í matsskýrslu.
14.3	Skógræktin óskar eftir samráði við framkvæmdaraðila áður en mælingar fara fram, til þess að tryggja að réttar upplýsingar berist í gagnagrunninn. Skógræktin er einnig fús til samstarfs varðandi skógmælingarnar og hvernig best verði staðið að mótvægisáðgerðum vegna raskaðs skóglendis.	Haft verður samráð við Skógræktina um mælingar og mótvægisáðgerðir.
15	Umhverfisstofnun	
15.1	Fólkvangurinn í Glerárdal er verndaður til að standa vörð um svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Jarðstrengurinn mun liggja um áður óraskað svæði. Ýmis önnur mannvirki eru í fólkvanginum. Góður frágangur yfirborðs getur dregið úr áhrifum jarðrasks og líklega væri unnt að nýta slóð til útivistar ef rafsegulsvið hefur ekki áhrif á útivist í nágrenni strengsins.	Jarðstrengur aðalvalkostar liggur um fólkvang á Glerárdal (þar sem fólkvangurinn er um 300 m breiður) og um Glerárgil, svæði 508 á náttúruminjaskrá (120 m breitt), <u>um eða rétt við áður raskað svæði.</u> Norðan árgilsins liggur strengleiðin meðfram vegslóð og framræsluskurði og síðan yfir gamalt efnistökusvæði nánast að gilbarminum. Sunnan ár eru um 100 m upp að vegi, túnum og framræsluskurðum. Innan verndarsvæðanna er strengleiðin 25 – 60 m frá núverandi raflínunum sem fara í lofti yfir gilið. Það er því misskilningur að strengurinn liggja um óraskað land innan verndarsvæðanna. Engu að síður verður lögð áhersla á vandaðan frágang yfirborðs og strengjabrúar. Loftlínukostur EY-L liggur aftur á móti á 3,9 km kafla um fólkvang á Glerárdal þar sem hann er lítt eða óraskaður. Valkostur EY-L er ekki hluti aðalvalkostar Landsnets. Í jarðstreng (sbr. aðalvalkost) er rafsviðið allt innan strengsins og nær ekki útfyrir hann. Segulsvið myndast hins vegar í kringum leiðarana og

		langmest beint yfir strengnum. Í matsskýrslu hefur verið bætt við kafla 6.12.2.7 um segulsvið frá jarðstrengjum. Þar kemur fram að styrkur segulsviðs frá jarðstrengjahluta Hólasandslínu 3 er langt undir leyfilegum mörkum (viðmiðum frá ICNIRP) og er ekki talið hafa áhrif á heilsu manna eða dýra vegna útivistar í grennd við jarðstreng.
15.2	Jarðstrengur mun liggja um svæði nr. 510 á náttúruminjaskrá, Hólmana. Verndargildi svæðisins er talið vera: „ <i>Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.</i> “ Talið er að áhrif á fuglalíf verði tímabundin, en hægt er að draga úr áhrifum með því að ráðast í framkvæmdir á svæðinu utan varptíma. Telur Umhverfisstofnun mikilvægt að svo sé gert þar sem Hólmarnir eru flokkaðir sem mikilvægt fuglasvæði með vistgerðir með mjög hátt verndargildi líkt og starungsmýravist og gulstararflóavist af Náttúrufræðistofnun Íslands.	Fyrir liggur liggur ábending fuglafræðings að framkvæmdir fari fram utan varptíma, þ.e. í maí og júní og ábending Hafrannsóknastofnunar að yfir sumartímam hafi framkvæmdir síðustu þrjár vikurnar í júní minnst áhrif á fiskistofna og veiðinýtingu en framkvæmdir frá og með hausti að vori hafi enn minni áhrif. Í ljósi ofangreinds sér Landsnet fyrir sér mögulegan framkvæmdatíma á bilinu frá því eftir miðjan september og fram í apríllok. Erindi var sent til Óshólmanefndar þar sem óskað var eftir ábendingum og athugasemum við fyrirhugaðan árstíma framkvæmdanna. Í svari sínu tók Óshólmanefnd undir áætlanir um verktíma. Upplýsingum þess efnis hefur verið bætt inn í mótvægisáðgerðir (sjá kafla 6.2.4 í matsskýrslu).
15.3	Í aðalvalkosti er gert ráð fyrir að Eyjafjarðará verði þveruð með 850 m löngum jarðstreng sem grafinn verður undir allar þrjár kvíslir árinna og hólmana. Talið er að þessi framkvæmd muni hafa tímabundin áhrif á fuglalíf vegna ónæðis á framkvæmdatíma og röskunar búsvæða. Talið er að þessi framkvæmd muni hafa takmörkuð áhrif á sjaldgæfar eða fágætar vistgerðir. Að líkindum mun botn árinna ná fljótt svipuðu eða sama ástandi. Frágangur og meðferð svarðlags getur ráðið miklu um hvernig gróðri muni farnast á strengleiðunum. Hins vegar mun rask verða varanlegt þar sem slóðin milli strengjanna verður lögð. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort leið sem samanstendur af aðalvalkosti og valkosti EY-JB sem felst í því að fylgja núverandi vegi um kvíslar og hólma, en gera ráð fyrir að grafa strenginn undir kvíslar þar sem ekki er talið fýsilegt að hengja jarðstreng í brýr vegna ástands þeirra. Með þessu móti mætti að líkindum draga úr raski sem nemur slóð meðfram jarðstrengjum. Umhverfisstofnun telur að jarðstrengurinn valdi minnstum neikvæðum	Bæði jarðstrengsleið aðalvalkostar og valkostar EY-JB fylgja núverandi vegi yfir Hólmana nema næst Eyjafjarðarbraut eystri þar sem farið er yfir beitarhólf og vestast þar sem skorin er af rúmlega 1,3 km löng lykkja norður að brúnni yfir vestustu kvíslina. Núgildandi aðalskipulag Akureyrarkaupstaðar gerir ráð fyrir því að færa göngu- og reiðleið þá sem legið hefur norður að brúnni frá suðurenda flugvallarins í nágrenni við fyrirhugaða strengleið Landsnets og leggja nýjan stíg yfir Hólmana samhliða strengleiðinni. Er það gert vegna öryggiskrafna við Akureyrarflugvöll. Aðalvalkostur gerir ráð fyrir að grafa jarðstreng í botn árkvíslanna eins nálægt gömlu brúnum og heppilegt þykir af tæknilegum ástæðum m.a. vegna óvissu um framtíð brúna en ekki síst til að fækka hlykkjum á leiðinni til að auðvelda ídrátt strengja í rörin undir árkvíslarnar. Ef brúnum væri fylgt algjörlega mætti hugsanlega minnka rask á Staðarey, milli mið-

	<p>umhverfisáhrifum ef hann er lagður meðfram gamla vegstæðinu því þannig verður minna rask á þessum vistgerðum.</p>	<p>og austurbrúar, sem nemur slóðagerð en þá verður leiðin hlykkjóttari sem gerir útdrátt mun erfiðari.</p> 
<p>15.4</p>	<p>Umhverfisstofnun bendir á 61.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd en þar falla undir m.a. votlendi stærri en 2 ha, birkiskógar og hraun sem runnið hefur eftir síðasta jökulskeið (hraun frá nútíma). Ber að forðast rask á þessum vistgerðum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til skv. lögum. Þá telur Umhverfisstofnun að við rask á votlendi beri framkvæmdaraðila að endurheimta votlendi sem mótvægisáðgerð. Sjá nánar í niðurstöðukafla um rask á votlendi við Skjálfandafljót.</p>	<p>61. gr. náttúruverndarlaga var meðal þeirra viðmiða sem lögð voru til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar (sjá kafla 6.1.1.3 og 6.4.1.2). Í frummatsskýrslunni er einnig að finna rökstuðning fyrir því að framkvæmdin þjóni almannahagsmunum (sjá kafla 2.1). Þá kemur jafnframt fram í skýrslunni að Landsnet mun kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við framkvæmdir (þar með talið við Skjálfandafljót) í samráði við Umhverfisstofnun, Landgræðsluna og sveitarfélög á línuleiðinni (sjá t.d. kafla 8.2).</p>
<p>15.5</p>	<p>Í frummatsskýrslu er fjallað um mögulega legu jarðstrengs. Einn valkostanna, EY-JK, liggur um sambærilegt land og aðalvalkostur en raskar mun meira af skóglendi í Kjarnaskógi. Varðandi rask á trjágróðri telur Umhverfisstofnun að fjalla hefði átt um möguleika á endurheimt</p>	<p>Landsnet leitaði til Bergsveins Þórssonar sérfræðings hjá Skógræktinni varðandi möguleika á endurheimt skóglendis með flutningi trúa með stórvirkum vinnuvélum. Skemmst er frá því að segja að Bersveinn telur þá leið ekki vænlega til árangurs og bendir á að hefðbundin skógræktarleið</p>

<p>skóglendis sem felast í því að færa tré með stórvirkum vinnuvélum í stað þess einungis að gera ráð fyrir að tré verði felld.</p>	<p>sé að höggva þau tré sem þarf að fjarlægja og gróðursetja ný tré á nýjum stað í samsvarandi flatarmál.</p> <p>Hér fyrir neðan er umsögn Bergsveins. Texta um flutning stórra trjáa hefur verið bætt inn kafla 6.1.3.1.2 í matsskýrslu.</p> <p>„Tveir kostir eru nefndir fyrir jarðstreng um og við Kjarnaskóg.</p> <p>Aðalvalkostur færi norðan við gamla Kjarnaskóg og til vara er nefn leið sem færi í genum norð austur horn Kjarnaskógar nefnd EY-JK (um skóg). Sú leið liggur að stóru leiti um skógi vaxið svæði alls um 1,36 ha. Margar tegundir trjáa er að finna á þessari leið, mest trúlega birki og rauðgreni en finna má tregundir eins og lerki, stafafuru, alaskaösp og skógarfuru auk sjálfsprottna gulvíði og loðvíði runna. Gróðursett hefur verið á þessu svæði frá árinu 1947 og því eru flest tré á þessu svæði margra áratuga gömul og hæð þeirra flestra á bilinu 7-13 metrar. Fjöldi trjáa í línuleið er ekki skráður en fjöldi trjáa í hóflega grisjuðum eldri skógi gæti hæglega verið um 1000 tré á ha og miðað við það er um 1.300 tré í línuleiðinni. Til að hægt sé að leggja línu um skóg þarf að losna við trén. Einfalda leiðin er sú að höggva þau tré í burtu sem þarf og gróðursetja ný tré á nýjum stað í samsvarandi flatarmál. Segja má að þetta sé hefðbundin skógræktar leið. Tré eru höggvin 60 - 80 ára gömul, timbrið er nýtt og gróðursett er aftur og hringrásin endurtekur sig. Annar möguleiki er að færa trén í línustæðinu til með stórvirkum vinnuvélum eins og nefnt er í umsögn Umhverfisstofnunar. Alla jafna er flutningur trjáa á rót talin fremur erfið aðgerð og eftir því sem trén verða stærri og eldri verður verkið erfiðara og árangur ótryggari. Almennu eru tré ekki stungin upp út í skógi og flutt til. Tré sem eru flutt til og seld sem hnausa tré eru yfirleitt tré úr gróðrarstöðvum sem sérhæfa sig í ræktun trjáa til flutnings. Þar eru trén oftast tekin upp 1-4 metra há og hafa þau verið rótarstungin á nokkra ára fresti fyrir upptöku til að þetta rótarkefi við stofn. Fjarlægð milli trjáa út í skógi þar sem eru 1000 tré á hektara eru rúmum 3 metrar. Hámarks radíus á rótarhnaus er því 1,5 metrar og hversu mikið er af virkum rötum í slíkum hnaus á áratugagömlu tré sem aldrei hefur verið rótarskorið er óvíst. Útgufun vatns er mikil gegnum lauf trjáa og ef rótarkefið hefur minnkað mikið við upptöku ná tré ekki að flytja það vatn sem þarf um vefi</p>
---	---

		<p>og þau þorna upp og drepast. Við gróðursetningu þarf að passa vel að tré fari lóðrétt niður og rótarhnaus þarf að fara sem næst í sömu dýpt og tréð stóð áður. Því þarf að staga öll tré af með einhverjum hætti eftir gróðursetningu. Ef flutningur gengur vel og tré lifir aðgerðina af er það oft mörg ár að jafna sig. Lauf trjáanna verður lítið trén vaxa hægt og þau verða lítið augna yndi.</p> <p>Að framan sögðu má vera ljóst að flutningu nokkur hundruð trjáa úr línustæði er aðgerð sem undirritaður telur ekki vænlega til árangurs.“</p>
15.6	<p>Ef valinn er kostur á forsendum þess að ráðist verður í endurheimt telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við framkvæmdarleyfi liggja fyrir áætlun um endurheimt og að gert sé ráð fyrir virkri eftirfylgni þeirra áætlana.</p>	<p>Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvernig eftirliti með endurheimtaraðgerðum verður háttað. Það verður útfært í áætlunum um endurheimt votlendis, þurrlendis og skóglendis, sem unnar verða með þar til bærum fagstofnunum (sjá kafla 8.2 í matsskýrslu).</p> <p>Í lok framkvæmda mun Landsnet standa fyrir umhverfisúttekt þar sem umsagnaraðilum, verkefnaráði og helstu hagsmunaaðilum verður boðin þátttaka. Er það liður í eftirfylgni með niðurstöðum og mótvægisáðgerðum umhverfismatsins.</p>
15.7	<p>Verndargildi svæða á náttúruuminjaskrá í Fnjóskadal eru fyrst og fremst talin felast í jarðmyndunum og landslagi. Hólasandslína 3. mun í sjálfu sér ekki valda raski á jarðmyndunum á svæðinu Melar. Hins vegar mun verða frekara rask vegna efnistöku sem fram mun fara í opnum námum og auka neikvæð áhrif á ásýnd, en draga má nokkuð úr þessum áhrifum með góðum frágangi. Umhverfisstofnun vekur athygli á vefsíðunni www.namur.is þar sem finna má leiðbeiningar um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Stofnunin bendir á að á vefsíðunni má einnig finna gagnlegar upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða. Lega Hólasandslínu 3. í Bleiksmýrardal er í jaðri svæðisins, en mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, en verndargildi þess er m.a. talið vera vegna landslags.</p>	<p>Gengið verður frá efnistökusvæðum í samræmi við leiðbeiningar sem finna má á vefsíðunni namur.is. Verklag við frágang raskaðra svæða verður skilgreint í verklýsingu fyrir verktaka.</p>
15.8	<p>Umhverfisstofnun telur jákvætt að leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi á Fljótsheiði. Í frummatsskýrslu er fjallað um þann möguleika að framkvæmdir á Fljótsheiði fari fram á frosinni jörð og með þeim hætti verði dregið úr</p>	<p>Í frummatsskýrslu hefur verið fjallað um þær aðferðir sem til greina koma við reisingu línunnar á Fljótsheiði. Þar sem framkvæmdin er ennþá í undirbúningi liggja endanlegar útfærslur ekki fyrir á þessu stigi en nánari útfærsla fer fram við útboðshönnun línunnar. Til að draga úr efnisþörf</p>

	þörf fyrir slóðagerð í votlendi. Jafnframt er fjallað um þann möguleika að reisa möstur án aðkomu krana sem myndi draga enn frekar úr þörf fyrir línuveg. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi frekar um þennan möguleika sem og aðrar aðferðir við tilhögun framkvæmdarinnar sem miða að því að draga úr raski á votlendi. Umhverfisstofnun telur að undirbúa þurfi vandlega framkvæmd af þessu tagi. Rannsaka þurfi hvort unnt sé að koma fyrir öllum stagfestum með borun og hvort nauðsynlegt sé að flytja að burðarhæft efni fyrir undirstöður sem gæti kallað á flutning efnis sem erfitt gæti reynst að flytja að vetrarlagi.	verður mögulega horft til lausna með rekstaurum í undirstöður. Benda má á að veðurfar og tímasetning framkvæmda ráða miklu um hvernig framkvæmdum verður háttað. Þannig er t.d. ekki hægt að ganga að því vísu að hægt sé að vinna á frosinni jörð á votlendissvæðum öll ár.
15.9	Neikvæð áhrif á landslag og ásýnd aukast með tilkomu Hólasandslínu 3. en Umhverfisstofnun telur að gera ætti frekari grein fyrir samlegðaráhrifum línanna í Bárðardal.	Bætt hefur verið inn málsgrein varðandi samlegðaráhrif í Bárðardal í kafla 6.5.3.3.
15.10	Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar í Bárðardal gætu orðið vegna varanlegs rasks á votlendi á Fljótshéiði. Sjónræn áhrif verða bundin við líftíma mannvirkisins. Áhrif á fugla gætu orðið neikvæð en unnt er talið að draga úr þessum áhrifum ef leiðarar verða merktir.	Merking leiðara með veifum eða kúllum getur dregið úr afföllum fugla í Bárðardal. Á móti kemur að slík merking myndi auka sjónræn áhrif framkvæmdarinnar fyrir þá einstaklinga sem leið eiga um dalinn. Sérfræðingar hafa ekki talið þörf á að merkja leiðara í Bárðardal. Að svo stöddu er því ekki gert ráð fyrir að því. Hins vegar er fyrirhugað að ráðast í viðbótarvöktun á áflugi (sjá kafla 8.2) og verður þörf á merkingu leiðara endurmetin með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar vöktunar. Landsnet telur hins vegar mikilvægt að ef talin verður þörf á merkingum leiðara verði skoðað vel hvers konar merkingar myndu gefa besta árangurinn. Nýlegar rannsóknir sýna að árangur merkinga á leiðurum er háður ýmsum breytum, s.s. landformum kringum línu, lykilmuglategundum við hana og gerð raflínunnar ¹ . Bætt hefur verið við umfjöllun um mótvægisáðgerðir vegna fugla í köflum 6.2.4 og 6.2.5.1 í matsskýrslu.
15.11	Í Reykjadal og Laxárdal liggur línun um votlendi stærra en 2 ha sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun telur að á þessum stöðum ætti að kanna möguleika á því að vinna fari fram á frosinni jörð til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi og gróðurfar.	Í kafla 4.1.7.4 í matsskýrslu kemur fram að stefnt er að því að nota aðferðir við reisingu línunnar sem ekki krefjast efnis- og burðarmikilla slóða (t.d. reisingargálga eða vinnu á frosinni jörð) á Fljótshéiði og Laxárdalsheiði. Nánari útfærsla þeirra fer fram við útboðshönnun línunnar.

¹ https://www.researchgate.net/publication/324537353_Bird_collisions_with_power_lines_State_of_the_art_and_priority_areas_for_research/download

15.12	Svæðið þar sem línurnar þvera hringveg 1. í Reykjadal er talið með þeim stöðum þar sem sammögnunaráhrif línanna tveggja gætu orðið mikil. Umhverfisstofnun telur að þarna ætti að kanna möguleika á því að leggja Kröflulínu 1. í jörð sem mótvægisáðgerð við lagningu Hólasandslínu 3. í stað þess að bíða þar til líftíma Kröflulínu 1. lýkur.	Sjá svar við lið 15.15.
15.13	Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og bendir sérstaklega á ákvæði 18. gr. laganna um mikið breytt vatnshlot sem tiltaka að stofnuninni sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun strenglagningar þarf einnig að taka mið af þessum kröfum.	Landsnet mun sækja um tímabundð leyfi til breytingar á vatnshloti til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála vegna lagningar jarðstrengs um Eyjafjarðará. Kafli 4.3 um leyfisveitingar hefur verið uppfærður m.t.t. þessa í matsskýrslu.
15.14	Varðandi mótvægisáðgerðir telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort unnt sé að færa Kröflulínu 1. að Hólasandslínu 3. svo hún þveri Laxárdal á sama hátt.	Sjá svar við lið 15.15
15.15	<p>Mótvægisáðgerðir</p> <p>Umhverfisstofnun telur að umfang mótvægisáðgerða eigi að vera í meira samræmi við umfang þess mannvirkis sem hér er til umfjöllunar. Um er að ræða mun stærra mannvirki en það sem fyrir er, þ.e. Kröflulínu 1. Umhverfisstofnun telur að þar sem sameiginleg áhrif Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 1 eru talin hvað neikvæðust á ásynd, þ.e. annars vegar í Fnjóskadal og hins vegar í Reykjadal þar sem vegurinn þverar Hringveg 1 ætti að fjalla um þá möguleika sem fyrir hendi eru til að draga úr neikvæðum áhrifum þessara mannvirkja, þar á meðal þann möguleika að leggja Kröflulínu 1 í jörð á þessum svæðum. Einnig mætti líta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á ásynd í Laxárdal með því að færa Kröflulínu 1 að Hólasandslínu 3 og þvera dalinn á sama hátt. Ásynd dalsins myndi batna við það að fjarlægja Kröflulínu 1 úr dalbotninum og hlíðum hans.</p>	<p>Umfjöllun um mögulegar áðgerðir við Kröflulínu 1 og umhverfisáhrif þeirra má finna í frummatsskýrslu. Þar var lagt mat á jarðsetningu Kröflulínu 1 og samnýtingu mastra á svæðum þar sem vænta má neikvæðastrá sjónrænna samlegðaráhrifa vegna hennar og Hólasandslínu 3 (sjá kafla 6.5.3.2.1 og 6.5.3.4.1). Niðurstaða þeirrar greiningar var sú að jarðsetning Kröflulínu 1 myndi draga úr sjónrænum samlegðaráhrifum með Hólasandslínu 3 í Fnjóskadal og Reykjadal.</p> <p>Helsta ástæða þess að jarðsetning Kröflulínu 1 var ekki sett fram sem mótvægisáðgerð er aftur á móti sú að nokkuð er liðið á líftíma línunnar og óvissa ríkir um framtíð hennar, þ.e. hvort hún verður aflögð eða endurbyggð sem loftlína eða jarðstrengur. Komi til þess að línan verði aflögð má segja að það rask sem fylgir jarðstrengslögn sé umdeilanlegt ef notkunartími jarðstrengsins verður stuttur (þ.e. einungis hluti af líftíma strengsins).</p> <p>Bætt hefur verið við umfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 og möguleika á að leggja hluta hennar í jörð í kafla 2.7 og 2.8 í matsskýrslu.</p> <p>Ef uppbygging meginflutningskerfisins verður á þá leið að talin verður þörf fyrir Kröflulínu 1 eftir að núverandi loftlína hefur runnið sitt skeið, telur</p>


		Landsnet einsýnt að m.a. verði litið til umfjöllunarinnar og matsins í frummatsskýrslu Hólasandslínu 3 við byggingu nýrrar raflínu.
15.16	Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili ætti ekki að útiloka umfjöllun um aðgerðir við Kröflulínu 1. Í tengslum við umhverfismat Hólasandslínu 3 á bls. 252 í frummatsskýrslu segir m.a.: „ <i>Meðan ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða um þróun á uppbyggingu meginflutningskerfisins hefur Landsnet ekki talið rétt að ráðast í kostnað á núverandi byggðalínu (þ.m.t. Kröflulínu 1.) Nú liggur hins vegar fyrir greining á því hvar neikvæðustu samlegðaráhrif Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. er að vænta og er það mikilvæg forsenda þegar að því kemur að raunhæft er að ræða frekar framtíð línunnar</i> “. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 sé fjallað um þá möguleika sem felast í því að draga úr neikvæðum áhrifum háspennulína með því að leggja þær í jörðu þar sem slíkt er tæknilega mögulegt og jarðmyndanir á mögulegri strengleið þess eðlis að rask við lagningu jarðstrengs valdi ekki enn frekari neikvæðum áhrifum, t.d. þar sem strengleið liggur um hraun eða votlendi. Það á að vera unnt að fjalla um lagningu jarðstrengs sem mögulega mótvægisáðgerð þrátt fyrir að framkvæmdaaðili telji slíkt ekki raunhæft.	Sjá svar við lið 15.15 og þá hefur verið bætt við umfjöllun í kafla 2.8 um möguleika þess að setja Kröflulínu 1 í jörð.
15.17	Framkvæmdir á friðlýstum svæðum Umhverfisstofnun bendir á að fyrir allar framkvæmdir á friðlýstum svæðum þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar. Hér er vakin athygli á framkvæmdum í Glerárdal og verndarsvæðum Mývatns og Laxár. Á bls. 120 frummatsskýrslu er fjallað um leyfisveitendur og leyfisveitingum Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdir á friðlýstum svæðum. Gert er ráð fyrir því að í þeirri umfjöllun sé stuðst við 17. gr. rg. nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í grein reglugerðarinnar er skýrt að Umhverfisstofnun þarf að „fallast á umrædda skipulagsáætlun“. Umhverfisstofnun áréttar hins vegar að skipulag sveitarfélaga og skipulagslög gera ekki ráð fyrir að Umhverfisstofnun fallist á skipulag og benda má á að umsagnir við skipulag eru ekki bindandi. Dæmi eru um að farið sé af stað í	Landsnet mun sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða. Kafli 4.3 um leyfisveitingar hefur verið endurskoðaður hvað þetta varðar í matsskýrslu.

	framkvæmdir í skjóli þess að unnið sé samkvæmt gildandi skipulagi sem Umhverfisstofnun hefur lagst gegn í umsögnum. Því er ekki litið á umsagnir sem samþykki stofnunarinnar á skipulagsgerðum. Er það mat stofnunarinnar, í ljósi þess að ekkert er skilgreint um það hvernig Umhverfisstofnun geti fallist á skipulagsgerðir með bindandi hætti, að allar framkvæmdir sem fara fram innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár eru háðar því að sótt sé um leyfi stofnunarinnar. Leyfisskylda er þá metin út frá fyrirbyggjandi gögnum.	
15.18	Vestan Skjálfandafljóts liggur Hólasandslína 3. um fremur gróðurlitla hálsa milli byggða. Umhverfisstofnun telur góðar líkur á því að endurheimta megi fyrra gróðurfar á strengleið í Eyjafirði. Sendinn og fínefnaríkur botn árinna mun jafna sig fljótt og ef vandað verður til verka í votlendi á strengleiðinni t.d. með mótvægisáðgerðum og með því að halda til haga gróðurtorfum til frágangs, eins og gert hefur verið við ýmsar framkvæmdir, gæti raskað yfirborð náð sér að mestu leyti. Áhrif á fuglalíf í Eyjafirði ættu að takmarkast við framkvæmdatíma og unnt væri að draga enn frekar úr þessum áhrifum með tímasetningu framkvæmda.	Gert er ráð fyrir að nýta svarðlag við frágang. Verklag verður skilgreint í verklýsingu sem og forskrift endurnýtingar. Hvað varðar framkvæmdatíma í Eyjafirði er vísað í svar við lið 15.2.
15.19	Vestan Skjálfandafljóts má ætla að áhrif línunnar verði helst neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Á þessu svæði einkennast laus jarðlög af setmyndunum frá síðasta jökulskeiði. Línan mun breyta ásýnd á þessum svæðum og auka enn varanleg og óafturkræf áhrif vegna efnistöku. Líta ber til þess að þarna er um opnar námur að ræða og gæti góður frágangur dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Í Fnjóskadal hefur verið skilgreint svæði þar sem sjónræn áhrif eru talin einna neikvæðust. Þarna mætti kanna að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða, þ.e. að leggja Kröflulínu 1. í jörð.	Gengið verður frá efnistökusvæðum í samræmi við leiðbeiningar sem finna má á vefsíðunni namur.is. Verklag við frágang raskaðra svæða verður skilgreint í verklýsingu fyrir verktaka. Hvað varðar lagningu Kröflulínu 1 í jörð í Fnjóskadal sem mótvægisáðgerð er vísað í svar við lið 15.15 og uppfærða kafla 2.7 og 2.8 í matsskýrslu.
15.20	Í Bárðardal liggur línan á mjög stuttum kafla um Bárðardalshraun þar sem því hefur verið raskað að hluta við fyrri línulögn. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og ber að forðast að raska því. Umhverfisstofnun minnir á að heimilt er að binda leyfi framkvæmdanna skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að	Landsnet mun hlíta þeim skilyrðum sem framkvæmdinni verða sett.

	draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.	
15.21	Austan Skjálfandafljóts liggur línán á nokkrum stöðum um stórt og sumstaðar nokkuð víðáttumikið votlendi. Um ræðir votlendi undir sérstakri vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Bendir Umhverfisstofnun á að ef slíku svæði er raskað er rétt að endurheimta votlendi sem mótvægisáðgerð. Fyrir slíka endurheimt telur stofnunin þörf á áætlunum um endurheimt og að í þeim áætlunum sé gerð grein fyrir stærð endurheimtaðs votlendis og hverskonar votlendisgerð skal endurheimta. Þá skal lögð áhersla á að endurheimta votlendi að sömu gerð og raskast og í landshluta framkvæmdar. Þá er það mat stofnunarinnar að sú áætlun sé tímasett og að framkvæmd við endurheimt hefjist á sama tíma og framkvæmd við umrædda lagningu jarðstrengs sem veldur röskun.	Landsnet mun kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við framkvæmdir. Áætlun þar um verður unnin í samráði við Umhverfisstofnun, Landgræðsluna og sveitarfélög á línuleiðinni. Landsnet mun hafa samband við þessar stofnanir til að ljóst sé hver réttur farvegur er fyrir undirbúning á endurheimt votlendis.
15.22	Á Fljótsheiði og Laxárdalsheiði gætu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar orðið hvað mest og varanlegust að mati Umhverfisstofnunar. Þarna ætti að leita leiða til að draga úr þessum áhrifum eins og kostur er og helst með verklagi sem felst í því að komast þarna um votlendi án slóðagerðar. Þarna gætu áhrif orðið talsvert neikvæð án áðgerða til að draga úr raski.	Sjá svar við lið 15.11.
15.23	Í Laxárdal telur Umhverfisstofnun að lagning línu yfir dalinn skv. aðalvalkosti hafi mun minni umhverfisáhrif í för með sér en að leggja jarðstrengi um hlíðar dalsins og undir Laxá. Áhrif línunnar verða fyrst og fremst neikvæð sjónræn áhrif, mögulega neikvæð áhrif á fugla og neikvæð áhrif á landslag, en jarðstrengir munu valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum í Laxárdal. Áhrif á Hólasandi, sem er síst viðkvæmur fyrir breytingum, verða að líkindum neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.	Niðurstaða Umhverfisstofnunar er í samræmi við niðurstöðu Landsnets.
15.24	Fram kemur í frummatsskýrslu að helstu neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru talin vera neikvæð sjónræn áhrif. Jákvætt er að lagt sé til að leggja jarðstreng á línuleiðinni eins og tækni leyfir. En kanna ætti frekari strenglög þar sem sammögnunaráhrifa Hólasandslínu 3. og Kröflulínu 1. gætir.	Sjá svar við lið 15.15 og uppfærða kafla 2.7 og 2.8 í matsskýrslu.

15.25	Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd hafi talsverð neikvæð áhrif á ásýnd og landslag þegar jarðstreng sleppir við strengendavirki. Áhrif á votlendi og vistkerfi þar gætu orðið talsvert neikvæð ef ekki verður unnt að finna verklag sem dregur úr raski á þessum svæðum, þ.e. Fljótshéiði og Laxárdalsheiði. Vöktun hefur til þessa ekki sýnt fram á neikvæð áhrif Kröflulínu 1. á fluglalíf í Laxárdal og ráðgert er að vakta Hólasandslínu 3. á sama hátt og bregðast við ef áflug á línuna eykst. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin kunni að hafa talsvert neikvæð áhrif svæði á náttúruminjaskrá og votlendi undir sérstakri vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig er það mat stofnunarinnar að framkvæmdin kunni að hafa nokkuð neikvæð áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Frekari efnistaka í setmyndunum í Fnjóskadal mun valda meiri neikvæðum áhrifum en þegar er orðið í opnum efnisnámmum.	Landsnet telur að aðalvalkostur hafi talsvert neikvæð áhrif á Mela við Illugastaði en óveruleg áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár og önnur svæði á náttúruminjaskrá (sjá nánar í kafla 6.8 í matskýrslu).
15.26	Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd samkvæmt aðalvalkosti kunni að hafa talsverð neikvæð áhrif á ásýnd og landslag á línuleiðinni.	Landsnet telur að framkvæmdin muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd sem að stórum hluta eru afturkræf. Áhrifin tengjast einkum loftlínu og möstrum en einnig áhrifum slóðagerðar. Mest verða áhrifin þar sem línan fer um viðkvæm svæði eða þar sem sýnileikinn er mikill, svo sem í Fnjóskadal þar sem loftlínan liggur eftir endilöngum dalnum, við þverun hringvegarins í Reykjadal og við verndarsvæði Mývatns og Laxár í Laxárdal . Vægismatið byggir á fyrirframgefnum viðmiðum um grunnástand og einkenni áhrifa, sem er grundvöllur niðurstöðu Landsnets.
15.27	Áhrif strenglagnar á gróðurfar eru líkleg til að vera tímabundin og óveruleg ef vel verður staðið að framkvæmdinni. Áhrif á votlendi og vistkerfi gætu orðið staðbundið talsvert neikvæð ef ekki verður unnt að haga framkvæmdum á þessum svæðum á nokkuð annan hátt en tíðkast við lagningu línuvega á svæðum svo sem á Fljótshéiði. Nokkur óvissa er um áhrif á fugla en með vöktun ætti að vera unnt að bregðast við ef áflug reynist óásættanlegt að mati sérfróðra aðila.	Þessi niðurstaða er að mestu í samræmi við niðurstöðu Landsnets en fyrirtækið telur að áhrif strenglagnar á gróðurfar verði að hluta varanleg þar sem ekki er gert ráð fyrir að fjarlægja slóð sem lögð verður með strengnum.
16	Náttúruannsóknastöðin við Mývatn	
16.1	Fornminjar	Landsnet þakkar ábendinguna.

<p>Nokkrar merkar fornminjar hafa orðið útundan í frummatinu. Þær eru merktar með bókstöfum á 1. mynd:</p> <p>A. Óljós merki um sel nærri fyrirhuguðum efnistökuástandi á Laxárdalsheiði.</p> <p>B. Glöggar tóftir norðaustan við Kalmannstjörn, gætu verið sel (sjá nærmynd með hnitum á 3. mynd).</p> <p>C. Langt garðlag frá fornöld ofan við vesturbrún Laxárdals.</p> <p>D. Leifar (tóftir og garðbrot) af áður óþekktum fornaldarbæ nálægt suðurenda garðlagsins (1. og 4. mynd). Á þessum slóðum gæti stefnt í talsvert rask vegna línulagnarinnar. Bær þessi er athyglisverður fyrir það hve hátt hann stendur.</p> <p>E. Áður óþekkt fornþýli austan Laxár, rétt austan Varastaðahólma.</p> <p>F. Þarna eru fremur óglögg merki um fornþýli.</p> <p>G. Forn ruddur vegur, 6–9 m breiður eftir endilöngum Hólasandi, stefnir N-S. Engar ritheimildir eru kunnar um þennan veg. Hann hefur verið ruddur með samstilltu átaki margra og tengist líklega brennisteinsflutningum fyrr á öldum, e.t.v. 16. eða 17. öld. Í mólendinu sunnan og vestan sandsins taka við miklar reiðgötur í framhaldi af vegi þessum, hluti kaupstaðargatnanna til Húsavíkur. Gæta þarf þess að vegurinn verði ekki ekinn í sambandi við línulögnina og að mastur komi ekki á hann miðjan. Mikilvægt er að kortleggja leið vegarins og lýsa honum sem fyrst.</p> <p>H. Forn ruddur vegur, um 4 m breiður liggur þvert á framangreindan veg og stefnir sá A–V og er líklega framhald gatna frá Reykjahlíð. Sömu varúðar þarf að gæta með þenna veg og hinn fyrrnefnda.</p> <p>I. (ekki merkt á kort). Forngarður liggur samsíða þjóðvegi eitt þar sem hann liggur úr Reykjadal upp á Mývatnheiðina (2. mynd). Gæta þarf sérstaklega að vernd hans þarna, en hann er talsvert skemmdur af vegagerð á kafla.</p>	<p>Fornleifafræðingur hefur verið fenginn til þess að fara yfir skráningu matsins og bæta við þeim fornminjum sem urðu útundan. Nýrri fornleifaskýrslu hefur verið bætt við viðauka 6 í matsskýrslu og umfjöllun um niðurstöður hennar hefur verið bætt við kafla 6.7 í matsskýrslu. Þess ber þó að geta að sumar þeirra fornminja sem tilteknar eru í umsögn RAMÝ falla utan athugunarsvæðis vegna framkvæmda við Hólasandslínu 3.</p>
--	---



1. mynd. Fornaldargarðlög og aðrar byggðarleifar á línuleiðinni kringum Laxárdal. Athygli er vakin á minjum merktum með bókstöfum. Úr gagnagrunni RAMÝ.

[Með athugasemdinni fylgdu einnig nærmyndir af umræddum fornleifum. Þær má sjá í viðauka sem geymir innsendar athugasemdir við frummatsskýrslu]

16.2

Valkostir


Starfsfólk rannsóknastöðvarinnar hefur ekki skoðað valkosti línuleiða yfir Laxá á vettvangi, en er vel kunnugt á svæðinu. Svo virðist sem loftlína muni valda minna raski til frambúðar en jarðstrengur og geti verið ásættanleg að teknu tilliti til tveggja atriða:

(1) Hætta á áflugi fugla. Endur og fleiri vatnafuglar fljúga upp og niður eftir ánni á daglegum ferðum á náttstaði. Spurningin er því (a) hve hátt raflínan yrði yfir ánni? (b) hve mikil umferð fugla er? (c) eru mótvægisáðgerðir mögulegar?


Gert er ráð fyrir að leiðarar Hólasandslínu 3 verði í um 50 m hæð yfir vatnsborði Laxár. Til samanburðar er Kröflulína 1 í um 12 m hæð yfir Laxá.

Samkvæmt vöktun á áflugi við Kröflulínu 1 sáust tæplega 2.000 fuglar fljúga undir eða yfir línuna í myndavél á tímabilinu frá 5. maí fram til 10. ágúst 2015. Nú stendur yfir viðbótarvöktun á áflugi við Kröflulínu 1 sem ætlað er að varpa ljósi á áflugshættu að vetrarlagi en vöktunin ætti einnig að gefa hugmynd um umferð fugla með ánni að vetrarlagi. Einnig stendur til að vakta áflug fugla á Hólasandslínu 3 við Laxá í samráði við fuglafræðinga. Í kjölfar þeirrar vöktunar verður tekin ákvöðun um mögulegar mótvægisáðgerðir. Þær áðgerðir sem helst hafa verið nefndar í því sambandi eru merkingar á leiðurum með veifum eða kúlum til að gera þær sýnilegri fyrir fugla. Sjá einnig svar við lið 15.10.

16.3	(2) Sjónmengun. Nyrðri loftlínuleiðin myndi fylgja núverandi Kröflulínu og því ekki fara um óspillt land. Syðri loftlínuleiðin myndi fara inn á þann hluta Laxárdals sem enn er óspilltur af nútíma mannvirkjum, og meðal annars yfir Varastaðaskóg miðjan, sem er ein af náttúruperlum svæðisins. Að þessu leyti virðist nyrðri leiðin skárri kostur.	Sjá svar við lið 12.3.
16.4	Vegagerð Mat á staðsetningu vega- og slóða þarf að liggja fyrir: (1) Á Hólasandi vestanverðum, (2) í Laxárdal og á brúnum hans og (3) á Laxárdalsheiði (votlendi, fornminjar).	Fyrirhuguð lega slóða liggur í grófum dráttum fyrir. Áhrif slóðagerðar voru metin og niðurstaðan birt í frummatsskýrslu og fyrirhuguð lega slóða á yfirlitskortum í kortahefti. Samhliða útboðshönnun og undirbúningi framkvæmda er ráðgert fínþússa leiðarval í samstarfi við Umhverfisstofnun. Sjá nánar svar við lið 12.4.
17	Hallgrímur Hallsson, Árhólum	
17.1	Ég Hallgrímur Hallsson Árhólum Laxárdal lýsi því her með yfir að mitt álit er að það komi ekki annað til greina en að Hólasandslína 3 og núverandi lína Kröflulína þveri Laxárdal á sama stað eða hlið við hlið, eins nálægt hvor annari eins og kostur er og valdi að því leiti eins lítilli sjónmengun eins og kostur er. Einnig mun það valda mun minna jarðraski því hægt verður að nota sömu slóða að mestu leiti og notaðir voru við gerð Kröflulínu á sínum tíma.	Sjá svar við lið 12.3.
18	Valgerður Valdemarsdóttir, f.h. Valbæjar ehf.	
18.1	Í skýrslunni er m.a. lýst þeim neikvæðu áhrifum sem línulögnin mun hafa á fyrirhugaðri leið hennar um land okkar í sambandi við gróðurfar, sjónræn áhrif ofl. og er vísað til þess hér og einnig áður framkominna athugasemdir okkar. Athugasemdir hafa verið gerðar af okkar hálfu við lýsingu á sjónrænum áhrifum línunnar á bls. 249, FN-2 í skýrslunni þar sem mynd sýnir 2 möstur núverandi Kröflulínu. Við komum athugasemdum varðandi þetta á framfæri við Landsnet, sem hefur tekið þær til greina. Þar bentum við á að myndataka frá þessum stað gefur að okkar mati ekki raunsanna mynd af sýnileika mastra í núverandi línu og lögðum fram mynd frá stað sem að okkar mati gefur betri mynd af sýnileika þeirra. Þaðan eru greinilega sýnileg 5 möstur í núverandi Kröflulínu og síðan munu bætast við 3 möstur í nýju línunni, sem verða áberandi frá þessum stað og samtals verða þá 8 möstur mjög vel sýnileg á því takmarkaða landssvæði sem jörð okkar nær yfir	Myndatökustaður í landi Kotungsstaða var valinn með það í huga að sýna hvernig línurnar kæmu til með að sjást frá húsi í hvað mestri nálægð við línuna (um 550 m frá línustæði). Það er hins vegar rétt að í meiri fjarlægð neðar í hlíðinni (um 830 m fjarlægð frá línustæði) sjást fleiri möstur. Á móti kemur að þau eru nokkuð ógreinilegri. Vegna ábendingar landeigenda var gerð líkanmynd frá sjónarhorni neðar í hlíðinni. Þess ber þó að geta að myndatökuskilyrði voru því miður ekki með besta móti.


<p>18.2</p>	<p>Aðalathugasemdir okkar snúa hins vegar eins og áður að því að við erum mótfallin því að þessi lína verði lögð í gegn um land okkar sem með tilheyrandi slóðagerð mun hafa mjög veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á land okkar.</p> <p>Við höfum reynt að benda á hvort aðrar leiðir en hin fyrirhugaða leið um Fnjóskadal kæmu ekki til greina en á það hefur ekki verið fallist hingað til. Við viljum þó enn reyna að benda á hugsanlegan annan valkost fyrir línulögnina með því að hún yrði ekki lögð norður Fnjóskadal heldur upp úr dalnum um Reykjaskarð og síðan norður fjallið að Bíldsárskarði, sbr. meðf. mynd. Ekki bara okkar jörð, heldur Fnjóskadal öllum yrði þannig hlíft við hinum neikvæðu umhverfisáhrifum sem línulögn þessi hefur óhjákvæmilega í för með sér. Við bendum á í þessu sambandi að fordæmi eru fyrir því hjá Landsneti að línur séu færðar úr dölum upp á fjöll svo sem eins og Sultartangalína 3 og einnig má benda á tillögu Landsnets um legu Sprengisandslínu eftir Vallafjalli í stað þess að leggja línuna norður Bárðardal. Þar eru aðstæður væntanlega ekki mjög ólíkar hvað varðar veðuraðstæður og hæð yfir sjó. Að vísu hafa komið fram sjónarmið um að ísingarhætta sé meiri á fjallinu sunnan Bíldsárskarðs en á Vallafjalli, en spurning hvort til séu rannsóknir sem styðji þau sjónarmið.</p> 	<p>Landsnet hefur skoðað þær hugmyndir að fara með Hólasandslínu 3 úr Fnjóskadal upp á fjallgarðinn vestan dalsins og út Vaðlaheiði. Þetta er afbrigði af línuleið sem var skoðuð haustið 2011 frá Reykjum um Reykjaskarð og yfir fjallgarðinn. Fallið var frá þeirri leið eftir nánari athuganir.</p> <p>Tillagan eins og hún er teiknuð í athugasemdinni (og einnig sem græn lína á mynd í svari) er að mati Landsnets ófær. Leiðin liggur þvert yfir ofanverðan Grjótárdal (eða drög hans). Þá var það metið svo 2011 að línuleið inn eftir Reykjaskarði væri nánast ófær vegna bratta og snjóflóðahættu, einkum að norðanverðu. Skarðið og dalurinn inn af er frekar gil en dalur. Helsti möguleikinn væri að fara upp úr skarðinu utan til og upp á fjallið norðan við, og beygja svo til vesturs við Sellandshnjúk til að komast fyrir drög Grjótárdalsins áður en stefnt er út fjallið (ljósblá lína á mynd). Leiðin upp í skarðið hjá Reykjum er engu að síður mjög erfið vegna hliðarhalla og má búast við að slóðagerð valdi miklum landspjöllum í gróinni hlíðinni. Hlíðin ofan við Reyki er á þekktu snjóflóðasvæði.</p> <p>Leiðin út fjallið að Bíldsárskarði er í 780 - 800 m hæð, þar sem ekki er skjól fyrir norðlægum áttum úr mynni Eyjafjarðar eða frá Flateyjardalsheiði. Laxarlína 1, sem liggur norðar yfir Vaðlaheiði, fer mest í um 620 m hæð, og hefur oft fengið á sig mikla ísingu sem hefur valdið tjóni á henni. Fyrsta línan þar var byggð 1939. Frá því núverandi lína var byggð um 1974 eru skráð 12 slík ísingartilvik á LA1 á heiðinni, þar af 9 tilvik sem ollu talsverðri eða alvarlegri bilun. Vitað er um fjölda tilvika og bilana á eldri línunum. Þar sem skilyrði eru fyrir skýjaísingu er vel þekkt að ísing vex mjög á opnu svæði með vaxandi hæð yfir sjó. Er því rökrétt að áætla að skýjaísingarhætta sé talsvert meiri í 800 m hæð sunnan Bíldsárskarðs. Kaflinn sem liggur austur-vestur suður af Grjótárdalnum er einnig útsettur fyrir ísingu.</p> <p>Kröflulína 1 í Bíldsárskarði (svört lína á mynd) er í 640 m hæð en nýtur skjóls af hæðum (728 m) sem eru norðan við; hún hefur því ekki bilað vegna ísingar, en er reyndar mjög sterkbyggð í skarðinu.</p> <p>Búast má við verulegum snjóþyngslum á hluta leiðarinnar, og sáust ummerki um slíkt haustið 2011, ekki síst á svæðinu inn af Grjótárdal.</p>
-------------	---	---

Þá er línuleið um fjallið 830 m lengri en leiðin um Fnjóskadal. Afbrigði af línuleiðinni (sýnt með rauðri línu) sem liggur hæst í 780 m hæð er 1.380 m lengri en aðalvalkostur.



Gerðar hafa verið tölvukeyrslur til að meta eða herma skýjaísingarrættu á þessu svæði. Á meðfylgjandi mynd kemur fram að á línuleiðinni um fjallið er verulega meiri hættu á skýjaísingu en á leiðinni meðfram Kröflulínu 1. Ísingarrættan er mest þar sem fjallið er hæst sunnan Bíldsárskarðs. Á myndinni er horft yfir línuleiðina til norðurs, til vinstri er mynni Eyjafjarðar og til hægri Flateyjardalsheiði. Núverandi Kröflulína 1 (ljós lína), fyrirhuguð Hólasandslína 3 (svört lína), línuleið vestan Fnjóskadals (blá lína). Reikninetið er fremur gróft, þannig að það nær ekki að taka tillit til landslags í smærri dráttum, t.d. í Bíldsárskarði. Engu að síður kemur fram að skýjaísingarrættu er mun meiri á fjallinu en niðri í dalnum.

- Kvarði ísingar: kg/m.



Í athugasemdinni er bent á eftirfarandi dæmi um línur uppi á fjöllum:

a) Sultartangalína 3 á Botnsheiði.

Línustæðið þar fer hæst í tæpa 500 m. Línustæðið á heiðinni nýtur skjóls af hærra landi gagnvart helstu úrkomuáttum, m.a. af Skarðsheiði og

		<p>fjallgarðinum frá Esju að Langjökli. Slíkt skjól dregur verulega úr ísingarhættu.</p> <p>b) Sprengisandslína, hugsanlegur valkostur út Vallnafjall vestan Bárðardals. Línustæðið fer hæst í um 700 m á kafla sunnan við Stóruvelli í Bárðardal. Það er fjær ströndinni en Vaðlaheiði, og nýtur skjóls af hærri fjöllum gagnvart úrkomu úr norðri og norðvestri. Það er einnig í jaðri úrkomulítils svæðis í Þingeyjarsýslu. Því er metið svo að ísingarhætta og snjóþyngsli séu mun minni en á Vaðlaheiði. Svæðið er einnig aflíðandi og ekki hindranir eða snjóflóðahætta eins og við Reykjaskarð og Reyki í Fnjóskadal.</p> <p>c) Blöndulína 3, skörð og dalir milli Öxnadals og Eyjafjarðarsveitar. Væntanlega er verið að vísa til tveggja valkosta sem sýndir voru á korti, annars vegar um Skjöldalsheiði frá Hólum í Öxnadal að Möðrufelli í Eyjafirði. Hins vegar um Seldal (eða Almanning) yfir í Djúpadal í Eyjafjarðarsveit. Þessir valkostir voru skoðaðir vegna ábendinga sem bárust, en niðurstaðan var að þeir væru ekki raunhæfir m.a. vegna ísingar- og snjóflóðahættu.</p> <p>Niðurstaða Helstu niðurstöður á samanburði leiða eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Línuleiðin um fjallið er 830 til 1.380 m lengri en leiðin um Fnjóskadal. • Framkvæmdin verður mun erfiðari og umfangsmeiri en aðalkostur. • Aðgengi er verra og því erfiðara og áhættumeira að sinna viðhaldi og viðgerðum í bilanatilvikum. • Hætta á snjóflóðum og snjóþyngslum er meiri. • Á fjallinu er mikil ísingarhætta, líklega á pari við erfiðistu núverandi línur héraendis og hugsanlega verri. • Rekstraröryggi línunnar verður lítið. <p>Þegar á það er litið að Hólasandslínu 3 er m.a. ætlað að bæta afhendingaröryggi raforku á Norðurlandi, myndi færsla línunnar úr</p>
--	--	--

		Fnjóskadal upp á Vaðlaheiði ganga þvert gegn því markmiði. Rekstraröryggi línunnar hlýtur að verða mun meira með línuleið um Fnjóskadal, en góð reynsla er af rekstri þeirrar línu sem þar er.
19	Veiðifélag Laxár og Krákár	
19.1	Aðilar að Veiðifélagi Laxár og Krákár (VLK) eru 51 samkvæmt arðskrá. Félagið hefur tekjur af sölu veiðileyfa frá upptökum Laxár í Mývatni og að Laxárvirkjun. Stangardagar eru liðlega 2200 á þriggja mánaða veiðitímabili hvert sumar. Meðalveiði hefur verið um 4800 urriðar síðustu 10 ár. Samkvæmt upplýsingum frá leigutaka árinna verður verið á veiðidegi með fæði og gistingu á bilinu 37.800 – 53.800 næsta sumar. Veiðimenn eru langsamlega verðmætustu gestir við Laxá og á það bæði við um Laxárdal og efra veiðisvæðið í Mývatnssveit. Veiðimenn sækjast eftir upplifun í óspilltri náttúru fyrst og fremst og því þarf að stíga mjög varlega til jarðar við allar stærri framkvæmdir á svæðinu. Eins og fram kemur í viðauka 5 með skýslunni var við gerð hennar leitað áhlits tveggja hagsmunaaðila við Laxá. Báðir töldu að áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu yrðu neikvæð, viðskipti myndu minnka því línán drægi úr gæðum þeirrar upplifunar sem félagið væri að selja.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
19.2	Í tillögu að matsáætlun Hólasandslínu 3 sem dagsett er í ágúst 2017 segir að LN sé ljóst að ný 220 kV loftlína hafi neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á landslag. Sérstaklega megi búast við að þar sem Kröflulína 1 og Hólasandslína liggja saman muni gæta neikvæðra samlegðaráhrifa á þessa þætti. Eftir því sem meira náist að byggja upp af 220 kV flutningskerfinu í lofti skapist aukið svigrúm til að setja hluta af Kröflulínu 1 sem er 132 kV í jörð eða samnýta möstur fyrir báðar línurnar þar sem áhrif þeirra á ásýnd og landslag séu talsvert neikvæð. Mat muni leiða á ljós hvar þessi áhrif komi fram og verði gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu. Á bls. 49-50 í frummatsskýrslunni sem nú liggur fyrir kemur fram að talsvert svigrúm (tugir kílómetra) gefist til að leggja Kröflulínu 1 í jörð þegar búið sé að byggja upp 220 kV línur milli Blöndu og Fljótsdals. Ekki er þó að finna nein ákveðin áform um hvar LN hugsar sér að nýta svigrúmið. Þegar kemur að Laxárdal er ætlunin að láta Kröflulínu 1 standa þar sem hún þverar ána rétt sunnan við	Varðandi það að ekki sé að finna nein ákveðin áform um hvar Landsnet hugsar sér að nýta svigrúm til jarðstrengslagna í Kröflulínu 1 vísast til svars við lið 15.15 og kafla 6.5.3.2.1 og 6.5.3.4.1 í matsskýrslu. Þar kemur fram hvar vænta má neikvæðra sjónrænna samlegðaráhrifa vegna Kröflulínu 1 og Hólasandslínu 3 og þar af leiðandi til hvaða svæða verður horft til komi til endurnýjun línunnar. Komi til þess að línán verði aflögð má segja að það rask sem fylgir jarðstrengslögn eða færslu loftlínu sé umdeilanlegt ef notkunartíminn verður stuttur (þ.e. einungis hluti af líftíma raflínunnar). Nánari umfjöllun um ástæður þess að Landsnet leggur ekki til jarðsetningu Kröflulínu 1, strax að lokinni byggingu Hólasandslínu 3 er að finna í uppfærðum köflum 2.7 og 2.8 í matsskýrslu. Umfjöllun í köflum 6.5.3.2.1 og 6.5.3.4.2 hefur einnig verið uppfærð. Sömu rök eiga við um líftíma og framtíðarþörf fyrir Kröflulínu 1 varðandi mögulega samnýtingu mastra á núverandi þverunarstað í Laxárdal eða

<p>Varastaðahólma. Aðalvalkostur LN er hins vegar að leggja Hólasandslínu 3 í lofti yfir ána um 1,2 km sunnar í dalnum. Stjórn VLK telur að það hefði mjög slæm áhrif á ásýnd og ímynd Laxárdals að tvö ólík flutningsmannvirki fyrir rafmagn þveruðu dalinn með þessum hætti á stöðum þar sem nánast engin mannvirki eru sýnileg. Illskárra væri að leggja línurnar saman (samhliða) undir Laxá eða ef loftkostur yrði valinn að samnýta möstur fyrir báðar línurnar á þeim stað sem áin yrði þveruð. Línurnar væru þá í sömu hæð, sem myndi minnka áflugshættu. Félagsmenn sem áttu leið undir Kröflulínuna vestan ár í Laxárdal nú í nóvember fundu dauða álf og dauða húsönd undir línunni.</p>	<p>flutning Kröflulínu 1 að þverunarstað aðalvalkostar Hólasandslínu 3 sunnar í dalnum.</p> <p>Tvírásamöstur eru efnis- og umfangsmeiri og jarðrask meira en við þau möstur sem gert er ráð fyrir í aðalvalkosti. Séu leiðarar hafðir í lóðréttri uppröðun eru þau um 15 m hærra að meðaltali og séu leiðarar í láréttri uppröðun eru þverslár tvöfalt breiðari (um 20 m breiðari). Auk þess fylgir þeim óhagræði í viðhaldi og meiri rekstraráhætta. Ef línurnar væru settar saman á tvírása möstur yfir Laxárdal, gæti sú staða komið upp að Hólasandslína 3 stæði ein eftir á öflugri möstrum en þörf er á, ef ákveðið verður að rífa Kröflulínu 1.</p> <p>Landsnet telur því heppilegra að skoða þann kost, ef endurnýja þarf Kröflulínu 1 að líftíma hennar loknum, að reisa línu í löngu hafi yfir Laxárdal á samskonar möstrum, samhliða og í sömu hæð og Hólasandslínu 3, heldur en að nota tvírásamöstur við byggingu Hólasandslínu 3.</p> <p>Slík tilhögun á línulögnum yfir Laxárdal væri áþekk og ef línurnar væru settar á sömu möstur (tvírásamöstur) og það sem væri mest um vert er að leiðararnir yrðu í sömu hæð. Með því að setja leiðarana ekki á sömu möstur væri auðveldara og hættuminna að vinna að viðgerð á línunni (betra að taka aðra úr rekstri), en örlítið lengra yrði á milli leiðaranna og það yrði einni súlu meira í möstrunum beggja vegna dalsins.</p> <p>Varðandi möguleika á að leggja línurnar samhliða undir ána, vísast í uppfærðan kafla 7.1.6 í matskýrslu en þar kemur fram að niðurstaða matsins leiddi í ljós að áhrif jarðstrengskostar LA-J eru neikvæðari á fleiri umhverfisþætti en áhrif aðalvalkostar og LA-JU eru meiri á ákveðna umhverfisþætti miðað við aðalvalkost, en minni á aðra þætti. Landsnet telur mest um vert að þessi valkostur mun valda meira beinu raski innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, auk þess sem undirborun við aðstæður eins og í Laxárdal fylgir mikil óvissa, sem getur mögulega gert það að verkum að umhverfisáhrif hans verða neikvæðari en niðurstaða matsins gefur vísbendingar um (sjá nánar í kafla 7.1.6 í matskýrslu).</p>
---	--

19.3	<p>Í frummatsskýrslunni kemur fram að LN ætli ekki að taka afstöðu til þess hve lengi Kröflulína 1 verði látin standa því ákvörðun um heildarskipulag raforkukerfis landsins hafi ekki enn verið tekin. Þarna mun m.a. átt við hvort raflínur verði lagðar um Sprengisand (hálandi) í lofti eða jörðu. Rétt er að formlega hefur þessi ákvörðun ekki verið tekin, en sterkar vísbendingar eru um að þetta verði ekki gert, að minnsta kosti ekki í náinni framtíð. Nægir þar að vísa til sáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir einfaldlega „Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálandið“ Auðvitað gildir sáttmálinn aðeins þann tíma sem stjórnin situr en ætla verður að skuldbinding flokkanna þriggja við stefnuna sé meiri en svo að þeir taki upp allt aðra stefnu í fyrirsjáanlegri framtíð – nema fyrir því lægju þá mjög góð rök. Miðað við þetta er líklegt að Kröflulína 1 verði látin standa eins lengi og hún endist. Elsta 132 kV loftlína hér á landi er 63 ára og erlendis er talað um að líftími loftlína sé í sumum tilvikum allt að 100 ár. Kröflulína 1 er um fertugt og gæti samkvæmt framansögðu þjónað sínu hlutverki í nokkra áratugi í viðbót. Því telur stjórn VLK brýnt að búa svo um hnúta að Hólasandslína 3 og Kröflulína 1 fylgist að yfir eða undir Laxá.</p>	<p>Eins og fram kemur í frummatsskýrslu í kafla 6.5.3.2.1 og 6.5.3.4.1 og víðar í þessum svörun er Kröflulína 1 orðin um 40 ára gömul og nokkuð liðið á líftíma hennar. Komi til þess að línan verði aflögð má segja að það rask sem fylgir jarðstrengslögn eða breytingu á loftlínu sé umdeilanlegt ef notkunartíminn verður stuttur (þ.e. einungis hluti af líftíma raflínunnar).</p> <p>Í því sambandi þá er rétt að skýra að ef þróun flutningskerfisins verður með þeim hætti að séð verður fram á að nauðsynlegt sé að Kröflulína 1 standi, þá verður lagt mat á ástand línunnar auk þess sem skoðaðar verða niðurstöður úr umhverfismati Hólasandslínu 3 er varðar samlegðaráhrif á viðkvæmum svæðum. Sú skoðun mun ráða því með hvaða hætti línan verður endurnýjuð.</p> <p>Ef tekin verður ákvörðun um að henni sé ætlað að standa, þá er forsvaranlegt að ráðast í aðgerðir sem geta snúið að tilfærslu línunnar að Hólasandslínu 3 og/eða jarðstrengsköflum á viðkvæmum svæðum, en mögulega mætti endurnýja einstaka hluta mannvirkisins á öðrum hlutum línunnar.</p> <p>Frekari umfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 hefur verið bætt í kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>
19.4	<p>Loftlínukostir: Almennur kostur við loftlínur er minna jarðrask og meiri afturkræfni en við jarðstrengslagnir. Hægt er að rökstyðja að syðri loftlínukostur (aðalvalkostur LN) sé skárri en sá nyrðri vegna þess að áin fellur bratt á þeim stað og enginn vinsæll veiðistaður er mjög nærri. Breytingin (miðað við nyrðri kostinn) færir línuna 1,2 km nær veiðisvæðinu í Mývatnssveit og þar með lendir neðsti hluti þess svæðis inn á áhrifasvæði línunnar. Frá sjónarhóli veiðimanna í Laxárdal er syðri valkosturinn skárri en frá sjónarhorni veiðimanna á neðsta hluta Mývatnssvæðisins aftur á móti sá nyrðri. Nyrðri kosturinn gerir ráð fyrir að línan liggja mjög nærri vinsælum veiðistað við Varastaðahólma eins og Kröflulína 1 gerir nú. Tvær línur í mismunandi hæð en með skömmu millibili á þessum stað eru mikil lýti á fögrum og fjölsóttum stað auk þess að valda áflugshættu. Verði aðalvalkostur LN varðandi</p>	<p>Sjá svör við liðum 19.2 og 19.3 og viðbótarumfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>

	Hólasandslínu 3 ofaná og Kröflulína 1 færð suður um 1,2 km og hengd á sömu möstur í 1 km breiðu hafi yfir dalinn er hægt að líta svo á að sjónræn áhrif í Laxárdal hafi verið takmörkuð nokkuð miðað við að loftlínukostur sé valinn. Tvær línur yfir Laxá, með örstuttu millibili ofan við Varastaðahólma, eða með 1,2 km millibili, í náttúruperlu á borð við Laxárdal, er hins vegar ótæk tilhögun að mati stjórnar VLK eins og fram hefur komið.	
19.5	Jarðstrengskostur LA-J: Stjórn VLK sér ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þennan kost. Honum fylgir mikið óafturkræft rask á botni árinna, bökkum og hrauni við ána. Þar að auki er óvíst að hægt sé að ganga frá botninum þannig að haldi öðruvísi en að steypa yfir skurðina. Strengurinn er svo stuttur að möstur og strengendavirki yrðu áberandi í hlíðum dalsins. Þessi kostur kemur ekki til álita að mati stjórnar VLK.	Álit stjórnar VLK er í samræmi við niðurstöðu umhverfismatsins.
19.6	Jarðstrengskostur LA-JU: Þessi leið hefur ef vel tekst til ákveðna kosti og umhverfislega séð vinninginn umfram hina möguleikana þótt litlu muni, samkvæmt samanburðartöflu í frummatsskýrslu (bls. 361). Hraunfirborð og Laxá yrði ósnert. Talsvert rask yrði í hlíðum dalsins á framkvæmdatíma en Efla telur að ummerki hverfi tiltölulega fljótt. Möstur eru færri en fylgja öðrum kostum. Stóri gallinn við þessa leið er óvissa, m.a. vegna þess að ekki er reynsla af slíkri framkvæmd hér á landi. Mesta óvissan fylgir væntanlega boruninni en einnig skortir á skipulega greinargerð um rask í hlíðum dalsins og fleira. Stjórn VLK virðist þessi kostur ekki vera tilbúinn til mats og erfitt að taka afstöðu til hans án þess að ítarlegri upplýsingar liggi fyrir. Því er hér með beint til Skipulagsstofnunar að hlutast til um að framkvæmdaaðilar eyði óvissu við þennan kost að svo miklu leyti sem hægt er áður en endanleg leið fyrir Hólasandslínu 3 í Laxárdal verði valin.	Hvað varðar óvissu um valkost LA-JU bendir Landsnet á að takmörkuð reynsla er af undirborun í gegnum íslensk nútímahraun. Þær boranir sem hafa verið gerðar, hafa verið með miklum frávikum og ekki alltaf náð þeim tilætlaða árangri að minnka umhverfisáhrif á yfirborði. Það að þurfa að bora margar samsíða holur eykur enn á vandann. Þannig er ekki sjálfgefið að undirborunin takist og það er engin leið til að eyða þessari óvissu nema hefja framkvæmdir á staðnum með tilheyrandi jarðraski innan verndarsvæðisins. Þessum valkosti fylgir því alltaf umhverfisleg áhætta. Sjá einnig svar við lið 21.7 og viðbót við kafla 4.1.6.3 í matsskýrslu.
20	Landvernd	
20.1	Landsnet leggur til að styrkja byggðalínu frá Kárahnjúkavirkjun (sem á newspeak heitir Fljótsdalsvirkjun) til Blöndu. Liður í þeirri styrkingu er Hólasandslína 3. Landsnet nefnir háa bilanatiðni og raforkuspá Orkustofnunar um mjög aukna orkuþörf til framtíðar sem rök fyrir lagningu línunnar. Fyrirhuguð lína fer yfir fjörmörg friðlýst svæði sem	Landsnet tekur undir með Landvernd um að færa þurfi sterk rök fyrir framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Af þeim sökum hefur einn kafli frummatsskýrslunnar (kafli 2) verið helgaður forsendum framkvæmdarinnar. Landsnet telur að þar sé fjallað með ítarlegum og fullnægjandi hætti um nauðsyn framkvæmdarinnar. Við mat á nauðsyn

	<p>njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og því þarf rökstuðningur fyrir þessari línuleið að vera mjög sterkur. Að mati Landverndar réttlætir rökstuðningur sá sem Landsnet leggur fram ekki þessa framkvæmd og því leggja samtökin til að Landsnet fari aftur að teikniborðinu og reyni að finna aðrar og betri leiðir að sama marki.</p>	<p>framkvæmdar var m.a. horft til almannahagsmuna, gildandi laga, stefnu stjórnvalda og kerfisgreininga Landsnets sem byggja á Raforkuspá og Sviðsmyndum um raforkunotkun frá Raforkuhópi orkuspárnefndar.</p>
20.2	<p><i>80% raforku fer til stóriðju</i> Rétt er að benda á strax í upphafi að árið 2017 var raforkunotkun allra annarra en stóriðju tæp 18% af raforkuframleiðslu landsins. Stærsti eigandi Landsnet, Landsvirkjun er jafnframt stærsti raforkuframleiðandi landsins og hefur sögulega átt stóran þátt í því að stóriðja er ráðandi raforkukaupandi á markaði. Í vinnu við stefnu í orkumálum kom fram að stóriðja ógnar raforkuöryggi almennings svo mjög að hópur sérfræðinga mælti með að verð til almennra notanda yrði hækkað umtalsvert til þess að tryggja þeim hópi rafmagn. Þetta var byggt á þeim grun að framleiðendur og seljendur raforku væru líklegir til þess að forgangsraða stórnotendum umfram almenna notendur meðan verð til hinnar síðarnefndu héldist lágt og þannig drægu þessir aðilar úr raforkuöryggi almennra notanda.</p>	<p>Landsnet hefur ekki með framleiðslu og sölu á raforku að gera og því snýr þessi athugasemd ekki að starfsemi Landsnets. Hlutverk Landsnets er lögbundið og snýr að flutningi á raforku, óháð því hver er seljandi eða kaupandi að orkunni.</p>
20.3	<p>Ýmsar náttúruperlur landsins hafa verið eyðilagðar til þess að framleiða á þeim, úr þeim eða með þeim rafmagn sem að langstærstu leyti fer til stóriðju. Til þess að koma raforku til stóriðjunnar er landið sundurskorið af risastórum spennumöstrum og raflínum þvers og kruss og þessum línulögnum fylgir enn frekari eyðilegging á einstöku landi. Landsnet leggur hér til að raskað verði enn frekar ýmsum náttúruminum sem hafa notið sérstakrar verndar.</p>	<p>Hólasandslínu 3 var valin leið með hliðsjón af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Þannig er Kröflulínu 1 fylgt eins og kostur er. Við leiðarvalið hefur einnig verið leitast við að finna lausnir sem lágmarka áhrif á friðlýst svæði og náttúruminjar sem njóta verndar. Má í því samhengi benda á aðalvalkostur gerir einungis ráð fyrir leiðurum í lofti innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Þá er stefnt að því að nota aðferðir við reisingu línunnar sem ekki krefjast efnis- og burðarmikilla slóða (t.d. reisingargálga eða vinnu á frosinni jörð) á Fljótsheiði og Laxárdalsheiði. Að því sögðu er samt sem áður ljóst að framkvæmdin kemur til með að hafa í för með sér rask á náttúruminum sem njóta verndar. Hjá því verður vart komist þegar lagðar eru háspennulínur um langan veg, líkt og í tilviki Hólasandslínu 3.</p>
20.4	<p>Landsnet gerir ráð fyrir því að um umtalsverða uppbygginu á raforkufrekum iðnaði verði að ræða til réttlætningar á þeirri miklu flutningsgetu sem fyrirhuguð Hólasandslína 3 á að hafa. Til þess að svo</p>	<p>Í kerfisránnsóknnum Landsnets sem kerfisáætlun byggir á er notast við Raforkuspá og sviðsmyndir um raforkunotkun frá Raforkuhópi orkuspárnefndar. Raforkuspá og Sviðsmyndirnar eru svokallaðar</p>

	<p>verði þarf fleiri virkjanir á landið og þar af leiðandi enn frekari skemmdir á verðmætum náttúruperlum en álitlegum virkjanakostum fækkar hratt nú þegar búið er að virkja hina „low hanging fruit“ kosti og með aukinni meðvitund almennings um verðmæti óbyggðra víðerna og óspilltrar náttúru Íslands. Að mati Landverndar er þetta óábyrg afstaða ríkisfyrirtækis og er Landsnet hvatt til þess að birta tölur um fyrirhugaða raforkunotkun stóriðju á svæðinu sem um ræðir. Skorar Landvernd á Landsnet og eigendur þess að taka þetta til ræðilegrar skoðunnar og leggja metnað í að finna frekar lausnir á þeim vanda sem skapast hefur með gríðarmikilli sölu á ódýrri raforku til stóriðju heldur en að auka á vandann.</p>	<p>eftirspurnarsviðsmyndir og ná ekki yfir staðsetningar þeirrar vinnslu sem þarf að setja upp til að mæta sviðsmyndunum. Afhlæði um línur í hringtengdu kerfi er háð mörgum þáttum og spila þar staðsetning bæði álags og framleiðslu stórt hlutverk. Í kerfisáætlun 2018-2027 er lýst næmnigreiningu sem ætlað er að leggja mat á vænta þróun flutningsþarfar á milli tengipunkta í meginflutningskerfinu. Þar kemur fram að m.v. gefnar forsendur gæti flæði á milli Akureyrar og Kröflu orðið á bilinu 200 til 450 MW. Þetta er þó háð ákveðinni óvissu tengdri áður nefndri staðsetningu notkunar og framleiðslu. Umfjöllun um annan ávinning af framkvæmdinni er að finna í kafla 2.1 í matskýrslu, meðal annars að aukinn stöðugleiki raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi eykur hagkvæmni í orkuvinnslunni (hún nýtist betur) og minna tapast af orku við flutning um kerfið.</p>
20.5	<p><i>Réttlætning aðalvalkostar</i> Landvernd vill benda á eins og samtökin gerðu einnig í umsögn um umhverfismat áætlunar þessarar að hlutverk þess sem framkvæmir umhverfismat er ekki að réttlæta aðalkost sem framkvæmdaraðili vill ráðast í heldur að bera saman ólíka kosti sem hægt væri að ráðast í til þess að ná settu marki. Sé markmiðið að tryggja raforkuöryggi almennra notanda (það er allra annarra en stórnotenda) á Eyjafjarðar- og Akureyrarsvæðinu er sú framkvæmd sem aðalvalkostur gerir ráð fyrir allt of stórkallaleg og veldur ónauðsynlegum umhverfisspjöllum. Skipulagsstofnun krafði Landsnet um að meta til jafns aðalvalkost og uppbyggingu/styrkingu eftir línustæði Laxárlínu 1. Mun minna rask á svæðum sem njóta verndar yrði á þeirri leið. Landvernd telur að samanburður þessara kosta, Hólasandslínu 3 og styrkingu Laxárlínu 1, í frummatsskýrslu sé óviðunandi (sjá nánar síðar). Því skal haldið til haga að niðurstaða umhverfismats getur leitt í ljós að umhverfisáhrif framkvæmdar, hvort sem er eftir aðal- eða samanburðarvalkostum, séu óásættanleg og því eigi ekki að ráðast í téða framkvæmd.</p>	<p>Í frummatsskýrslu eru borin saman með sambærilegum hætti umhverfisáhrif ólíkra valkosta og rökstuðningur Landsnets fyrir vali á aðalvalkosti, sbr. lið 3 e í 20. gr. reglugerðar (660/2015) um mat á umhverfisáhrifum. Í tillögu að matsáætlun rökstuddi Landsnet hvaða valkosti stæði til að leggja fram til mats. Umhverfismatið var unnið á grundvelli matsáætlunarinnar og ákvörðun Skipulagsstofnunar með athugasemdum.</p> <p>Eins og fram kemur í frummatsskýrslu var aðalvalkostur Landsnets valinn eftir niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og niðurstöðu athugana á tæknilegum möguleika valkostanna. Með öðrum orðum þá er aðalvalkostur settur saman úr þeim valkostum sem að loknu mati eru taldir hafa minnst umhverfisáhrif að því uppfylltu að þeir séu séu taldir tæknilega mögulegir, hagkvæmir og fýsilegir. Má nefna að valkostur EY-JB og LA-JU eru ekki hluti af aðalvalkosti vegna tæknilegra annmarka. Vegna þessarar aðferðarfræði og samráðs við hagsmunaaðila komu fram nýir valkostir í matsferlinu sem enduðu sem hluti af aðalvalkosti. Má þar nefna línuleið um sunnanvert Bíldsárskarð og syðri línuleiðina yfir Laxárdal. Það er því fjarri lagi að umhverfismatið sé réttlætning á fyrirfram ákveðnum aðalkosti framkvæmdaraðila.</p>

		<p>Eins og fram kemur í kafla 3.3 í frummatsskýrslu kom fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun, dags. 5.01.2018, að stofnunin telji tilefni til þess að gera grein fyrir þeim samanburðarkosti í frummatsskýrslu sem felist í lagningu Hólasandslínu 3 meðfram Laxárlínu 1 og er það gert í kafla 6.13 í frummatsskýrslunni.</p> <p>Í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar taldi Landsnet tilefni til að fá skýringar frá stofnuninni um hvað fælist í hugtakinu „samanburðarvalkosti“. Þær skýringar sem stofnunin gaf eru að ekki sé verið að fara fram á að „Laxárlínuleið“ verði metin til jafns við aðra kosti sem eru lagðir fram til mats, samanber fund með stofnuninni og tölvupóstssamskipti. Matið á „Laxárlínuleið“ megi byggja á fyrirliggjandi gögnum og ekki þurfi að ráðast í frekari rannsóknir vegna þess. Engu að síður sé mikilvægt að í umfjöllun um þennan kost verði nokkuð ítarlegur rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu að Landsnet telji hann ekki koma til greina.</p> <p>Eins og fram kemur í kafla 6.13.8.3. eru samantekin áhrif Laxárlínuleiðar á alla metna umhverfispætti talin meiri en aðalvalkostar í tilfelli sex umhverfispáttu, minni í tilfelli þriggja umhverfispáttu, sömu áhrif eru í tveimur tilfellum en óvissa ríkir um áhrif á fornleifar. Þá samræmist það skipulagi sveitarfélaga á svæðinu að Hólasandslína 3 liggja meðfram Kröflulínu 1 og aðalskipulag Þingeyinga gerir ráð fyrir að Laxárlína geti verið tekin niður þegar Hólasandslína 3 kemst í rekstur.</p>
20.6	<p><i>Forsendur, markmið og nauðsyn framkvæmdarinnar</i></p> <p>Þá ítrekar Landvernd þær athugasemdir sem samtökin sendu inn vegna umhverfismats áætlunar um framkvæmd þessa varðandi það að forsendur framkvæmdarinnar séu óljósar í frummatsskýrslunni. Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast framkvæmdir sem valda raski á vistkerfum sem njóta verndar nema brýna nauðsyn beri til. Markmið framkvæmdarinnar eru skv frummatsskýrslu „er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðuleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi.“ Landvernd fellst ekki á að það sé brýn samfélagsleg nauðsyn að bæta orkunýtingu eða auka flutningsgetu langt umfram almenna notkun eins og aðalvalkostur</p>	<p>Ljóst er framkvæmdin felur í sér umtalsverða styrkingu frá núverandi flutningskerfi. Í frummatsskýrslu kafla 2.2 Forsendur og flutningsgeta (undir millifyrirsögninni „Kerfisgreiningar – Kerfisáætlun“) er fjallað um hvers vegna talið er nauðsynlegt að svo stór skref séu stigin í einu. Kemur þar m.a. fram að á grundvelli kerfisgreininga Landsnets sé talið nauðsynlegt að ný kynslóð byggðalínu sé afkastameiri en mögulegt er að ná á 132 kV spennustigi á hagkvæman hátt. Næsta spennustig sem notað er hér á landi er 220 kV og hefur það því orðið fyrir valinu. Eiginleikar 220 kV lína fram yfir 132 kV snúa ekki eingöngu að flutningsgetu heldur einnig að stöðugleika flutningskerfisins og spennugæðum, en með 220 kV línu eykst kerfisstyrkur (skammhlaupsafi) á Rangárvöllum mun meira en með</p>

<p>gerir ráð fyrir. Brýnt er að tryggja raforkuöryggi almennra notenda en aðalvalkostur, Hólasandslína 3, skýtur langt yfir markið í þeim efnum og má líkja við það að byggja sex akreina hraðbraut milli Akureyrar og Egilsstaða til að tryggja samgöngur.</p> <p>Landvernd harmar það að Efla, fyrir hönd Landsnets, hafi ekki tekið til greina athugasemdir samtakanna varðandi markmið framkvæmdarinnar. Í umsögn Landverndar um umhverfismat áætlunar frá 23. Janúar 2017 segir:</p> <p>„Verður Landvernd að benda á að í ferli umhverfismats vegna annarrar stórframkvæmdar sem einnig er lögð til í drögum að framkvæmdaáætlun Landsnets, Kröflulínu 3, taldi Skipulagsstofnun nauðsynlegt að fjallað yrði um nauðsynlegt spennustig þeirrar línu, en markmið þeirrar framkvæmdar var skv. matsáætlun m.a. að auka flutningsgetu á þeirri leið. Er um þetta fjallað í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 9. ágúst 2013 og í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 91/2013 frá 7. maí 2015, sem hafnaði kröfu Landsets um að fella úr gildi athugasemd Skipulagsstofnunar um að umhverfismat þyrfti að fara fram á jarðstreng. Þarf að fjalla í meginatriðum um þau sömu atriði og greinir í áðurgreindri ákvörðun Skipulagsstofnunar í umhverfismati Hólasandslínu 3, þar á meðal um þörf og flutningsgetu mannvirkis. Landvernd tekur eftir því að ekki er fjallað um í hverju truflanir á svæðinu felast, hversu miklar þær hafa verið og hvort orsaka þeirra er í þeim tilvikum að leita hjá einsökum notendum eða hvort það er einhver sérstakur hluti kerfisins sem orsakar þær truflanir. Þetta þarf að skýra, svo markmiðin séu glögg.“</p> <p>Ekki verður séð að Efla og Landsnet hafi tekið mark á þessum athugasemdum þar sem ekki er að sjá nánari umfjöllun um brýna þörf svo stórrar framkvæmdar og Hólasandslína 3 er til að leysa umrædd vandamál. Vísað er í raforkuspá til stuðnings mikilli flutningsgetu raforku en ekki er getið hvaða sviðsmynd(ir) hennar stuðst við. Þær sviðsmyndir í raforkuspá sem gera ráð fyrir verulega aukinni raforkunotkun telur Landvernd, eins og fram kom í umsögn</p>	<p>132 kV línu. Það sama gildir um flutningstöp, en töp í 220 kV kerfi eru mun minni en í 132 kV kerfi, þar sem að minni straumur fer um 220 kV línur fyrir sama afl og töp í raflínunum eru háð straum um línuna í öðru veldi. Niðurstaða kerfisáætlana undanfarinna ára og samþykkrar kerfisáætlunar 2018-2027, er að út frá spám um langtímaþróun orkuvinnslu og -notkunar uppfylli ný 220 kV byggðalína með 550 MVA flutningsgetu markmið raforkulaga um öryggi, skilvirkni, hagkvæmni, gæði raforku og áreiðanleika afhendingar fyrir metnar sviðsmyndir í kerfisáætlun.</p> <p>Markmið framkvæmdarinnar felst fyrst og fremst að auka gæði, stöðugleika og flutningsgetu raforku á svæðis- og landsvísu fyrir núverandi og tilvonandi notendur kerfisins. Styrkingin er ekki drifin af þörf á orkuflutningi fyrir stóriðju.</p> <p>Í kafla 2.2. í matskýrslu er skýrt hvaða hlutverki Hólasandslína 3 gegnir í framtíðaruppbyggingu meginflutningskerfisins og skýrist m.a. vel í samanburði á myndum 2.2 og 2.3.</p> <p>Þar sem Landvernd vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3, bendir Landsnet á að það kom skýrt fram í úrskurði nefndarinnar að Landsnet þyrfti ekki að skoða sem valkost að byggja 132 kV línu þar sem það gengi of nærri forræði Landsnets og um væri að ræða aðra framkvæmd en þá 220 kV línu sem Landsnet stefndi að. Í úrskurðinum kemur fram að þær athugasemdir sem Skipulagsstofnun gerði um „Þörf fyrir 220 kV háspennulínu og flutningsgetu“ og „Aðrir valkostir“ í ákvörðun stofnunarinnar frá 9. ágúst 2013 skyldu ekki skoðast sem athugasemdir í skilningi 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.</p>
---	--

	<p>samtakanna um Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 dags. 15. Júlí 2018, ekki standast skoðun. Rætt er um almenna uppbyggingu raforkukerfisins og þörf á styrkingu þess (bls. 40 frummatsskýrslu). Sú nauðsyn er vissulega raunveruleg víða en engin tilraun er gerð til að tengja hana þessari miklu framkvæmd. Á bls. 40 í frummatsskýrslu er rætt um kostnað við truflanir í raforkuferfinu en ekki gerð grein fyrir því af hverju þær truflanir stafa eða hver áætlaður kostnaður á þessu svæði sé. Álag á flutningskerfið vegna stórnotenda er mikið þótt þeir greiði mun lægra verð fyrir raforkuna. Að mati Landverndar væri eðlilegt að stórnotendur greiddu gjald fyrir álag á raforkuferfið öðrum notendum til tjóns. Í öllu falli vantar greiningu á því hver/hverjar er(u) meginorsök truflana í raforkuflutningskerfinu á svæðinu sem stendur til að styrkja.</p>	
20.7	<p>Þá segir einnig í umsögn Landverndar frá 23. Jan 2017: „Ekki er unnt að ganga út frá því að 220 kílóvolta raflína með að minnsta kosti 550 MVA flutningsgetu sé sú lausn sem ein kemur til greina til að ná fram þeim markmiðum sem málefnaleg og lögmæt geta talist. Um þetta þarf að þalla á greinargóðan hátt í umhverfismati. Landvernd brýnir því fyrir EFLU að leggja meiri vinnu í að skilgreina með viðskiptavini sínum og rökstyðja markmiðin með tilliti til hlutverks Landsnets og greina svo hvað valkosti, í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eðlilegt og sanngjarnt er að útlista og bera saman. Umfjöllun um valkosti er grundvallaratriði í umhverfismati, líkt og fram kom í áður nefndum úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.“</p> <p>Landvernd getur ekki séð að þessi brýning hafi verið tekin til greina, ekki er skýrt í frummatsskýrslunni í hverju “raforkuöryggi” svæðisins felst og ekki heldur hver á að nota þá miklu flutningsrýmd sem 220 kV raflína hefur. Því verður ekki séð að þörfin fyrir svo stóra framkvæmd sem aðalvalkostur gerir ráð fyrir hafi verið réttlætt í frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3.</p>	<p>Hvað varðar athugasemd Landverndar frá 23. janúar 2017 vísar Landsnet til fyrra svars við athugasemddinni sem finna má í viðauka 3 með tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina. Þar er m.a. bent á að skv. úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 91/2013 geta athugasemdir um þörf á 220 kV línu og flutningsgetu ekki talist athugasemdir í skilningi 3. másl. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Því var ekki fallist á að Landsnet yrði að skoða sem valkost að byggja 132 kV línu, þar sem það gengi of nærri forræði Landsnets.</p> <p>Mat Landsnets á aukinni flutningsþörf byggir m.a. á kerfislegum greiningum kerfisáætlunar en raflína sem ekki nær að anna 550 MVA flutningsþörf uppfyllir ekki markmið framkvæmdarinnar. Í þessu sambandi vísar Landsnet í dóm Hæstaréttar í máli nr. 22/2009 þar sem var staðfest að framkvæmdaraðili hafi forræði á því að meta hvaða framkvæmdakostir uppfylli markmið framkvæmdar, enda sé mat hans í þeim efnum reist á hlutlægum og málefnalegum grunni.</p> <p>Hlutverk Landsnets er að byggja flutningskerfið upp að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku á grundvelli</p>

		ákvæða raforkulaga. Markmið með byggingu 220 kV Hólasandslínu 3 þarf að taka mið af framangreindu hlutverki.
20.8	Af þessum ástæðum og þar sem aðalvalkostur brýtur í bága við náttúruverndarlög og sérlög um verndun Mývatns og Laxár leggur Landvernd til að Landsnet endurgeri matsskýrslu þessa fyrir hógværi aðalvalkost þar sem ríkt tillit er tekið til náttúruverndarlaga og sérlaga um friðlýsingu svæða. Í þeirri matsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir því hvaða kostir geta stuðlað að því að auka afhendingaröryggi raforku á Eyjafjarðar- og Akureyrarsvæðinu með sem minnstum umhverfisspjöllum, hver bilanatiðni á svæðinu er og hvort hana megi rekja til almennrar notkunnar, eins eða mjög fárra stórra aðila.	Landsnet ítrekar að raflína sem ekki nær að anna 550 MVA flutningsþörf uppfyllir ekki markmið framkvæmdarinnar. Þar af leiðandi er ekki valkostur að reisa 132 kV raflínu. Að öðru leyti er vísað í svör við liðum 20.3 og 20.7.
20.9	<i>Raftæki á landsbyggðinni annars eðlis</i> Sérkennilegt er að láta að því liggja í inngangi frummatsskýrslu að raftæki á landsbyggðinni sé sérlega viðkvæm fyrir spennusveiflum í rafmagnskerfinu: „Með auknum stöðugleika minnka líkur á spennusveiflum í kerfinu, sem geta og hafa valdið tjóni á raftækjum notenda á landsbyggðinni“. Þótt þessi setning sé e.t.v. tæknilega rétt er hún hálf sannleikur og því afar villandi og greinilega gerð til að hafa áhrif á almenningsálit á landsbyggðinni. Hið rétta er spennusveiflur geta og hafa valdið tjóni á raftækjum um allan heim, hvort sem er í borgum eða til sveita. Vísitandi villandi ummæli af þessu tagi eru fyrir neðan virðingu fyrirtækis í ríkiseigu og verkfræðistofu (Eflu) sem vill láta taka sig alvarlega.	Það er vissulega rétt hjá Landvernd að spennusveiflur geta og hafa valdið tjóni á raftækjum um allan heim, bæði í borgum og til sveita. Slík tjón eru samt sem áður algengari á landsbyggðinni á Íslandi þar sem stöðugleiki raforkukerfisins er öllu jöfnu minni þar en á höfuðborgarsvæðinu. Til að fyrirbyggja misskilning sem þennan hefur „á landsbyggðinni“ verið fjarlægð úr tilvísari setningu í matsskýrslu.
20.10	<i>Óásættanlegt rask á friðlýstum svæðum</i> Aðalvalkostur veldur raski á 5 friðlýstum svæðum og þar á meðal eru bakkar Laxár sem þykja það merkilegir að þeir hafa verið friðlýstir með sérlögum. Hér er rétt að benda á að markmið friðlýsingar Laxár og Mývatns er ekki eingöngu að vernda áþreifanleg verðmæti heldur heildarupplifun svæðisins. Þverun árinna með gríðarstórra raflínu hefur mikil áhrif á fegurð og yfirbragð svæðisins. Mjög sterk rök þurfa að réttlæta þess háttar rask.	Aðalvalkostur gerir ekki ráð fyrir beinu jarðraski innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Samt sem áður mun þverun svæðisins með leiðurum í lofti vissulega hafa í för með sér sjónræn áhrif sem geta haft áhrif á upplifun. Í því samhengi er rétt að benda á að áhrifin eru staðbundin og afturkræf. Þá er verndarsvæðið víðfeðmt og framkvæmdin þverar einungis lítinn hluta þess. Landsnet bendir einnig á að fyrirtækið mun sækja um leyfi til framkvæmda á verndarsvæðinu til Umhverfisstofnunar, sem samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu hefur umsjón með slíkum leyfisveitingum.

20.11	<p><i>Óásættanlegt rask svæða sem njóta verndar</i></p> <p>Á bls. 17 í frummatsskýrslu segir: “Framkvæmdin raskar tæpum 5 ha af votlendi sem nýtur verndar, um 0,7 ha af náttúrulegu birki sem nýtur verndar og tæpum 13 ha af vistgerðum með mjög hátt verndargildi. Mesta röskunin verður við slóðagerð í votlendi á Fljótsheiði og Laxárdalsheiði.”</p> <p>Í ljósi þess að ekki verður séð að Landsnet/Efla hafi fært nægjanlega sterk rök fyrir því að brýna nauðsyn beri til að fara í framkvæmdina sem lýst er sem aðalvalkosti í frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3 og þar sem markmið framkvæmdarinnar eru óskýr er ekki hægt að réttlæta þessi brot á náttúruverndarlögum.</p> <p>Þá er með öllu óásættanlegt að réttlæta rask á svæðum, sem njóta sérstakrar verndar t.d. stórum votlendissvæðum, með því að endurheimta jafn stórt svæði annars staðar. Ofbeldisbrot á einum einstaklingi verður ekki réttlætt með því að borga fyrir sálfræðimeðferð annars einstaklings. Það liggja margar og tryggar ástæður, vísindalega vel rökstuddar, fyrir því að votlendi stærri en tveir ha njóti sérstakrar verndar. Reyndar stóð til að færa mörkin niður í einn ha við endurskoðun náttúruverndarlaga með þeim rökstuðningi að röskun votlenda hefur verið svo stórtæk á Íslandi að eftir sitja niðurbútuð votlendi sem oftast ná ekki tveimur ha. Rask á votlendi sem nýtur verndar í náttúruverndarlögum er margfalt minna á leið samanburðarvalkostar Laxárlínu 1 (1,4 km vs. 6,3 km) en Hólasandslínu 3.</p>	<p>Forsendur framkvæmdarinnar, þar með talið markmið og nauðsyn hennar, koma skýrt fram í 2. kafla frummatsskýrslunnar. Þar kemur einnig fram að við leiðarval Hólasandslínu 3 var niðurstaðan að fylgja í meginatriðum Kröflulínu 1. Er þetta m.a. gert til þess að lágmarka áhrif á umhverfi, hvort sem það eru sjónræn áhrif eða áhrif á tiltekin vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Dregur þessi tilhögun úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Landsnet telur að með þessum hætti er best uppfyllt það ákvæði 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að forðast beri að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í greininni nema brýna nauðsyn beri til. Framkvæmdin er bæði brýn og nauðsynleg í samfélagslegu tilliti, sbr. ákvæði raforkulaga og stöðu flutningskerfsins sem grunnstoðkerfis í landinu. Með því að velja Hólasandslínu 3 stað samhliða Kröflulínu 1 á þegar röskuðu beltí hafa umhverfisáhrif verið takmörkuð verulega. Tekur framkvæmdin þannig bæði mið af ákvæðum raforkulaga og náttúruverndarlaga.</p> <p>Landsnet bendir einnig á að tilgangur þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar hafa verið fram er ekki að réttlæta rask, heldur að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.</p>
20.12	<p><i>Áhrif á landslag</i></p> <p>Forsendur Landsnets um upplifun á náttúrufegurð sem fall af bílaumferð er mjög vafasöm (sjá t.d. bls. 17, 52 og 352 í frummatsskýrslu). Þvert á móti lítur Landvernd svo á að því óspilltari sem náttúra er, þeim mun meira virði sé hún, óháð því hvað margir bílar aka hjá á degi hverjum. Áhrif á ferðamennsku mætti kannski meta á þennan hátt en alls ekki á útivist og landslag. Þegar rætt er um</p>	<p>Landsnet áttar sig ekki fyllilega á því til hvaða dæma Landvernd er að vísa varðandi „upplifun á náttúrufegurð sem fall af bílaumferð“. Væntanlega er þar verið að gagnrýna að horft sé til þess hversu margir munu verða fyrir áhrifum við mat á vægi áhrifa á ásýnd. Þessi nálgun er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Stuðst var við aðferðafræði GLVIA² en í þeirri aðferðafræði byggir mat á landslagi og ásýnd á viðkvæmni landslags (næmni og gildi) og umfangi áhrifa. Við mat á viðkvæmni ásýndar (ekki</p>

² Landscape Institute and I.E.M.A (2013). Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment. Third edition, London: Routledge.

	<p>samanburðarvalkostinn, uppbyggingu Laxárlínu1, þar sem sjónræn áhrif eru mikil á hluta leiðarinnar þarf að skoða jarðstrengi en þeir eru kjörin leið til að vernda landslag og draga úr sjónrænum áhrifum. Ef það hversu margir sjá raflínur, væru rök til verndar landslagi væri ákjósanlegast að leggja háspennulínur um óbyggð víðerni sem Landvernd er ósammála.</p>	<p>landslags) er horft til gildis útsýnis, hvernig fólk upplifir útsýnið og hvert athygli fólks beinist. Við mat á næmni ásýndar var því m.a. horft til vega og umferðar um þá. Við mat á vægi áhrifa á landslag var ekki horft til bílaumferðar. Við mat á vægi áhrifa á landslag og ásýnd er jafnframt tekið tillit til fjölda annarra þátta, s.s. verndargildis, landnotkunar og grunnástands svæðis (t.d. hversu manngert/ósnortið).</p> <p>Varðandi hugmyndir Landverndar um að leggja jarðstreng með Laxárlínuleið þar sem sýnileiki er mikill má benda á að í frummatsskýrslu kemur fram að vegna raftæknilegra takmarkana er hámarks lengd jarðstrengs í Hólasandslínu 3 um 12 km. Samkvæmt Laxárlínuleið er gert ráð fyrir 4,4 km jarðstreng vestan Eyjafjarðar, 2,9 km sæstreng í Eyjafirði og austan fjarðar yrði að vera jarðstrengur frá landtöku upp fyrir byggð, um 2 km, sem þýðir að einungis örstuttur kafli af jarðstreng væru eftir til ráðstöfunar annars staðar á leiðinni sem dugar skammt þar sem sýnileiki Laxárlínuleiðar er mikill á um 14 km kafla í Ljósavatnsskarði.</p>
20.13	<p><i>Jarðstrengir</i> Landvernd hvetur síðan Landsnet enn og aftur til þess að endurskoða afstöðu sína til jarðstrengja. Þrátt fyrir að jarðstrengir séu dýrari í upphafsframkvæmd og eigi ekki við á sumum svæðum er rekstrarkostnaður af þeim lægri og orkuöryggi betur tryggt sbr. skýrslu sem Landvernd lét gera í ársbyrjun um orkuöryggi á Vestfjörðum (sjá viðhengt) til dæmis vegna hættu á ísingu, vindálags og snjópunga. Afhendingaröryggi er einmitt meginmarkmið Hólasandslínu 3 og því ber Landsneti að skoða þennan kost vel þar sem það á við.</p>	<p>Við mat á því hvort raflínur skuli lagðar í jörð eða reistar sem loftlínur er horft til nokkurra þátta, þ.e. stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, hagkvæmni, kerfisgreininga og niðurstöðu umhverfismats.</p> <p>Eins og áður hefur komið fram eru verulegar raftæknilegar takmarkanir á lengd jarðstrengja í háspennnum lögnum. Þá má vísa til umfjöllunar í kafla 2.6 í matsskýrslu um bilana- og viðgerðartíma jarðstrengja.</p>
20.14	<p><i>Uppbygging Laxárlínuleiðar 1</i> Samanburðarvalkosturinn, uppbygging Laxárlínu 1, hefur mun minna rask í för með sér en aðalvalkostur, Hólasandslína 3. Færri votlendi sem njóta verndar raskast, áhrif á fugla og sérstaklega fálka eru minni, áhrif á vatnsföll eru mjög lítil og ekki þarf að raska umhverfi Laxár umfram það sem orðið er eins og aðalvalkostur gerir. Árif á jarðmyndanir eru aftur á móti töluverð og áhrifin á landslag einnig nokkur. Landvernd mælir því með því að þegar markmið framkvæmdarinnar eru skýrð verði ráðist aftur í samanburð á þessum</p>	<p>Sjá svar við lið 20.5.</p>

	<p>tveimur leiðum með það í huga að draga sem mest úr raski. Raunverulegur samanburður við uppbyggingu Laxárlínu 1 þarf að eiga sér stað eins og Skipulagsstofnun krafðist. Aðalvalkostur sem Landsnet leggur fram veldur það miklu raski á svæðum sem njóta sérstakrar verndar að vert er að skoða aðra kosti ofan í kjölin. Þegar upp er staðað getur verið að báðir kostir valdi óásættanlegu raski og útfæra verði aðrar hugmyndir en samanburður valkosta þarf að vera fullunnin sérstaklega þegar svo mikilvæg svæði eru í húfi.</p>	
21	Landeigendur Brettingsstaða	
21.1	<p>Eigendur Brettingsstaða í Laxárdal gera athugasemdir við nýjan aðalvalkost á línuleið Hólasandslínu 3 um Laxárdal, sem liggur mun sunnar en Kröflulína 1. Áður hafði verið kynnt að farið yrði meðfram Kröflulínu 1. Stórkostleg sjónmengun er af því að hafa tvær loftlínur yfir Laxárdal með um tveggja kílómetra millibili, þau umhverfisáhrif eru stórlega vanmetin. Núverandi aðalvalkostur þýðir mun meiri röskun lands. Lengri lína, fleiri möstur, nýjir línuvegir, meiri malartaka, þremur fleiri hornmöstur en ef fylgt yrði Kröflulínu 1, auk þess sem Hólasandslína 3 færi í tvígang yfir Kröflulínu 1. Ný línuleið yfir Laxárdal þýðir að mun stærra svæði yrði raskað til frambúðar.</p> <p>Tafla 7.7 (bls. 365-6) í frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, sýnir samanburð á umhverfisáhrifum loftlínukosta yfir Laxárdal. Þar kemur fram að áhrif mismunandi línukosta yfir Laxárdal séu óveruleg. Við erum ósammála því og gerum eftirfarandi athugasemdir:</p>	Sjá svar við lið 12.3.
21.2	<p>Fuglar</p> <p>Í grein 6.2.3.4.2 (bls. 183) segir: „<i>Valkosti LA-LN fylgir áflugshætta þar sem langt haf verður þvert yfir allan dalinn. Sá valkostur liggur nálægt Kröflulínu 1 og þar sem línurnar eru nálægt hvor annarri og í mismunandi hæð er ákveðin hætta á sammögnunaráhrifum. Þannig getur fugl sem reynir að forða sér frá annarri línunni lent á hinni línunni.</i>“</p> <p>Þessi lýsing á við um alla línuleiðina frá Akureyri til Hólasands, þar sem Hólasandslína 3 verður lögð samsíða Kröflulínu 1 eru línurnar alltaf</p>	<p>Það er vissulega rétt að ákveðin hætta er á sammögnunaráhrifum á öllum hluta línuleiðarinnar þar sem Hólasandslína 3 liggur samsíða Kröflulínu 1 í lofti. Helsta ástæða þess að sérstaklega er bent á hættu á sammögnunaráhrifum í Laxárdal, þrátt fyrir að hæðarmunur línanna þar er meiri en annars staðar, er sú að um er að ræða fuglaríkt svæði sem hýsir fugla með hátt verndargildi og eru viðkvæmir fyrir áflug. Áflugshætta þar er einnig meiri en á flestum öðrum köflum leiðarinnar þar sem loftlínan liggur þvert á flugleiðir með Laxá. Þessi sammögnunaráhrif eru talin vega þyngra en búsvæðatap sem hlýst af því að leggja</p>

	<p>„nálagt hvor annarri og í mismunandi hæð“. Þar sem línun þverar Laxárdal í valkosti LA-LN liggur hún mun hærra og fjær Kröflulínu 1 en annars staðar á línuleiðinni. Sammögnunaráhrif verða ekki til staðar hvort sem farið er yfir dalinn hjá Kröflulínu 1 eða sunnar. Ef farið er yfir Laxárdal á tveimur stöðum með rafmagnslínur (Kröflulínu 1 og HS3) hefur það áhrif á búsvæði fleiri fugla</p>	<p>Hólasandslínu 3 um 1 km sunnan við Kröflulínu 1. Valkostur LA-LN er því talinn hafa meiri áhrif á fuglalíf en aðalvalkostur.</p>
21.3	<p>Landslag og ásýnd Lengri lína, fleiri möstur og vegir þýða meiri sjónmengun og röskun lands og því vandséð að áhrif á landslag og ásýnd verði minni ef farinn er aðalvalkostur í stað styttri leiðar valkostar LA-LN. Stórkostleg sjónmengun er af því að hafa tvær loftlínur yfir Laxárdal með um tveggja kílómetra millibili, þau umhverfisáhrif eru því stórlega vanmetin. Einhverjar ráðstafanir þarf að gera þar sem farið er yfir Kröflulínu 1 í tvígang, sem gæti þýtt stærri mannvirki og meiri röskun lands.</p>	<p>Línuleið sunnar í Laxárdal er fjær byggð í neðanverðum Laxárdal en er enn það langt frá byggð í Mývatnssveit að línun er ekki sýnileg þaðan nema við bestu aðstæður. Uppi á Laxárdalsheiði er línun einungis sýnileg á mjög fáförnum slóðum. Þá er línustæði aðalvalkostar fjær vinsælum veiðistöðum í Laxá en línuleið við Varastaðahólma. Sjónræn áhrif syðri leiðarinnar eru því talin minni.</p> <p>Það er aftur á móti rétt að syðri leiðin liggur í nýju línustæði og þá eru línustæðin orðin tvö (með um 1,2 km milli bili), í það minnsta til næstu 10 ára, sbr. kerfisáætlun. Ef endurnýja þarf Kröflulínu 1 að þeim tíma loknum kemur sterkt til álita að setja hana samhliða Hólasandslínu 3 yfir dalinn í samskonar hafi (og þá sömu hæð). Bætt hefur verið við umfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 í matsskýrslu.</p> <p>Þar sem Hólasandslína 3 þverar Kröflulínu 1 (t.d. beggja vegna Laxárdals), verða möstur Hólasandslínu eins og önnur möstur í kring, hvorki hærra né umfangsmeiri. Til þess að það sé hægt er þó í einhverjum tilvikum gert ráð fyrir lítilsháttar breytingu á möstrum Kröflulínu 1. Þær breytingar geta t.a.m. falið í sér færslu á möstrum, lækun þeirra og í einhverjum tilvikum viðbótarmöstur. Austan Laxárdals er ekki talin þörf á neinum ráðstöfunum en vestan Laxárdals er gert ráð fyrir að færa þurfi til eitt mastur og afspenna. Gæti það kallað á viðbótarrask upp á 100-200m².</p>
21.4	<p>Útivist og ferðamennska Eftir því sem ósnortnum landsvæðum fækka eykst verðmæti þeirra staða sem ekki hefur verið hróflað við og því skammsýni að fara nýja leið ef þess er ekki þörf.</p>	<p>Landsnet tekur undir þessi sjónarmið, enda kemur fram í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína að leitast skuli við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina, m.a. með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa.</p> <p>Ástæða þess að ný línugata er lögð til við þverun Laxárdals er sú að niðurstaða mats á umhverfisáhrifum var sú að umhverfisáhrif þeirrar</p>

		leiðar væru heldur minni, auk þess sem mögulegt er að rífa Kröflulínu 1 eða færa hana samhliða Hólasandslínu 3 þegar ákvörðun um framtíð hennar verður tekin.
21.5	Náttúruverndarsvæði Eins og fram kemur í þessum kafla eru áhrif aðalvalkostar á Varastaðaskóg meiri en valkostar LA-LN. Varðandi áflugshættu (sjá kafla um fugla hér að ofan), þá virðast áhrif á náttúruverndarsvæðin vera meiri af aðalvalkosti en valkosti LA-LN.	Það er rétt að aðalvalkostur hefur meiri áhrif á Varastaðaskóg. Valkostur LA-LN er samt sem áður talinn hafa heldur meiri áhrif á náttúruverndarsvæði en aðalvalkostur vegna sjónrænna áhrifa og áflugshættu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár (sjá svör við liðum 21.2 og 21.3). Þess ber að geta að ekki þarf að fella eða skerða tré innan skilgreinds verndarsvæðis Varastaðaskógar.
21.6	Landnotkun og skipulag Ný línuleið þýðir að leggja þarf nýja vegi, meiri malartekju og nýtt helgunarsvæði verður til.	Það er rétt að nýtt helgunarsvæði verður til með aðalvalkosti og ný slóð beggja vegna Laxárdals. Það á hins vegar einnig við um valkost LA-LN austan dalsins. Hólasandslína 3 á að liggja að nýju tengivirki á Hólasandi meðan Kröflulína 1 liggur að Kröfluvirkjun. Austan Laxárdals er því um nýtt línustæði og nýja slóð að ræða í báðum tilfellum. Á Laxárdalsheiði vestan dalsins fylgir valkostur LA-LN núverandi línu og því ekki um nýja línugötu að ræða. Meðfram Kröflulínu 1 er hins vegar engin slóð á þessum kafla og því yrði þar einnig um nýslóðagerð að ræða. Aðalvalkostur er hins vegar lengri (4 mastrastæði) en valkostur LA-LN og sama er að segja um slóðina sem honum fylgir, hún er um 11% lengri.
21.7	<u>Af ofangreindum ástæðum mótmælum við fyrirhugaðri línuleið aðalvalkostar.</u> Eigendur Brettingsstaða í Laxárdal hittust á fundi 13. desember 2018, til þess að taka afstöðu til fyrirhugaðrar lagningar Hólasandslínu 3 um Laxárdal. Niðurstaða fundarins var að mótmæla fyrirhuguðum aðalvalkosti Hólasandslínu 3 um Laxárdal og koma á framfæri eftirfarandi áskorun til Landsnets: Með hliðsjón af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína réttlætir staðsetning framkvæmdarinnar að jarðstrengskostur verði aðalvalkostur um Laxárdal. Valkostur LA-JU hefur minnst varanleg umhverfis- og sjónræn áhrif og það rask sem verður á framkvæmdatíma virðist af mestu leyti vera afturkræft samkvæmt frummatsskýrslu. Því skorum við á Landsnet að gera valkost LA-JU að aðalvalkosti Hólasandslínu 3 um Laxárdal.	Stefna stjórnvalda um lagningu raflína réttlætir mat á bæði jarðstrengs- og loftlínukost innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Séu strengkafla LA-JU og strengkafla aðalvalkostar í Eyjafirði lagðir saman eru jarðstrengslagnir í Hólasandslínu 3 komnar að eða umfram ýrtrustu mörk þess sem mögulegt er af tæknilegum ástæðum. Helsta ástæða þess að valkostur LA-JU hefur ekki verið gerður að aðalvalkosti er sú að mikil óvissa fylgir borun í nútíma hraunlögum og áhætta með tilliti til mögulegra neikvæðra áhrifa. Valkosturinn hefur einnig í för með sér beint rask innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, öfugt við aðalvalkost. Á hinn bóginn fylgir lítil óvissa byggingu loftlínu. Sjá nánar svar við lið 19.6 og viðbót við kafla 4.1.6.3 í matsskýrslu. Með hliðsjón af umhverfis- og áhættusjónarmiðum telur Landsnet loftlínu sunnan Kröflulínu 1 vera besta kostinn á svæðinu og í samræmi við stefnu

		stjórnvalda um að frekar skuli miða við að leggja loftlínu sé það talinn betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða.
22	Landeigendur Ljósstaða	
22.1	<p>Við eigendur jarðarinnar Ljósstaða í Laxárdal mótmælum hér með fyrirhugaðri byggingu háspennulínu þvert yfir dalinn í okkar landi eins og hún er kynnt í frummatsskýrslu Landsnets sem nú nýverið hefur verið birt. Allt frá því að málið var fyrst kynnt fyrir okkur í desember 2016 höfum við komið afstöðu okkar skýrt til skila, bæði í bréfum, greinargerðum og á kynningarfundum, og ítrekum við nú rök okkar sem þar hafa komið fram.</p> <p>Landsnet leggur nú til breyttan aðalvalkost fyrir framkvæmdina frá tillögunni sem upphaflega var kynnt. Nýja tillagan felur í sér að þverun dalsins verði nokkru sunnar en áður var ráð fyrir gert. Þessi breyting er að okkar mati talsvert til bóta varðandi ásýnd mannvirkja og legu í landslagi en felur þó enn í sér þverun verndarsvæðisins í ósnortnu landi og varanlegar skemmdir á gróðurþekju og ógnun við fuglalíf.</p> <p>Í stuttu máli byggja mótmæli okkar á eftirfarandi náttúrufræðilegum, fagurfræðilegum, skipulagslegum og lagalegum forsendum:</p>	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
22.2	Framkvæmdir fela í sér stórfellda mannvirkjagerð í ósnortnu landi. Risastór möstur verða áberandi sitt hvoru megin dalsins með massífum háspennulínunum sem liggja þvert yfir dalinn í 20-50 hæð. Ásýnd landsins er þannig stórlega breytt og upplifun á náttúru verður aldrei söm.	Við undirbúning framkvæmdar hefur verið leitast við að finna lausnir sem hafa sem minnst áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Möstur eru staðsett utan verndarsvæðis, eins langt frá dalbotninum og kostur er, og verndarsvæðið þverað í einu hafi til að koma í veg fyrir beint rask innan þess. Vissulega eru sjónræn áhrif til staðar, en þau eru staðbundin á litlum hluta verndarsvæðisins og að fullu afturkræf.
22.3	Sú heild sem Mývatn og Laxárdalur mynda með tengingu Laxár er rofin með groddalegum hætti sem hefur afgerandi áhrif á möguleika til verndunar og nýtingar svæðisins.	Sjá svar við lið 22.2.
22.4	Varastaðaskógur er náttúrulegur birkiskógur sem nýtur verndar fyrir hvers konar ágangi og inngripi. Skógurinn yrði stórkostlega skertur með mastursgerð í efstu brekkum og sverum stálvírurum sem liggja rétt ofan trjátoppa.	Varastaðaskógur, sem er á náttúruminjaskrá, verður þveraður þar sem hann er um 460 m breiður en alls er verndarsvæðið 4,3 km langt. Eitt mastur verður innan svæðisins og verður það ofar í hlíðinni en sjálfur skógurinn. Vegslóði að umræddu mastri kemur ofan frá Laxárdalsheiði og

		nær 185 m inn á verndarsvæðið. Því verður ekki neitt rask niður í Laxárdal eða neðar í hlíðinni þar sem birkiskógurinn er. Framkvæmdin nær því einungis til lítils hluta svæðisins sem ekki er vaxinn birkiskógi. Áhrifin verða því fyrst og fremst sjónræns eðlis.
22.5	Fuglalíf við Laxá er fjölbreytt og einstakt á hvaða mælikvarða sem er. Fyrir liggur að með lagningu nýrra háspennustrengja verður áflugshætta mjög mikil sem getur haft afar alvarlegar afleiðingar fyrir lífkeðjuna í heild. Búsvæði fugla geta verið í mikilli hættu.	Fuglalíf við Laxá er sannarlega merkilegt. Þá verður því ekki neitað að áflugshætta fylgir þverun dalsins með loftlínu. Af þeim sökum verða sérfræðingar fengnir til að vakta áflug við Laxá og meta þörf á mótvægisáðgerðum. Engar vísbendingar eru hins vegar um að lífkeðjunni í heild stafi hættu af framkvæmdinni. Jafnframt er rétt að benda á að engin búsvæði fugla munu glatast innan verndarsvæðisins við framkvæmdir.
22.6	Framkvæmdir fela í sér stórfelldar skemmdir á votlendi (Ljótstaðaheiði) sem aldrei verða afturkræfar.	Aðalvalkostur mun hafa í för með sér rask á votlendi í Ljótstaðaheiði en stefnt er að því að reyna að beita aðferðum sem valda sem minnstu raski á votlendi við lagningu línunnar. Sjá svar við liðum 15.8 og 15.11.
22.7	Tillaga um efnistökusvæði á Ljótstaðaheiði norðan Mávatsns felur í sér eyðileggingu viðkvæmrar gróðurþekju. Hvernig hún verður bætt er allsendis óljóst.	Gengið verður frá efnistökusvæðum í samræmi við leiðbeiningar sem finna má á vefsíðunni www.namur.is . Þá mun Landsnet kosta framkvæmdir við endurheimt jafn stórs votlendis og tapast við framkvæmdir og græða upp þrisvar sinnum stærra svæði en tapast af grónu þurrlendi. Sjá nánar í matskýrslu í kafla 8.2 Mótvægisáðgerðir.
22.8	Í mati á umhverfisþáttum í frummatsskýrslu er ekki gerð sérstök og afmörkuð greining á áhrifum framkvæmda fyrir verndarsvæðið í Laxárdal. Heldur er greiningin hluti af miklu víðtækara mati sem m.a. felur í sér mat á áhrifum framkvæmda á heiðalöndum upp af Reykjadal. Því eru niðurstöður greiningarinnar fyrir Laxásvæðið í raun ómarktækar og til lítils gagns.	Rökstuðning fyrir svæðaskiptinu skýrslunnar má finna í kafla 5.2 í matskýrslu. Mat á vægi áhrifa byggir annars vegar á gildi svæðis og hins vegar einkennum áhrifa framkvæmdarinnar, t.d. raski. Ljóst er að gildi verndarsvæðis í Laxárdal er mjög hátt, en staðbundið umfang og einkenni framkvæmda innan svæðisins ekki mikið og til að mynda mun minna en á heiðalöndum upp af Reykjadal. Því má segja að gildi Reykja- og Laxárdals sé á heildina litið minna en ef eingöngu er horft til Laxárdalsins, en hins vegar er umfang áhrifanna minna innan Laxárdals en þegar horft er á allt Reykja- og Laxárdalssvæðið. Mikilvægt er að horfa á niðurstöður á vægi áhrifa með framangreint í huga. Í kafla 6.8 í frummatsskýrslu er að finna mat á áhrifum framkvæmdarinnar á öll verndarsvæði á línuleiðinni, þ.m.t. verndarsvæði Mývatns og Laxár og Varastaðaskógur. Við matið var horft til þess hvort og þá hvernig

		framkvæmdin hafi áhrif á forsendur verndar eða verndargildi viðkomandi svæða. Niðurstaða matsins var sú að aðalvalkostur hefði óverulega neikvæð áhrif á Varastaðaskóg og verndarsvæði Mývatns og Laxár.
22.9	Í greiningu á umhverfispáttum vekur athygli að hvergi eru áhrif framkvæmda flokkuð sem „verulega neikvæð“. Í ljósi þess að svona mat er alltaf að stórum hluta til huglægt þá vekur þetta efa um hlutleysi þeirra sem greininguna gera.	Landsnet bendir á að aðferðafræði matsins er skýr og þrátt fyrir að fjöldi aðila hafi gert athugasemd við frummatsskýrsluna, þ.m.t. sérfróðir umsagnaraðilar, hefur enginn lagt fram efnisleg rök fyrir því að áhrif á einhvern umhverfispátt séu verulega neikvæð. Landsnet bendir einnig á að samhliða umhverfismati var unnin frumverkhönnun sem miðaði að því að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.
22.10	Framsetning valkosta í tillögum Landsnets hefur verið með þeim hætti að í raun hefur aldrei verið um neitt val að ræða. Allir kostir eru á sama afmarkaða svæðinu innan Ljósstaðalandsins og Landsnet ekki verið tilbúið til að skoða af neinni alvöru ábendingar um kosti annars staðar. Svokallaður Laxárlínukostur er að mati talsmanna Landsnets ekki „raunverulegur kostur,“ og hefur því ekki verið rannsakaður á forsendum framkvæmdarinnar.	Við leiðarval var ákveðið að fylgja Kröflulínu 1 að mestu. Er sú tilhögun í samræmi við stefnu stjórnvalda um að fylgja núverandi raflínum eins og aðstæður leyfa. Þá liggur fyrir að aðalskipulag sveitarfélaganna gerir ekki ráð fyrir Hólasandslínu 3 meðfram Laxárlínu 1 og að auki er það í stefnumörkun aðalskipulags Þingeyjarsveitar að þegar Hólasandslína 3 kemst í rekstur að þá verði Laxárlína 1 rifin. Það hefur í för með sér að til framtíðar verður eitt línubeltu í stað tveggja eins og yrði ef Laxárlínuleið yrði valin. Rökstuðning fyrir því af hverju Laxárlínuleið var ekki lögð fram sem valkostur í umhverfismatinu má finna í kafla 3.3.2.1 í tillögu að matsáætlun og kafla 6.13 í frummatsskýrslu.
22.11	Engin haldbær svör liggja fyrir um niðurlagningu Kröflulínu 1 að afkriftartíma hennar loknum. Það er skýlaus krafa okkar eigenda Ljósstaða að línan verði þá rifin og öll ummerki um hana fjarlægð.	Bætt hefur verið við umfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 og 2.8 í matsskýrslu.
22.12	Fyrirætlanir Landsnets byggja á skilgreiningu á legu línunnar í aðalskipulagi Þingeyjasveitar. Í ljósi upplýsinga frá skipulagsfulltrúa sveitarinnar er ljóst að afgreiðsla sveitastjórnar á áformum Landsnets um Hólasandslínu hefur verið algjörlega vélræn og án sérstakrar umhugsunar eða rannsókna um afdrif þeirra fyrir sveitarfélagið og eigenda jarða sem undir það heyrir. Ekkert var gert á því stigi til að upplýsa eigendur um áformin og ekki gerð tilraun til að fá þá til ráðgjafar eða samráðs.	Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 var auglýst samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og staðfest af umhverfisráðherra 20. júní 2011. Landsnet hefur því ekki forsendur til að ætla annað en að skipulagið byggi á lögmætum grunni hvað varðar gagnaöflun og kynningar.
22.13	Þrátt fyrir umleitan til Landsnets þar um hefur aldrei verið upplýst hver hefur verið aðkoma Umhverfisstofnunar að undirbúningi aðalskipulags	Landsnet getur ekki svarað fyrir Umhverfisstofnun eða undirbúning og aðkoma aðila að gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar, en bendir á að fyrir

	Pingeyjarsveitar sem leyfir tillögu um þverun Laxárdals með háspennumannvirkjum. Í þessu skiptir máli að Umhverfisstofnun er falin umsjón með framkvæmd laga um verndun Laxár og Mývatns.	liggur umsögn Umhverfisstofnunar um aðalskipulagið. Á fundi með landeigendum þann 26.11.2018 var eigendum Ljósstaða bent á að hana megi nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
22.14	Umhverfisstofnun lýsir því yfir í bréfi dags. 1. mars 2017 til eigenda Ljósstaða að stofnunin sé lögbundinn umsagnaraðili varðandi mat á umhverfisáhrifum og hafi ekki heimild til að stöðva undirbúning framkvæmda á því stigi sem hann sé þá staddur. Bendir stofnunin á í því sambandi að mannvirkin hafi hvorki verið skilgreind né staðsett og óljóst sé hvort þau verði innan eða utan verndarsvæðis Laxár og Mývatns. Bréfið er svar stofnunarinnar við beiðni eigenda um að hún sem umsjónaraðili verndarlaganna grípi í taumana þar sem fyrirætlanir Landsnets feli í sér brot á þeim lögum sem stofnin hafi umsjón með.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
22.15	Landsnet gerir því skóna í frummatsskýrslu (bls. 120) að fyrirtækið þurfi ekki að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir sínar ef fyrir liggur samþykki stofnunarinnar á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar. Reynist þetta rétt sýnir það alvarlega brotalöm í lýðræðislegu ferli um umhverfismat.	Landsnet mun sækja um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Fyrirtækið upplýsti fulltrúa eigenda Ljósstaða um það með tölvupósti þann 29. nóvember sl.
22.16	Með öllu er óljóst hvernig tryggt verði hlutlaust eftirlit með framkvæmdum fari svo að fáist leyfi fyrir þeim með þeim hætti sem kynnt er í frummatsskýrslu. Landsnet, sem er í eigu íslenskra orkufyrirtækja, er í raun „ríki í ríkinu“ þegar kemur að raforkuflutningum á Íslandi, og er því mikilvægt að fengnir verði sjálfstæðir og óháðir aðilar til að tryggja að mestu varkárni verði gætt og ekkert til sparað svo að eyðilegging og skemmdir á viðkvæmri náttúru verði sem minnstar.	Eftirlit með byggingu Hólasandslínu 3 verður boðið út og verða í útboðsgögnum gerðar ítarlegar kröfur til eftirlitsaðila og viðveru þeirra. Þá hefur Umhverfisstofnun eftirlitsskyldu vegna vinnu á verndarsvæði Mývatns- og Laxár og stofnunin verður auk þess fengin til þess að aðstoða við endanlegt leiðarval slóða. Haft verður samráð við fuglafræðing um framkvæmdatíma í Laxárdal og víðar til að lágmarka truflun. Framkvæmdatími á verndarsvæði Hólma Eyjafjarðarar verður skipulagður í samstarfi við Óshólmanefnd, fuglafræðing, veiðifélög, landeigendur og Fiskistofu. Sjá einnig svar við lið 15.6 um umhverfisúttekt o.fl.
22.17	Til leyfisveitingar á framkvæmdum verður að veita undanþágu frá lögum um verndun Laxár og Mývatns. Með undanþágu af þeirri stærðargráðu sem hér ræðir um yrðu lögin í raun gerð ómerk og þá um leið gefið til kynna að enginn lagabókstafur til verndar náttúru á Íslandi sé svo heilagur að hann megi ekki brjóta.	Í 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 kemur skýrt fram að Umhverfisstofnun hefur heimild til að veita leyfi fyrir framkvæmdum innan verndarsvæðisins. Þar af leiðandi eru framkvæmdir sem Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir í fullu samræmi við lögin. Hvað varðar stærðargráðu undanþágunnar bendir Landsnet á að aðalvalkostur gerir ekki ráð fyrir jarðraski innan verndarsvæðisins.

22.18	<p>Það er yfirlýst meginmarkmið okkar eigenda Ljósstaða að standa vörð um það djásn sem jörðin okkar er, og við munum aldrei leyfa ótilneydd skemmdir eða röskun á náttúruheildinni sem hér er svo sérstök. Jörðin er afskekkt frá annarri byggð og er vart hægt að finna hér á landi friðsælli stað mitt í blómstrandi héraði. Eins og við lýstum í fyrsta bréfi okkar vegna þessa máls þá leggst hér allt á eitt: straumþung, glitrandi áin, grónir hraunjaðrar, magnaðar hellamyndanir, iðgrænar mosapembur, blómskrúð í öllum regnbogans litum, og kræklóttar uppsprettulindir. Skógurinn með sínum háreistu silfurbjörkum og fjölbreytta skógargróðri myndar svo þekjuna frá árbakka upp á hæðarbrún, og fuglar af öllum tegundum eiga hér sinn griðarstað: straumöndin og húsöndin við ána, og lóan, spóinn, hrossagaukurinn, jaðrakaninn, rjúpan, og allar hinar mófuglstegundirnar á landinu þurru, óðinshanninn á tjörnum. Við minnum á að samspil gróðurs, fuglalífs og jarðmyndana er hér nánast sem fullkomið, og eyðibærinn og ummerkin um gömul tún og jarðvegsframkvæmdir eru vitnisburður um þá merku menningu sem hér ríkti með fyrri kynslóðum. Þetta eru verðmæti sem kynslóðir framtíðar eiga rétt á að njóta.</p>	<p>Ekki er talin þörf á viðbrögðum.</p>
23	Landeigandi Kaupangurs	
23.1	<p>Til LEX hefur leitað Olga Ágústsdóttir eigandi Kaupangurs í Eyjafjarðarsveit. Tilefnið er frummatsskýrsla sem nú liggur fyrir vegna Hólasandslínu 3 frá Akureyri að Hólasandi.</p> <p>Umbj. minn vill árétta að fyrirhuguð línuleið klífur jörð hennar og leiðir til stórkostlegrar verðyrnunar. Á fyrri stigum málsins hefur umbj. minn bent á aðrar línuleiðir sem síður valda eignarskerðingum. Eru þau sjónarmið enn ítrekuð.</p> <p>Verði umrædd línuleið að veruleika mun það eðli málsins samkvæmt hafa gríðarleg áhrif á bótauppgjör. Áskilur umbj. minn sér allan rétt í því sambandi.</p>	<p>Fulltrúar landeiganda Kaupangs hafa bent á leið samhliða reiðstíg syðst í landi Kaupangs. Farið var með þeim í vettvangsferð um svæðið og aðstæður þar skoðaðar sem og á leið aðalvalkostar. Landsnet útilokaði ekki að fara syðri leiðina en hún hefur þann ókost helstan að leiðin er u.þ.b. kílómetra lengri en leið aðalvalkostar miðað við það skilyrði sveitarfélagsins að strengleið yfir Hólmana þurfi að liggja meðfram gamla veginum yfir Hólmana. Í samtölum við fulltrúa landeiganda hefur ekki komið fram að þeir veldu syðri valkostinn umfram aðalvalkost, einungis var bent á hann sem viðbótar möguleika en einnig hafa fulltrúar landeigenda bent á að þeim væri akkur í að fá slóð þá sem fylgir strengleið aðalvalkostar.</p> <p>Við bótauppgjör verður hins vegar að sjálfsögðu litið til þeirra kvaða og skerðinga sem raflínulögn hefur á viðkomandi land og leitast við að semja við landeigendur um sanngjarnar bætur fyrir þær kvaðir.</p>

24	Landeigendur Svertingsstaða 2	
24.1	<p>Við undirrituð eigum og búum á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit og rekum þar blandað bú með um 70 kúm og 150 kindum auk 15 hrossa. Við okkar búskap nýtum við 4 nágranna jarðir okkar bæði til sláttar og einnig til beitar. Það eru eftirfarandi jarðir Svertingsstaðir 1, Skálpagerði, Ytri-Hóll 1 og Hjarðarhaga en loftlína EY-L fer yfir allar þessar jarðir sem og okkar jörð. Mun loftlína EY-L því hafa veruleg áhrif á okkar búrekstur og munum við gera grein fyrir því hér að neðan. Loftlína EY-L mun þvera stóran hluta þeirra túna sem við nytjum á Hjarðarhaga og mun þá gera flest þessara túna mjög óhentug að stærð og lögun, eins og heyskapahættir eru í dag myndum við líklegast þurfa að hætta að heyja þessi tún. Einnig mun línun þvera afgirt hól, annars vegar á okkar jörð Svertingsstöðum 2 og hins vegar Ytra-Hóli 1, Skálpagerði og Svertingsstöðum 1. Sem við nýtum til beitar fyrir okkar búpening en heildarstærð hólfanna er um 57 ha.</p>	<p>Þverunar Eyjafjarðar með loftlínukosti er í stórum dráttum bundin við áhættumat vegna flugumferðar um Akureyrarflugvöll, þ.e. leiðin er eins norðarlega og mögulegt er vegna öryggissjónarmiða við flugvöllinn. Þá hafa verið gerðar lítilsháttar lagfæringar á leiðinni, t.d. við Þverárgil og sumarhúsahverfi í landi Þverár. Þegar búið er að setja línunni slíkar skorður er erfitt að taka ríkulegt tillit til ræktaðs lands á þéttbýlu landbúnaðarsvæði eins og í Eyjafirði.</p> <p>Fram kemur í kafla 6.10.3.1.2. að bæði mastrastæði og slóðagerð munu skerða ræktað land og er það ein ástæða þess að valkostur EY-L er talinn hafa nokkuð neikvæð áhrif á landnotkun og skipulag og neikvæðari áhrif en aðalvalkostur. Er það ein ástæða þess að kostur EY-L er ekki hluti aðalvalkostar Landsnets.</p>
24.2	<p>Undirstöður mastra: Talað er um að grafnar séu 2 m. djúpar holur undir möstur. Þar sem möstur lenda í túnum Hjarðarhaga ofan heimreiðar upp í Garðsá er land mjög deigt og allt að 6m á fast. Þar eru gamlar svarðargrafir og mikið af djúpum pyttum sem þurfa mikil jarðvegsskipti. Einnig þar sem línun fer norður hlíðina út að Fiskilæk liggur línuleiðin þvert yfir mestu mýrarnar sem liggja þarna eftir fjallinu.</p>	<p>Landsnet þakkar ábendinguna.</p>
24.3	<p>Slóðagerð: Tún í landi Hjarðarhaga sem lenda undir línulögn EY-L eru milli 12 og 13 ha og gera þarf vegslóða meðfram línunni. Þverar línun túnin horna á milli og færi ca. 0,5 ha undir slóðann sjálfan og túnin yrðu það sein unnin að þau myndu flest fara úr ræktun. Einnig mun vegslóði væntanlega þvera 57ha beitiland á um 1,5km löngum kafla og rýra þannig beitiland sem við nýtum fyrir okkar búrekstur</p>	<p>Sjá svar við lið 24.1.</p>
24.4	<p>Umhverfismat: Í kafla um umhverfismat loftlínu EY-L er ekkert minnst á að línulögnin hafi áhrif á beitiland og ræktað land á fyrrgreindum jörðum. Einnig má benda á að þar sem loftlínan fer yfir Fiskilækinn sem rennur milli Svertingstaða og Brekku fer lína skáhalt yfir mikinn foss sem blasir við frá báðum bæjunum. Verður mikil sjónmengun af</p>	<p>Í kafla 6.10.3.1.2. kemur fram að bæði mastrastæði og slóðagerð munu skerða ræktað land og er það ein ástæða þess að valkostur EY-L er talinn hafa nokkuð neikvæð áhrif á landnotkun og skipulag. sjá nánar svar við lið 24.1.</p>

	Því og mun hafa áhrif á hugsanleg áform okkar að bjóða upp á ferðamangistingu. Einnig er hrafnninn með laup í gílinu við fossinn.	Hvað varðar sjónræn áhrif þá er ekki sérstaklega fjallað um áhrif við fossinn í Fiskilæk, en umfang áhrifa á landslag og ásýnd eru metin nokkuð hátt fyrir landslagsheildir í Eyjafirði og tekið fram að áhrif frá framkvæmdinni verði áberandi þáttur í útsýni á svæðinu (kafla 6.5.3.1.2). Áhrif á ásýnd og landslag eru talin verða talsvert neikvæð og meiri en aðalvalkostar. Áhrif loftlínukostar á ferðamennsku en talin enn meiri þ.e. talsvert eða verulega neikvæð. Sjónræn áhrif valkostar EY-L og áhrif á ferðamennsku eru eins og áhrif á landnotkun og skipulag hluti ástæðu þess að valkosturinn er ekki hluti aðalvalkostar.
24.5	Aðalskipulagskafla: Í kafla 6.10.2.1.2 er talað um að þegar Loftlína EY-L sé komin upp í hlíðina norðan Þverárgils sé hún á svæði sem skipulagt er sem óbyggt svæði. Það teljum við vera rangt þar sem það lendir innan fjallsgirðinga á öllum bæjum frá Hjarðarhaga að Svertingsstöðum og sé það land skipulagt sem landbúnaðarland.	Landsnet þakkar ábendinguna. Við nánari athugun kemur í ljós að línuleiðin þarna liggur um skipulagt landbúnaðarsvæði skv. uppdrætti í aðalskipulagi Eyjafjarðar 2005-2025. Texti í kafla 6.10.2.1.2 í matskýrslu hefur verið lagfærður.
24.6	Snjóflóð: Ofan við bæinn Svertingstaði er gil sem heitir Illagil og falla úr því snjóflóð á hverjum vetri og sum hver nokkuð stór þannig að tjón á girðingum á Svertingsstöðum getur orðið tölvvert. Munu stærstu flóðin ná niður fyrir fyrirhugað línustæði loftlínu EY-L.	Landsnet þakkar ábendinguna.
25	Fjöregg	
25.1	Fjöregg er svæðisbundið félag um náttúruvernd og því verður í umsögninni eingöngu fjallað um áform Landsnets varðandi línulögnina í grennd við verndarsvæði Mývatns og Laxár, sbr. lög nr. 97/2004. Lögin voru á sínum tíma sáttgjörð – með þeim var bundinn endi á Laxárdeiluna og hætt við framkvæmdir sem hefðu eyðilaggt svæðið í núverandi mynd. Lögin eiga meðal annars að vernda líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Verndargildi svæðisins er mjög hátt og flokkast Laxá og Mývatn sem mikilvægt vatnasvæði á heimsvísu. Laxárdalur er einstök náttúruperla og áin ein fegursta og verðmætasta silungsveiðiá landsins. Dalurinn er fallega gróinn og dýrmætt búsvæði fyrir margar fuglategundir. Í þeim hluta dalsins þar sem Landsnet áformar að leggja Hólasandslínu 3, yfir eða undir Laxá, er Kröfulína 1 nánast eina sýnilega mannvirkið á löngum	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

	<p>kafla. Laxárdalur er vinsæll áningarstaður fólks sem sækist eftir upplifun í óspilltri náttúru. Þetta á við um göngu- og útivistarfólk af ýmsu tagi en stangveiðimenn hafa hingað til verið þeir gestir sem mestum ábata skila til íbúa á svæðinu og eigenda jarða við Laxá.</p>	
25.2	<p>Í frummatsskýrslunni eru reifaðar fjórar aðferðir við þverun Laxárdals. Tvær gera ráð fyrir að leggja Hólasandslínu 3 í lofti yfir verndarsvæðið en tvær fjalla um jarðstreng. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að láta Kröflulínu 1 standa – án tillits til þess hver hinna fjögurra valkosta verði ofaná. Ekkert kemur fram um hversu lengi línan skuli standa og er vísað til þess að skipulag raforkukerfis landsins í framtíðinni sé óljóst. Væntanlega er átt við að ekki hefur verið ákveðið hvort raflínur verið lagðar yfir hálendið. Það er mat stjórnar Fjöreggs að nokkur tími muni að líða áður en þessi ákvörðun verður tekin. Jafnframt fari líkur minnkandi á raflínulögnum yfir hálendið sbr. sáttmáli ríkisstjórnarinnar þar sem segir hreint út að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Það er ákvörðun fyrir næstu þrjú ár og vandséð að þrjú svokallaðir „kjölfestuflokkar“ í íslenskum stjórnámálum kúvendi eftir þann tíma, án þess að eitthvað óvant gerist og ný staða skapist í málinu. Þetta þýðir að líklegt er að Landsnet vilji láta Kröflulínu 1 standa svo lengi sem mögulegt er. Línan er 132 kV eins og Sogslínan sem er elst slíkra lína hér á landi. Sogslínan 63 ára en Kröflulínan 40 ára. Í frummatsskýrslunni kemur fram að í útlöndum sé líftími slíkra loftlína allt að 100 ár. Miðað við þetta gæti Kröflulína 1 staðið í einhverja áratugi í viðbót. Stjórn Fjöreggs telur ekki koma til greina að búa svo um hnúta að tvær raflínur, ólíkar að formi og gerð, þveri Laxárdal, jafnvel svo áratugum skipti. Samkvæmt aðalvalkosti Landsnets yrði liðlega kílómetri á milli línanna en samkvæmt hinum kostinum lægju línurnar samhliða með stuttu millibili. Vegna hættu á áflugi fugla og sjónrænna, fagurfræðilegra sjónarmiða er hvorugt ásættanlegt.</p>	<p>Sjá viðbótarumfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>
25.3	<p>Í tillögu að matsáætlun Hólasandslínu 3 frá ágúst 2017 kemur skýrt fram að Landsnet gerir sér grein fyrir neikvæðum sjónrænum áhrifum Hólasandslínu 3 í lofti og neikvæðum áhrifum á landslag. Sérstaklega þar sem gæti samlegðaráhrifa, þ.e. þar sem báðar línurnar sjáist eða</p>	<p>Sjá svar við lið 15.15 og viðbótarumfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>

	<p>liggi samhliða. Í tillögunni segir að aukið svigrúm skapist til að leggja Kröflulínu 1 í jörð eða samnýta möstur fyrir báðar línurnar þegar meira byggist upp af 220 kV kerfinu. Í frummatsskýrslunni er lagt mat á þetta og kemur fram að svigrúmið er talsvert, nokkrir tugir kílómetra, misjafnt eftir því hvernig reiknað er. Ekkert kemur hins vegar fram um hvar Landsnet hyggst nýta þetta svigrúm og sætir það nokkurri furðu. Af frummatsskýrslunni verður ekki annað ráðið en Landsnet hugsar sér að láta Kröflulínu 1 standa þar sem hún þverar ána skammt sunnan við Varastaðahólma. Aðalvalkostur fyrirtækisins er hins vegar að leggja Hólasandslínu 3 í lofti yfir ána liðlega einum kílómetra sunnar í dalnum. Stjórn Fjöreggs telur að þessi tilhögun myndi spilla ásýnd dalsins verulega. Hann yrði eins og sneiddur í þrjá hluta á þessum viðkvæma stað þar sem á löngum kafla sjást engin önnur mannvirki en háspennulínur. Verði aðalvalkostur Landsnets ofaná ætti skilyrðislaust að færa Kröflulínu 1 og hengja á sömu möstur eins og um er rætt í tillögu að matsáætlun. Samsíða línur í meiri hæð en Kröflulínan 1 er nú ættu að minnka áflugshættu en þess má geta að nýlega fundust hræ bæði af húsönd og álft undir línunni rétt við Laxá.</p>	
25.4	<p>Almennur kostur við háspennulínur í lofti, umfram jarðstrengi, er minna jarðrask og meiri afturkræfni. Í frummatsskýrslunni kemur skýrt fram að verði Hólasandslína 3 lögð yfir Laxárdal verði haf milli mastra sitt hvoru megin við dalinn um eða yfir einn kílómetri og ekki verði jarðrask í hlíðum dalsins og alls ekki inni á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Leiðarar yrðu hins vegar sýnilegir og einnig há og mikil möstur en misjafnt væri hve mörg og hve mikið sæist af þeim eftir því hvaðan horft væri.</p>	<p>Ekki er talin þörf á viðbrögðum.</p>
25.5	<p>Tvær leiðir fyrir Hólasandslínu 3 í jörðu eru reifaðar í frummatsskýrslunni. Leiðinni sem nefnd er LA-J fylgir mikið óafturkræft rask á botni og bökkum Laxár og einnig á nútímahrauni og í grónum hlíðum dalsins. Jarðstrengurinn yrði það stuttur að strengendavirki og möstur yrðu áberandi frá göngu- og reiðstígum og frá veiðistöðum í ánni. Stjórn Fjöreggs telur að þessi leið komi ekki til greina og sér ekki þörf á að rökstyðja það nánar.</p>	<p>Álit stjórnar Fjöreggs er í samræmi við niðurstöðu umhverfismatsins.</p>

25.6	<p>Leiðin sem nefnd er LA-JU hefur ef vel tekst til ákveðna kosti og umhverfislega séð vinninginn umfram hina möguleikana þrjá, þótt litlu muni, samkvæmt samanburðartöflu í frummatsskýrslu (bls. 361). Laxá og yfirborð hraunsins umhverfis hana yrði ósnert. Talsvert rask yrði í hlíðum dalsins á framkvæmdatíma en Efla telur að ummerki hverfi tiltölulega fljótt. Möstur yrðu færri en fylgja öðrum kostum. Stór kostur yrði að húsundur, gulundur og aðrar fuglategundir gætu flogið með ánni án þess að eiga á hættu að fljúga á háspennulínu. Stóri gallinn við kynningu á þessari leið er óvissa, m.a. vegna skorts á reynslu við slíkar framkvæmdir héraendis. Mesta óvissan fylgir boruninni en einnig skortir á skipulega greinargerð um umfangs rasks í hlíðum dalsins, slóðalagnir og fleira. Stjórn Fjöreggs beinir því til Skipulagsstofnunar að hlutast til um að Landsnet eyði svo sem kostur er óvissu við LAJU leiðina áður en lega Hólasandslínu 3 verður endanlega ákveðin. Ef niðurstaða yrði jákvæð og þessi leið valin ætti Kröflulína 1 að feta sama veg undir Laxá.</p>	<p>Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir umfangi rasks vegna valkostar LA-JU. Í kafla 6.1.3.4.2 kemur fram að valkosturinn raskar um 6 ha lands. Gert er ráð fyrir að hægt sé að endurheimta staðargróður á stórum hluta svæðisins, þ.e. utan slóða og strengendavirkja. Til að fá gleggri mynd af raskinu er stjórn Fjöreggs bent á að að skoða vistgerðakort nr. 10 í myndadag kortahefti og framkvæmdakafla frummatsskýrslu fyrir lagningu jarðstrengs (kafla 4.1.6), nýrra slóða (kafla 4.1.7.1) og strengendavirkja (kafla 4.1.2).</p> <p>Varðandi óvissu um valkost LA-JU er bent á svar við lið 19.6 og 21.7.</p>
25.7	<p>Stjórn Fjöreggs hefur hér að framan gert grein fyrir helstu sjónarmiðum sínum varðandi áform Landsnets um háspennulínur í Laxárdal. Enginn þeirra kosta sem reifaðir eru í frummatsskýrslu er góður, æskilegt hefði verið að hlífa náttúruperlunni Laxárdal við slíkum mannvirkjum. Sem fyrr segir telur stjórnin að eyða verði eins og kostur er allri óvissu áður en endanleg ákvörðun um línulögnina verður tekin. Það væri í samræmi við anda varúðarreglu um að óheimilt sé að skýla sér á bak við óvissu um afleiðingar framkvæmda. Eins og fram kemur í inngangi er hér undir náttúruperla í mjög háum flokki, varin af nokkrum lagabálkum og alþjóðlegum samningum.</p>	<p>Helsta ástæða þess að sá valkostur sem felst í loftlínu sunnan Kröflulínu 1 var valinn sem aðalvalkostur er sú að hann hefur ekki í för með sér beint rask innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og áhrif hans eru að fullu afturkræf. Þá er framkvæmdaleg óvissa við þennan kost takmörkuð. Aðalvalkostur hefur hins vegar í för með sér áflugshættu sem hægt er að bregðast við með mótvægisáðgerðum, ef niðurstöður vöktunar á áflugi gefa tilefni til. Landsnet bendir á að sú óvissa sem fylgir valkosti LA-JU er framkvæmdalegs eðlis, með tilheyrandi umhverfislegri áhættu innan verndarsvæðisins, sem ekki verður eytt (sjá svar við lið 19.6). Í ljósi verndargildis svæðisins og óvissu um hvort hægt sé að haga framkvæmdinni þannig að áhrif hennar verði lágmörkuð, telur Landsnet að það felist meiri varúð gagnvart náttúrunni að velja aðalvalkost sem vitað er að hefur minni neikvæð áhrif en gætu hlotist af valkosti sem felur í sér mikla framkvæmdalega óvissu.</p>
26	Fuglavernd	

26.1	Fuglavernd óskar að koma að athugasemdum vegna Hólasandslínu 3. Fyrsti valkostur að mati félagsins er Laxárlínuleið um Vaðalheiðargöng og Ljósavatnsskarð. Hann hefur minni áhrif á fuglalíf eins og fram kemur í matsskýrslu.	Rökstuðning fyrir því af hverju Laxárlínuleið var ekki lögð fram sem valkostur í umhverfismatinu má finna í kafla 3.3.2.1 í tillögu að matsáætlun og kafla 6.13 í frummatsskýrslu.
26.2	<p>Samkvæmt aðalvalkosti frummatsskýrslu er línunni ætlað að þvera Laxárdal. Leiðin er sunnan við núverandi línu. Fuglavernd mótmælir þessum hugmyndum um hvar eigi að þvera dalinn og röksemdirnar eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Svæðið við Varastaðaskóg er óraskað, engir vegir, engir slóðar. Nú er ætlunin að böðlast þar í gegn með raflínu og spilla þeirri náttúrulegu mynd og þeirri friðsemd sem einkennir svæðið. 2. Línan þverar Laxá rétt við fákaóðal en hreiðurstædurinn er í árbakkanum, mögulega mun framkvæmdin spilla því varanlega! 3. Með því að taka þennan hlykk á línuna, verður hún lengri en ella og áhrif hennar meiri sem því nemur. 4. Tvær línur yfir Laxá með 1 km millibili munu mögulega auka áflugshættu fyrir fugla, frekar en tvær samsíða línur. <p>Fuglavernd vill benda á að margar tegundir vatna--- og votlendisfugla fljúga upp og niður með Laxá á hverjum degi árið um kring. Umferðin er mest frá vori og fram á haust. Þetta eru ýmsar tegundir anda, einnig gæsir, vaðfuglar, ránfuglar (fálki og smyrill), hettumáfar og kríur. Fuglarnir fylgja farvegi árinna og línun þverar leið þeirra og af henni er stöðug áflugshætta fyrir fuglana. Sumar af þessum tegundum eru á Válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018 og ein þeirra, húsöndin, á allt sitt undir Laxá. Fuglavernd hvetur eindregið til þess að sá kostur að taka línuna í jarðstreng yfir dalinn verði skoðaður af fullri alvöru sem aðalvalkostur. Jafnframt þá líka að taka niður Kröflulínu 1 þar sem hún þverar dalinn og setja í jarðstreng. Slíkar framkvæmdir myndu eyða þeirri ógn sem þessar loftlínur eru Laxáfuglum og munu jafnframt draga úr sjónrænum áhrifum þessara mannvirkja ofaní dalnum. Næsti kostur að mati Fuglaverndar væri að láta línuna fylgja þeirri línu sem þegar er fyrir. Það er mat Fuglaverndar að alls ekki eigi að þvera Laxá með línu við Varastaðaskóg miðjan.</p>	<p>Aðalvalkostur er sú tilhögun á framkvæmdinni sem Landsnet telur hafa minnst umhverfisáhrif. Samanburð á áhrifum loftlínukostanna í Laxárdal og rökstuðning fyrir vali á aðalvalkosti má finna í kafla 7.1.5 í frummatsskýrslu. Þar kemur m.a. fram að aðalvalkostur er talinn hafa í för með sér minni áflugshættu en loftlína samsíða Kröflulínu 1 (valkostur LA-LN), einkum vegna hættu á sammögnunaráhrifum við Kröflulínu 1. Hvað varðar mögulegt fálkavarp í Laxárdal þá kemur fram í kafla 8.2 um mótvægisáðgerðir í frummatsskýrslu að haft verður samráð við fuglafræðing áður en framkvæmdir hefjast til að lágmarka truflun. Hreiðurstæði á árbakka verður ekki spillt við framkvæmdir, enda eru samkvæmt aðalvalkosti engar framkvæmdir áformaðar niðri í sjálfum Laxárdal.</p> <p>Jarðstrengir hafa vissulega minni áhrif á fugla en loftlína. Hins vegar er grafinn jarðstrengur (valkostur LA-J) talinn hafa neikvæðari áhrif en aðalvalkostur á flesta aðra umhverfisþætti. Þá fylgir ákveðin áhætta undirborun, sjá lið 19.6.</p> <p>Um framtíð Kröflulínu 1 er fjallað í uppfærðum kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>

26.3	Fuglavernd hvetur til þess að við mat á umhverfisáhrifum verði reynt að slá kvarða á umferð fugla með Laxá og eins að meta áflugshættu af þeirri línu sem þegar er fyrir.	Sjá svar við lið 16.2.
26.4	Athugasemdir Fuglaverndar snúast fyrst og fremst að þverun Laxárdals, en Laxá er friðuð með sérlögum. Félagið vill þó líka benda á mikilvægi þess að skerða ekki votlendi og eins að línan frá Laxá að Akureyri liggur rétt við nokkur fálkaóðul.	Landsnet þakkar ábendinguna. Leitast verður við að lágmarka áhrif á votlendi (sjá t.d. svör við liðum 12.2 15.8 og 15.11).
27	Náttúruverndarsamtök Íslands	
27.1	<p>Forsenda leyfisveitingar fyrir framkvæmdum er að framkvæmdaraðili fái undanþágu frá lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Náttúruverndarsamtökin mótmæla þessum áformum Landsnets enda felur bygging Hólasandslínu 3 í sér brot á lögum nr. 97/2004.</p> <p>Verði veitt undanþága yrðu lögin að engu höfð og skýrt merki til framkvæmdaraðila um allt land að lög um náttúruvernd séu – þegar til kastana kemur – ekki þappírsins virði.</p> <p>Í 2. mgr. 1. grein laga nr. 97/2004 segir:</p> <p><i>„Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár <u>ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.</u>“</i></p> <p>Þá hafa íslensk stjórnvöld tilnefnt Mývatns- og Laxársvæðið á lista yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt Ramsarsáttmálanum.</p> <p>Lög nr. 97/2004 eru sérlög. Lagning Hólasandslínu fer gegn markmiði laganna um, að</p> <p><i>„... að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.“</i></p> <p>Mývatn og Laxárdalur mynda náttúrulega heild sem skal tryggð með lögum nr. 97/2004. Lagning háspennulínu yfir Laxárdal myndi rjúfa þá heild. Í 3. gr. laga nr. 97/2004 segir:</p>	Sjá svar við lið 22.17.

	„Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.“	
27.2	Umhverfisstofnun virðist hafa sagt sig frá lögbundinni skyldu sinni til að vernda Laxárog Mývatnssvæðisins með því að fallast á aðalskipulag Þingeyjarsveitar sem felur í sér byggingu risamannvirkis um svæði sem friðlýst er með lögum.	Sjá svar við lið 15.17.
27.3	Ennfremur telja Náttúruverndarsamtök Íslands að gera verði grein fyrir því hvernig slík risaframkvæmd sem lýst er geti staðist lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Um er að ræða friðlýst svæði með lögum frá Alþingi. Náttúruverndarsamtök Íslands mómæla harðlega áformum Landsnets um byggnigu Hólasandslínu 3 um friðlýst landsvæði. Samtökin voru stofnuð um það markmið, að <i>Vinna að bættri lagasetningu í þágu umhverfis- og náttúruverndar</i> . Umrædd framkvæmd myndi verulega veikja gildi laga um náttúruvernd á Íslandi.	Sjá svar við lið 20.1.
28	Ungir Umhverfissinnar	
28.1	Ungir Umhverfissinnar (UU) gera eftirfarandi athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum fyrir Hólasandslínu. Fyllsta samráðs við hagsmunaaðila og umhverfissamtaka var gætt við kynningu málsins með opnum fundum og starfi hagsmunaráðs og er það samstarf mikið fagnaðarefni. Hólasandslína skal reist meðfram byggðalínu inn Fnjóskadal og inn á fáfarnar heiðar sem eru úr augsyn hins almenna ferðamanns. Þetta svæði er að mestu leyti óraskað, línan mun þvera sumarþústaðaland og vinsæl útivistarsvæði ásamt því að fara yfir mýrar og votlendi á ákveðnum stöðum. Í Fnjóskadal eru náttúruleg birkivaxið skóglendi á náttúruminjaskrá en í skýrslunni segir að línan yrði mjög sýnileg og hefði neikvæð áhrif á ásýnd dalsins. Áhrif á gróður og vistgerðir á svæðinu eru neikvæð á mörgum stöðum. Línan mun einnig þvera Laxárdal sem er víðfrægur fyrir lífbreytileika, laxveiði og fuglalíf og myndu háspennumöstur hafa áhrif á ásýnd dalsins og uppifun	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.

	<p>útvistarfólks þó að ljóst sé að Landsnet hefur gert sitt besta til að lágmarka sýnileika í dalnum.</p>	
28.2	<p>Samanburðarvalkostur var kynntur að einhverju leiti en hann fól í sér að reisa línuna meðfram Laxárlínu. Ekki var farið í umfangsmiklar rannsóknir fyrir þann valkost í samanburði við aðalvalkost. Laxárlína liggur um þegar raskað svæði en þar liggur hringvegurinn og önnur mannvirki nú þegar.</p> <p>Fyrirhuguð Hólasandslína fer yfir mikið óraskað heiðaland, skóglendi og votlendi og þykir okkur full ástæða að skoða aðra valmöguleika í stöðunni betur. Þá þykir UU vert að meta það hvort sé verðmætari framtíðarsýn fyrir svæðið; sýnileiki línunnar frá þjóðvegi og byggð eða friðun náttúruminja, birkiskóga og víðáttumikils heiðalands. Okkar sjónarmið eru þau að ekki skuli raska óröskuðu landi að óþörfu enda er mikilvægt að vernda samfelld víðerni í heimi þar sem þau eru sannarlega á undanhaldi. Ísland býr yfir náttúruminum og óbyggðu, en jafnframt aðgengilegu hálendi á heimsmælikvarða sem er vandfundið fyrirbæri um heim allan.</p> <p>Við óskum eftir því að allir valkostir séu rannsakaðir jafnt og þannig sé stuðlað að heilsteyptri ákvarðanatöku í skipulagsmálum.</p>	<p>Rökstuðning fyrir því af hverju Laxárlínuleið var ekki lögð fram sem valkostur í umhverfismatinu má finna í kafla 3.3.2.1 í tillögu að matsáætlun. Í kafla 6.13 í frummatsskýrslu má einnig finna samanburð á umhverfisáhrifum Laxárlínuleiðar og aðalvalkostar. Samanburðurinn var gerður skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun (sjá einnig svar við lið 20.5). Niðurstaða umhverfismats byggt á fyrirbyggjandi gögnum var sú að umhverfisáhrif samanburðarvalkostarins séu meiri en aðalvalkostar.</p> <p>Þess ber að geta að Hólasandslína 3 liggur að mestu samhliða Kröflulínu 1, fer um raskað land að stórum hluta og skerðir ekki víðerni.</p>
29	Örn Þorvaldsson	
29.1	<p>Undirritaður telur að ekki eigi að veita Landsneti leyfi fyrir Hólasandslínu 3 nema fyrirliggi skuldbindandi samningur um að 5 skilyrði verði uppfyllt.</p> <p>Skilyrði 1-5</p> <p>1) Hólasandslína 3 220kV 550MVA verði lögð í línuleið Kröflulínu 1 og hún verði byggð með jarðstrengsköflum 10 km út frá Akureyri og 5 km yfir Laxárdalinn.</p> <p>2) Notuð verði lína af snyrtilegustu gerð eins og RM1 sem er snyrtileg 220 kV lína af A gerð, sívalt rör með 4 stögum og með einn leiðara á hverjum fasa.</p> <p>3) Kröflulína 1 (núverandi Byggðalína milli Akureyrar og Kröflu) verði fjarlægð að verki loknu.</p>	<p>Línan verður að mestu leyti lögð með Kröflulínu 1.</p> <p>Varðandi jarðstreng í Laxárdal bendir Landsnet á að grafinn strengur er talinn hafa meiri umhverfisáhrif en aðalvalkostur og undirborun fylgir mikil umhverfisleg óvissa (sjá lið 19.6). Þá er hámarks lengd jarðstrengs í Hólasandslínu 3 um 12 km vegna raftæknilegra takmarkana (sjá kafla 2.3 í matsskýrslu). Ekki er því svigrúm fyrir 5 km jarðstreng í Laxárdal ef lagður verður 9,6 km jarðstrengur í Eyjafirði.</p>

	<p>4) Laxárlína 1 og Húsavíkurlína 1, verði rifnar. Í stað Laxárlínu 1 og Húsavíkurlínu 1 verði lagðir 66kV jarðstrengir annars vegar milli Hólasandstengivirkis og Laxár og hins vegar milli Laxár og Húsavíkur auk tengingar til Bakka.</p> <p>5) Kröflulína 5 (milli Hólasandstengivirkis og Kröflu) og Hólasandslína 1 (milli Hólasands og Bakka) komi ekki næstu áratugina eða í öllu falli fyrr en sýnt verði fram á þörf fyrir þær, með óbyggjandi hætti.</p> <p>Rök fyrir athugasemdum 1) – 5)</p> <p>1) Að byggja Hólasandslínu 3 í línuleið Kröflulínu 1 og 5 km jarðstreng yfir Laxárdalinn.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Undirritaður telur að ekki muni vera þörf á fleiri jarðstrengs köflum milli Blöndu og Fljótsdals að undanskildum Öxnadalnum. Sérstaklega ef að 132kV byggðalínan verður fjarlægð samhliða, og bygging nýju línanna verði í hennar línuleið, á þessu svæði. Svo að áhrif þessa 5 km muni rúmast tæknilega vel innan kerfisins. • Spólu- virkis lausnir til útjöfnunar séu einnig í boði. • 5 km jarðstrengur yfir Laxárdal í stað línu sem þveraði hringveginn væri útlitslega til stórra bóta fyrir svæðið. • Ef laggt væri í línuleið Kröflulínu 1, þá mætti betur nýta gamla línuveginn til verulegra hagsbóta fyrir umhverfið. • Jarðstrengur í Laxárdal er tæknilega á góðum stað í kerfinu. 	
29.2	<p>2) Að nota línu af snyrtilegustu gerð eins og RM1</p> <ul style="list-style-type: none"> • Undirritaður hefur sé þá línu úti í náttúrinni og telur hana tiltölulega snyrtilega, ef svo má segja. 	Möstrin sem lagt er til að byggja eru svokölluð M-röramöstur álíka og eru í Rauðamelslínu 1.
29.3	<p>3) Að Kröflulína 1 verði fjarlægð þegar Hólasandslína 3 220kV verður komin í gagnið og að hún geti staðið ein, næstu 70 árin.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öryggiskröfu Landsnets um N-1 öryggið væri fullnægt sem dæmi fyrir Akureyri. Ef Hólasandslína færi út þá, væri Rangarvallalína 1 til vara. En hana leggur undirritaður til að Landsnet endurbyggji sem 220kV línu 550MVA á sama stað og sú gamla er í dag til Varmahlíðar og síðan til Blönduvirkjunar, sem er áriðandi. En verkið hefur tafist vegna þvermósku Landsnets varðandi það að fá að leggja Blöndulínu 3 á nýjum stað yfir fjöll og dali til Blöndu. Það eru 	Bygging Hólasandslínu 3 er hluti af uppbyggingu meginflutningskerfisins. Hún er sameiginleg öllum valkostum sem kynntir eru í langtímaáætlun kerfisáætlunar Landsnets 2018-2027. Ekki hefur ennþá verið tekin ákvörðun um hvaða valkostur verður endanlega fyrir valinu hvað varðar uppbyggingu meginflutningskerfisins og er því lagt til í kerfisáætlun að byrjað verði á þeim fjárfestingum sem eru sameiginlegir öllum valkostum. Ákvörðun um að fjarlægja Kröflulínu 1 hefur ekki verið tekin og mun ekki verða tekin fyrr en fyrir liggur hvernig meginflutningskerfið á

<p>vinnubrögð sem engin rök eru fyrir og ég hef ekki heyrt nokkurn mann mæla þeirri framkvæmd bót hvorki tæknilega né umhverfislega!</p> <ul style="list-style-type: none"> • Byggðalínuhringurinn er nú 132kV og flutningsgetan er 180MW, línan er í dag aðeins 30% lestuð og flutningur eftir henni er um 60MW. • Hólaanslína 3 verður 550MVA sem þýðir 300% stækkun, þreföld stækkun frá því sem nú er. • Að árleg aukning raforkunotkunar á Norðurlandi er 0,5%. • Að stækkun í 220kV með Hólasanslínu 3 er ekki að ósk Landsvirkjunar vegna Kárahnjúka og álvers á Reyðarfirði, sjáið þingskjal: „þskj. 1019 – 587. mál.“ – Tilvitnun í svar iðnaðarráðherra „Við hönnun Kárahnjúkavirkjunar hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því að virkjunin sjá álverinu fyrir rafmagni og að ekki komi til sérstakra línu framkvæmda í byggðalínukerfinu vegna virkjunarinnar. Þó verður núverandi byggðalína í Fljótsdal tengd við virkjunina“. Síðan hafa Landsnet og Landsvirkjun bætt kerfið með tæknilausnum. • Tilkoma Þeistareykjavirkjunar með 100MW (og mögulegri stækkun síðar upp á 100MW) styrkir raforkukerfi svæðisins verulega, frá því sem verið hefur. • Að fjarlægja Kröflulínu 1, þýðir að ekki þarf að leggja 132kV jarðstrengjasett 10 km gegnum Akureyri til Rangárvalla. Að hafa þá ekki í kerfinu myndi styrkja kerfið á Norðurlandi og gera pláss, kerfislega fyrir 5 km jarðstrenginn yfir Laxárdalinn. • Til mótvægis við áhyggjur Landsnets varðandi viðgerðartíma, mæti skoða með að leggja fjórða jarðstrenginn til vara, samhlið þeim þremur fyrir Hólasandslínu 3. • Að losna við tvær samhliða línur á Norðurlandi ekki sýst í Fnjóskadalnum væri útlitslega til stórra bóta fyrir umhverfið. • Hrun á Byggðalínukerfinu (með þessar úreltu 132kV línur að mati Landsnets) hefur ekki átt sér stað á tímabilinu frá 2003. Ég segi úrelltar því það er eins og Landsnet bíði bara eftir að þær falli, 	<p>byggðalínusvæðinu mun líta út til framtíðar (sjá uppfærðan kafla 2.7 í matsskýrslu).</p> <p>Hvað varðar framtíðar flutningsþörf á línuleiðinni á milli Akureyrar og Kröflu þá er erfitt að spá fyrir um það hvernig hún muni þróast yfir líftíma línunnar. Í kerfisrannsóknnum Landsnets sem kerfisáætlun byggir á er notast við Raforkuspá og sviðsmyndir um raforkunotkun frá Raforkuhópi orkuspárnefndar. Raforkuspá og Sviðsmyndirnar eru svokallaðar eftirspurnarsviðsmyndir og ná ekki yfir staðsetningar þeirrar vinnslu sem þarf að setja upp til að mæta sviðsmyndunum. Afhlæði um línur í hringtengdu kerfi er háð mörgum þáttum og spila þar staðsetning bæði álags og framleiðslu stórt hlutverk. Í kerfisáætlun 2018-2027 er lýst næmnigreiningu sem ætlað er að leggja mat á vænta þróun flutningsparfar á milli tengipunkta í meginflutningskerfinu. Þar kemur fram að m.v. gefnar forsendur gæti flæði á milli Akureyrar og Kröflu orðið á bilinu 200 til 450 MW. Þetta er þó háð ákveðinni óvissu tengdri áður nefndri staðsetningu notkunar og framleiðslu.</p>
---	--

	<p>viðheldur þeim laklega. Því að skakkar línur hefur mátt sjá árum saman innanlega í Skagafirði, sem dæmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að ef Hólasandslína 3 220kV 550MVA stæði ein út allan sinn líftíma í 70 ár (og Kröflulína 1 rifin eins og hér er lagt til) þá yrði aðeins 10 % álag á henni í upphafi og um 30% álag á henni eftir 70 ár árið 2090. Jafnvel þó að miðað sé við mestu aukningu almennrar raforkunotkunar í landinu sem er 1,5%, en er aðeins 0,5% á Norðurlandi eins og áður segir. • Tvær línur hlið við hlið á sama veðursvæði er ekki skynsamleg ákvörðun. • Tvær línur samhliða er ekki skynsamleg ákvörðun með tilliti til öryggismála starfsmanna Landsnets. Ein lína eða ein lína og jarðstrengur væri heppilegra í báðum tilfellum. • Tvær línur samhliða er ekki stefna Evrópu þjóða, sem hafa sett sér metnaðarfull markmiðað til ársins 2030 um lagnir jarðstrengja í jörðu. Stefna þeirra sýnir að þær kunna að meta lítt snortna náttúru. Landsnet er sannanlega aftarlega á merinni hvað þetta varðar. 	
29.4	<p>4) Að Laxárlína 1 og Húsavíkurlína 1, verði rifnar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Líurnar eru gamlar og komið að endurnýjun þeirra. • Lagningu Laxárlína 1 yrði breytt miðað við, breytt raforkukerfi á svæðinu og hún lögð til Hólasandstengivirkis. • Laxárlína færi úr landi Akureyrarbæjar og orkuframleiðsla Laxárvirkjunar (20MW) færi inn á kerfið á Hólasandi. • Ekki þyrfti að leggja jarðstrengi innan Akureyrar fyrir Laxárlínu. 	<p>Eins og fram kemur í frummatsskýrslu er ætlunin að vinna að niðurrifi Laxárlínu 1 svo fljótt sem auðið er eftir að Hólasandslína 3 er komin í rekstur, að hámarki innan tveggja ára.</p> <p>Hvað varðar Húsavíkurlínu 1, þá er um óskylda framkvæmd að ræða og verður því ekki tekin afstaða til athugasemdar um niðurrif hennar hér.</p>
29.5	<p>5) Að Kröflulína 5 og Hólasandslína 1 komi ekki.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Landsnet (áður Landsvirkjun) hefur lagt línur í næsta stærðarflokki fyrir ofan þarfir. Öfgafullar línur (stóru Vöffin sem má sjá bæði á Suður og Austurlandi). Sem í dag áratugum síðar eru reknar á 10 – 30% álagi, af heildar flutningsgetu sinni. Línur sem rýra náttúruna landsins og hafa kostað almenning í landinu milljarða! 	<p>Kröflulína 5 og Hólasandslína 3 eru alls óskyldar framkvæmdir og því er ekki tekin afstaða til þessarar athugasemdar hér.</p>
29.6	<p>Aðferðafræði sem hentar við byggingu Hólasandslínu 3</p>	<p>Stærstur hluti framangreindra spurninga tengjast ekki umhverfismati Hólasandslínu 3 og því telur Landsnet ekki ástæðu til að bregðast</p>

<p>Bygging Hólasandslínu 3 og niðurrif Kröflulínu 1 gæti farið þannig fram að kafla og kafla í einu væri byggður og hann síðan tengdur gömlu Kröflulínu 1 við lok hvers vek kafla. Þegar búið væri að leggja nýju línuna að fullu, leggja jarðstrengi og byggja tengivirkin í báða enda. Þá yrðu allar leifar Kröflulínu 1 fjarlægðar. Ég fullyrði að þessi vinnuaðferð væri til mikils hagræðis við byggingu Hólasandslínunnar.</p> <p>Um það að krækja Hólasandslínu 3 suður fyrir Laxárdalinn, lengri leið yfir á annað viðkvæmt og friðað landsvæði við Mývatn, í stað þess leggja jarðstreng yfir Laxárdalinn vil ég segja: Ég trúi því ekki að Landsnet sé það illa stutt tækni- og peningalega að fyrirtækið geti ekki leyst það verkefni!</p> <p>Sjónræn áhrif tveggja lína og tengivirkis mat undirritaðs Nýtt manvirki á Hólasandi og tvær stórar samsíða línur á Norðurlandi næstu 30 - 70 árin, sem lægju yfir heiðar, fjöll og fegurstu dali landsinns, Fnjóskadal, Bárðardal, Svartárdal og Laxárdal er algjör svívirða!</p> <p>Áherslu atriði sem undirritaður leggur til að skoðuð séu nánar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að hreinsa til með því að fjarlægja gamlar eða óþarfar línur, skiptir máli varðandi góðan rekstur línukerfisins. • Að hreinsa til varðar orðspor Landsnets, það að vera í raun umhugað um umhverfið. En það er orðspor skortir Landsnet. • Að hreinsa til er fyrir þjóðarbúið, sem selur fegurð Íslands til ferðamanna sem jafnframt er stærsta tekjulind þjóðarinnar. • Að hreinsa til er fyrir landsmenn til að njóta heima landsinns sem best. • Að hreinsa til, ganga vel um viðheldur virðingu og ást almennings á landinu! <p>Um raforkukerfið mismunandi spennuhæð (frá undirrituðum)</p> <p>Að tvöfaldar 132 kV línur og jarðstrengir tilheyri smærri virkjunum og stærri byggðakjörnum (Nesjavellir, Þeystareykir, Reykjanes Helgúvík og Bakki).</p> <p>Að tvöföld 132 kV lína (jarðstrengur) - tvöfaldir 132kV jarðstrengir – ein 220 kV lína, tilheyri Byggðalínu (Byggðalína er hringtenging).</p>	<p>sérstakalega við þeim á þessum vettvangi. Svar við sumum spurninganna er að finna í frummatsskýrslunni, t.d. gerð mastra, sem líkt og áður kemur fram verða stöguð M-möstur, sambærileg við þau sem nú eru í línunum sem tengja Kröflu, Þeystareyki og Bakka.</p>
---	--

	<p>Að tvöfaldar 220kV línur tilheyri álverum. Að tvöfaldar 440 kV línur tilheyri Sæstrengs tengingu. Að jafnstraums jarðstrengur tilheyri hálandstengingu (og mögulega til öflugri tengingar til Austurlands vegna sæstrengs tengingu þar)! Að á landsbyggðinni skuli Byggðalína, aldrei vera tvær samhliða háspennulínur, sem standa eigi til framtíðar, nema önnur þeirra sé lögð í jörðu. Stækka má línu við endurnýjun sökum aldurs, ef sýnt er fram á með óyggjandi hætti/rökum, hver þörf hennar sé. Þá má setja 220kV línu með jarðstrengslögnum á viðkvæmum landsvæðunum, út frá náttúru fari viðkomandi landshluta! Yfir hálandið skuli aldrei vera lína! Í huga undirritaðs varðandi styrkingu raforkukerfisins á Norðurlandi, hefur aldrei annað komið til greina en tveir eftirfarandi valkostir A) Nýr 132kV jarðstrengur 170MW, sem sagt tvö földun Byggðalínunnar, sem lagður væri annaðhvort til Kröflu eða Hólasands. B) Bygging nýrrar 220kV línu 550MVA annaðhvort til Kröflu eða Hólasands og að gamla línan yrði síðan fjarlægð að verki loknu. Nokkrar spurningar til Landsnets: 1. Hefði röðin: Kröflulína 1 132kV 180MW árið 1980 – Hólasandslína 3 132kV 170MW (jarðstrengur) – Hólasandslína X 220kV 550MVA árið 2045, ekki verið ásættanleg þróun háspennukerfisins, nú þegar styrkja þarf Byggðalínuna. 2. Ef svarið við spurningu 1. er nei. Hver er þá ástæða þess? 3. Verður Hólasandslína 3 af sömu gerð og RM1, sem er snyrtileg 220 kV lína af A gerð, sívalt rör með 4 stögum, með einum leiðara á hverjum fasa. Svar við þessum þremur spurningum óskast sent undirrituðum í tölvupósti: ornthorv@gmail.com</p>	
29.7	<p>Í lokin Kosturinn við: að byggja 220kV línu núna (með jarðstrengs köflum á völdum svæðum) í gömlu línuleið byggðalínunnar og gamla línan yrði síðan rifin í verklok. Er að ekki þarf að byggja/(fjölga línunum árið 2045 þegar gamla línan Kröflulína 1 verður orðin ónýtt. Þar sem að ný</p>	Sjá viðbótarumfjöllun um framtíð Kröflulínu 1 í kafla 2.7 í matsskýrslu.

	<p>Hólasandslína 3 mun duga (flutningslega) sem flutningslína svæðisins út sinn líftíma eða til ársins 2090.</p> <p>Ókostur verður aftur á móti: að tvær háspennulínur verða þessa leið (ef að Landsnet kemst upp með að láta Kröflulínu 1 standa áfram) milli Akureyrar og Kröflu til ársins 2045 og ein lína áfram (tvær línur ef Landsnet fer sínu fram þá eins og mögulega nú) til ársins 2090. Þetta hefði ekki orðið ef 132kV lína (jarðstrengur) hefði verið notaður nú!</p> <p>P.S. Undirritaður vill benda Skipulagsstofnun á, að ákvörðun um línu tilhögun skiptir miklu máli fyrir þjóðina og allt útlit Norðurlands í framtíðinni, frá Blöndu til Fljótsdals! Þar sem að undirritaður telur að Landsnet hafi ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að Kröflulína 1 verði að standa áfram, kerfisins vegna. Þá vill hann benda stofnunni á að fá erlenda aðila til að skoða málið nánar. Slíkir aðilar eru með tölvur og tæki, og eru að öllum líkindum færari um að finna út úr þessum málum en innlendir aðilar. Sem háðir eru Landsneti með vinnu og gætu því annaðhvort verið hlutlausir eða vilhallir Landsneti í dómum sínum um málið.</p>	
30	Landeigandi Stafns 2	
30.1	Ég landeigandi Stafn II óska eftir nánari lýsingu á námustæði N16 á mynd eða Korti nr.9 í skjalinu Loftmyndakort Reykajdalur.pdf sem var í tölvupósti í gær frá Friðriku Marteinsdóttur.	Samhliða breytingum í matsskýrslu voru landeigenda send kort með nýrri afmörkun námunnar ásamt frekari upplýsingum.
30.2	Innan þessa hugsanlega námustæðis eru sögulegar minjar, það er, varða reist af landmælingadeild herforingjaráðs Dana og hefur sögulegt gildi. Legg ég til að námstæðið verðir fært sunnar og vörðunni hlíft. Nánari upplýsingar um sögu þessara varða hér: https://www.lmi.is/landupplýsingar/soguleggogn/ Varðan sjálf er í landi Fellshlíðar, og hugsanleg náma N16 lendir líklega bæði á landi Fellshlíðar og Stafn II. Ég er ekki mótfallinn námu í landinu mínu, Stafni 2, og vil frekar að öll náman verði sunnan á þessum mel, alfarið í mínu landi Stafni 2 þannig að varðan standi áfram.	Í sérfræðiskýrslu um skráningu fornleifar (viðauki 6) kemur fram að landmælingaverðan efst á Narfastaðafelli uppfylli ekki „aldursákvæði laga um menningarminjar, svo að öruggt sé“, engu að síður er mælt með því að henni verði ekki fargað og fyrirhuguð efnistaka taki tillit hennar. Í töflu 6.70 í matsskýrslu kemur fram að sem mótvægisáðgerð verði efnistöku í námu N-16 hliðrað vel út fyrir 15 m svæði umhverfis vörðuna, eins og um friðaðar fornleifar sé að ræða. Ný afmörkun námunnar hefur verið sett á loftmyndakort í matsskýrslu þannig að efnistaka sé einungis áætluð úr endum holtsins. Þá hefur umfjöllun um efnistöku í kafla 4.1.8.3 verið aðlöguð að nýrri afmörkun.

30.3	Fyrir mitt leiti er ég jákvæður í garð lagningu línunnar þar sem við landeigendur í heiðinni vonumst til þess að fá með þessu keyranlegan slóða þar sem annars hefur verið erfitt að fara yfir.	Ekki er talin þörf á viðbrögðum.
31	Náttúruverndarnefnd Þingeyinga	
31.1	<p>Í 9. grein laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum segir að í frummatsskýrslu skuli „...tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu.“ Sammögnunaráhrif Hólasandslínu 3 við Kröflulínu 1 virðast almennt ekki metin í frummatsskýrslu, nema hvað rætt er um þau að einhverju leyti í tilfalli áflugs fugla. Af aðferðafræðilýsingu sýnileikagreiningar virðist t.a.m. sem sammögnunaráhrif með Kröflulínu 1 séu ekki metin. Það er álit Náttúruverndarnefndarinnar að þar sem Hólasandslína 3 liggur að mestu leyti samsíða Kröflulínu 1, verði að líta svo á að um samvirka framkvæmd sé að ræða og því beri að fjalla um uppsöfnuð/samvirk áhrif með ítarlegri hætti en gert er í skýrslunni. Dæmi um slík sammögnunaráhrif eru sjónræn áhrif og áhrif á fuglalíf.</p> <p>Þar sem fyrirhuguð Hólasandslína þverar Bárðardal og Reykjadal væri mjög æskilegt að setja upp tvírásamöstur og setja Kröflulínu 1 og Hólasandslínu 3 á sömu möstur. Leggja hefði mátt meiri áherslu á þetta í frummatsskýrslunni, að leggja fram kosti þar sem þessar tvær línur yrðu settar saman á stuttum köflum til að draga úr umhverfisáhrifum. Sérstaklega á þetta við ef ekki er fyrirhugað að rífa niður Kröflulínu 1 innan fárra ára frá byggingu Hólasandslínu 3. Gæti þetta einnig átt við um hluta Fnjóskadals. Tvær línur af sitt hvori gerðinni á þessum stöðum yrðu mjög krefjandi sjónrænt, sérstaklega í Reykjadal þar sem línar þverar hringveginn. Líka þó í Bárðardal þar sem línurnar þvera leiðina til og frá Sprengisandi og þar með Vatnajökulsþjóðgarði og mögulegum Miðhálandisþjóðgarði í nálægri framtíð. Með því að hengja línurnar á tvírása möstur á þessum svæðum myndu sjónræn áhrif af línunum minnka auk þess sem það myndi draga úr áflugshættu fugla á línurnar. Línurnar yrðu annars hlið</p>	<p>Í frummatsskýrslunni var lagt mat á samlegðaráhrif Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 1 er varðar sjónræna þætti. Á þeim svæðum þar sem samlegðaráhrifin eru talin verða mest var metinn jarðstrengskostur og sá kostur að setja línurnar saman á tvírásamöstur (sjá kafla 6.5.3.2.1). Á það við um 17 km kafla í Fnjóskadal og við þverun og Reykjadals. Einnig má búast við samlegðaráhrifum þar sem línurnar þvera Bárðardal en sýnileiki línunnar er nokkuð minni þar en á fyrrgreindum stöðum (sjá sýnileikakort í kortahefti).</p> <p>Í matinu voru skoðaðar þrjár gerðir tvírása mastra, röramöstur með lárétta uppröðun, V-röramöstur með lárétta uppröðun og I-röramöstur með lóðrétta uppröðun og gerðar líkanmyndir með þessum mastragerðum (sjá t.d. mynd FN-2.3, FN2.4, FN-4.2, FN-8.3, FN-8.4, RL-4.3 og RL-4.4 í kortahefti).</p> <p>Tvírásamöstur eru efnis- og umfangsmeiri og jarðrask meira en við þau möstur sem gert er ráð fyrir í aðalvalkosti. Séu leiðarar hafðir í lóðréttri uppröðun eru þau um 15 m hærra að meðaltali og séu leiðarar í láréttri uppröðun eru þverslár tvöfalt breiðari (um 20 m breiðari). Auk þess fylgir þeim óhagræði í viðhaldi og meiri rekstraráhætta. Erfitt er að taka afstöðu til þess hvort sjónræn áhrif eru meiri eða minni af tvírásalínunum en af tveimur misháum minni línunum.</p> <p>Í kafla 2.7 í frummatsskýrslu og enn frekar í viðbótartexta í sama kafla í matsskýrslu kemur fram ítarleg skýring á því hvers vegna ekki er hægt, á þessari stundu, að segja til um það hvort og þá hvenær Kröflulína 1 verður fjarlægð. Eins og einnig kemur fram í þeim kafla telur Landsnet að ákvarðanir um framtíð Kröflulínu 1 séu ekki í svo fjarlægri framtíð að hægt sé að rökstyðja kostnað við umfangsmiklar breytingar á línuninni, sem óvíst er að nýtist þegar kemur að endanlegri ákvörðun um hlutverk hennar í flutningskerfinu. Í þessu samhengi bendir Landsnet jafnframt á</p>

	<p>við hlið í sitt hvorri hæðinni sem eykur áflugshættu fugla en gera má ráð fyrir að farleiðir fugla liggja eftir þessum dölum, einkum og sér í lagi Bárðardal.</p>	<p>að ef línurnar væru settar saman á tvírása möstur gæti sú staða komið upp að Hólasandslína 3 stæði ein eftir á öflugri möstrum en þörf er á, ef ákveðið verður að rífa Kröflulínu 1.</p> <p>Varðandi áflug fugla þá er fyrirhugað að ráðast í vöktun áflugs á Hólasandslínu 3 og viðbótarvöktun á Kröflulínu 1, sjá nánar í kafla 8.2 í matsskýrslu og svar við liðum 15.10, 16.2 og 22.5. Þörf á merkingu leiðara verður metin með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar vöktunar.</p>
31.2	<p>Fyrirhuguð Hólasandslína 3 mun þvera verndarsvæði Mývatns og Laxár í Laxárdal. Svæðið er Ramsarsvæði með alþjóðlega mikilvægt verndargildi m.t.t. vatnafugla og verndað með sérlögum um verndun Mývatns og Laxár (nr. 97/2004). Að mati Náttúruverndarnefndarinnar er ekki ásættanlegt að það svæði verði þverað með nýrri raflínu, án þess að Kröflulína 1 verði tekin niður eða hún lögð samhliða Hólasandslínu 3 yfir dalinn. Nú þegar fellur fjöldi fugla af völdum Kröflulínu 1 í Laxárdal árlega. Fyrirhuguð Hólasandslína 3, sem loftlína, mun auka afföll fugla í Laxárdal, sem er heilsársbúsvæði fágætra fuglategunda með hátt verndargildi eins og húsandar, gulandar og fálka. Um Laxárdal liggja farleiðir fugla til og frá Mývatni, líklega t.a.m. flórgoða og hrafnasanda sem þurfa að komast til Mývatnssveitar af sjó. Vatnafuglar og ránfuglar eru meðal þeira fugla sem viðkvæmastir eru gagnvart áflugi við háspennulínur. Náttúruverndarnefndin telur jarðstreng í Laxárdal ekki raunhæfan valkost miðað við þá framkvæmdalýsingu sem fram kemur í frummatsskýrslu vegna þess rasks og óvissu sem slíkri framkvæmd myndi fylgja. Ef til þessa kosts kæmi væri þó borun undir hraunið betri kostur en fleygun. Sérlega vantar í frummatsskýrslu að meta þann kost sem Náttúruverndarnefnd Þingeyinga hugnast best, þ.e. að Kröflulína 1 og Hólasandslína 3 verði lagðar saman yfir Laxárdal á tvírása möstrum. Þannig yrðu línurnar í sömu hæð á sama stað og því ekki um viðbótaráhrif á fuglalíf að ræða frá því sem nú er. Meta ætti slíka útfærslu á báðum þeim leiðarvalkostum sem lagðir eru fram í frummatsskýrslunni.</p>	<p>Eins og fram kemur í uppfærðum kafla 2.7 í matsskýrslu er liðið nokkuð á líftíma Kröflulínu 1 en ákvörðun um framtíð línunnar liggur ekki fyrir. Verði uppbyggingu meginflutningskerfisins þannig háttáð að Kröflulína 1 verði óþörf verða tvírásamöstur í brún Laxárdals talsvert umfangsmeiri og sýnilegri en þörf er á fyrir eina 220 kV línu. Landsnet telur því heppilegra að skoða þann kost, ef endurnýja þarf Kröflulínu 1 að líftíma hennar loknum, að reisa línu í löngu hafi yfir Laxárdal á samskonar möstrum, samhliða og í sömu hæð og Hólasandslínu 3, heldur en að nota tvírásamöstur við byggingu Hólasandslínu 3.</p> <p>Sjá umfjöllun um áflug fugla í svörum við liðum 31.1, 15.10, 16.2 og 22.5 og um mótvægisáðgerðir í kafla 8.2 í matsskýrslu.</p>

31.3	<p>Hólasandslína 3 mun liggja yfir viðkvæmt votlendi með hátt verndargildi á Fljótsheiði og Laxárdalsheiði. Línunni mun fylgja mikið rask á þessum svæðum. Náttúruverndarnefndin telur mjög mikilvægt að leita leiða til þess að lágmarka rask við slóðagerð og uppsetningu mastra. Í skýrslunni eru nefndir nokkrir möguleikar sem eiga að lágmarka rask í votlendi, þar á meðal að framkvæma á frosinni jörð og nota vinnuvélar og tæki sem valda minna raski en þau sem eru alla jafnan notuð við þessar aðgerðir. Nefndin hvetur til þess að þeir möguleikar verði nýttir til þess að lágmarka skaðann á votlendinu á þessum stöðum.</p>	<p>Landsnet mun leita leiða til að draga úr slóðagerð án þess að valda viðbótarraski á helstu votlendissvæðum á línuleiðinni. Sjá nánar í svari við lið 15.8.</p>
31.4	<p>Náttúruverndarnefndin fagnar því að gert sé ráð fyrir því að rífa niður Laxárlínu 1 eftir að Hólasandslína 3 er komin í rekstur. Í frummatsskýrsluna vantar hins vegar upplýsingar um það hvort og hvenær fyrirhugað sé að taka Kröflulínu 1 niður. Það er tekið fram í skýrslunni að það sé ekki raunhæfur kostur (borgi sig ekki) að leggja Kröflulínu 1 í jörð þar sem hún verði tekin niður innan skamms tíma. Þá er talað um að til þess að hún verði tekin niður þurfi að koma til miklar styrkingar á meginflutningskerfinu. Það kemur hins vegar ekki fram nákvæmlega hvaða styrkingar það eru eða hvaða forsendur þurfi að uppfylla til þess að mögulegt væri að taka Kröflulínu 1 niður. Umfjöllun um mögulegt niðurrif Kröflulínu 1 einkennist því af hálfkveðnum vísum, sem er óásættanlegt. Náttúruverndarnefndin telur að gera þurfi mun betur grein fyrir mögulegu niðurrifi Kröflulínu 1 í frummatsskýrslu Hólasandslínu 3.</p>	<p>Sjá viðbótarumfjöllun í uppfærðum kafla 2.7 í matsskýrslu.</p>